

Skýrsla

**nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu
og táknmálsins**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti : skýrslur og álitserðir
Júní 2010

Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

© 2010 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-81-6

Skýrsla

nefndar um lagalega stöðu
íslenskrar tungu og táknmálsins


Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir

Reykjavík, maí 2010


Hjálögð er skýrsla nefndar sem skipuð var til að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi.




Guðrún Kvaran formaður



Björg Thorarensen



Sigurður Líndal



Þórhallur Vilhjálmsson

Efnisyfirlit

1. Yfirlit og tillögur	7
1.1 Skipan nefndarinnar	7
1.2 Tillögur nefndarinnar	8
2. Starf nefndarinnar	13
2.1 Bréf sem nefndinni hafa borist	13
2.2 Gestir sem komu á fund nefndarinnar	14
3. Staða íslenskrar tungu	16
3.1 Almennt	16
3.2 Hvað er átt við með orðinu málstefna?	16
3.3 Fyrri umræður um stöðu tungunnar	17
3.4 Íslensk málnefnd, saga hennar og tillögur að íslenskri málstefnu	19
3.5 Þingsályktunartillaga og aðgerðir	23
3.6 Staðan á helstu sviðum íslensks þjóðfélags	27
3.6.1 Staða íslensku í gildandi lögum	27
3.6.1.1 Lagaákvæði um eflingu og varðveislu íslenskrar tungu	28
3.6.1.2 Lagaákvæði á einstökum sviðum samfélagsins	29
3.6.1.3 Samantekt og tillögur Íslenskrar málnefndar	31
3.6.2 Íslenska í leik-, grunn- og framhaldsskólum	32
3.6.3 Íslenska í tölvuheiminum	32
3.6.4 Íslenska í atvinnulífinu	33
3.6.5 Íslenska í fjölmiðlum	35
3.6.6 Íslenska í listum, þýðingum og túlkun	36
3.6.6.1 Listir	36
3.6.6.2 Þýðingar og túlkun	38
3.6.7 Íslenska sem erlent mál og íslenska erlendis	39
3.6.7.1 Íslenska sem erlent mál	39
3.6.7.2 Íslenskuskólinn á netinu	39
3.6.8 Íslenska í stjórnsýslunni	41
3.7 Samantekt	43
4. Notkun ensku á ólíkum sviðum samfélagsins	44
4.1 Almennt	44
4.2 Um áhrif enskunnar	44
4.3 Háskólar og vísindi	46

4.3.1 Bolognayfirlýsingin	46
4.3.2 Íslenskir háskólar	47
4.3.3 Vísindi og rannsóknir	49
5. Íslenska sem annað mál	51
5.1 Almennt	51
5.2 Tölulegar upplýsingar	52
5.3 Íslenskukennsla	53
5.3.1 Börn	53
5.3.1.1 Lög um leikskóla	54
5.3.1.2 Lög um grunnskóla	55
5.3.1.3 Lög um framhaldsskóla	56
5.3.2 Fullorðnir	57
5.3.2.1 Íslenskukennsla fyrir útlendinga	57
6. Málvöndunarsjónarmið	59
6.1 Málskýrð	59
6.2 Íslensk fræðiheiti	60
7. Stjórnarskrárákvæði um tungumál	61
7.1 Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar	61
7.2 Stjórnarskrár annarra ríkja	65
7.2.1 Almennt	65
7.2.2 Stjórnarskrár Norðurlanda	66
7.2.3 Stjórnarskrár Evrópuríkja	68
7.2.4. Markmið stjórnarskrárákvæða um tungumál	69
7.3 Samantekt	70
8. Erlend löggjöf um tungumál	71
8.1 Almennt	71
8.2 Finnland	72
8.3 Noregur	73
8.4 Danmörk	74
8.5 Þýskaland	75
8.6 Frakkland	75
8.7 Holland	76
8.8 Pólland	76
8.9 Ungverjaland	77
9 Alþjóðlegar skuldbindingar og alþjóðasamvinna um tungumál	78
9.1 Almennt	78
9.2 Mannréttindayfirlýsingin og helstu mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna	78

9.3 Samningar á vegum Evrópuráðsins	81
9.3.1 Mannréttindasáttmáli Evrópu	81
9.3.2 Rammasamningur um réttindi þjóðernisminnihlutahópa	81
9.3.3 Evrópusáttmáli um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa	82
9.4 Norðurlandasamningar	83
10 Táknmálið	85
10.1 Samanburður við talað mál	85
10.2 Fjöldi heyrnarlausra	86
10.3 Löggjöf	87
10.3.1 Almennt	87
10.3.2 Jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar og stjórnarsýslulaga	88
10.3.3 Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	89
10.3.4 Túlkaþjónusta við heyrnarlausra og heyrnarskerta	91
10.3.5 Kennsla í táknmáli	92
10.3.5.1 Lög um grunnskóla	92
10.3.5.2 Lög um framhaldsskóla	93
10.3.5.3 Lög um leikskóla	94
10.3.6 Önnur lönd	95
10.4 Staða táknmálsins í alþjóðlegu samhengi	96
10.4.1 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi	96
10.4.2 Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks	97
10.4.3 Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda 2006	98
10.4.4 Táknmálið í samhengi við Evrópusáttmála um svæðisbundin tungumál og tungumálminnihlutahópa frá 5. nóvember 1992	98
10.4.5 Tillögur um viðurkenningu táknmálsins	99
10.4.5.1 Tillögur um viðurkenningu táknmálsins sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og dauðblindra	99
10.4.5.2 Þingsályktun um athugun á réttarstöðu heyrnarlausra	100
10.4.5.3 Nefnd um stöðu táknmálsins	101
10.4.5.4 Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar 2009	102
10.5 Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um vist- og meðferðarheimili	102
10.6 Samantekt	103
Heimildir	105
Fylgiskjal I	108
Fundargerðir nefndar	108
Fylgiskjal II	128
Bréf nefndar til umsagnaraðila	128

Fylgiskjal III	140
Svör umsagnaraðila	140
Fylgiskjal IV	149
Bréf ráðherra til skóla um tölvumál	149
Fylgiskjal V	150
Tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum	150
Fylgiskjal VI	162
Heimildaskrá hópsins um íslensku sem annað mál	162
Fylgiskjal VII	167
Tillaga að frumvarpi til laga um íslenska tungu	167
Fylgiskjal VIII	174
Lög um sænska tungu ásamt skýringum	174

1. Yfirlit og tillögur

1.1 Skipan nefndarinnar

Hinn 6. maí 2009 skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Í nefndinni sátu Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen prófessor, varaformaður, Sigurður Líndal prófessor og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri lögfræðisviðs mennta- og menningarmálaráðuneytis. Með nefndinni starfaði jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur og Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Í skipunarbréfi ráðherra var mælt fyrir um að hlutverk nefndarinnar væri einkum að setja fram tillögur sem ætlað væri að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi.

Nefndin hélt 19 fundi og fylgja fundargerðirnar skýrslunni (fylgiskjal I). Hún boðaði til sín nokkra gesti til þess að ræða einstök atriði nánar og sendi einnig bréf til allnokkurra aðila til þess að leita eftir álitum þeirra á verkefni nefndarinnar (sjá 2. kafla og fylgiskjal II). Tíu svör bárust (sjá fylgiskjal III).

Nefndin taldi mikilvægt að tillögum hennar fylgdi greinargerð um stöðu tungunnar og birtist hún í 3. kafla. Studdist hún við *Íslensku til alls* sem Alþingi samþykkti sem íslenska málstefnu og mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur það hlutverk að fylgja eftir (sjá 3.5).

Í fjórða kafla skýrslunnar er rætt um notkun ensku á ólíkum sviðum og er þar sérstaklega komið að notkun ensku í háskólum og við vísindastörf (4.3.2 og 4.3.3). Sérstakur kafla (5. kafla) er um íslensku sem annað mál þar sem nefndin taldi mikilvægt að leggja áherslu á þann þátt. Í 6. kafla er vikið að málvöndunarsjónarmiðum og mikilvægi þess að leggja áherslu á nýyrðasmíð.

Rætt er ítarlega um stjórnarskrárákvæði um tungumál, stjórnarskrár annarra ríkja, stjórnarskrár Evrópuríkja og markmið stjórnarskrárákvæða um tungumál í 7. kafla. Nefndin taldi mjög gagnlegt að slíkar upplýsingar fylgdu skýrslunni þannig að ljósara væri hvaða stefnu önnur ríki hafa valið. Í framhaldi af þessu er í 8. kafla fjallað um erlenda löggjöf um tungumál og sagt frá því hvaða leið átta ríki hafa valið (Finnland, Noregur, Danmörk, Þýskaland, Frakkland, Holland, Pólland og Ungverjaland).

Í 9. kafla er gerð grein fyrir alþjóðlegum skuldbindingum og alþjóðlegri samvinnu um tungumál sem hafa verður í huga ef sett verða lög um íslenska tungu.

Ítarlega er fjallað um táknsmálið í lokakafla skýrslunnar (10. kafla) þar sem því var einnig vísað til nefndarinnar að setja fram tillögur sem tryggt gætu lagalega stöðu þess.

Skýrslunni fylgir jafnframt tillaga að frumvarpi til laga um íslenska tungu ásamt skýringum (fylgiskjal VII).

Í 1.2 verða tillögur nefndarinnar dregnar saman en vísað verður til frekari umfjöllunar í einstökum köflum skýrslunnar.

1.2 Tillögur nefndarinnar

1. *Íslenska í lögum*: Í *Íslensku til alls* er sérstakur kafli um íslensku í lögum. Nefndin um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins getur fyrir sitt leyti tekið undir markmið Íslenskrar málnefndar en þau eru að tryggja að íslensk tunga verði áfram það tungumál sem sameinar íbúa landsins, óháð uppruna, og að tryggður verði réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna og erlendra ríkisborgara, sem fá hér dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku til þess að þeir eigi þess kost að taka fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku. Málnefndin lagði einnig til að lagaleg staða íslensks táknmáls yrði tryggð og brást nefndin um lagalega stöðu íslensku við því (sjá 10. kafla og tillögu að lagafrumvarpi í fylgiskjali VII, 10. gr.).

Nefndin telur eðlilegra að ákvæði um íslenska málnefnd sem nú er í lögnum um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sé í sérstökum lögum um íslenska tungu og að hún starfi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum þeirra (fylgiskjal VII, 4. gr.). Því leggur nefndin til að ákvæði 9. gr. laga nr. 40/1996 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum verði fært inn í lagafrumvarpið.

2. *Íslenska í skólakerfinu*: Nefndin um lagalega stöðu íslenskrar tungu og táknmálsins tekur undir með Íslenskri málnefnd í *Íslensku til alls* að mikilvægt sé að í menntun kennaranema sé lögð rík áhersla á íslensku til þess að þeir séu vel undir það búnir að kenna móðurmálið, en einnig allar aðrar greinar á vönduðu máli, og að kennarar séu börnum málfarslegar fyrirmyndir. Einnig er mikilvægt að huga að því að móðurmálskennsla fái jafnmikið vægi og best gerist á Norðurlöndum (sbr. töflu í 3.5).

3. *Íslenska í tölvuheiminum*: Nefndin tekur undir með Íslenskri málnefnd að mikilvægt sé fyrir stöðu tungunnar að unnt sé að nota íslensku á tölvu- og upplýsingasviðinu eins og reyndar á öllum sviðum þjóðfélagsins. Slíkt þykir sjálfsagt í nágrennalöndunum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur þegar skrifað öllum grunnskólum bréf þar sem mælt er til að íslenskur hugbúnaður verði settur upp á tölvum skólanna innan tveggja ára og skipað vinnuhóp sem fara á yfir tillögur Íslenskrar málnefndar um aðgerðir og koma með hugmyndir

um hvað unnt er að gera til þess að styrkja íslenska tungu á þessu mikilvæga sviði (sjá fylgiskjal IV). Nefndin leggur til að brugðist verði við með viðeigandi hætti þegar tillögur vinnuhópsins liggja fyrir þannig að íslensk tunga verði tryggð á þessu mikilvæga sviði.

4. *Íslenska í atvinnulífinu*: Nefndin tekur undir þau orð Íslenskrar málnefndar að ástæða sé til að fylgjast grannt með þróun mála á þessu sviði, sérstaklega í ríkisreknunum fyrirtækjum. Erfiðara er að setja einkareknum fyrirtækjum reglur, en ein þeirra aðgerða sem málnefndin leggur til og gæti reynst raunhæf, ef rétt er að staðið, er sú að stuðla að jákvæðri umræðu í samfélaginu og fyrirtækjunum um ávinninginn af því að íslenska sé aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi og um þau lífsgæði fyrir Íslendinga sem í því felast. Það mundi einnig styrkja stöðu tungunnar ef ríkisrekin fyrirtæki væru hvött til þess að setja sér reglur um málnotkun innan þeirra. Hugsanlega fylgdu þá einhver einkarekin fyrirtæki á eftir.

Ljóst er að háskólar landsins, sem mennta þá sem starfa munu við fyrirtæki í landinu, t.d. hagfræðinga, viðskiptafræðinga og lögfræðinga, bera talsverða ábyrgð á þeirri íslensku sem notuð er á sviðinu. Þess vegna er brýnt að þeir séu meðvitaðir um þessa ábyrgð, stuðli að því að faglegur orðaforði sé ávallt til á íslensku og hvetji nemendur til að temja sér vandað málfar. Þá ætti íslenskri tungu ekki að stafa mikil hætta af ensku í atvinnulífinu. Nefndin leggur til að Íslenskri málnefnd, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, verði falið að eiga frumkvæði að umræðum um málstefnu ríkisfyrirtækja.

5. *Íslenska í fjölmiðlum*: Íslensk málnefnd lagði til í *Íslensku til alls* að komið yrði á vinnu við undirbúning málstefnu fyrir fjölmiðla. Menntamálaráðherra skipaði nefnd, dags. 30. júní 2009, sem átti að gera tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum. Nefndin skilaði tillögum sínum 9. nóvember 2009 (sjá fylgiskjal V). Nefndin um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslenska tákn málsins lítur svo á að málstefna innan fjölmiðla og fagfélaga fjölmiðlamanna hljóti að vera æskileg, geri þá meðvitaðri um ábyrgð sína á tungumálinu og þau áhrif sem fjölmiðlarnir hafa á málfar almennings, sérstaklega yngra fólks. Hún leggur til að Íslenskri málnefnd verði, í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, falið að hvetja til málstefnuvinnu á fjölmiðlum.

6. *Íslenska í listum, þýðingum og túlkun*: Einn mikilvægasti stuðningur við tunguna er að hún verði áfram notuð sem bókmennta- og leikhúsmál og á öllum þeim sviðum menningar sem krefjast ritaðs og talaðs máls. Ekki virðist þurfa að óttast um bókmenntir og leikhús en meiri áhersla mætti vera á íslenskt efni í kvikmyndahúsum og sjónvarpi. Staða tungunnar styrktist

vissulega þegar farið var að talsetja sjónvarpsefni fyrir yngstu börnin en telja verður það styrk við tunguna ef efni fyrir stálpuð börn yrði einnig talsett.

Mikill vöxtur virðist vera í útgáfu vandaðra þýðinga sem telja verður góðan stuðning við íslenska tungu og leggur nefndin til að hlúð verði að þessu sviði eftir föngum. Nefndin leggur einnig til að lögð verði áhersla á túlkun með kennslu og þjálfun til þess að unnt verði að styðja íslenska tungu eftir föngum í alþjóðasamstarfi.

7. *Íslenska sem erlent mál*: Það er skoðun nefndarinnar að það sé umtalsverður stuðningur við íslenska tungu, bókmenntir og menningu að erlendir námsmenn og aðrir skuli hafa áhuga á að læra málið. Sumir þeirra sem stundað hafa nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands hafa gerst öflugir þýðendur en þeirra er mikil þörf ef kynna á íslenskar bókmenntir og menningu erlendis. Því er mikilvægt að styðja eftir megni við þá kennslu sem fram fer á þessu sviði.

Nefndin telur einnig mikilvægt að styðja við kennslu íslenskra barna erlendis í íslensku þar sem ótal dæmi eru um að íslensk ungmenni, sem búið hafa erlendis allnokkur bernskuár sín, hafi átt erfitt með að fóta sig í íslenskum framhaldsskólum. Nokkrir skólar hafa brugðist við þessum vanda eins vel og hægt er en æskilegt hefði verið að þessi börn hefðu getað tileinkað sér íslensku og fjölbreyttan íslenskan orðaforða í netskóla.

8. *Íslenska í stjórnsýslu*: Í *Íslensku til alls* var ekki sérstakur kafli um íslensku í stjórnsýslu en nefndinni þótti mikilvægt að vekja athygli á því sviði (sjá 3.8 og 6.1 og einnig 7. gr. lagafrumvarps í fylgiskjali VII). Þyngslalegt og óskýrt mál í bréfum og greinargerðum frá opinberum aðilum getur valdið misskilningi og aukið á fjarlægðina milli sendanda og móttakanda. Nefndin telur að opinberir aðilar ættu því að stefna að því að vera góðar málfyrirmyndir. Stuðningur í lögum um íslenska tungu við skýrt málfæri í gögnum frá opinberum aðilum myndi gera bréf- og skýrsluritara meðvitaðri um þann texta sem unnið er með, og líklegt er að aðrir fylgdu á eftir væri skýrt og notendavænt málfar í bréfum og skjölum vel kynnt héraendis. Talsverð umræða hefur verið um málefnið á Norðurlöndum og fyrsta norræna ráðstefnan um málskýrð (klarsprog) héraendis verður haldin á vegum málræktarsviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2011.

9. *Notkun ensku á ólíkum sviðum*: Í 4. kafla skýrslunnar er rætt um áhrif ensku á ýmsum sviðum. Sérstaklega er þar vikið að háskólum og þeirra þætti í stuðningi við íslenska tungu (4.3), en einnig er komið að miðlun á vísindum og fræðum. Nefndinni er ljóst að fylgja þarf

samþykktum um erlent samstarf í kennslu og rannsóknum (sbr. yfirlýsinguna sem kennd er við Bologna í 4.3.1). En meginforsenda þess að íslensk tunga geti þjónað öllum sviðum íslensks samfélags er að hún sé notuð til samskipta og við miðlun sérþekkingar. Þess vegna er í íslenskri málstefnu lögð áhersla á að þeir sem fara til starfa úti í þjóðfélaginu eftir nám séu færir um að miðla sérþekkingu sinni til annarra fræðimanna og almennings og ræða um fræðigrein sína á vandaðri íslensku. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að styrkja stöðu íslensku innan háskólanna án þess þó að ætlast sé til að enskan víki alveg. Bæði málin verða að geta lifað hlið við hlið og best yrði séð til þess ef öllum háskólunum væri gert að setja sér raunhæfa málstefnu sem farið væri eftir um verndun íslenskrar tungu á öllum sviðum háskólanna. Nefndin leggur til að umræður fari fram milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, háskólanna og Íslenskrar málnefndar um hvernig best skuli að málum staðið.

10. Íslenska sem annað mál: Nefndin fjallar ítarlega um íslensku sem annað mál í 5. kafla. Nokkuð vel er staðið að rétti barna og unglunga en upp á vantar að réttur fullorðins fólks sé tryggður í lögum. Nefndin leggur því til að ráðin verði bót á því.

11. Táknmálið: Nefndin gerir ítarlega grein fyrir íslensku táknmáli í 10. kafla og helstu þáttum sem því viðkoma. Táknmálið á ekki stoð í lögum nú en nefndin leggur til í tillögum sínum að frumvarpi til laga um íslenska tungu (fylgiskjal VII, 10. gr.) að hver sem þörf hafi fyrir táknmál skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið, jafnskjótt sem máltaka hefst og viðkomandi einstaklingur hefur þroska til.

12. Tillaga að lögum: Í fylgiskjali VII er birt tillaga nefndarinnar um lagalega stöðu íslenskrar tungu að frumvarpi til laga um íslenska tungu. Studdist hún við þá vinnu einkum við ný sænsk lög sem birt eru í þýðingu í fylgiskjali VIII:

Nefndin telur að setning laga um íslenska tungu verði mjög til þess fallin að styrkja stöðu íslenskrar tungu á öllum sviðum samfélagsins. Þar verði undirstrikaðar skyldur stjórnvalda til þess að vinna að varðveislu íslenskrar tungu, þróun, nothæfni og aðgengi manna að málinu. Jafnframt komi þar fram hvernig lögunum skuli framfylgt og hverjir beri þá skyldu. Þá mæli lögin fyrir um notkun íslenskrar tungu innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga. Loks kemur fram í frumvarpstíllögu nefndarinnar ákvæði um táknmál sem styrkir lagalega stöðu þeirra sem nota táknmál. Þar er mælt fyrir um að ríki og

sveitarfélög skuli ábyrgjast að tryggja hverjum sem hefur þörf fyrir aðgang að táknmáli. Gengið er út frá því að nánari ákvæði um þessar skyldur verði sett með ýmsum lögum einkum á sviði menntamála.

2. Starf nefndarinnar

Nefndin hefur fundað alls 19 sinnum og kallað eftir viðhorfum og sjónarmiðum ýmissa aðila við vinnu sína að framangreindum tillögum. Var það bæði gert með bréfaskrifum og með viðræðum við gesti á fundum nefndarinnar.

2.1 Bréf sem nefndinni hafa borist

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi fyrir hönd nefndarinnar bréf til ýmissa aðila þar sem óskað var eftir viðbrögðum og sjónarmiðum viðtakenda á hlutverki nefndarinnar. Fengu allir ljósrít af kaflanum um lagalega stöðu íslenskrar tungu úr *Íslensku til alls*.¹ Svör bárust frá eftirtöldum aðilum, og er hér gerð grein fyrir helstu áherslum sem fram komu í bréfum þeirra, sem jafnframt eru birt sem fylgiskjöl með skýrslu þessari:

Háskóli Íslands, Hugvísindasvið. Bréf, dags. 10. nóvember 2009.

Í bréfi Hugvísindasviðs H.Í. er framtakinu fagnað og talið tímabært. Sérstaklega var talið ánægjulegt að táknmálið væri til umfjöllunar.

Háskóli Íslands, Menntavísindasvið. Bréf, dags. 5. nóvember 2009.

Í bréfi Menntavísindasviðs H.Í. er bent sérstaklega á þrjú atriði sem nefndin þyrfti að hafa í huga: 1. Kveða þyrfti á um að kennsla í leik-, grunn- og framhaldsskólum færi fram á íslensku og tryggja rétt barna og fullorðinna af erlendum uppruna til að stunda nám í íslenskum skólum. 2. Sviðið taldi mikilvægt að í háskóla væri ráðrúm til að nota erlend mál í kennslu og rannsóknum. 3. Það taldi einnig mikilvægt að tryggja rétt þeirra sem hafa táknmál að móðurmáli.

Háskólinn í Reykjavík. Bréf, dags. 2. október 2009.

Í bréfi Háskólans í Reykjavík er því fagnað að nefnd skyldi hafa verið skipuð til að tryggja lagalega stöðu tungunnar. HR tekur í meginatriðum undir markmið og aðgerðir íslenskrar málstefnu. Skólinn styður þá tillögu Íslenskrar málnefndar að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins. Telur hann brýnt að ekki sé bundið í lög að einvörðungu sé kennt á íslensku við íslenska háskóla.

Háskólinn á Akureyri. Bréf, dags. 23. febrúar 2010.

Í bréfi Háskólans á Akureyri er vísað til þess að háskólaráð skólans hafi hinn 22. febrúar 2008 samþykkt málstefnu skólans. Í stefnunni komi fram almenn afstaða skólans til æskilegrar lagalegrar stöðu íslenskrar tungu, en í henni er kveðið á um að íslenska sé opinbert mál Háskólans á Akureyri. Telur skólinn eðlilegt að íslensku máli sé tryggð sambærileg staða í samfélaginu í heild; að íslenska sé í lögum skilgreind sem opinbert mál íslenska ríkisins. Jafnframt bendir skólinn á að finna þurfi eðlilegt jafnvægi milli stöðu íslensku sem opinbers máls og eðlilegrar og óhjákvæmilegrar notkunar erlendra tungumála í íslensku samfélagi.

¹ *Íslenska til alls*. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. 2. útgáfa. Rit 44. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík, 2009, bls. 19-22.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Bréf dags. 25. október 2009.

Í ítarlegu bréfi stofnunarinnar er bent á að stjórnarskrárbreyting yrði tímafrek og ef til vill ekki vænlegasta leiðin. Er fremur mælt með sérstökum lögum um íslenska tungu. Stofnunin telur stöðu táknmálsins ekki falla undir svið sitt að svo stöddu en vel mætti hugsa sér að hún sinni íslenska táknmálinu með sérstakri fjárveitingu.

Dómstólaráð. Bréf, dags. 21. október 2009.

Í bréfi dómstólaráðs kemur fram að erindi nefndarinnar hafi verið tekið til meðferðar á fundi 19. október 2009 þar sem lýst hafi verið stuðningi við markmið nefndarinnar.

Sýslumannafélag Íslands. Bréf, dags. 30. október 2009.

Í bréfi Sýslumannafélags Íslands er tekið heilshugar undir það að staða íslenskrar tungu og íslensks táknmáls verði tryggð með lögum en sýslumenn hafi ítrekað rekið sig á að svo er ekki. Einnig er lögð áhersla á að tryggja rétt og skyldur erlendra einstaklinga til að læra íslensku. Sýslumannafélagið mælir eindregið með því að staða íslenskrar tungu verði tryggð með stjórnarskrárákvæði.

Reykjavíkurborg, Menntasvið. Bréf, dags. 15. október 2009.

Menntasvið Reykjavíkurborgar tekur undir þau sjónarmið að taka þurfi af allan vafa um stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi. Það leggur áherslu á eftirfarandi atriði: 1. Nauðsynlegt sé að tryggja lagalega stöðu íslenska táknmálsins og þar með rétt þeirra sem hafa það að fyrsta máli. 2. Athuga mætti lagalega stöðu íslenskra grunnskólanema erlendis og skerpa rétt erlendra grunnskólabarna á Íslandi til aðgangs að kennslu í íslensku. 3. Tryggður verði í lögum aðgangur íslenskra ríkisborgara, sem lengi hafa búið erlendis, að kennslu í íslensku, sem og réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna. 4. Án lagalegrar stöðu íslenskunnar í samfélaginu muni Íslendingum ganga erfiðlega að standa vörð um notkun íslensku á alþjóðlegum vettvangi.

Samband íslenskra sveitarfélaga. Bréf, dags. 30. október 2009.

Sambandið telur þá leið vænlegri að taka upp í stjórnarskrá sérstakt ákvæði um stöðu þjóðtungunnar í lagalegu tilliti en þá að setja sérstök lög um stöðu íslenskrar tungu. Þá telur það að upplýsingaöflun og greining þurfi að fara fram áður en tekin verði afstaða til þess hvernig skynsamlegast sé að tryggja stöðu íslensks táknmáls.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Bréf, dags. 13. nóvember 2009. Frá Samskiptamiðstöðinni barst ítarlegt bréf um núverandi stöðu táknmálsins og viðhorf til þess. Þá var lögð á það áhersla að börn sem fæðast með skerta heyrn eignist sterkt / sterk móðurmál. Táknmálið þurfi að fá stöðu móðurmáls þeirra barna sem ekki hafa fengið góða og hindrunarlausa máltöku í gegnum skerta heyrn. Lög um táknmál þurfi að viðurkenna tilvist táknmálsins við hlið íslensku og viðurkenna táknmálið sem móðurmál hluta Íslendinga.

2.2 Gestir sem komu á fund nefndarinnar

Nefndin bauð til fundar nokkrum gestum til þess að ræða einstök málefni og fá skýrari sýn á ákveðna þætti starfsins. Þessir gestir voru:

13. október: Valgerður Stefánsdóttir frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra sem gerði grein fyrir stöðu táknmálsins og viðhorfum til þess.

3. nóvember: Guðjón Bragason og Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem fylgdu eftir bréfi sem þeir lögðu fram sem svar við bréfi nefndarinnar, sbr. fylgiskjal III.

12. nóvember: Heiðdís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, sem skýrði málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra og mikilvægi táknmálsins fyrir alla þá sem hafa skerta heyrn.

25. nóvember: Þorsteinn Sigfússon prófessor mætti fyrir hönd Vísinda- og tækniráðs. Á þeim fundi var einkum rætt um stöðu tungumálsins í vísindum og fræðum og í öllu háskólastarfi.

3. Staða íslenskrar tungu

3.1 Almennt

Sú spurning hefur margoft heyrst, og í vaxandi mæli síðasta áratuginn, hvort staða íslenskrar tungu væri nægilega tryggð, hvort ekki væri þörf á skýrri málstefnu. Í þessum kafla verður byrjað á því að gera grein fyrir hugtakinu *málstefna* og hvernig það er skýrt og skilið í fræðilegri umræðu. Síðan verður varpað ljósi á umræður um íslenska tungu og stöðu hennar eins og þær fóru fram síðustu áratugi. Sagt verður frá stofnun Íslenskrar málnefndar, hennar þætti í umræðunni og tillögum hennar að opinberri íslenskri málstefnu. Þá verður fjallað um ályktanir málnefndarinnar og tekin afstaða til þeirra. Því næst verður vikið að stöðunni eins og hún er í dag, þingsályktunartillögu um íslenska málstefnu og aðgerðir mennta- og menningarmálaráðuneytis í kjölfarið. Í framhaldi þess verður farið yfir stöðuna á þeim sviðum sem málnefndin valdi sérstaklega og tekin afstaða til niðurstaðna hennar. Að lokum verður rætt um hverjar horfurnar eru, ef ekkert verður að gert, og hvernig sú nefnd sem vann þessa skýrslu telur að best sé að bregðast við.

3.2 Hvað er átt við með orðinu málstefna?

Á undanförunum árum hafa nágrannaþjóðirnar á Norðurlöndum samþykkt málstefnu, hver þjóð eftir því sem hún telur henta þjóðfélaginu best. Margir voru lengi vel þeirrar skoðunar héraðendis að Íslendingar þyrftu enga málstefnu þar sem hún hefði alltaf verið til. Allir vissu að hér væri töluð íslenska. Aðrir litu svo á að opinberrar málstefnu væri þörf til þess að íslenskt mál héldi traustri stöðu sinni sem þjóðtunga Íslendinga. Erlendis töldu einnig margir að Íslendingar hefðu átt samþykka málstefnu um áratuga skeið og stunduðu þess vegna nýyrðasmíð margfalt öflugar en aðrar þjóðir. En hvað er þá málstefna?

Ari Páll Kristinsson málfræðingur skrifaði grein um málræktarfræði í tímaritið *Íslenskt mál*. Þar segir hann að *málstefna* tiltekens málsamfélags miði ávallt að einhverjum samfélagslegum markmiðum enda þótt það sé misjafnlega sýnilegt.² Síðar í sömu grein skilgreinir hann málstefnu á þennan hátt:³

Málstefna: ráðandi málfélagsleg vitund og dulin og sýnileg ferli í tilteknu málsamfélagi; varðar bæði stöðu og form máls.

² Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:99.

³ Ari Páll Kristinsson. 2007. Málræktarfræði. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:104.

Með *sýnilegri* málstefnu á Ari til dæmis við námskrár, orðabækur, aðgerðaáætlanir og ýmiss konar fyrirmæli, svo sem opinberar stafsetningarreglur. Með *dulinni* málstefnu á hann við áhrif á stöðu og form máls sem oft er erfitt að benda á hvaðan koma.

Höskuldur Þráinsson prófessor skilgreinir *málstefnu* á annan hátt í ritinu *Handbók um málfræði*:⁴

Með MÁLSTEFNU er átt við þá stefnu sem fylgt er í skólum og opinberum stofnunum varðandi málnotkun.

Eins og sjá má er síðari skýringin þengri en hin fyrri. Hún nær aðeins til skóla og opinberra stofnana en í hverju samfélagi ríkir einhvers konar málstefna. Ari Páll Kristinsson fjallar um þetta í riti sínu *Handbók um málfræði í talmiðlum*:⁵

Það er í sjálfu sér liður í málstefnu þegar málnotendur á tilteknu landsvæði koma sér saman um að nota eitt tungumál en ekki annað. Einhvers konar samræmdar reglur og skráðar og óskráðar venjur um meðferð máls (t.d. á opinberum vettvangi, við trúarathafnir eða í skólum) virðast fylgja öllum málsamfélögum. Ríkjandi málstefna er þá sú að slíkum reglum og venjum skuli fylgt.

Skýring Höskulds vísar aðeins til opinberra samþykktá sem gerðar hafa verið um meðferð tungumálsins, til dæmis í námskrám fyrir skólastigin og í lögum um Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, mannanöfn, örnefni, fyrirtækjanöfn, stjórnvaldsfyrirmæli um stafsetningu og greinarmerkjasetningu og málfræði innan kirkjunnar, svo að einhverjar séu nefndar. Á öllum þessum sviðum hefur áhersla verið lögð á vandaða meðferð íslensks máls og varðveislu þess. Um þetta efni vísast í grein Þórs Vilhjálmssonar, *Réttarreglur um íslenska tungu*.⁶

3.3 Fyrri umræður um stöðu tungunnar

Mjög mikilvæg í allri umræðu síðustu tveggja áratuga um *málstefnu* í víðari merkingu er ályktun Alþingis frá 22. maí 1984:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að í ríkisfjölmiðlum og í grunn-skólanámi verði aukin rækt lögð við málvöndun og kennslu í framburði íslenskrar tungu.

⁴ Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Bls. 93. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

⁵ Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfræði í talmiðlum*. Bls.10. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

⁶ Þór Vilhjálmsson. 2001. Réttarreglur um íslenska tungu. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001* (ritstj. Garðar Gíslason o.fl.). Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd til að gera tillögur um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum. Nefndin var að störfum 1985–1986 og skilaði af sér álitserð sem gefin var út 1986. Að henni stóðu Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þránínsson og Indriði Gíslason. Sömu höfundar gáfu síðan út bókina *Mál og samfélag* tveimur árum síðar.⁷ Í síðari hluta hennar er álitserðin endurprentuð.

Höfundar álitserðarinnar telja eftirfarandi meginatriði í íslenskri málstefnu:⁸

Íslendingar hafa sett sér það mark að varðveita tungu sína og efla hana.

Með varðveislu íslenskrar tungu er átt við að halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar.

Með eflingu tungunnar er einkum átt við að auðga orðaforðann svo að ávallt verði unnt að tala og skrifa á íslensku um hvað sem er, enn fremur að treysta kunnáttu í meðferð tungunnar og styrkja trú á gildi hennar.

Varðveisla og efling eru ekki andstæður. Eðli málsins, formgerð þess og ein-kenni eiga að haldast. En málið á að vaxa líkt og tré sem heldur áfram að vera sama tré þótt það þroskist og dafni.

Undir þessi orð tók Íslensk málnefnd tveimur áratugum síðar en leit svo á að þjóðfélagsbreytingar og vaxandi hnattvæðing krefðust þess að litið væri til fleiri þátta samfélagsins en áður til þess að hvergi yrði hætta á að umdæmi hyrfu yfir til ensku.

Líta má á álitserðina sem kveikjuna að þeirri umræðu sem fór fram á málþingi Samtaka móðurmálskennara 12.-13. apríl 1985 undir heitinu *Íslensk málstefna* og þeim greinum sem birtust í tímaritinu *Skímu*, mál gagni móðurmálskennara, árið 1985. Áhersla var lögð á að kennarar sæktu ráðstefnuna. Í *Skímu* höfðu allir höfundar álitserðarinnar skrifað greinar en auk þeirra sjö aðrir málfræðingar og áhugamenn um íslenskt mál.

Í tengslum við þessa umræðu alla kannaði Halldór Halldórsson prófessor árið 1986 viðhorf stjórnvalda og allra þáverandi stjórn málaflókka til íslenskrar málstefnu og kom þá í ljós að allir stjórn málaflökkarnir aðhylltust málvernd og málrækt í hefðbundnum skilningi.⁹ Íslensk málnefnd skrifaði öllum starfandi stjórn málaflökkum bréf dagsett 25. júlí 2008 og spurðist fyrir um hvernig málum væri háttað nú. Svar barst einungis frá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði 5. ágúst og kom þar fram að ekkert hefði formlega verið samþykkt á

⁷ Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson, Höskuldur Þránínsson. 1988. *Mál og samfélag*. Íðunn, Reykjavík.

⁸ Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þránínsson og Indriði Gíslason. 1986. *Ályktun um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Bls. 26.

⁹ Halldór Halldórsson. 1986. Afstaða íslenskra stjórn málaflókka og stjórnvalda til íslenskrar málstefnu. *Ævisögur orða*. 219-236.

landsfundum eða flokksráðsfundum um málstefnu. Aðrir stjórnmalaflokkar svöruðu ekki fyrirspurninni.

Umræða um íslenska málstefnu er ekki ný af nálinni. Íslensk málnefnd hefur til dæmis oftast en einu sinni haft hana til umræðu í einhverri mynd á árlegum málræktarþingum sínum. Mikið hefur verið rætt og ritað um hana og margir komið þar við sögu.¹⁰

3.4 Íslensk málnefnd, saga hennar og tillögur að íslenskri málstefnu

Þótt engar opinberar samþykktir hafi verið til um heildarmálstefnu kemur hún þó óbeint fram í bréfi frá menntamálaráðherra dagsettu 30. júlí 1964 þar sem fram koma *Reglur um starfsemi Íslenskrar málnefndar*. Í reglunum er lögð áhersla á að nefndin annast söfnun nýyrða og sjái um útgáfu þeirra. Frekari verkefni nefndarinnar voru að aðstoða við val nýyrða og við nýyrðasmíði, hafa samvinnu við nýyrðanefndir, svara fyrirspurnum og vera í samstarfi við norrænu málnefndirnar.

Íslensk málnefnd fékk styrkari stöðu með lögum nr. 80/1984 sem öðluðust gildi 1. janúar 1985. Þær reglur sem gilt höfðu um hlutverk og verkefni nefndarinnar urðu áfram kjarni laganna en mikilvægasta breytingin var ákvæðið um stofnun Íslenskrar málstöðvar en hún var skrifstofa Íslenskrar málnefndar. Halldór Halldórsson prófessor og Baldur Jónsson prófessor skrifuðu sögu málnefndarinnar frá 1964 til 1989 á 25 ára afmæli hennar og vísast til hennar um frekari fróðleik.¹¹

Ný lög um Íslenska málnefnd voru samþykkt 1990 (nr. 2/1990). Í 1. grein þeirra laga kom fram kjarninn í starfssviði nefndarinnar. Þar segir: „Íslensk málnefnd hefur það meginhlutverk að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti.“ Í næstu greinum var kveðið nánar á um verkefni nefndarinnar. Hún átti meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um íslenskt mál og til hennar skyldi leita áður en settar væru reglugerðir eða annars konar fyrirmæli um íslenska tungu. Málnefndin átti að vera í samvinnu við þær nefndir sem hefðu með mannanöfn og örnefni að gera og sömuleiðis þá sem hefðu mikil áhrif á málfar almennings. Þar var einkum átt við fjölmiðla og skóla. Mikilvægt atriði í störfum nefndarinnar var að annast söfnun nýyrða, vera til aðstoðar við val nýrra orða og við myndun nýyrða, meðal annars með því að vinna að skipulegri nýyrðastarfsemi í landinu og vera í samvinnu við nýyrðanefndir.

Þessi lög giltu til 2006 þegar fimm stofnanir, sem unnu að íslenskum fræðum á einn eða annan hátt, voru sameinaðar í nýja stofnun undir heitinu Stofnun Árna Magnússonar í

¹⁰ Rækilega samantekt um helstu greinar um efnið er að finna á heimasíðu Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir heitinu *Málstefna – ýmsar heimildir* (www.arnastofnun.is).

¹¹ Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson. 1993. *Íslensk málnefnd 1964-1989. Afmælisrit*.

íslenskum fræðum. Lög um þá stofnun eru nr. 40/2006. Í 9. grein laganna er fjallað um Íslenska málnefnd og kveðið á um hlutverk hennar. Þar kemur fram að málnefndin á að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess sem hún á að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Íslensk málnefnd semur ritreglur sem gilda meðal annars um stafsetningarkennslu í skólum og mennta- og menningarmálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki menntamálaráðherra.

Eins og sjá má urðu með nýjum lögum allnokkrar breytingar á starfssviði nefndarinnar. Sum af eldri verkefnum hennar falla nú undir málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Ekkert er minnst á mannanöfn og örnefni en nefndin tilnefnir þó fulltrúa í báðar nefndirnar. Í lögum um mannanafnanefnd nr. 45/1996, með síðari breytingum, 21. gr. stendur:

Dómsmálaráðherra skipar mannanafnanefnd til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Skal einn nefndarmaður skipaður að fenginni tillögu heimspekideildar Háskóla Íslands, einn að fenginni tillögu lagadeildar Háskóla Íslands og einn að fenginni tillögu Íslenskrar málnefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Í 2. gr. laga um bæjarnöfn nr. 35/1953, með síðari breytingum, þar sem fjallað er um skipan örnefnanefndar stendur: „... Íslensk málnefnd skal hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi“. Ekki er í lagagreininni um málnefndina minnst á samstarf við norrænu málnefndirnar sem þó hafði verið mikilvægur þáttur í starfsemi nefndarinnar um árabíl. Í lögum kemur fram að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er skrifstofa málnefndarinnar.

Ný Íslensk málnefnd var skipuð 1. nóvember 2006. Í nefndinni sitja 15 manns. Menntamálaráðherra skipar tvo fulltrúa og eru þeir jafnframt formaður og varaformaður. Aðra fulltrúa skipa háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Hugvísindadeild Háskóla Íslands,¹² Kennaraháskóli Íslands,¹³ Listaháskólinn, Samtök móðurmálskennara, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Hagþenkir og Orðanefndir. Málnefndin velur sér stjórn. Í henni sitja fimm manns, báðir fulltrúar menntamálaráðuneytisins og þrír sem nefndin öll kys á fundi. Íslensk málnefnd setti sér stefnuskrá fyrir árin 2006-2010 og er hún birt á vefsíðu

¹² Nú Hugvísindasvið Háskóla Íslands.

¹³ Nú Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

nefndarinnar (www.islenskan.is). Fyrstu ályktunina um stöðu tungunnar birti málnefndin lögum samkvæmt á málrættarþingi í nóvember 2007. Ályktunin var þessi:

Hver er staðan?

Staða íslenskrar tungu í íslensku samfélagi er sterk. Um það vitnar til dæmis ört vaxandi bókaútgáfa og aukinn lestur dagblaða á íslensku. Þróttur íslenskunnar sést líka vel á mikilli grósku í ýmiss konar vefskrifum á íslensku og er það fagnaðarefni að staða tungunnar skuli vera svo sterk á þessum nýja miðli.

Mikilvægt er þó að Íslendingar hugi að tungunni og sofni ekki á verðinum. Í stjórnarskránni er til að mynda hvergi kveðið á um að íslenskan sé hið opinbera mál lýðveldisins. Þetta veikir óneitanlega stöðu þjóðtungunnar í samfélaginu.

Mörg íslensk fyrirtæki ráða til sín erlenda sérfræðinga sem ekki tala íslensku og því færast í vöxt að notuð sé enska í íslenskum fyrirtækjum á Íslandi, enda þótt Íslendingar séu stærsti hluti starfsmannanna. Aðalfundir stórfyrirtækja á Íslandi eru æ oftast haldnir á ensku og ársskýrslur þeirra margra eru einungis gefnar út á ensku, enda þótt þessi fyrirtæki séu að stærstu leyti í eigu Íslendinga. Þeirri hugmynd hefur jafnvel verið hreyft að ástæða væri til að auka notkun ensku í íslenskri stjórnsýslu til hagsbóta fyrir viðskiptalífið. Færst hefur í vöxt að til verslunar- og þjónustustarfa ráðist erlent starfsfólk sem hefur takmarkað vald á íslensku eða jafnvel ekkert og notar því ensku sem samskiptamál, enda þótt það hafi ensku ekki að móðurmáli. Nefna má dæmi úr einkarekstri á borð við veitingahús og matvöruverslanir en jafnframt um ýmsa þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga, svo sem sjúkrahús, hjúkrunarheimili, leikskóla og strætisvagna.

Um leið og íslenskt atvinnuumhverfi verður alþjóðlegra hafa komið fram kröfur um að í íslensku menntakerfi verði nemendur betur búnir undir störf á alþjóðavettvangi. Jafnframt leitast íslenskir háskólar við að laða að sér erlenda nemendur. Þetta tvennt hefur í för með sér að sífellt algengara verður að kennt sé á ensku í stað íslensku. Á sama tíma hefur dregið úr móðurmálskennslu í íslenskum skólum og kynnt hafa verið áform um frekari niðurskurð.

Hverjar eru horfurnar?

Framtíðarhorfur tungumálsins ráðast ekki fyrst og fremst af stærð málsamfélagsins (mannfjölda) heldur af stöðu tungumálsins innan þess. Ef tungumálið er notað á öllum sviðum samfélagsins er staða málsins sterk. Á hinn bóginn er staða þess veik ef það er ekki notað (eða jafnvel ekki talið nothæft) nema á sumum sviðum samfélagsins og það látið víkja fyrir öðrum málum. Þess vegna er það áhyggjuefni ef íslenska hörfar fyrir öðrum málum (til dæmis ensku) innan íslensks málsamfélags á sviðum þar sem áður var einungis notuð íslenska. Það er hættumerki ef umdæmi íslensku minnkar og ekki þykir lengur hægt að nota íslensku í viðskiptalífi á Íslandi, í verslun og þjónustu á Íslandi, í háskólum á Íslandi eða í almannaðjónustu sem rekin er af ríki og sveitarfélögum. Það er líka áhyggjuefni ef íslenska víkur fyrir öðrum málum á stöðum sem gegna mikilvægu hlutverki í máltöku og málþroska, svo sem í leikskólum eða í skólakerfinu almennt. Til að börn nái góðum tókum á íslensku er brýnt að þau hafi góðar málfrimmyndir á máltökuskeiði og fái nauðsynlega málörvun. Til þess þurfa þau að njóta umönnunar og kennslu fólks sem hefur íslensku að móðurmáli. Skólakerfið í heild, allt frá leikskóla upp í háskóla, gegnir afar mikilvægu hlutverki í að þroska færni í móðurmálinu. Skólakerfið getur ekki sinnt þessu hlutverki sínu í að efla vöxt og

viðgang íslenskunnar ef íslenska þarf þar að víkja fyrir öðrum málum. Í því samhengi má ekki gleymast að leikskólakennarar eru móðurmálskennarar. Vitaskuld er mikilvægt að kenna erlend mál en færni í móðurmálinu er samt besti undirbúningurinn fyrir frekara málanám.

Hvernig á að bregðast við?

Brýnt er að bregðast skjótt við breyttu umhverfi og treysta stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Ef íslenska hörfar af einhverjum sviðum samfélagsins er hætt við að torvelt verði að vinna tungunni sinn sess þar á ný. Mikilvægt er því að kveða skýrt á um stöðu íslenskrar tungu í stjórnarskrá þannig að rétturinn til að nota íslensku í íslensku stjórnkerfi og almannajónustu á vegum hins opinbera sé tryggður. Sambúð þjóðtungu við erlend mál er ekki séríslenskt viðfangsefni heldur alþjóðlegt. Fjölmargar þjóðir stunda alþjóðleg viðskipti um leið og þær standa vörð um tungu sína og menningu. Íslensk fyrirtæki, sem þurfa að ráða sér erlenda starfskrafta, mega ekki gefa sér að útlendingar hafi ekki áhuga á að læra íslensku.

Íslenska ætti að vera hluti af íslenskri útrás.

Staða íslenskrar tungu, hér á landi og í alþjóðlegu umhverfi, verður best treyst með því að nota íslensku sem víðast í íslensku samfélagi og á sem fjölbreyttastan hátt; þar mega engin svið verða út undan. Til þess að það sé mögulegt þurfa líka sem flestir að nota íslensku. Íslendingum ber því skylda til að kenna íslensku þeim sem þurfa á kennslu að halda. Í ljósi alls þessa leggur nefndin áherslu á eftirfarandi atriði:

- Íslensk málnefnd telur mjög brýnt að staða íslenskrar tungu verði tryggð í stjórnarskránni hið allra fyrsta.
- Íslensk málnefnd álítur mikilvægt að meginþorri starfsmanna leikskóla og grunnskóla hafi íslensku að móðurmáli. Tímabilið frá fæðingu fram að kynþroska er aðalmáltökuskeið barna og góðar málfyrirmyndir á þessu tímabili eru nauðsynleg forsenda þess að þau nái tökum á íslensku.
- Íslensk málnefnd telur óráðlegt og óþarft að við íslenska framhaldsskóla verði almennt stofnaðar námsbrautir þar sem kennt er á öðru máli en íslensku. Traust þekking á móðurmálinu er besti grunnurinn undir frekara málanám og störf á alþjóðlegum vettvangi.
- Íslensk málnefnd hvetur íslenska háskóla til að tryggja stöðu tungunnar í fræðasamfélaginu. Það gera þeir best með því að hvika hvergi frá því að kenna fyrst og fremst á íslensku. Vissulega er eftirsóknarvert að íslenskir háskólastúdentar séu gjaldgengir á alþjóðlegum vettvangi en ekki er minni þörf á að búa þá undir störf hérlendis.
- Íslensk málnefnd hvetur stjórnvöld til að efla kennslu í íslensku fyrir útlendinga, efla menntun þeirra sem kenna íslensku sem annað mál og rannsóknir á því sviði.
- Íslensk málnefnd hvetur forráðamenn allra íslenskra fyrirtækja til að bjóða þeim starfsmönnum sínum, sem ekki tala íslensku, vandaða íslenskukennslu í vinnutíma. Kennsla í íslensku ætti að vera sjálfsagður þáttur í þjálfun nýrra starfsmanna sem ekki tala íslensku.

- Íslensk málnefnd hvetur allan almenning til að sýna erlendum starfsmönnum íslenskra fyrirtækja jákvætt viðmót og efla þá í viðleitni sinni til að læra íslensku.

Íslenskt samfélag hefur tekið miklum breytingum á skömmum tíma en staða tungunnar er sterk og sköpunarmáttur hennar mikill. Íslenska hefur því alla burði til að verða samskiptamálið í fjölmenningsarsamfélagi á Íslandi og að því ættum við öll að stefna.

Ályktuninni var vel tekið af fjölmiðlum og almenningi. Í framhaldi af henni var hafist handa við að semja drög að íslenskri málstefnu fyrir menntamálaráðherra og var unnið að undirbúningi hennar hátt í tvö ár. Íslensk málnefnd birti tillögur að málstefnu í bæklingnum *Íslenska til alls* á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2008. Málræktarþing var haldið þennan dag og talaði menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrir tillögunum en fulltrúar málnefndarinnar kynntu þær viðstöddum. Vöktu tillögurnar talsverða athygli fjölmiðla og almennings.

3.5 Þingsályktunartillaga og aðgerðir

Í framhaldi af kynningunni lagði ráðherra fram á Alþingi eftirfarandi tillögu til þingsályktunar:

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.¹⁴

Fylgdi *Íslenska til alls* með sem þingskjal. Alþingi samþykkti þingsályktunartillöguna 12. mars 2009 og er það nú á verksviði menntamálaráðuneytis að sjá til þess að farið verði eftir tillögunum eins og kostur er.

Fljótlega eftir að tillagan var samþykkt setti ráðuneytið á laggirnar nefnd sem koma á með tillögur um aðgerðir. Í henni sitja tveir fulltrúar ráðuneytisins og þrír frá Íslenskri málnefnd. Þegar hafa verið settir af stað vinnuhópar sem fjalla um: 1) lagalega stöðu tungunnar, 2) íslenskt viðmót í tölvum í skólum og 3) tillögur að málstefnu í fjölmiðlum. Ýmsum smærri verkefnum hefur verið hrundið af stað og margt mun vera á döfinni.

Stærsti kaflinn í *Íslensku til alls* fjallar um íslensku í leik-, grunn- og framhaldsskólum en Íslensk málnefnd telur að afar mikilvægt sé að fylgjast grannt með íslenskukennslu barna á öllum skólastigum. Málræktarþingið 2009 helgaði hún þessu efni og ályktunin um stöðu tungunnar sneri einnig að því. Vísað er í upphafi til þingsályktunarinnar en síðan stendur:

¹⁴ Alpt. 2008-2009, 136. löggjafarþing, þskj. 699.

Samþykkt þessi er tímamótaviðburður því að með henni birtist opinber íslensk málstefna í fyrsta skipti. Íslensk málnefnd afhenti menntamálaráðherra tillögur sínar að íslenskri málstefnu á degi íslenskrar tungu 2008 í ritinu *Íslenska til alls*. Nefndin fagnar því að tillögurnar skyldu fá þessar skjótu og jákvæðu undirtektir á Alþingi. Í *Íslensku til alls* kemur fram talsverð gagnrýni á hve lítill þáttur íslensku er í grunnskóla og framhaldsskóla. Einnig er hlutur íslenskukennslu í kennaranámi talinn rýr. Við samningu tillagnanna var lögð rík áhersla á íslenskukennslu í skólum og ákvað stjórn málnefndarinnar að taka málið rækilega fyrir á málrættarþingi 2009. Í mennta- og menningarmálaráðuneyti er unnið að því að semja námskrá sem á að vera almenn stefnuýfirlýsing um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Þegar því verki er lokið má búast við því að viðmiðunarstundaskrá verði endurskoðuð. Greinabundin skipting kennslu er einkum í grunnskóla og framhaldsskóla en eigi að síður gegnir íslenska veigamiklu hlutverki í leikskóla þegar börn eru á viðkvæmu máltökuskeiði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið þarf að sjá til þess að við alla slíka stefnumótun verði höfð hliðsjón af málstefnunni.

Leikskólar gegna mjög mikilvægu hlutverki í máltöku barna og miklu skiptir að þar fari fram kerfisbundin málörvun. Í 2. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 segir að eitt meginmarkmiða uppeldis og kennslu í leikskóla sé „að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku“. Afar mikilvægt er að hafa þetta markmið í huga við endurskoðun aðalnámskrár leikskóla. Íslenska er ekki námsgrein í leikskóla í sama skilningi og íslenska í grunnskóla eða framhaldsskóla. Því er nokkur hætta á að hún geti orðið út undan. Við þessar aðstæður reynir mjög á starfsfólk leikskólans að skipuleggja starfið með því móti að máltaka, málörvun og færni í íslensku verði eðlilegur hluti af námi barna.

Í íslenskum grunnskólum er minni tíma varið til móðurmálskennslu en í grunnskólum annars staðar á Norðurlöndum, eins og fram kemur á myndinni hér á eftir (sjá Viðmiðunarstundaskrár.)¹⁵ Í þeim öllum fór af stað sérstakt átak í kjölfar Pisa-rannsóknna á þessum áratug. Því er ekki að heilsa hér á landi í jafnríkum mæli. Í grunnskóla er lagður grunnur að öllu námi nemenda á lífsleiðinni og gott vald á íslensku er undirstaða alls frekara náms í framhaldsskóla og háskóla. Vanti undirstöðuna er hætt við að nemendur missi tökin á námsefninu í öllum greinum, geti ekki tileinkað sér kennsluefni og hverfi frá námi. Því er afar brýnt að vanda til íslenskukennslu og námsefnis í greininni.

¹⁵ Viðmiðunarstundaskrá fyrir norska grunnskóla.

<http://www.regjeringen.no/upload/KD/Vedlegg/Brev/brev>

%20til%20kommuner%20om%20fag-%20og%20timefordeling%20i%20Kunnskapsløftet.pdf.

(Sótt 4. október 2008.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir sænska grunnskóla.

[http://www3.skolverket.se/ki03/info.aspx?infotyp=34&](http://www3.skolverket.se/ki03/info.aspx?infotyp=34&skolform=11&sprak=sv&id=0&ar=0910)

[skolform=11&sprak=sv&id=0&ar=0910](http://www3.skolverket.se/ki03/info.aspx?infotyp=34&skolform=11&sprak=sv&id=0&ar=0910). (Sótt 26. október 2009.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir finnska grunnskóla.

http://www.lansiturunmaa.fi/html/dynasty/sv_SE/kokous/

[KOKOUS-2227-11-Liite-1.PDF](http://www.lansiturunmaa.fi/html/dynasty/sv_SE/kokous/KOKOUS-2227-11-Liite-1.PDF). (Sótt 26. október 2009.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir danska grunnskóla.

[http://us.uvm.dk/folkeskolen/fagogundervisning/under visnings.htm?menuid=100825](http://us.uvm.dk/folkeskolen/fagogundervisning/under%20visnings.htm?menuid=100825). (Sótt 4. október 2008.)


Viðmiðunarstundaskrá fyrir færeyska grunnskóla. <http://www.mmr.fo/>. (Sótt 1. nóvember 2009.) Einnig

munleg heimild, Menntamálaráð Færeyja.

¹⁵ Viðmiðunarstundaskrá fyrir íslenska grunnskóla.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf.

(Sótt 6. október 2008.)



Íslenska í framhaldsskólum hefur löngum verið mikilvægur þáttur náms. Í *lögum um framhaldsskóla* nr. 92/2008 virðist gæta undansláttar um nám í íslensku. Ekkert er þar talað um almennan kjarna þar sem íslenska er skylda. Þó segir í 18. gr., um námsbraut til stúdentsprófs, að hún skuli „innihalda að lágmarki 45 námseiningar sem skiptast milli náms í kjarnagreinum framhaldsskóla, þ.e. íslensku, stærðfræði og ensku“. Í lögnum er ekki gerð krafa um nám í íslensku til annarra lokaprófa úr framhaldsskóla en stúdentsprófs. Hugmyndir hafa verið ræddar um að fækka einingum í íslensku til stúdentsprófs en það yrði að teljast afar misráðið og sjá þarf til þess að það verði alls ekki samþykkt.

Undanfarin ár hefur dregið mjög úr íslenskukennslu í kennaranámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (áður Kennaraháskóla Íslands). Nú er svo komið að kennsla í íslensku er ekki lengur hluti af skyldunámi kennaraefna. Kennaranemar geta því öðlast kennarapróf frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands án þess að hafa fengið þar eina einustu kennslustund í íslensku. Hafa ber í huga að kennaraprófið veitir lögvernduð réttindi til kennslu í öllum bekkjum grunnskólans, þar með talin réttindi til sérstakrar greinakennslu íslensku í efri bekkjum í grunnskóla. Ástandið er skárri í Háskólanum á Akureyri þar sem krafist er að minnsta kosti 10 eininga (ECTS) náms í íslensku til kennaraprófs. Samkvæmt skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar, *Komparatívt studium af de nordiske læreruddannelser*¹⁶, kemur fram að í Noregi,

¹⁶ Komparatívt studium af de nordiske læreruddannelser. *TemaNord* 2009:505. Nordisk ministerråd, København. Aðgengilegt á vef Norrænu ráðherranefndarinnar: www.norden.org.

Svíþjóð og Finnlandi er rík krafa um nám í móðurmáli í kennaramenntun. Í Danmörku er aftur á móti val á milli dönsku, stærðfræði og náttúrufræðigreina. Í Noregi er krafa um 30 einingar (ECTS) í norsku auk um það bil fimm eininga (ECTS) í kennslufræði greinarinnar. Í Finnlandi er svipuð krafa. Þess ber einnig að geta að víðast fást ekki full réttindi með kennaraprófi til þess að kenna móðurmál á mið- og unglíngastigi grunnskóla nema kennarar hafi einnig móðurmál sem valgrein í námi sínu. Hér á landi eru engin slík ákvæði. Á Íslandi er háskólanám í íslensku því hvorki almenn skylda allra kennaraefna né sérstök krafa gerð um slíkt til verðandi greinakennara í íslensku.

Íslenska sem annað mál hefur verið meira á döfnni síðastliðinn áratug en áður. Ástæðan er fjölgun nemenda sem hafa annað móðurmál en íslensku. Íslenska skólakerfið þarf að geta þjónað nemendum sem hafa íslensku sem annað mál. Að kenna íslensku sem annað mál krefst í senn góðrar þekkingar á íslensku og sérstöðu þess að miðla þekkingu um mál við þessar aðstæður. Mikilvægt er að allir kennarar á öllum skólastigum hafi góðan grunn í íslensku því að allir geta þeir þurft að kenna nemendum sem hafa ekki íslensku að móðurmáli.

Kennslugögn í íslensku þurfa að vera vönduð, fjölbreytt og á góðu íslensku máli. Því er afar óheppilegt að fjárveitingar til námsgagnagerðar skuli hafa dregist saman. Tölvur skipa æ stærri sess í daglegu lífi Íslendinga, ekki síst nemenda, en þrátt fyrir það virðist notendaviðmót og nánast allur helsti hugbúnaður yfirleitt vera á ensku hérlandis, andstætt því sem gerist í nágrannalöndunum. Endurnýjun tölvukosts í skólum hefur víða setið á hakanum og einnig þar búa nemendur við tölvuviðmót á ensku. Það hlýtur þó að teljast bæði eðlileg og sjálfsgöð krafa að íslenskir nemendur hafi aðgang að tölvum á íslensku. Framtíð íslenskrar tungu er í höndum þeirra sem hana tala. Skólakerfið er eitt öflugasta verkfærið sem við höfum til að rækta og vernda tunguna. Þetta verkfæri verðum við að nýta til fullnustu til að tryggja stöðu hennar í samfélaginu. Ef við leggjum ekki rækt við íslensku í skólakerfinu er hætt við að framtíð hennar verði ógnað.

Í ljósi þessa leggur Íslensk málnefnd til eftirfarandi markmið og aðgerðir:

- Tryggja þarf að leikskólakennarar fái haldgóða menntun í íslensku í kennaranámi sínu þannig að þeir geti uppfyllt vel hið lögboðna markmið kennslu og uppeldis í leikskólum að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Auka þarf hlutfall íslenskukennslu í viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla þannig að hún verði ekki minni en móðurmálskennsla í nágrannalöndunum.
- Tryggja þarf að íslenska verði námsgrein í kjarna á öllum námsbrautum framhaldsskólans.
- Háskólamenntun í íslensku verði ríkur þáttur í menntun allra kennara. Óviðunandi er að unnt sé að ljúka kennaraprófi án háskólamenntunar í íslensku.
- Enginn verði greinakennari í íslensku í grunnskóla nema hafa lagt sérstaka áherslu á íslensku í kennaranámi sínu.

- Auka þarf færni í kennslu íslensku sem annars máls með aukinni áherslu á þennan þátt í kennaranámi og einnig með framboði á símenntun fyrir starfandi kennara.
- Allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum skólum verði á íslensku innan þriggja ára.

Þessi ályktun vakti ekki síður athygli fjölmiðla og almennings en hin fyrri og umræða hefur farið fram um það á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, sem sér um menntun leik- og grunnskólakennara, að bæta kennslu í íslensku fyrir kennaranema (sjá einnig 3.6.2).

3.6 Staðan á helstu sviðum íslensks þjóðfélags

Í köflunum hér á undan var gerð grein fyrir hugtakinu málstefna, eldri umræður um stöðu tungunnar voru einnig til umfjöllunar sem og saga Íslenskrar málnefndar. Sagt var frá samþykkt þingsályktunartillögu um málstefnu á Alþingi og viðbrögðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, og birtar voru þær tvær ályktanir um stöðu íslenskrar tungu sem málnefndin hefur sent frá sér. Í þessum kafla verða kynntar tillögur Íslenskrar málnefndar að málstefnu og afstaða tekin til einstakra kafla *Íslensku til alls*.

Meginmarkmið Íslenskrar málnefndar í tillögum hennar er:

- að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Nefndin setti tillögur sínar fram í ellefu köflum en hér verða kaflarnir um háskóla annars vegar og vísindi hins vegar ræddir saman sérstaklega í skýrslunni í 4. kafla. Sérstakur kafli (5. kafli) verður einnig um íslensku sem annað mál. Kaflarnir um listir annars vegar og þýðingar og túlkun hins vegar verða ræddir hér saman í 3.6.6 og við bætist nýr kafli um íslensku í stjórnslunni, 3.6.8.

3.6.1 Staða íslensku í gildandi lögum

Einn kafli í *Íslensku til alls* snýr að lagalegri stöðu íslenskrar tungu. Álit Íslenskrar málnefndar er að lagaleg staða íslenskrar tungu sé ekki eins traust og hún ætti að vera. Hún benti á í tillögum sínum að hvergi væri kveðið á um það í stjórnarskrá eða lögum að íslenska sé hið opinbera tungumál á Íslandi og hvergi væri í lögum kveðið á um það að íslenska skuli notuð í störfum Alþingis Íslendinga. Ekki væri heldur kveðið á um það að lög, reglugerðir og lögskýringargögn á Íslandi skuli vera á íslensku og hvergi væri kveðið á um það í lögum að íslenska skuli notuð í störfum Stjórnarráðs Íslands eða sveitarstjórna á Íslandi. Réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna til kennslu í íslensku væri ekki heldur tryggður í lögum.

Í einstökum sérlægum má finna ákvæði þar sem vikið er að notkun íslensku á tilteknum sviðum samfélagsins og einnig ákvæði er miða að því að efla og varðveita íslenska tungu. Í *Íslensku til alls* eru nefnd nokkur dæmi um slík lög. Þá eru í grein Þórs Vilhjálmssonar: *Réttarreglur um íslenska tungu*¹⁷ ennfremur rakin ákvæði sem sett hafa verið í lög og reglugerðir um notkun íslenskrar tungu. Loks má hér einnig vísa til ritgerðar Dagnýjar Jónsdóttur til BA-prófs í maí 2008: *Úr vörn í sókn – Um opinbera stöðu þjóðtungunnar*¹⁸ þar sem m.a. eru rakin nokkur lagaákvæði um notkun íslensku og um stöðu hennar.

3.6.1.1 Lagaákvæði um eflingu og varðveislu íslenskrar tungu

Meðal lagaákvæða, þar sem fjallað er um að efla og varðveita íslenska tungu, má nefna þau almennu fyrirmæli 7. gr. útvarpslaga nr. 53/2000 að útvarpsstöðvar skuli efla íslenska tungu. Þó er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að veita leyfi til útvarps á öðrum tungumálum en íslensku. Ennfremur segir í 8. gr. sömu laga að efni á erlendu máli, sem sýnt er á sjónvarpsstöð, skuli jafnan fylgja íslenskt tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Það eigi þó ekki við þegar t.d. dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá, en þá skuli sjónvarpsstöð, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa. Loks er tekið fram í greininni að áhersla skuli lögð á að allt tal og texti sé á lýtalaus íslensku máli. Í 3. gr. laga nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf. segir að það sé hlutverk Ríkisútvarpsins ohf. að annast útvarpsþjónustu í almannabágu, en í því felst m.a. „að leggja rækt við íslenska tungu, sögu þjóðarinnar og menningararfleifð“. Þá segir í 4. gr. leiklistarlaga nr. 138/1998 að Þjóðleikhúsið skuli vera til fyrirmyndar um meðferð íslenskrar tungu. Í þessu samhengi má einnig nefna lög nr. 91/2007 um bókmenntasjóð og fleira en hlutverk hans er að efla íslenskar bókmenntir og bókaútgáfu og lög nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn en samkvæmt 1. gr. laganna er það m.a. markmið almenningsbókasafna að efla íslenska tungu.

Um mannanöfn gilda lög nr. 45/1996, með síðari breytingum. Samkvæmt 5. gr. laganna eru þær kröfur gerðar til eiginnaafna að þau geti tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafi unnið sér hefð í íslensku máli. Sömu kröfur eru gerðar til millinafna. Á grundvelli

¹⁷ Þór Vilhjálmsson: „Réttarreglur um íslenska tungu“ *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001* (ritstj. Garðar Gíslason o.fl.). Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 645-663.

¹⁸ Dagný Jónsdóttir. *Úr vörn í sókn – Um opinbera stöðu þjóðtungunnar*. Ritgerð til BA-prófs í íslensku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands 2008.

laganna starfar sérstök mannanafnanefnd sem hefur m.a. það hlutverk að skera úr álita- eða ágreiningsmálum sem upp kunna að koma um nafngjafir og nafnritun. Hér má einnig nefna ákvæði laga nr. 35/1953 um bæjarnöfn, en á grundvelli þeirrar starfar sérstök örnefnanefnd. Í reglugerð um störf örnefnanefndar nr. 136/1999 er m.a. tekið fram að nafn sveitarfélags skuli samrýmast íslenskri málfræði og íslenskri málvenju. Tekið er fram í 2. gr. laganna að Íslensk málnefnd hafi áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi.

Auk þeirra ákvæða sem hér hafa verið nefnd er í lögum nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mælt fyrir um skyldur stjórnvalda til þess að efla og styrkja íslenska tungu, sbr. c-lið 3. gr. þeirra laga. Um Íslenska málnefnd er fjallað í 3.4.

3.6.1.2 Lagaákvæði á einstökum sviðum samfélagsins

Samkvæmt 12. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er þingmálið íslenska. Í 10. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála segir einnig að þingmálið sé íslenska. Þá segir í 6. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með síðari breytingum, að auglýsingar, sem höfða eigi til íslenskra neytenda, skuli vera á íslensku. Þá er mælt fyrir um það í 16. gr. og 16. gr. b. sömu laga að skriflegar ábyrgðaryfirlýsingar og almennir skilmálar þjónustuaðila sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi skuli vera á íslensku.

Í 3. gr. læknalaga nr. 53/1988, með síðari breytingum, er kveðið á um að læknar utan Evrópska efnahagssvæðisins og Sviss þurfi að sanna kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli til að öðlast starfsleyfi hér á landi. Lagaákvæði, þar sem íslenskukunnátta er gerð að skilyrði til þess að mega starfa við tilteknar starfsgreinar, er einnig að finna í 2. gr. laga um félagráðgjöf nr. 95/1990, 1. mgr. 3. gr. laga nr. 38/1985 um tannlækna, 5. mgr. 6. gr. laga nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, að því er varðar þá dýralækna sem starfa í opinberri þjónustu. Einnig eru sett skilyrði um íslenskukunnáttu útlendinga í 2. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 og 2. gr. ljósmæðralaga nr. 67/1984. Þá kemur fram í 6. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, að réttindi til að vera héraðsdómslögmaður megi veita þeim sem um þau sækir og fullnægir nánar tilgreindum skilyrðum, m.a. þeim að hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla. Slíkt próf megi þó leggja að jöfnu við sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. laganna telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Til viðbótar þeim ákvæðum sem hér hafa verið rakin er rétt að nefna tilskipun Evrópuþingsins og Ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun. Í 53. gr. tilskipunarinnar er gert það skilyrði fyrir því að mega leggja stund á starfsgrein hér á landi á grundvelli menntunar og hæfi sem einstaklingur hefur aflað í öðru

landi innan Evrópska efnahagssvæðisins að hann skuli búa „yfir þeirri tungumálakunnáttu sem nauðsynleg er til að geta lagt stund á starfsgreinina í gístaðildarríkinu“. Hér mun fyrst og fremst vera vísað til þess að við tilteknað aðstæður megi gera þá kröfu til einstaklings sem fengið hefur starfsréttindi sín viðurkennd að hann sanni kunnáttu sína í mæltu og/eða rituðu máli. Sem dæmi má hér nefna þær kröfur sem gerðar eru til starfsfólks sem starfar við heilbrigðisþjónustu og hér hafa verið nefndar. Við túlkun og framkvæmd greinarinnar reynir að öðru leyti á meginregluna um meðalhóf, sem felur í sér að kröfur um tungumálakunnáttu geta ekki verið þær sömu fyrir allar starfsgreinar, auk þess sem slíkar kröfur kunna að hafa mismikla þýðingu eftir eðli starfsins¹⁹.

Nýlega voru stigin fyrstu skrefin til að treysta stöðu íslenskrar tungu í skólakerfinu en í 16. gr. nýrra laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 35. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 er kveðið á um að kennsla í þessum skólum skuli fara fram á íslensku. Í kafla 3.6.2 er fjallað nánar um þessi lagaákvæði og í kafla 5.3.2 að því er snertir íslenskukennslu fyrir þá sem hafa annað mál en íslensku. Í nýlegum lögum um háskóla nr. 63/2006 er hins vegar hvergi á það minnst að íslenskt mál skuli vera megintungumál íslenskra háskóla. Þar sækir enska jafnt og þétt fram í kennslu, vísindum og fræðum eins og vikið er að í kafla 4.

Auk framangreindra lagaákvæða má finna í lögum fyrirmæli sem beinlínis heimila að réttarreglur og ákvarðanir stjórnvalda megi birta á öðru tungumáli en íslensku. Þannig er í 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir tekið fram að Flugmálastjórn skuli í flugmálahandbók birta ákvarðanir þær sem teknar eru á grundvelli laganna og reglna settra samkvæmt þeim. Tekið er fram að þessar ákvarðanir skulu vera „á íslensku eða ensku eftir því sem við á“. Í 4. gr. reglugerðar nr. 326/2000 um flugmálahandbók kemur fram að heimilt sé að „birta tæknilega staðla á ensku eingöngu“. Hér má einnig nefna í þessu samhengi ákvæði laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, en samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna er „heimilt ... að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar“. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 15/2005 er vísað til þess að um sé að ræða „frávik frá þeirri óskráðu meginreglu að allur texti Stjórnartíðinda sé á íslensku. Heimildin er bundin því afdráttarlausu skilyrði að viðkomandi samningur varði afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar“. Þá er rakið að heimildin eigi við um umfangsmikla samninga (eða viðauka við samninga) og bent á, sbr. 4.

¹⁹ Sjá umfjöllun hjá Ingvari Sverrissyni: „Tilskipun Evrópusambandsins um viðurkenningu starfsréttinda nr. 2005/36/EB“. Tímarit Lögréttu, 2. hefti 2008, bls 147-167.

gr. laganna, að heimilt sé að vísa til birtingar í C-deild Stjórnartíðinda þegar milliríkjasamningar eru lögleiddir með settum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum. Bent er á að beita þurfi heimildinni með varfærni, sérstaklega ef um er að ræða refsireglur eða aðrar íþyngjandi reglur.

3.6.1.3 Samantekt og tillögur Íslenskrar málnefndar

Þau lagaákvæði sem nefnd hafa verið hér að framan eru bundin við tiltekin réttarsvið og fjalla því ekki almennt um stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi. Annars vegar má ráða þá almennu stefnumörkun löggjafans að efla og varðveita skuli íslenska tungu, sbr. 3.6.1.1. Eru þetta meginviðfangsefni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Íslenskrar málnefndar. Af ákvæðum á einstökum réttarsviðum verða ekki dregnar almennar ályktanir um stöðu íslenskunnar í íslenskri löggjöf, sbr. 3.6.1.2. Eitt einkenni slíkra ákvæða er að tryggja réttindi á sviði réttarfars og aðgang að tiltekinni þjónustu og eftir atvikum að tryggja rétt til slíkrar þjónustu svo sem innan grunnskóla og framhaldsskóla. Virðist þá mega draga þá ályktun að slík ákvæði byggist á jafnræðissjónarmiðum þegar um er að ræða framkvæmd og aðgang að slíkri þjónustu.

Íslensk málnefnd lagði til eftirfarandi markmið í íslenskri málstefnu til þess að tryggja lagalega stöðu tungunnar:

- Að tryggð verði lagaleg staða íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga til þess að hún megi áfram vera það tungumál sem sameinar íbúa þessa lands, óháð uppruna.
- Að tryggður verði réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna og erlendra ríkisborgara, er hér fá dvalar- eða atvinnuleyfi, til kennslu í íslensku svo að þeir geti tekið fullan þátt í íslensku samfélagi á íslensku. Jafnframt verði þeim gefinn kostur á að rækta eigið tungumál og menningu.
- Að jafnframt verði lagaleg staða íslensks tákn máls tryggð.

Til þess að markmiðin náist leggur málnefndin til:

- Að þegar í stað verði skipuð nefnd sérfróðra manna til að finna skynsamlegustu leiðina til að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls í íslensku samfélagi.

Eitt fyrsta verk menntamálaráðuneytis var að skipa nefnd þá sem málnefndin lagði til (sbr. 1. kafla). Nefndin getur fyrir sitt leyti tekið undir markmið Íslenskrar málnefndar eins og fram kemur í tillögum hennar. Um tákn málið verður ítarlega rætt í 10. kafla.

3.6.2 Íslenska í leik-, grunn- og framhaldsskólum

Í kafla 3.5 kom fram að íslenska í leik-, grunn- og framhaldsskólum var þema málræktarþings Íslenskrar málnefndar í tengslum við dag íslenskrar tungu. Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, flutti inngangserindi en önnur erindi fluttu kennarar af öllum skólastigum og deildarforseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Árleg ályktun málnefndarinnar var helguð þessu efni (sjá kafla 3.5) og komu þar fram áhyggjur af kennslu móðurmáls og menntun kennaraefna.

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tekur undir að mikilvægt sé að í menntun kennaraefna sé lögð rík áhersla á íslensku til þess að þau séu vel undir það búin að kenna móðurmálið, en einnig allar aðrar greinar á vönduðu máli, og að kennarar séu börnum málfarslegar fyrirmyndir. Einnig er mikilvægt að huga að því að móðurmálskennsla fái jafnmikið vægi og best gerist á Norðurlöndum (sbr. töflu í 3.5).

3.6.3 Íslenska í tölvuheiminum

Ekki þarf að fara um það mörgum orðum að tölvur og upplýsingatækni eru orðnar hluti af daglegu lífi flestra Íslendinga á einn eða annan hátt. Mikilvægt er að þessi tækni geti unnið með íslenskt mál en þar standa Íslendingar langt að baki flestum nágrannaþjóðunum. Sví sem sest við tölvu sína hefur viðmót á sænsku, Þjóðverji hefur viðmót á þýsku en Íslendingar hafa flestir viðmót á ensku. Nánast allt skólakerfið, frá leikskólum til háskóla, notar stýrikerfið *Windows* á ensku²⁰ og sama á við um tölvur í einkaeign þótt bæði *Windows* og notendahugbúnaðurinn *Office* séu til í íslenskri þýðingu og nálgast megi hvort tveggja endurgjaldslaust.

Flest börn eiga eða hafa aðgang að tölvuleikjum sem nánast allir eru á ensku og þeim fjölgar sífellt sem eiga og nota tónhlöður (t.d. iPod) sem einnig eru með ensku viðmóti. Þótt ágætt sé að Íslendingar verði góðir í ensku er ekki síður mikilvægt fyrir íslenska tungu að þeir geti talað um tölvurnar, tölvuleikina og tónhlöðurnar á íslensku og hafi til þess góðan orðaforða, bæði almenn orð og nýyrði sem henta viðfangsefninu. Sem stendur vantar talsvert upp á að svo sé.²¹

Í kaflanum um íslensku í tölvuheiminum í *Íslensku til alls* er markmiðið sem Íslensk málnefnd leggur til:

²⁰ Hulda Hreiðarsdóttir. 2008. *Getur tungan leyst hugvit úr læðingi? Umfjöllun um áhrif notkunar á stýrikerfi í íslenskri þýðingu á tölvulæsi og notkun tölvunýrða.*

²¹ Erlenda (enska) orðaforðann má auðveldlega sjá í bloggi á netinu.

- Að íslensk tunga verði nothæf, og notuð, á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf alls almennings.

Vissulega hefur ýmislegt verið gert sem styður framfarir á sviðinu og notkun íslensku í upplýsinga- og máltækni. Víða um lönd er nú unnið að gerð textasafna (sjá 5. kafla) sem eru afar mikilvæg við alla vinnu við máltækni og hefur orðfræðisvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (áður Orðabók Háskólans) meðfram öðru safnað tölvutækum textum um árabíl, upphaflega til nota við orðasöfnun í sögulega orðabók íslenskrar tungu en á síðari árum einnig til nota við máltækni-verkefni. Það hefur m.a. komið að góðum notum við svonefnda *markaða íslenska málheild* sem unnið hefur verið að á orðfræðisviðinu fyrir styrk úr tungutækisjóði menntamálaráðuneytisins og fyrir aðra styrki. Textasafnið hefur einnig nýst við *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* sem er ómissandi við alla vinnu við máltækni en er einnig aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar, opin öllum almenningi. Öll þessi verkefni koma að góðum notum fyrir þá sem vinna að máltækni-verkefnum en mikið verk er óunnið.

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tekur undir að mikilvægt sé fyrir stöðu tungunnar að unnt sé að nota íslensku á tölvu- og upplýsingasviðinu eins og reyndar á öllum sviðum þjóðfélagsins. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur þegar skrifað öllum grunnskólum bréf þar sem mælt er til að íslenskur hugbúnaður verði settur upp á tölvum skólanna innan tveggja ára (sjá fylgiskjal IV). Ráðuneytið hefur einnig skipað vinnuhóp sem fara á yfir tillögur Íslenskrar málnefndar um aðgerðir og koma með hugmyndir um hvað unnt er að gera til þess að styrkja íslenska tungu á þessu mikilvæga sviði.

3.6.4 Íslenska í atvinnulífinu

Íslenskt atvinnulíf varð á tiltölulega fáum árum mun alþjóðlegra en áður var. Þótt það gangi nú í gegnum tímabundnar þrengingar má telja víst að það verði áfram alþjóðlegt að einhverju marki. Allmörg íslensk fyrirtæki hafa enn starfsstöðvar utan Íslands með erlendu starfsfólki og jafnframt fjölgaði erlendum starfsmönnum fyrirtækja hér á landi, bæði ófaglærðum og sérfræðingum, töluvert um tíma þótt einhverjar breytingar hafi orðið á síðustu mánuðum. Þá eiga ýmsir erlendir fjárfestar hlut í íslenskum fyrirtækjum og sitja í stjórnnum þeirra. Þess vegna hefur það færst í vöxt að önnur mál en íslenska, einkum enska, séu notuð sem samskiptamál í íslensku atvinnulífi á Íslandi.²² Könnun, sem gerð var fyrir undirbúninginn að *Íslensku til alls* á samskiptamáli í fimmtíu stærstu fyrirtækjum landsins, sýndi að þótt íslenska

²² Guðrún Kvaran. 2009. The Icelandic Language in Business and Commerce in Iceland. *Duisburger Arbeiten zur Sprach- und Kulturwissenschaft*. Bls. 117-121.

væri enn aðalsamskiptamálið í flestum þeirra, í tölvupósti, á fundum og í fundargerðum, er oft gripið til ensku ef einn útlendingur er í hópnum og málnotkun getur verið misjöfn eftir deildum í fyrirtækjum.²³

Í *Íslensku til alls* lítur Íslensk málnefnd svo á horfurnar á þessu sviði þjóðlífsins:

Enda þótt nú séu alvarlegir erfiðleikar í íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi verður að teljast líklegt að íslenskur vinnumarkaður verði áfram fjölþjóðlegur að einhverju marki og alþjóðleg starfsemi verði í framtíðinni mikilvægur hluti af íslensku atvinnulífi. Jafnframt má búast við að notkun ensku (eða annarra mála) muni heldur aukast en hitt. Við slíkar aðstæður er brýnt að hyggja að stöðu íslenskrar tungu í atvinnulífinu á Íslandi. Með aukinni notkun ensku (eða annarra mála) vofir yfir sú hætta að íslenska hörfi og hverfi jafnvel alveg af ákveðnum sviðum viðskiptalífsins. Slíkur umdæmississir yrði óbætanlegur. Staða íslenskrar tungu myndi veikjast þar sem hún yrði ekki lengur gjaldgeng á öllum sviðum íslensks samfélags og Íslendingar gætu ekki lengur treyst því að geta starfað og átt viðskipti á móðurmáli sínu í eigin landi. Lífsgæði Íslendinga myndu því skerðast. Enn fremur myndi vöxtur íslensks sérfræðiorðaforða á glötuðum sviðum stöðvast og íslensk málvenja og sá sérfræðiorðaforði sem nú er til gæti glatast. Þess vegna gæti reynst afar erfitt að endurvinnna glötuð svið.

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls tekur undir orð málnefndarinnar að ástæða er til að fylgjast grannt með þróun mála á þessu sviði, sérstaklega í ríkisreknum fyrirtækjum. Erfiðara er að setja einkareknum fyrirtækjum reglur en ein þeirra aðgerða sem málnefndin leggur til gæti reynst raunhæf ef rétt er að staðið:

- Að reglulega fari fram jákvæð umræða í samfélaginu og fyrirtækjunum um ávinninginn af því að íslenska sé aðalsamskiptamálið í atvinnulífi á Íslandi og þau lífsgæði fyrir Íslendinga sem í því felast.

Það mundi einnig styrkja stöðu tungunnar ef ríkisrekin fyrirtæki yrðu hvött til þess að setja sér reglur um málnotkun innan fyrirtækjanna. Hugsanlega fylgdu þá einhver einkarekin fyrirtæki á eftir.

Ljóst er að háskólar landsins, sem mennta þá sem starfa munu við fyrirtæki í landinu, t.d. hagfræðinga, viðskiptafræðinga, lögfræðinga, bera talsverða ábyrgð á þeirri íslensku sem notuð er á sviðinu. Þess vegna er brýnt að þeir séu meðvitaðir um þessa ábyrgð, stuðli að því að faglegur orðaforði sé ávallt til á íslensku og hvetji nemendur til að temja sér vandað málfar. Þá ætti íslenskri tungu ekki að stafa mikil hætta af ensku.

²³ Þorlákur Karlsson og Dagný Jónsdóttir. 2008. *Tungumál og málfar í viðskiptalífi og stjórnsýslu*. Óprentuð skýrsla unnin fyrir Íslenska málnefnd.

3.6.5 Íslenska í fjölmiðlum

Engum blöðum er um það að fletta að fjölmiðlar hafa afar mikil áhrif á tungumálið og notkun þess. Erlendar kannanir sýna að skjátextar eru í mörgum tilvikum þeir einu textar sem margir lesa. Þótt þessu sé ef til vill ekki þannig varið hérlendis er þó ástæða til að vanda hér til verka. Það gera einnig þær stöðvar sem birta skjátexta og þær hafa á að skipa góðum þýðendum.

En að mörgu öðru er að hyggja. Þeim fer ört fjölgandi sem fyrst og fremst lesa fréttir og fréttatengt efni á vefmiðlunum (mbl.is, visir.is, dv.is, eyjan.is, pressan.is, smugan.is, ruv.is). Miðlarnir telja mikilvægt að verða fyrstir með fréttirnar og kemur það of oft niður á málfarinu. Eitt af markmiðum Íslenskrar málnefndar er því að fjölmiðlar og auglýsingastofur setji sér málstefnu. Nefndin lagði til að menntamálaráðuneytið, Blaðamannafélag Íslands, Íslensk málnefnd og málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum mynduðu samstarfshóp sem kæmi af stað málstefnurvinnu á fjölmiðlum. Stefnt skyldi að því að allir fjölmiðlar væru komnir með málstefnu fyrir árslok 2009. Menntamálaráðherra skipaði þessa nefnd í júní 2009 og hefur hún skilað niðurstöðum sínum. Í tillögum sínum lagði nefndin til að áfram yrðu ákvæði í útvarpslögum og lögum um Ríkisútvarpið um þá skyldu íslenskra hljóð- og myndmiðla að stuðla að eflingu íslenskrar tungu og að tal og texti væri á vönduðu íslensku máli. Einnig lagði nefndin til að sett yrðu hliðstæð lög um ritmiðla, eða heildarlöggjöf um íslenska fjölmiðla. Til viðbótar almennum lagaákvæðum lagði nefndin til að lögfest yrði sem skylda allra fjölmiðla að þeir settu sér skriflega málstefnu og að málstefnan tæki til þeirra fjölmiðla sem eru á íslensku. Í greinargerð sinni gerði nefndin tillögur um almennar kröfur til málstefnu íslenskra fjölmiðla. Í þeim fælist að málstefnan tilgreindi hlutfall íslensks texta og dagskrárefnis gagnvart erlendum texta og dagskrárefni og hvernig fjölmiðillinn ætlaði að stuðla að sem vandaðastri íslenskri málnotkun. Ennfremur að fjölmiðlinum bæri að tilnefna einn starfsmann sem málfarstrúnaðarmann sem hefði það hlutverk að beita sér fyrir umræðu og fræðslu um íslenskt mál og málnotkun á fjölmiðlinum o.fl. Þá skyldi kynna málstefnuna reglulega fyrir starfsmönnum og gera hana aðgengilega almenningi á vefnum. Í tillögum sínum vék nefndin að frumvarpi mennta- og menningarmálaráðherra til laga um fjölmiðla á yfirstandandi Alþingi, 423. mál, en í 29. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði er svarar til tillögu nefndarinnar um að áfram verði lögfest sú skylda íslenskra fjölmiðla að efla íslenska tungu. Jafnframt bendir nefndin á að í frumvarpinu sé ekki kveðið á um að fjölmiðlar setji sér skriflega málstefnu. Var nefndin einhuga um að leggja til að lögfest yrði skylda allra fjölmiðla til að setja sér skriflega málstefnu. Lagði hún því til að slíku ákvæði yrði bætt í frumvarpið við meðferð þingsins á frumvarpinu (sjá fylgiskjal VII). Við fyrstu umræðu frumvarpsins lagði mennta- og menningarmálaráðherra til

að menntamálanefnd Alþingis færi sérstaklega yfir tillögur starfshópsins. Ríkisútvarpið er eini fjölmiðillinn sem hefur markað sér skriflega málstefnu.²⁴

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls lítur svo á að málstefna innan fjölmiðla og fagfélaga fjölmiðlamanna sé mjög æskileg, geri þá meðvitaðri um ábyrgð sína á tungumálinu og þau áhrif sem fjölmiðlarnir hafa á málfar almennings, sérstaklega yngra fólks.

3.6.6 Íslenska í listum, þýðingum og túlkun

3.6.6.1 Listir

Í kaflanum um listir í *Íslensku til alls* er bent á að listir og listiðkun séu órofa hluti af menningu hvernar þjóðar og þýðingarmikill vaxtarbroddur menningarlífs. Óhætt muni að fullyrða að íslensk menning sé í óvenjuríkum mæli tengd tungumálinu eða eigi sér rætur í því. Komi þar til sögulegar ástæður. Flestum muni þykja erfitt að gera sér í hugarlund íslenska menningu án íslenskrar tungu.

Bókmenntir

Almennt geta menn verið sammála um að vel sé hlúð að listgreinum hérlendis þótt alltaf megi gera betur. Sjaldan hefur jafnmikið verið gefið út af bókum og nú og sjaldan hefur eins mikið verið selt af bókum, ef marka má ummæli útgefenda.

Margt er gert til þess að styðja þá sem fást við bókmenntaskrif og til þess að vekja athygli á bókum og rithöfundum. *Launasjóður rithöfunda* gegnir þar mikilvægu hlutverki. Hann starfar nú samkvæmt lögum nr. 57/2009 um listamannalaun og reglugerð um listamannalaun nr. 834/2009. Árið 2008 deildust 444 mánaðarlaun á 74 umsóknir. Umsækjendur voru þá 144 og sóttu um 3019 mánaðarlaun alls. Á árinu 2009 deildust 444 mánaðarlaun á 60 einstaklinga. Umsækjendur voru 163 og sóttu um 3396 mánaðarlaun alls. Þótt sjóðurinn hafi aðeins fé til að veita til hluta umsækjenda stæðu fagurbókmenntir enn verr án hans vegna hins litla markaðar í tiltölulega fámennu þjóðfélagi.

Bókmenntasjóður, sem stofnaður var með lögum nr. 91/2007, tók við hlutverki þriggja eldri sjóða, Bókmenntakynningarsjóðs, Þýðingarsjóðs og Menningarsjóðs. Honum er ætlað mikið hlutverk, m.a. á hann að styrkja útgáfu frumsaminnna íslenskra skáldverka og vandaðra rita sem eru til þess fallin að auka íslenska menningu. Hann á einnig að styrkja útgáfu vandaðra erlendra bókmennta á íslensku og stuðla að kynningu á íslenskum bókmenntum hér á landi og erlendis. Vegna þess hve sjóðurinn er ungur hafa samlegðaráhrifin ekki komið

²⁴ Málstefnuna er að finna á <http://www.ruv.is/um-ruv/ymis-skjol>.

fullilega í ljós enn sem komið er og er mikilvægt að fylgjast með úthlutunum úr sjóðnum næstu misserin. Um sjóðinn má lesa á vefsíðu hans: www.bok.is.

Almenningsbókasöfn skipta bókmenntir og ljóðlist afar miklu máli en ekki er síður mikilvægt að minna á *skólabókasöfnin*. Á skólabókasöfnum er auðveldast að ná til ungra lesenda og kynna fyrir þeim mikilvægi lesturs til þess að ná góðum tókum á móðurmálinu. Mikið starf er þegar unnið á slíkum söfnum en þrátt fyrir það þarf að hyggja að því að þau líði ekki óþarflega fyrir fjárskort og geti keppt við annað afþreyingarefni, einkum tölvuefni á ensku, um athygli barna og unglunga.

Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, standa árlega að *Stóru upplestrarkeppninni* meðal barna í 7. bekk um allt land. Keppni sem þessi ýtir án efa undir ljóðlestur og vekur athygli á skýrri og góðri framsögn. Mikilvægt er því að styðja við hana eins og unnt er.

Leikhús, kvikmyndir og sjónvarpsefni

Leikhúsáhugi héraendis hefur ávallt verið mikill allt frá því leiklistarstarfsemi varð hluti af bæjarlífi í Reykjavík og á stærri stöðum úti á landi í upphafi 20. aldar. Leikhús eru enn mjög vel sótt þrátt fyrir tilkomu sjónvarps og netmiðla og fjölmörg áhugamannaleikfélög eru starfandi um allt land. Verk sem tekin eru til sýningar eru langflest þýdd erlend leikrit og tiltölulega fáir íslenskir höfundar fást við að skrifa fyrir leiksvið. Mjög lítið er um frumsamið íslenskt leikhúsefni fyrir börn og unglunga en heldur meira um þýðingar. Sérstaklega virðist lítið gert til að laða unglunga í leikhús með verkum sem höfða til þeirra sérstaklega, frumsömdum eða þýddum. Leiklist hefur ekki aðeins skemmtanagildi heldur einnig uppeldisgildi. Góð og skýr framsögn á vönduðum texta á íslensku styrkir stöðu íslenskrar tungu á dögum vaxandi hnattvæðingar.

Íslensk kvikmyndagerð hefur verið að eflast síðustu áratugi sem og gerð íslensks efnis fyrir sjónvarp. Aðsókn að íslenskum kvikmyndum hefur verið afar góð og íslenskt sjónvarpsefni yfirleitt notið vinsælda. Þrátt fyrir það er mikill hluti sjónvarpsefnis á ensku og langflestar kvikmyndir í kvikmyndahúsum. Vinna þyrfti vel að því að styðja við framleiðslu íslensks efnis, bæði kvikmyndir og sjónvarpsefni, til þess að missa ekki heilt umdæmi yfir til ensku. Vissulega er erlent efni textað samkvæmt lögum en það hefur ekki sömu áhrif og að heyra íslensku talaða. Mikil framför varð þegar farið var að talsetja efni fyrir yngri börn sem ekki gátu lesið texta og aðeins heyrðu talaða ensku. Segja má að á því sviði hafi staða tungunnar styrkst. Svo virðist sem efni fyrir stálpuð börn sé síður talsett en ekki er minni

ástæða til að styrkja tungumálið þegar þeim aldri er náð og utanaðkomandi áhrif aukast að mun.

3.6.6.2 Þýðingar og túlkun

Mjög hefur færst í vöxt að þýða vandaðar bókmenntir á íslensku. Áhugi á þessum bókum sýnir að Íslendingar, sem margir hverjir eru vel færir um að lesa á ensku eða öðrum málum, kjósa að lesa bækurnar á íslensku. Það sýnir áhugi á þeim bókaklúbbum sem stofnaðir hafa verið og gefa einkum út þýddar bækur sem vakið hafa athygli erlendis. Þar má segja að umdæmi sé á góðri leið með að vinnast. Samfara aukinni útgáfu þýðinga hefur orðið til hópur ágætra þýðenda sem leggja sig fram við að vanda málfar, framsetningu og stíl.

Hlutur sjónvarpsþýðenda er ekki síður mikilvægur. Þeirra starf er ekki einfalt. Þeir verða að vinna hratt og koma miklu efni fyrir í stuttum textabútum. Yfirleitt skila þeir þó góðum þýðingum. Sömu sögu er ekki að segja um DVD-diska. Þeir eru jafnmisjafnir og þýðendur eru margir. Svo virðist sem verkbeiðendur geri ekki miklar kröfur um vandað og villulaust málfar. Líklegt er að lög um textun erlends efnis gegni þarna miklu hlutverki og verið væri að grafa undan tungumálinu ef þar yrði slakað á klónni.

Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins hefur starfað frá 1990, framan af með stuðningi Orðabókar Háskólans. Hún á að annast þýðingar sem snúa að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli sem honum tengjast. Þessum textum fylgir mikil nýyrðasmíð og hefur smám saman orðið til talsverður gagnabanki með þýddum orðum og hugtökum. Þessi gagnabanki er opin og er töluvert nýttur af öðrum þýðendum, t.d. þýðendum nytjatexta. Hann má finna á slóðinni www.hugtakasafn.utn.stjr.is.

Þýðingarvinna krefst þess að búin séu til góð nýyrði yfir hugtök sem ekki eru til í málinu. Málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi (áður Íslensk málstöð) styður starf orðanefnda en einnig einstaklinga eftir þörfum og hefur um árabil haldið opnum gagnabanka á netinu sem kallaður er Orðabanki Íslenskrar málstöðvar. Hann er vistaður hjá stofnuninni á slóðinni www.arnastofnun.is.

Háskóli Íslands ákvað 2001 að styðja þýðingar á íslensku með því að stofna nýja námsbraut í þýðingarfræðum. Enn er ekki unnt að læra og þjálfast í túlkun hérlendis, hvorki ráðstefnutúlkun né samfélagstúlkun, en vaxandi eftirspurn verður eftir slíkri þjónustu í náinni framtíð.

3.6.7 Íslenska sem erlent mál og íslenska erlendis

3.6.7.1 Íslenska sem erlent mál

Við Háskóla Íslands er hægt að ljúka BA-prófi í íslensku fyrir erlenda nemendur og fjölgar þeim jafnt og þétt sem hingað leita til þess að leggja stund á íslensku sem erlent mál, oft í tengslum við það nám sem þeir stunda annars staðar. Þá er líka boðið upp á fjarnám á byrjendanámskeiðum og nokkur mismunandi sumarnámskeið sem eru afar vel sótt. Frá og með 2008 skiptist íslenska fyrir erlenda stúdenta í tvær námsleiðir: BA-nám (60, 120 eða 180 einingar (ECTS)) og svo hagnýta íslensku sem er 60 eininga (eins árs) diplómanám fyrir byrjendur. Í janúar 2010 voru um 120 nemendur í hagnýtri íslensku. Í BA-námi á 1. ári um 80, um 40 á 2. ári og um 20 á 3. ári.

Þeim fjölgar einnig stöðugt sem vilja læra íslensku í heimalandi sínu eða við þann háskóla sem þeir stunda nám í erlendis. Nútímaíslenska er kennd við um 40 háskóla erlendis og íslensk stjórnvöld styðja þessa kennslu fjárhagslega á 18 stöðum. Á undanförunum árum hefur kennsla í íslensku erlendis átt undir högg að sækja, t.d. á Norðurlöndum, og þarfnast stuðnings. Stofnun Sigurðar Nordals, sem er hluti Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, er aðaltengiliður við íslenska lektora erlendis og aðra þá sem kenna nútímaíslensku erlendis.

Háskóli Íslands hefur komið til móts við þá sem ekki hafa tök á að læra íslensku í heimalandi eða við þann háskóla sem þeir stunda nám í með vefnámskeiðinu *Icelandic Online*.²⁵ Þetta námskeið hefur mælst mjög vel fyrir og er nú unnið að framhaldsnámskeiði.

Það er öflugur stuðningur við íslenska tungu, bókmenntir og menningu að erlendir námsmenn og aðrir skuli hafa áhuga á að læra málið. Sumir þeirra sem stundað hafa nám í íslensku fyrir erlenda stúdenta við Háskóla Íslands hafa gerst öflugir þýðendur en þeirra er mikil þörf ef kynna á íslenskar bókmenntir erlendis.

3.6.7.2 Íslenskuskólinn á netinu

Um skeið var starfræktur á netinu svonefndur *Íslenskuskóli*. Veg og vanda af honum hafði Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. Hún skrifaði eftirfarandi lýsingu á skólanum fyrir menntamálaráðuneytið í mars 2009:

Á hverjum tíma býr stór hópur íslenskra barna erlendis og miðað við umræðu í samfélaginu síðustu vikur gæti þessi hópur vaxið á næstu misserum. Fyrir börn sem flytja heim eftir dvöl erlendis er gildi þess að hafa gott vald á íslenskunni ótvírætt. Slíkt auðveldar skólagöngu sem og alla aðlögun að samfélaginu.

²⁵ Slóð: <http://icelandic.is/>

Íslenskuskólinn á netinu er afrakstur verkefnis sem menntamálaráðuneytið bauð upphaflega út árið 2001 og var starfrækt með hléum til ársins 2007. Í netkerfi skólans liggja upplýsingar um nemendur og töluvert magn af námsgögnum. Ekki þarf mikið til að endurvekja starfsemi Íslenskuskólans á netinu og hægt væri að opna netsamfélag og bjóða upp á námskeið með stuttum fyrirvara.

Þátttaka opinberra aðila og stofnana í verkefninu gæti styrkt það, dreift kostnaði og stuðlað að auknum gæðum. Verkefnið gæti átt heima í Tungumálaveri Laugalækjarskóla þar sem þróun netnáms og fjarkennslu í tungumálum hefur verið sinnt síðustu ár. Tenging við Menntavísindasvið Háskóla Íslands væri einnig ótvíræður kostur.

Í ljósi hagræðingar, stuðnings og forvarna væri æskilegt að samnýta efni og kennslu fyrir íslenska nemendur búsetta erlendis fyrir nýbúa²⁶ og snúbúa²⁶ í skólum landsins.

Hér er um að ræða verkefni, sem hefur vísan í ýmsa opinbera stefnumótun og hefur mikið gildi fyrir íslenskar fjölskyldur heima og að heiman.

Skólinn fékk í upphafi styrk frá menntamálaráðuneytinu svo að unnt yrði að koma honum á laggirnar. Síðan átti hann að standa undir sér sjálfur. Árið 2007 var eftirfarandi greinargerð tekin saman í ráðuneytinu um skólann:

„Íslenskuskólinn er skóli á netinu fyrir börn sem búsett eru erlendis og eru nemendur hans á öllum aldri, þau elstu 18 ára. Netmennt ehf. hefur haft umsjón með skólanum frá 2005. Um er að ræða námskeið í íslensku, leiki og ýmis sameiginleg viðfangsefni. Upphaf verkefnisins má rekja til tilraunaverkefnis sem menntamálaráðuneytið og utanríkisráðuneytið buðu út árið 2001 og Símenntunarstofnun KHÍ tók svo að sér. Netmennt tók svo við rekstri skólans fjórum árum síðar.

Markmið skólans er að byggja upp öflugan skóla á netinu fyrir íslensk börn sem búsett eru erlendis þar sem fer fram almennt skólastarf, bæði nám og leikur. Í skólanum fer fram íslenskukennsla fyrir alla aldursflokka, kennsla sem henta á einstaklingum með ólíkan bakgrunn og búið hafa erlendis um lengri eða skemmri tíma. Áhersla er lögð á að þau geti haldið móðurmáli sínu við, þekkingu á íslensku samfélagi og átt auðveldara með að halda tengslum við íslenska ættingja sína og vini. Skólinn býr til námsefni sem hentar náminu í skólanum og miðast við námskrá. Kennsla fer eftir námskrá eins og unnt er. Foreldrar greiða fyrir námskeið í íslensku en ekki fyrir aðra þætti starfsemi skólans. Kennslunni sinna menntaðir kennarar.

Í upplýsingum frá skólanum kemur fram að um 7000 börn á aldrinum 0-16 ára voru búsett erlendis árið 2007 í um 50 löndum. Margir nemendur hafa skráð sig í skólann en aðeins lítið brot sækir sjálf íslenskunámskeiðin sem greiða þarf fyrir svo kosta megi laun kennara. Námskeiðsgjöldin hafa verið 8000 krónur fyrir hvert námskeið en veittur er afsláttur fyrir systkini. Skv. upplýsingum frá skólanum greiða aðeins um 70 nemendur fyrir námskeið í íslensku í vetur. Það dugir hvergi nærri til að halda uppi kennslu fyrir alla sem vilja.

Ljóst er að miðað við þann fjölda barna sem hér er nefndur er brýnt að styðja við bakið á íslenskukennslu barna sem búa erlendis. Bæði er að fjölmörg þeirra hafa alið allan sinn aldur erlendis og hafa takmarkaða íslenskukunnáttu til að bera og einnig það að mörg börn búa árum saman erlendis og koma síðar inn í íslenska skólakerfið. Þá þurfa þau flest að hefja skólagöngu í íslenskum skólum, ýmist í grunn- eða framhaldsskóla,

²⁶ Með *snúbúi* er átt við þá Íslendinga sem búsettir voru hérlendis, fluttu síðan tímabundið til útlanda, t.d. til náms, eða börn sem fóru utan með foreldrum sínum, en sneru síðan aftur hingað til lands.

og skortir þá oft ýmis grundvallaratriði sem nauðsynleg eru til að geta haldið áfram námi klakklaust.

Mikilvægt er að halda við íslenskukunnáttu íslenskra barna hvar á landi sem þau búa. Kunnátta í íslensku og tengsl við landið eru nauðsynleg til að þessir Íslendingar njóti sín síðar meir. Peningum til íslenskukennslu barna sem búsett eru erlendis er því vel varið.

Mælt er með að einni milljón króna verði varið til Íslenskuskólans og reynt að koma honum inn á næstu fjárlög. Lagt er til að tekið verði af fjárveitingu sem ákveðin hefur verið til íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Fjárframlag fékkst það ár en síðan hefur starf við skólann legið niðri. Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls hefur haft spurnir af því að unnið sé að því að endurlífga skólahaldið. Telur hún það mikilvægt framlag þar sem ótal dæmi eru um íslensk ungmenni, sem búið hafa erlendis allnokkur bernskuár sín, sem átt hafa erfitt með að fóta sig í íslenskum framhaldsskólum. Nokkrir skólar hafa brugðist við þessum vanda eins vel og hægt er en æskilegt hefði verið að þessi börn hefðu getað tileinkað sér íslensku og fjölbreyttan íslenskan orðaforða í netskóla.

3.6.8 Íslenska í stjórnslunni

Einn þáttur í því að leggja grundvöll að sjálfstæðu þjóðríki á Íslandi með sjálfstæðisbaráttunni sem hófst snemma á 19. öld var að íslenska yrði stjórnslumálið í landinu í stað dönsku sem var allt að því ráðandi á sumum sviðum. Með opnu bréfi 8. apríl 1844 var umsækjendum um embætti á Íslandi gert að leggja fram vottorð um íslenskukunnáttu sína, en framkvæmdin varð ekki sem skyldi og með úrskurði frá 27. maí 1857 var svo mælt að Danir sem sæktu um embætti á Íslandi skyldu gangast undir próf í íslensku. Því má bæta hér við að samkvæmt úrskurði 27. maí 1859 voru íslensk lög gefin út bæði á íslensku og dönsku, báðum textum jafngildum, og með lögum nr. 12/1891 var svo mælt að lög sem konungur staðfesti skyldu einungis vera með íslenskum texta. Þessi lagaákvæði styrktu stöðu íslensku sem mál stjórnslunnar.

Íslenska hefur samkvæmt framansögðu verið eina viðurkennda stjórnslumálið hér á landi og stjórnvöld hafa þá augljósu skyldu við íslenska menningu að hlúa að tungunni eftir föngum. Um þennan þátt skal ekki fjölyrt hér, en í þess stað verður sjónum beint að hagnýtu gildi þess að vanda til málfars.

Samskipti stjórnvalda innbyrðis og við sérfræðinga fara fram munnlega eða með skriflegum orðsendingum, bréfum og skýrslum. Sama er að segja um það sem snýr að almenningi. Mikilvægt er að stjórnslan geti unnið sem greiðlegast og þá skiptir máli að vandað sé til þess les máls sem unnið er með þannig að tyrfið málfar verði ekki til trafala í

innbyrðis samskiptum stjórnvalda. Þetta á enn frekar við texta sem beint er til almennings, hvort heldur eru fyriræli eða leiðbeiningar. Skýr og vandaður texti er þannig til hagræðingar og sparnaðar í stjórnsýslunni. En hér er ekki öll sagan sögð. Skýrt málfar liðkar ekki einungis fyrir skilvirkri stjórnsýslu, heldur er það einnig í þágu lýðræðis og mannréttinda. Minnt skal á að forsenda lýðræðis er að þegnar þjóðfélagsins eigi þess kost að taka þátt í ákvörðunum bæði beint og óbeint og fylgjast með gerðum þeirra sem falin er þjónusta eða fara með almannavald. Óglöggir textar torvela þennan þátt í framgangi lýðræðis. Til tryggingar mannréttindum er réttarríkið með lögbundinni stjórn þeim til varnar. Óljósir textar í lögum, reglugerðum og stjórnvaldsákvörðunum vinna gegn þessu markmiði og valda óvissu um réttindi manna og skyldur sem bitnar síðan á góðum stjórnarháttum.²⁷

Stjórnsýslumálfari er iðulega fundið til foráttu að það sé mótað af íhaldssemi og föstum skorðum. Það tengist ekki venjulegu talmáli og fjarlægist það líf sem lifað er í landinu. Nú er venjulegt talmál engan veginn alltaf til fyrirmyndar, en með því að fella það að hinu formlega málfari stjórnsýslunnar getur það orðið gott ritmál sem er eðlilegt, skýrt og skilmerkilegt. Gildi íhaldssemi og hefðar er að þar er stuðst við reynslu manna og það tryggir visst öryggi í öllum samskiptum með því að notuð eru orð og setningar sem náð hafa fastri merkingu og valda ekki ágreiningi. Varast ber að víkja frá þessari hefð eftir duttlungum og dægursmekk einstakra starfsmanna. Stundum heyrir sú gagnrýni að orðalag stjórnsýslutexta sé óþarflega snúið og margbrotið. Ástæða þess kann að vera að stjórnvaldi finnist einfaldur og látlaus texti ekki vera við hæfi, heldur þurfi að búa hann viðhafnarmálfari til að ljá honum þann þunga sem nauðsynlegur sé. Sjálfsagt er að stjórnvöld hagi orðum sínum með þeim virðuleika sem hverju sinni hæfir, en einfalt og óbrotið mál getur vel fullnægt þessu skilyrði ef rétt er á haldið.

Stjórnvöld verða að huga að því hverjum þeir textar eru ætlaðir sem þau láta frá sér fara, t.d. hvort þeir textar eru ætlaðir hópi sérfræðinga eða almenningi. En hvað sem því líður er mikilvægt að stjórnvöld leitist við að orða texta þannig að sem flestir skilji. Þetta kann að vera vandkvæðum bundið þegar viðfangsefni er flókið og skjótra aðgerða er þörf, en viðleitnin veitir aðhald. Hér ber að hafa í huga að efnið liggur sjaldan ljóst fyrir öðru vísi en að orðalag sé ótvírætt. Það sem er óljóst orðað er óljóst hugsað. Allt kann þetta að valda stjórnvöldum töfum, en á móti kemur tímasparnaður þeirra sem við eiga að taka.

²⁷ Hér má minna á álit umboðsmanns Alþingis 1532/1995 þar sem lögð er áhersla á að eyðublöð stjórnvalda sem aðilum ber að fylla út til að fá afgreiðslu á erindum sínum séu skýr og veiti staðlaðar leiðbeiningar um útfyllingu þeirra. Páll Hreinsson: *Leiðbeiningarskylda stjórnvalds við meðferð stjórnsýslumáls*. Tímarit lögfræðinga 57 (2007), bls. 5-38, sbr. einkum bls. 14. Um málvöndunarsjónarmið er einnig fjallað í 6. kafla hér á eftir.

Þá ættu stjórnvöld að fylgja eftir föngum hreitungustefnu og velja fremur orð af innlendum stofni en erlendum. Móðurmálið skapar festu og samhengi tungunnar og það stuðlar að skipulegum stjórnarháttum. En einnig ber að hafa í huga að orð af innlendum uppruna eru einnig gagnsæ, en það er eitt einkenni íslenskrar tungu, þannig að hver sem málið kann getur skilið þau. Þetta stuðlar einnig að því að tungan verði sameiginlegur miðill allrar þjóðarinnar og það auðveldar alla upplýsingamiðlun jafnt í stjórnsýslu sem á öðrum sviðum.

Loks mætti huga að því hvort einn þáttur í hagræðingu stjórnsýslunnar gæti ekki verið að ráða málfarsráðunauta til að leiðbeina starfsmönnum að fylgjast með þeim textum sem kæmu frá stjórnvöldum.

3.7 Samantekt

Í þessum kafla um stöðu íslenskrar tungu hefur víða verið komið við. Fjallað var um þau svið þjóðlífsins sem Íslensk málnefnd dró sérstaklega fram í *Íslensku til alls* með það í huga að styrkja og styrkja tungumálið. Fyrir málnefndinni vakti að jafnt börn sem fullorðnir hefðu nú og í framtíðinni jákvæðar og traustar málfyrirmyndir og að íslenska væri notuð á öllum sviðum þjóðfélagsins. Bent var á að þótt staða tungunnar væri að mestu leyti sterk á flestum sviðum enn sem komið er væru þó víða blikur á lofti.

Nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls fellst í meginatriðum á sjónarmið Íslenskrar málnefndar um stöðu tungunnar. Þótt hún sé sterk núna er mikilvægt að umdæmi glattist ekki í hugsunarleysi yfir til annars tungumáls. Sum eru þar í meiri hættu en önnur, t.d. atvinnulífið, og reynsla annarra þjóða sýnir að erfitt er að vinna aftur umdæmi sem þegar hefur tapast. Erlend áhrif eru meiri nú en nokkru sinni fyrr vegna hnattvæðingarinnar og aukinnar notkunar erlendra mála, einkum ensku, við nám, vinnu og afþreyingu. Þess vegna er mikilvægt að hafa augu og eyru opin og huga að því að tungumálið tapi ekki styrk sínum.

4. Notkun ensku á ólíkum sviðum samfélagsins

4.1 Almenn

Í þingsályktun Alþingis 12. mars 2009 um íslenska málstefnu er lýst yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Af þessu leiðir að íslenskan verður að laga sig að breytingum á ólíkum sviðum samfélagsins með því að skapa ný orð, gefa orðum nýja merkingu og búa til hugtök fyrir ný og breytt viðfangsefni. Notkun annarra tungumála getur í þessu samhengi haft meiri eða minni áhrif á stöðu og þróun íslenskunnar. Þetta á ekki síst við um notkun ensku innan menntakerfisins og þá á sviði æðri menntunar, í tengslum við vísindi og rannsóknir og vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessum kafla verður vikið almennt að stöðu enskunnar og þeim mun sem er á hugtökunum „tvítyngi“ og „tveggja mála“ starfsumhverfi. Þá verður fjallað sérstaklega um áhrif ensku á skipulag náms á háskólastigi, fyrir rannsóknir og vísindi og hvernig regluverk Evrópusambandsins getur skipt máli í því sambandi.

4.2 Um áhrif enskunnar

Enskan hefur á skömmum tíma orðið að sannkölluðu heimsmáli. Það er ekkert nýtt að eitt tiltekið mál fái slíka stöðu og nægir að minna á veldi latínunnar innan kirkjunnar, menntunar og vísinda öldum saman, allt fram á 19. öld, og lágþýskunnar á meðan á veldi hansakaupmanna stóð í Norður-Evrópu, allt fram á 16. öld. Það sem er nýtt er annars vegar hið óhindraða aðgengi að gríðarlegu efni á öðru tungumáli gegnum ýmiss konar miðlun og ekki síst netið nú á síðustu 15 árum eða svo. Hins vegar er svo hin svokallaða alþjóðavæðing síðustu ára sem birtist m.a. í því sem héraendis hefur verið kallað útrás íslenskra fyrirtækja. Við þurfum að minna okkur á að þessi útrás er auðvitað ekki bara á annan veginn, þótt sjaldan sé mikið úr því gert; erlend fyrirtæki hafa haslað sér völl hér á landi, ýmis íslensk fyrirtæki eru ekki lengur íslensk nema að nafninu til, og erlendar stefnur og straumar berast hratt að.

Því er ekki að neita að sá mikli þrýstingur sem íslenskan verður nú fyrir frá enskunni veldur ýmsum áhyggjum og virðist mörgum stuðla að því að íslenska verði hornreka, í orðsins fyllstu merkingu, hrekist út í horn og gefi smám saman eftir á ýmsum sviðum. Sumir telja að tillögurnar um tveggja mála stjórnun í stórfyrirtækjum, og kennsla á ensku á vissum sviðum framhaldsskóla og háskóla, séu fyrstu merkin um slíka eftirgjöf. Framtíðarsýn þeirra er sú að enska verði kennslumál háskóla, mál stórfyrirtækja, verslunar og þjónustu, í sumum tilfellum við hlið íslenskunnar, en íslenska verði smám saman að heimilismáli.

Ýmsir bjartsýnismenn telja þó ekki ástæðu til að æðrast; íslenskan hafi aldrei staðið jafnstærk enda tali miklu fleiri málið nú en nokkru sinni fyrr, og mjög margir útlendingar vilji gjarnan tileinka sér það, e.t.v. fleiri en á við um ýmis önnur „smáþjóðamál“. Hér verði seint farið að nota tvö mál hlið við hlið þar sem íslenskan sé svo sterk á öllum sviðum þjóðlífsins; bókaútgáfa mikil, mikið þýtt, flestar helstu háskólagreinar kenndar í einhverjum af háskólum landsins, og þá í langflestum tilfellum á íslensku, aldrei hafi meira verið skrifað á íslensku og fleira mætti telja. E.t.v. er eitthvað til í þessu, og það hafa bjartsýnir málræktarmenn lengi talið. Í bók sinni *English as a Global Language* leggur málfræðingurinn David Crystal²⁸ áherslu á, þegar hann fjallar um þróun ensku og annarra tungumála næstu hálfa öldina, að vissulega eflist enskan vegna vaxandi nauðsynjar á skilningi þjóða í milli en hins vegar muni þörfin á samkennd innan samfélaga styrkja þjóðtungur og tungumál á smærri málsvæðum. Þetta er skynsamlega mælt og vafalaust rétt.

En eigi að síður sýnist æ fleirum blikur vera á lofti og að þjóðtungan sé komin í vörn. Við erum ekki ein um það hér á landi; í formála norskrar málnefndar að ritinu *Norsk i hundre!*²⁹ segir að markmið ritsins sé „að leggja eins góðan grunn og unnt sé að því að norska verði samfélagsbært ritmál eftir hundrað ár“. Með hliðsjón af þessu sé megináherslan í ritinu lögð á það hvernig tryggt verði að enska ryðji ekki norskri tungu með öllu á brott eða eignir sér að fullu tiltekin svið samfélagsins.³⁰ Er af þessu ljóst að áhyggjur norskra málræktarmanna eru talsverðar.

Brýnt er að menn komi sér saman um merkingu fagorða sem notuð eru um máltileinkun og menningarlæsi. Það er nauðsynlegt til þess að umræða um íslensku sem annað og erlent mál verði markviss. Þannig þarf að greina skýrt á milli hugtakanna *annað mál* (eða *viðbótarmál*, eða *síðara mál*) og *erlent mál*. Þannig hefur vinnuhópur sá sem kom að undirbúningi að drögum að íslenskri málstefnu sem vísað er til í kafla 5.1. bent á að óvarlega sé farið með hugtakið tvítýngi, og því gjarnan ruglað saman við það sem kalla mætti „tveggja mála“, t.d. í umræðum um upptöku ensku á vissum sviðum viðskipta eða stjórnsýslu. Til þess að teljast tvítýngt þurfi fólk að hafa lært tvö eða fleiri tungumál í bernsku, ekki endilega bæði málin jafnvel, en það þurfi að hafa tileinkað sér bæði málin, geta skipt úr einu máli í annað og hafa tilfinningu fyrir því hvað er eðlilegt að segja á hvoru málinu. Ekki er hægt að ákveða að

²⁸ Crystal, David. 1997. *English as a Global Language*. Cambridge University Press, Cambridge.

²⁹ *Norsk i hundre! Norsk som nasjonalspråk i globaliseringens tidsalder. Et forslag til strategi* (Språkrådet 2005, bls. 13).

³⁰ „Målet for arbeidet vårt er ifølge mandatet „å leggja eit best mogeleg grunnlag for at norsk skal vera eit samfunnsberande skriftspråk om hundre år“. Hovedvekten i dette dokumentet er i samsvar med dette lagt på hvordan vi sikrer at norsk ikke blir erstattet av engelsk, enten i form av et fullstendig språktap eller ved at bestemte samfunnsdomener går tapt til engelsk.“

heil þjóð skuli verða tvítyngd. Tvítyngi kemur ekki af sjálfu sér. Vissulega eru til þrengri eða víðari skilgreiningar á tvítyngi en þessi, en við teljum samt að flestir ættu að geta verið nokkuð sammála um hana í grundvallaratriðum. Margir Íslendingar eru afar góðir í einhverju Norðurlandtungumáli eða ensku eða þýsku, svo dæmi séu tekin, eftir tungumálanám í íslenskum grunn- og framhaldsskólum og dvöl við erlendan háskóla um árabíl. Vinnuhópurinn hvatti til þess að greint verði skýrt á milli hugtaksins *tvítyngi* og annars hugtaks sem kalla mætti „*tveggja mála*“, t.d. tveggja mála stjórnunarumhverfi, tveggja mála kenningu.³¹

4.3 Háskólar og vísindi

Aukin áhersla þjóða á æðri menntun gefur einnig færi á að nemendur stundi nám erlendis að einhverju eða öllu leyti og að háskólar bjóði upp á nám á öðrum tungumálum. Löng hefð hefur verið fyrir því að íslenskir námsmenn stundi nám við erlenda skóla sem hluta af háskólanámi sínu eða sem sjálfstætt nám.

4.3.1 Bologna-yfirlýsingin

Árið 1999 undirrituðu fulltrúar 29 Evrópulanda svokallaða Bologna-yfirlýsingu um aukið samstarf háskóla í Evrópu. Síðan hafa fleiri lönd bæst í hópinn og eru þau nú 45 talsins. Samstarf á grundvelli þessarar yfirlýsingar hefur verið kallað Bologna-ferlið. Markmið samstarfsins er að gera nemendum, kennurum og fræðimönnum auðveldara að nema og starfa utan heimalands síns. Mikil áhersla er lögð á að gæði háskólamenntunar séu tryggð þannig að nemendur geti treyst því að prófgráður, sem þeir afla sér, standist alþjóðlegar gæðakröfur, bæði til frekara náms og á vinnumarkaði.

Tilgangurinn með yfirlýsingunni er að skapa sameiginlegt evrópskt menntasvæði (European Higher Education Area, EHEA) sem hafi nán tengsl við sameiginlegt rannsóknasvæði Evrópu (European Research Area) sem Evrópusambandið stefnir á að innleiða árið 2010 en það er sama árið og markmið Bologna-yfirlýsingarinnar eiga að hafa náðst. Með sameiginlegu menntasvæði er stefnt að því að gera samanburð á æðri menntun milli landa auðveldari en hreyfanleiki nemenda og kennara er forsenda þess að menntasvæðið verði að veruleika. Þess vegna er gert ráð fyrir að hindrunum, sem enn hamla hreyfanleika, sé rutt úr vegi. Til þess að unnt verði að ná þessum markmiðum leggja stjórnvöld og háskólar í Evrópu áherslu á að auðvelt sé að bera saman nám þannig að það veiti nemendum gagnkvæm réttindi milli háskóla og milli landa.

³¹ Við samningu þessa kafla hefur verið byggt á skýrslu vinnuhóps sem tók þátt í undirbúningi að samningu íslenskrar málstefnu og vísað er til í kafla 5.1.

Við undirbúning þess frumvarps, sem varð að lögum nr. 63/2006 um háskóla, var tekið tillit til viðmiða Bologna-ferlisins auk ýmissa ákvæða og viðmiða sem notuð eru á alþjóðavettvangi og þau löguð að íslenskum veruleika. Í almennum athugasemdum frumvarpsins kemur fram að í því sé lögð áhersla á að samhljómur sé á milli efnis og inntaks frumvarpsins og þess sem sé að gerast í öðrum Evrópulöndum og þá sérstaklega þegar litið væri til Norðurlandanna. Tekið var fram að markmið Bologna-ferlisins um námsfyrirkomulag í háskólum miðaði að verulegu leyti að því að laga evrópska háskólasvæðið að því fyrirkomulagi sem tíðkast í Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar.³²

Bologna-ferlið byggist á viljayfirlýsingu en ekki þjóðréttarlegum skuldbindingum og er þátttaka í framkvæmd þess valkvæð. Bologna-yfirlýsingin hefur þó réttarlega þýðingu þegar kemur að viðurkenningu æðri menntunar og þýðingu slíkrar viðurkenningar við veitingu vissra starfsréttinda samkvæmt tilskipunum Evrópusambandsins, þar sem krafist er háskólamenntunar.³³

4.3.2 Íslenskir háskólar

Á Íslandi eru nú sjö háskólar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands og Listaháskóli Íslands. Kennaraháskóli Íslands hefur verið sameinaður Háskóla Íslands. Mestur hluti starfsmanna allra háskólanna er af íslenskum uppruna en erlendum starfsmönnum hefur fjölgað á liðnum árum. Þorri nemenda er íslenskur en skólarnir sækjast í vaxandi mæli eftir erlendum nemendum.

Tveir íslenskra háskóla, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri, hafa samþykkt málstefnu, sem birt er á vefsíðum þeirra. Í málstefnum beggja er lögð áhersla á rækt við móðurmálið. Í málstefnu Háskóla Íslands segir t.d.: „Málnotkun í Háskóla Íslands skal vera til fyrirmyndar“ og í málstefnu Háskólans á Akureyri segir: „Háskólinn gerir þær kröfur til sín og starfsmanna sinna að vera til fyrirmyndar um notkun, kennslu og þróun íslenskrar tungu, og efla eftir föngum framlag sitt til íslenskrar menningar.“ Aðrir háskólar hafa ekki birt málstefnu svo vitað sé.

Háskólarnir hafa flestir sett sér stefnuskrá. Í stefnuskrá Háskóla Íslands fyrir árin 2006-2011 stendur:

Háskóli Íslands gegnir lykilhlutverki í íslensku samfélagi. Það er skylda hans að ávaxta íslenskan menningararf og stunda öflugar rannsóknir á íslenskri tungu,

³² Alþt. 132. lögjafarþing, 433. mál, þskj. 654.

³³ SOU 2008:26, bls. 176-177.

menningu og samfélagi. Háskólanum ber því að leggja rækt við fræðigreinar og rannsóknir sem varða Ísland og Íslendinga sérstaklega.

Hvergi kemur hins vegar fram í stefnunni að sjá eigi til þess að talmál og ritmál Háskóla Íslands sé íslenska „jafnt í kennslu, rannsóknum sem stjórnsýslu“ eins og stendur þó í málstefnu skólans. Stefnuskrána er að finna á heimasíðu skólans (www.hi.is).³⁴

Háskólinn á Akureyri víkur að tungumálinu í Stefnu Háskólans á Akureyri 2007-2011 (www.unak.is). Þar stendur á bls. 8: „Opinbert tungumál háskólans er íslenska en tryggt verði námsframboð á ensku sem svarar þörfum alþjóðlegs umhverfis í háskólanum.“ Stefnuskráin er birt á heimasíðu skólans (www.unak.is).

Í stefnuskrá Háskólans í Reykjavík er ekki vikið að íslensku sem opinberu máli skólans. Hins vegar er tekið fram að háskólinn muni verða „að fullu tvítyngdur skóli árið 2010“ (www.ru.is) og er þá átt við að allt starf við skólann verði tvímála.

Hvergi er minnst á íslensku sem kennslu- eða samskiptagrein í stefnuskrám Háskólanna á Hólum, Bifröst, Listaháskólans og Landbúnaðarháskólans.

Í lögum frá Alþingi um opinbera háskóla nr. 85/2008 er ekki minnst á að íslenska skuli að jafnaði vera það mál sem kennt er á eða notað í samskiptum kennara og nemenda. Hvergi er gerð sú krafa að háskólarnir sjái til þess að tungumáli fræðasviðsins sé haldið við með vandaðri nýyrðasmíð þannig að bæði kennarar og nemendur geti talað á íslensku um fræðasvið sitt án aðkomuorða. Háskóli Íslands sýndi metnað á þessu sviði fyrir fáeinum áratugum þegar ráðgert var að setja á laggirnar sérstaka orðanefnd í hverri deild en minna varð úr framkvæmd en að var stefnt.³⁵ Háskólinn á Akureyri tekur fram í málstefnu sinni að nemendur þurfi „að kunna skil á íslenskum fræðiheimum og leggja sérstaka áherslu á að tileinka sér þau þar sem námskeið eru kennd á ensku eða öðru erlendu tungumáli“ en ekki er tekið fram hvort háskólinn hyggist styðja og efla nýyrðasmíð í þeim greinum sem þar eru kenndar. Meginforsenda þess að íslensk tunga geti þjónað öllum sviðum íslensks samfélags er að hún sé notuð til samskipta og í miðlun sérþekkingar. Þetta krefst þess að til séu á íslensku orð og orðasambönd, viðurkennd íðorð tiltekinna greina, sem eru grundvöllur undir faglega orðræðu á íslensku.

Ef svo fer sem horfir að sífellt fleiri námskeið verði boðin á ensku í íslenskum háskólum, jafnvel þótt kennarinn og langstærstur hluti nemenda séu Íslendingar, getur skapast hætta á umdæmissi og að íslenska verði víkjandi tungumál á sumum sviðum vísindasamfélagsins bæði í kennslu og skrifum. Tækið til boðskipta, tungumálið sjálft, verður

³⁴ Sjá einnig *Íslenska til alls*, bls. 46.

³⁵ Guðrún Kvaran. 2003. Eilítið um íðorðastarf Háskóla Íslands. *Málfregnir* 22.

úrelt, orðaforðann, sem nauðsynlegur er til að ræða eða skrifa um fræðasviðið á eðlilegu, vönduðu máli, vantar ef iðorðasmíð er ekki sinnt og sömuleiðis vantar færni til að ræða fræðilegt efni við aðra fræðimenn og til að kynna það fyrir almenningi. Ef kennari í námsgrein verður að kenna á ensku í stað íslensku en er ekki menntaður í enskumælandi landi kennir hann á máli sem honum er ekki eðlilegt að tjá sig á og kennslan hlýtur að verða lakari en ella. Hér gildir það sem oft hefur verið bent á að á móðurmálinu getur málnotandinn sagt það sem hann vill en á erlendu máli segir hann aðeins það sem hann getur sagt. Notkun framandi máls sem mælandinn hefur ekki full tök á dregur úr tjáningarfærni en hún er eitt meginatriði góðrar kennslu.

Á hinn bóginn er líka mikilvægt að íslenskir háskólar geti laðað til sín erlenda kennara og nemendur í alþjóðlegri samkeppni. Það getur því verið nauðsynlegt að kennsla fari fram á ensku þótt íslenskir nemendur sitji námskeiðin, umræður eru á ensku, ritgerðaskrif á ensku. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að íslenskum nemendum verði kynntur íslenskur orðaforði á því sviði sem fjallað er um.

4.3.3 Vísindi og rannsóknir

Markmið laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir er að efla vísindarannsóknir og vísindamenntun á Íslandi með því að styrkja grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir og stuðla að samvinnu þeirra aðila sem starfa að vísindarannsóknum jafnframt því að tryggja áreiðanleika og gæði upplýsinga um vísindi og rannsóknir hér á landi. Ákvæði laganna ásamt lögum nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð geyma heildarlöggjöf um stefnumörkun í vísinda- og tæknimálum, sem er í höndum Vísinda- og tækniráðs, og um fjárstuðning sem úthlutað er úr Rannsóknasjóði, Tækjasjóði og Rannsóknarnámssjóði.

Samkvæmt lögum nr. 3/2003 hefur Rannsóknarmiðstöð Íslands (Rannís) það hlutverk að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs eins og nánar er lýst í 10. gr. laganna. Meðal þess sem stofnuninni er ætlað að gera er að annast kynningu og ráðgjöf fyrir einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki um möguleika á styrkjum og stuðla að samvinnu um rannsóknarverkefni innan lands og utan og ennfremur að hafa samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir eða skrifstofur og fylgjast með þátttöku Íslands í fjölþjóðlegu vísindastarfi. Eitt af þeim verkefnum sem Rannís heldur utan um er rannsóknaráætlun Evrópusambandsins.

Rannsóknir og vísindi í þeirri merkingu sem hér er vísað til eru alþjóðleg og krefjast þess vegna oft að umsóknir um styrki og meðferð þeirra séu á öðru tungumáli. Smæð íslensks samfélags gerir það einnig að verkum að oft þarf að leita álits eða umsagna sérfróðra aðila

sem hafa annað tungumál en íslensku. Af hagkvæmnisástæðum hefur enska að meginstefnu orðið tungumál í vísindum og rannsóknum. Er þessi staða ekki einskorðuð við Ísland.³⁶

Áhrif ensku í vísindum og rannsóknum koma strax fram við nám í háskóla. Sú krafa fer sífellt í vöxt innan háskólanna að lokaritgerðir til MA-prófs, MSc-prófs og doktorsprófs séu á ensku og í auknum mæli er boðið upp á kennslu á ensku. Með vaxandi áherslu á ensku sem kennslumál eru háskólarnir að svara kröfum um alþjóðleg samskipti og alþjóðlega sáttmála um gagnkvæm nemendaskipti og um leið að styrkja íslenska fræðimenn í alþjóðlegu samstarfi. En meginforsenda þess að íslensk tunga geti þjónað öllum sviðum íslensks samfélags er að hún sé notuð til samskipta og í miðlun sérþekkingar. Þess vegna er í íslenskri málstefnu lögð áhersla á að þeir sem fara til starfa úti í þjóðfélaginu eftir nám séu færir um að miðla sérþekkingu sinni til annarra fræðimanna og almennings og ræða um fræðigrein sína á lýtalausri íslensku. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að styrkja stöðu íslenskunnar innan háskólanna án þess þó að ætlast sé til að enskan víki alveg. Bæði málin verða að geta lifað hlið við hlið og best verður séð til þess ef öllum háskólunum væri gert að setja sér raunhæfa málstefnu sem farið væri eftir um verndun íslenskrar tungu á öllum sviðum háskólanna.

³⁶ SOU 2008: 182-3.

5. Íslenska sem annað mál

5.1 Almennt

Á síðustu 10 árum hefur töluverður fjöldi fólks af erlendum uppruna flust til landsins. Samfara því hefur þeim fjölgað mjög sem hafa aðra tungu en íslensku að móðurmáli. Samskipti við aðra en samlanda fara að mestu fram á ensku þótt fæstir hafi ensku að móðurmáli. Brýnt er að þeim útlendingum sem setjast að hérlandis og/eða gerast íslenskir ríkisborgarar séu búin þau skilyrði að þeir geti lært íslensku og orðið virkir þátttakendur í íslensku samfélagi á íslensku. Í því sambandi gera lög nr. 100/1995 um ríkisborgararétt það að skilyrði að umsækjandi um ríkisborgararétt hafi staðist próf í íslensku, sbr. 9. gr. laganna. Þá er það enn fremur skilyrði leyfis til búsetu hér á landi að hlutaðeigandi hafi sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga, sbr. 15. gr. laga nr. 96/2002 um útlendinga.

Ekki er í íslenskum lögum fjallað með heildstæðum hætti um íslenskukennslu fyrir útlendinga. Að því er varðar börn með annað móðurmál en íslensku er mælt sérstaklega fyrir um rétt þeirra til kennslu í íslensku sem annað mál í lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla og enn fremur í námskrám fyrir þessi skólastig. Réttarstaða þeirra sem standa utan hins almenna skólakerfis er önnur að því leyti að réttur þeirra til íslenskukennslu er ekki tryggður í lögum. Stjórnvöld hafa á hinn bóginn sett ákveðna umgjörð um námskeið sem erlendir ríkisborgarar hafa getað sótt hjá viðurkenndum fræðsluaðilum og varið til þess árlega sérstökum fjárveitingum. Betri færni í íslensku gerir fólki af erlendum uppruna auðveldara að aðlagast íslensku samfélagi. Aukin réttindi þeirra í lögum gætu einnig stuðlað að meira umburðarlyndi Íslendinga í þeirra garð.

Við samningu kaflans hefur m.a. verið stuðst við skýrslu vinnuhóps sem vann drög að íslenskri málstefnu er tók til íslensku sem annars máls, norræns málsamfélags og íslensku erlendis.³⁷ Í hópnum sátu Birna Arnbjörnsdóttir prófessor, Úlfar Bragason rannsóknaprófessor og Veturliði G. Óskarsson prófessor (formaður). Hópurinn skilaði skýrslu sinni: *Um íslensku sem annað mál, íslenskukennslu erlendis og tengslin við norrænt málsamfélag*, til Íslenskrar málnefndar í janúar 2007. Þótt aðstæður í þjóðfélaginu hafi breyst nokkuð frá því að skýrslan var skrifuð á þó stór hluti hennar við enn í dag. Talsvert er til af upplýsingum um þau svið sem hópurinn fjallaði um. Hann tók saman skrá um rit, netslóðir og fólk sem hann taldi að mundi nýtast Íslenskri málnefnd (Fylgiskjal VI).

³⁷ *Íslenska til alls*, bls. 20-21.

Þau svið sem hópnum var ætlað að fjalla um eru að mörgu leyti nátengd og verða ekki skilin skýrt hvert frá öðru. Þau atriði sem vinnuhópurinn taldi að leggja þyrfti sérstaka áherslu á voru eftirfarandi:

- efla þer rannsóknir á máltileinkun og menningarlausni, og þar þarf að læra af reynslu annarra þjóða
- þróa þarf íslenska stefnu á sviði kennslu í íslensku sem annars máls og menningarlausni (íslenskt módel)
- efla þarf fjölmenningslega vitund landsmanna
- efla þarf kennaramenntun á sviði íslensku sem annars og erlends máls
- þróa þarf gott námsefni sem hæfir ólíkum nemendahópum, bæði í prentformi og á netinu
- efla þarf orðabókagerð
- þjóða þer upp á ólíkar leiðir til náms, bæði í skólum og á kvöldnámskeiðum
- efla þarf orðræðu um íslensku sem annað og erlent mál og skýra hugtök
- stuðla þarf að útrás íslenskunnar henni til hagsbóta og til að efla íslensk fræði og kynningu á íslenskri menningu erlendis
- efla þarf móðurmálskennslu íslenskra barna erlendis
- standa þer vörð um norræn mál í skólakerfinu

5.2 Tölulegar upplýsingar

Á síðustu 10 árum fluttist hingað til lands tölverður fjöldi fólks af erlendum uppruna mestmegnis í atvinnuskyni.

Erlendir ríkisborgarar 2000-2010³⁸

	Fjöldi	Hlutfall
2000	7.271	2,6
2001	8.824	3,1
2002	9.850	3,4
2003	10.221	3,5
2004	10.180	3,5
2005	10.636	3,6
2006	13.778	4,6
2007	18.563	6
2008	23.421	7,4
2009	24.379	7,6
2010	21.701	6,8

Af þessum tölum má ráða að á tiltölulega skömmum tíma hafi þeim fjölgað umtalsvert hér á landi sem eiga sér íslensku sem annað mál. Í ársbyrjun 2010 var 21.701 íbúi á Íslandi með annað ríkisfang en íslenskt eins og sjá má af töflunni hér að ofan og af þeim voru 3.286 á

³⁸ Hagstofa Íslands, „Erlendir ríkisborgarar 1950-2010“.

<http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgara+r+1950%2D2010+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi> (skoðað 24. janúar 2010).

aldrið 0-18 ára. Flestir voru hinir nýju íbúar frá Póllandi, eða 9.583 manns, þar af 1.643 á aldrinum 0-18 ára³⁹. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun voru gefin út 1410 dvalarleyfi fyrir börn árið 2008⁴⁰.

Tuttugu fjölmennustu hópar innflytjenda 2010⁴¹

	Alls	Karlar	Konur	(Börn)
Pólland	9.583	5.580	4.003	(1.643)
Litháen	1.536	879	657	(266)
Þýskaland	1.033	383	650	(90)
Danmörk	884	382	502	(115)
Lettland	624	334	290	(99)
Portúgal	619	412	207	(106)
Filippseyjar	603	248	355	(105)
Bretland	534	379	155	(20)
Taíland	520	173	347	(94)
Bandaríkin	499	274	225	(49)
Tékkland og Slóvakía	372	236	142	(22)
Svíþjóð	336	126	210	(18)
Frakkland	285	151	134	(20)
Noregur	270	102	168	(25)
Víetnam	212	102	110	(51)
Kína	211	106	105	(26)
Spánn	190	107	83	(16)
Holland	181	92	89	(12)
Ítalía	170	112	58	(15)
Úkraína	146	56	90	(28)

Framangreindar upplýsingar sýna fjölda erlendra ríkisborgara sem búsettir voru hér á landi í upphafi árs 2010. Ljóst er að nokkur hluti dvelur hér tímabundið vegna atvinnu sinnar. Til samanburðar var 728 einstaklingum veittur ríkisborgararéttur árið 2009. Þar af voru 229 á á aldrinum 0-19 ára.

5.3 Íslenskukennsla

5.3.1 Börn

Eins og bent er á í *Stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*, frá janúar 2007, er nauðsynlegt að nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum, með annað móðurmál en

³⁹ Hagstofa Íslands, „Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2010“, <http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+r%E Dkisfangi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2010+++%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fjoldi> (skoðað janúar 2010).

⁴⁰ Óbirtar tölur Útlendingastofnunar. Tölur eiga við alla erlenda ríkisborgara innan jafnt sem utan ESB.

⁴¹ Hagstofa Íslands, „Erlendir ríkisborgarar 1950-2010“.

<http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgara r+1950%2D2010+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi> (skoðað 24. janúar 2010).

íslensku, njóti réttar síns til náms í íslensku sem öðru tungumáli, og fái jafnframt tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu eftir því sem kostur er á. Í nýrri og framsækinni námskrá fyrir grunn- og framhaldsskóla í kennslu íslensku sem annars máls er hvatt til þess að efla læsi á yngri stigum grunnskólans, og jafnframt almennt til eflingar móðurmáls. Á efri stigum grunnskóla er tungumálið síðan markvisst kennt í gegnum sjálfar námsgreinarnar, íslensku jafnt sem aðrar.⁴² Námskráin er þar í samræmi við helstu kenningar í kennslu tvítyngdra barna. En námskránni verður að fylgja eftir með réttum aðferðum. Nauðsynlegt er t.d. að athuga sérstaklega stöðu mála úti á landsbyggðinni, í fámenni, og efla rannsóknir og þróunarvinnu á því sviði.⁴³ Það þarf að viðurkenna að kennsla í íslensku sem öðru máli er sérstök kennslugrein sem sérstaka þjálfun þarf til að sinna. Í kennslu barna með annað móðurmál en íslensku, og sem eru þá að takast á við nám á máli sem þau eru um leið að tileinka sér, verður að huga sérstaklega að læsi og máltengdum vitsmunaproska. Við þurfum að horfa til framtíðar. Vinnuhópurinn minnir því á að efla þarf kennaramenntun á þessu sviði og vinna að þróun góðs námsefnis. Nú þegar er námsbraut við Menntavísindasvið Háskóla Íslands í fjölmenningslegri kennslu, og hægt er að taka M.Paed.-próf í Háskóla Íslands í íslensku sem öðru máli. Þá má geta þess að við Menntavísindasvið Háskóla Íslands stendur til að stofnuð verði sérstök námsleið með áherslu á alþjóðlegt kennaranám, og má gera ráð fyrir að þangað sækji m.a. innflytjendur sem hyggjast kenna eigið móðurmál hér á landi. Enn vantar þó frekari eflingu á menntun og þekkingu kennara á þeim sérstöku þáttum máltileinkunar sem snúa að læsi og vitsmunaproska barna og unglunga við málskipti, bæði verðandi og starfandi kennara. Hvað síðarnefnda hópinn snertir mætti benda á, sem fyrirmynd, endurmenntunarnámskeið sem hafa verið í boði fyrir grunnskólakennara í ensku, dönsku og stærðfræði. Þetta telur hópurinn sérstaklega brýnt.

5.3.1.1 Lög um leikskóla

Samkvæmt markmiðsgrein 2. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir í leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi,

⁴² Aðalnámskrá grunnskóla – Íslenska, júní 2007.

⁴³ Birna Arnbjörnsdóttir. 2000a. *Að kenna íslensku gegnum námsgreinarnar: Handbók fyrir kennara nemenda með annað móðurmál*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Sami höfundur: 2000b. Menntun tvítyngdra barna. *Málfregnir*, 19. 10. árg. Bls. 11-15.

ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Í lögum um leikskóla er ekki vikið sérstaklega að börnum sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli en í 13. gr. laganna er vísað til aðalnámskrár sem ráðherra setur leikskólunum. Þar segir í kaflanum um sérþarfir barna:

Leikskólinn á að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum til að vera virkir þátttakendur í hinu nýja samfélagi án þess að þau glati tengslum við eigin menningu, tungu og trú. Þau þurfa að öðlast sjálfsöryggi í hinu nýja umhverfi og tilfinningu fyrir því að þau séu velkomin þar.

Ekki er þar að finna kröfu um sérstaka kennslu í íslensku sem öðru máli né heldur kröfu um færni leikskólakennara til að kenna íslensku sem annað mál.

5.3.1.2 Lög um grunnskóla

Í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla þar sem fjallað er um markmið grunnskóla segir:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Í 16. gr. laganna, þar sem fjallað er um móttökuáætlun og nemendur með annað móðurmál, er sett fram sú meginregla að kennsla í grunnskólum skuli fara fram á íslensku, en heimilt sé að nám fari fram á öðrum tungumálum en íslensku þegar það leiðir af eðli máls eða aðalnámskrá. Þá segir í 2. og 4. mgr. ákvæðisins:

Grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkaþjónustu.

...

Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Samkvæmt 4. gr. laganna setur menntamálaráðherra grunnskólunum aðalnámskrá. Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2007 er sérstaklega fjallað um þarfir barna sem hafa íslensku sem annað mál. Í inngangskafli íslensku sem annað tungumál er tekið fram að „með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf“.

5.3.1.3 Lög um framhaldsskóla

Hlutverk framhaldsskólans skv. 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla er að búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun.

Samkvæmt 35. gr. laganna er meginreglan sú að kennsla í framhaldsskólum skuli fara fram á íslensku. Þó er heimilt að hún fari fram á öðru tungumáli þegar það leiðir af eðli náms eða námskrá og þegar um er að ræða námsbrautir sem ætlaðar eru nemendum sem ekki hafa vald á íslensku eða verða að stunda eða hafa stundað hluta af námi sínu erlendis. Þá er í 3. og 4. mgr. ákvæðisins tekið fram að:

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Sama gildir um nemendur sem dvalist hafa langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Miða skal við að nemendur með annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu sem valgrein, í fjarnámi eða með öðrum hætti.

Framhaldsskólar skulu setja sér áætlun um móttöku nemenda. Móttökuáætlun framhaldsskóla skal vera aðgengileg nemendum og foreldrum, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um námið og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum er greint frá möguleikum á tülkþjónustu. Móttökuáætlun vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum.

Með stoð í ákvæðinu setti menntamálaráðherra reglugerð nr. 654/2009 um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku. Í reglugerðinni er mælt fyrir um rétt þeirra nemenda í

framhaldsskólum til kennslu í íslensku sem öðru tungumáli sem hafa annað móðurmál en íslensku eða hafa dvalist langdvölum erlendis og hafa litla kunnáttu í íslensku. Jafnframt er í reglugerðinni fjallað um tilhögun námsins og um námsmat.

5.3.2 Fullorðnir

Á undanförunum árum hefur talsvert miðað í því að bæta íslenskukennslu fullorðins fólks með erlendan bakgrunn og nú er völ á miklu betri kennslu fyrir innflytjendur en áður, sérstaklega á Reykjavíkursvæðinu.

5.3.2.1 Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Með samþykkt ríkisstjórnarinnar 10. nóvember 2006 var menntamálaráðuneytinu falin framkvæmd íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins nr. 66/2006 sama dag er rakið að mikil fjölgun hafi orðið á fólki af erlendum uppruna sem komi til Íslands til lengri eða skemmri dvalar og sé skýringanna ekki síst að leita í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og reglum um frjálsta för einstaklinga innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá eru raktar upplýsingar um einstaklinga með erlent ríkisfang sem hefur fjölgað umtalsvert og jafnframt þá sem hlotið hafi íslenskan ríkisborgararétt. Fram kemur að verkefnið sé skipulagt til þriggja ára og að menntamálaráðuneytið skuli bera ábyrgð á og skipuleggja íslenskunám fyrir útlendinga. Til þess að halda utan um verkefnið yrði skipuð sérstök verkefnisstjórn sem í ættu sæti fulltrúar menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Í fréttatilkynningunni er jafnframt rakið nánara fyrirkomulag námsins og fjármögnun-.

Í nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar eftir 1. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2007 kemur fram að rétt hafi þótt að gera tillögu um 100 m.kr. framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Kemur fram í nefndarálitinu að viðurkennt sé að tungumálakunnátta sé grundvallarforsenda fyrir þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Komi það m.a. fram í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, þar sem miðað sé við að færni í íslensku skuli vera forsenda fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.⁴⁴

Með auglýsingu nr. 837/2008, sem birt var í Stjórnartíðindum 2. september 2008, gaf menntamálaráðuneytið út námskrá í íslensku fyrir útlendinga. Tekið er fram í auglýsinguinni að hún sé ætluð fullorðnum einstaklingum af erlendum uppruna sem setjast að á Íslandi og þarfnast kennslu í grunnatriðum tungunnar og að náminu sé ætlað að gera nemendur í stakk búna til þess að eiga samskipti við vinnufélaga og stjórnendur fyrirtækja, njóta góðs af þeirri samfélagsþjónustu sem í boði er og taka virkan þátt í íslensku samfélagi. Með auglýsingu nr. 28/2010 birti mennta- og menningarmálaráðuneytið viðbót við námskrána. Í inngangi hennar

⁴⁴ Alpt. 133. löggjafarþing, 1. mál, þskj. 421.

kemur fram að hún sé framhald á fyrri námskrá og að henni sé ætlað að leiðbeina um kennslu í íslensku sem öðru máli fyrir fullorðna og eins og í fyrri námskránni sé viðmiðunarrámi Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) hafður til hliðsjónar.

Kennsla hefur verið í höndum sérstakra fræðsluaðila sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt. Í því sambandi hefur ráðuneytið á grundvelli sérstakra reglna úthlutað styrkjum til fræðsluaðila og fyrirtækja sem vilja bjóða upp á nám í íslensku sem ekki er hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Styrkir til námskeiða eru auglýstir að vori og hausti.

Skipunartími verkefnisstjórnarinnar rann út í lok ársins 2009. Á starfstíma hennar hafa fjárveitingar til verkefnisins alls numið um 500 m.kr. Árið 2007 var úthlutað 234 m.kr. til námskeiða fyrir 8850 nemendur og árið 2008 var úthlutað 247 m.kr. til námskeiða fyrir 7075 nemendur. Upplýsingar fyrir árið 2009 liggja ekki endanlega fyrir en fyrri hluta árs var varið 75 m.kr. til þess að kenna 2.500 nemendum. Auk þess að standa að og hafa umsjón með gerð nefndrar námskrár hefur verkefnisstjórnin staðið að námskeiðum fyrir starfandi kennara, undirbúningi námsefnisgerðar o.fl. Í fjárlögum ársins 2010 er áfram gert ráð fyrir fjárframlögum til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins er nú unnið að því að fara yfir reynslu og skipuleggja framhald námsins.

Engin lög tryggja þó rétt þeirra til íslenskukennslu sem hér vilja setjast að og þyrfti að ráða bót á því.

6. Málvöndunarsjónarmið

6.1 Málskýrð

Mikilvægt er að löggjöf um tungumálið styðji málvöndunarsjónarmið innan eðlilegra marka. Benda má á að í nýlegum sænskum lögum um tunguna, sem tóku gildi 1. júlí 2009, er í 11. gr. sérstaklega vikið að því að það mál sem notað sé í opinberri starfsemi skuli vera vandað, einfalt og skýrt og að stjórnvöldum beri skylda til að sænsk fræðiheiti á ólíkum fræðasviðum séu aðgengileg, þau séu notuð og nái að þróast.

Norðurlandþjóðir, einkum Svíar og Norðmenn, hafa unnið markvisst að því sem þar kallast „klarspråk/klarsprog“ en hérlendis hefur helst verið nefnt „málskýrð“ og verður það notað hér. Meðal annarra landa sem vinna að málskýrð má nefna Ástralíu, Bandaríkin, Belgíu, Bretland, Frakkland, Ítalíu, Kanada, Spán og Þýskaland. Evrópusambandið vinnur einnig markvisst að því að bæta og einfalda tungumálið sem notað er, einkum í löggjöfinni. Hér á landi hefur ekki verið unnið að þessu efni af sama krafti.

Í bæklingi, sem dreift er á vegum Málráðsins í Noregi⁴⁵, eru nefndar fimm ástæður þess að mikilvægt sé að vinna að málskýrð:

1. Málskýrð stuðlar að auknu lýðræði og réttaröryggi
2. Málskýrð eykur traust
3. Málskýrð sparar tíma og fjármuni
4. Málskýrð eykur samskipti manna
5. Hið opinbera verði til fyrirmyndar í málfarslegum efnum

Með málskýrð er ekki átt við að málið skuli einfaldað og gert fátæklegra að orðalagi og stíl, heldur er átt við að málið á þeim textum sem koma frá opinberum yfirvöldum og stofnunum skuli vera rétt, skýrt og notendavænt. Þyngslalegt og óskýrt mál í bréfum og greinargerðum frá opinberum aðilum getur valdið misskilningi og aukið á fjarlægðina milli sendanda og móttakanda. Opinberir aðilar ættu því að stefna að því að vera góðar málfyrirmyndir. Stuðningur í lögum um íslenska tungu við málskýrð í gögnum frá opinberum aðilum myndi gera bréf- og skýrsluritara meðvitaðri um þann texta sem unnið er að, og líklegt er að aðrir fylgdu á eftir væri málskýrð vel kynnt hérlendis.

⁴⁵ *Klarspråk*. 2008. Språkrådet.

6.2 Íslensk fræðiheiti

Í flestum köflum *Íslensku til alls* er vikið að mikilvægi þess að unnið verði markvisst að íslenskun fræðiheita á öllum fræðasviðum. Löng hefð er fyrir nýyrðasmíð á Íslandi en hún virðist þó vera á undanhaldi á ýmsum fræðasviðum. Gera verður þær kröfur til þeirra sem útskrifast sem sérfræðingar á einhverju sviði að þeir séu færir um að tala og rita um fræði sín og sérsvið á vönduðu máli hvort heldur er innan fræðasviðsins eða utan. Svíar gera stjórnvöld ábyrg fyrir því að unnið sé að fræðiorðasmíð. Hér á landi er slíkt á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, sbr. 3. gr. laga nr. 40/2006, um stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Það myndi styrkja mjög og efla fræðiorðasmíð ef ákvæði væri um það í lögum að einstök stjórnvöld bæru ábyrgð á að íslensk fræðiorð væru notuð á ólíkum fræðasviðum og þau gerð aðgengileg öðrum.

7. Stjórnarskrárákvæði um tungumál

7.1 Ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar

Í stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er hvergi vikið að íslenskri tungu eða stöðu hennar sem þjóðtungu. Stjórnarskráin hvílir á gömlum merg og er uppbygging hennar og kaflaskipan í meginatriðum sambærileg fyrstu stjórnarskrá íslenska ríkisins frá 5. janúar 1874 um hin sérstaklegu málefni Íslands, sem var sett einhliða af Kristjáni IX. Danakonungi. Með því að setja Íslendingum stjórnarskrá með þessum hætti var bundinn endi á áratuga langa togstreitu á milli Íslendinga og dönsku stjórnarinnar um setningu stjórnskipunarlaganna fyrir Ísland en um leið var tekið mikilvægt skref í átt til frekara sjálfstæðis.

Fyrsta stjórnarskráin var því sem næst bein þýðing á dönsku grundvallarlögunum sem upprunalega voru sett árið 1849, en ýmis atriði voru þó frábrugðin í ljósi stöðu Íslands sem nýlendu undir danskri stjórn.⁴⁶ Uppbygging Lýðveldisstjórnarskrárinnar frá 1944 ber þess merki að vera að stofni til frá 19. öld og einnig að Íslendingar áttu lítinn þátt í að semja efni hennar. Inngangskafliinn geymir aðeins tvö ákvæði, þar sem fram kemur í 1. gr. að Ísland sé lýðveldi með þingbundinni stjórn og í 2. gr. er mælt fyrir um þrískiptingu ríkisvaldsins. Hins vegar eru engin ákvæði í stjórnarskránni sem mæla berum orðum fyrir um önnur helstu grundvallaratriði sem íslensk stjórnskipun byggist á, svo sem um uppsprettu ríkisvaldsins og lýðræðisskipulag og virðingu fyrir mannréttindum. Ólíkt því sem einnig má sjá í mörgum stjórnarskrám tuttugustu aldar hefur stjórnarskráin ekki heldur ákvæði sem lúta að skilgreiningu ríkisins eða einkennum og sameiningartáknum íslensku þjóðarinnar, t.d. um yfirráðasvæði ríkisins, ríkisborgararétt, þjóðfána, höfuðborg eða opinbert tungumál. Í þessu sambandi má reyndar hafa í huga að stjórnarskráin skilgreinir hvorki né nefnir berum orðum íslensku þjóðina sem slíka. Er þó óbeint vísað til hennar í nokkrum ákvæðum, t.d. 3. gr. og 31. gr. að forseti Íslands og alþingismenn skuli vera *þjóðkjörnir* og rætt er um *þjóðaratkvæðagreiðslur* í 3. mgr. 11. gr. varðandi lausn forseta frá embætti. Einnig er rætt um *þjóðkirkju* í 62. gr. stjórnarskrárinnar og í 1. mgr. 64. gr. um að enginn megi neins í missa af borgaralegum og *þjóðlegum* réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna.

Að þessu leyti var íslenska stjórnarskráin sambærileg þeim stjórnarskrám sem settar voru í Evrópuríkjum við afnám einveldis upp úr miðri 19. öldinni. Þar sem þjóðtunga var hvergi nefnd í dönsku grundvallarlögunum frá 1849 (ný grundvallarlög voru síðan samþykkt

⁴⁶ Sjá nánar um sögu íslensku stjórnarskrárinnar samantekt Gunnar Helga Kristinssonar „Ágrip af þróun stjórnarskrárinnar“. Birt sem viðauki 2 við áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, febrúar 2007. Alþt. 2006-07, A-deild, þskj. 1293, 7001. Einnig um sögulegan aðdraganda að setningu stjórnarskrárinnar 1874, Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi* (2008), bls. 27.

1866 óbreytt að þessu leyti) leiddi af sjálfu sér að ákvæði af þeim toga kom ekki inn í fyrstu íslensku stjórnarskrána heldur.

Engu að síður lögðu forystumenn þjóðarinnar á seinni hluta 19. aldar mikla áherslu á að íslenska væri notuð í stjórnsýslunni hér á landi og embættismenn sem konungur skipaði hér til starfa kynnu tungumálið. Þær kröfur komu því skýrt fram gagnvart dönsku stjórninni í aðdraganda að setningu stjórnarskrárinnar 1874. Þetta endurspegladist í 1. mgr. 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 1874 að engan mætti skipa embættismann á Íslandi, nema „hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt því, sem fyrir er mælt í hinum gildandi ákvörðunum um kunnáttu í máli landsins“.⁴⁷

Eftir setningu stjórnarskrárinnar 1874 fór dómsmálaráðherra dönsku ríkisstjórnarinnar jafnframt með málefni Íslands. Næstu áratugi beindust kröfur Íslendinga að því að fá framkvæmdarvaldið flutt frá Danmörku inn í landið og jafnframt að hér yrði íslenskur ráðherra sem mælti á íslenska tungu og bæri ábyrgð gagnvart Alþingi. Sá áfangi náðist árið 1904 eftir að breytingar voru gerðar á stjórnarskránni með stj. kl. nr. 16/1903 þegar framkvæmdarvaldið var flutt til Reykjavíkur frá Kaupmannahöfn. Var þar tekið fram að ráðherra skyldi *tala og rita íslenska tungu*. Þegar lagaskóli var settur á fót á Íslandi árið 1908 var enn frekar lagður grunnur að því að tryggja stöðu tungunnar með því að mennta flesta embættismenn landsins á íslenskri tungu í íslenskum lögum.

Með sambandslagasamningnum við Danmörku og setningu sambandslaganna 1918 varð Ísland fullvalda ríki og ný stjórnarskrá var sett af því tilefni með stj. kl. nr. 9/1920. Með nýkomnu fullveldi þurfti að skilgreina og setja lög um íslenskan ríkisborgararétt. Var þá fellt niður skilyrði um að ráðherra og aðrir embættismenn skyldu hafa kunnáttu í máli landsins en í staðinn kom það almenna skilyrði inn í 16. gr. stjórnarskrárinnar að engan mætti skipa embættismann nema hann hefði íslenskan ríkisborgararétt. Þá var gert að skilyrði fyrir kjörgengi og kosningarrétti til Alþingis að maður hefði íslenskan ríkisborgararétt, þótt þeir erlendu ríkisborgarar sem þegar höfðu öðlast slík réttindi héldu þeim áfram.

Í lýðveldisstjórnarskránni stendur óbreytt sú skipan að íslenskur ríkisborgararéttur sé skilyrði fyrir skipun í embætti, sbr. 2. mgr. 20. gr., og fyrir kjörgengi og kosningarrétti, sbr. 33. og 34. gr.

Ísland nýtur þeirrar sérstöðu í samanburði við flest ríki Evrópu að íslenska hefur frá upphafi verið eina tungumál þjóðarinnar. Þegar landið var numið fyrirfundust hér engir

⁴⁷ Í 17. gr. dönsku grundvallarlaganna frá 1866 var sett það skilyrði að engan mætti skipa embættismann nema hann hefði *ríkisborgararétt* (infødsret). Í ljósi stöðu Íslands sem hluta af danska ríkinu á þessum tíma var ekki til sérgreindur íslenskur ríkisborgararéttur og því var sett sérstakt skilyrði um kunnáttu í íslensku máli í stjórnarskránni frá 1874.

frumbyggjar sem mæltu á aðra tungu og ekki hafa skapast staðbundnir tungumálaminnihlutahópar í landinu með sögulega hefð eða sérstök tengsl við landið eða þjóðarbrot sem hafa eigið tungumál. Því hafa í raun aldrei skapast bein álitamál um þörf á yfirlýsingu í stjórnarskrá um að íslenska sé eða skuli vera þjóðtungan eða að tryggja þurfi rétt þjóðarbrotu til eigin tungumáls.

Störf Alþingis hafa ævinlega farið fram á íslensku og þótt einhverjar undantekningar megi finna frá fyrri öldum þegar Ísland var undir erlendu konungsvaldi skipta þær ekki máli fyrir stöðuna nú. Hinn 8. mars 1843 gaf Kristján konungur VIII. út „tilskipun um stiptun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing“.⁴⁸ Í 43. grein tilskipunarinnar var mælt fyrir um að „þau lagafrumvörp, er leggjast eiga fram fyrir alþingið, og eins þau tilfærðu rök, er með þeim fylgja, og hvað Vor umboðsmaður, eptir Vorri skipan, kynni að hafa að meðdeila, eiga að afhendast skriflega, bæði á dönsku og íslensku tungumáli“. Þá var tekið fram að umboðsmanni konungs skyldi leyft að tala dönsku væri hann ekki fullfær í íslensku. Þá skyldu allar „alþingisins ráðagjörðir framfara á íslensku tungumáli, á hverju máli þingbækurnar einnig ritast eiga“.

Alþingi breyttist úr ráðgefandi þingi er því var fært löggjafarvald í sérmálum Íslands með stjórnarskránni 1874. Lög hafa allt frá 1859 verið birt á íslensku þó að frumtextar þeirra hafi verið á dönsku allt til þess tíma. Þótt stjórnarskrá eða lög hafi aldrei mælt sérstaklega fyrir um að þingstörfin skuli fara fram á íslensku hefur verið litið svo á vegna ljósrar venju sem talin er hafa verið sjálfsögð. Þar sem um starfsemi ríkisins er að ræða má telja að stjórnskipunarvenja hafi myndast um þessa málnotkun. Þar sem um svo mikilvægt svið sé að ræða verði ekki vikið frá venjunni nema stjórnarskránni sé breytt.⁴⁸

Það sama má segja um íslensku stjórnsýsluna en með skilyrðinu um kunnáttu í íslenskri tungu og síðar íslenskan ríkisborgararétt til þess að vera skipaður embættismaður hefur ekki komið til álita að setja þurfi bein stjórnarskrárákvæði um að íslenska skuli notuð í stjórnsýslunni eða störfum dómstóla.⁴⁹ Í almennum lögum er þó mælt fyrir um að þingmálið sé íslenska, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Er vísað til nánari umfjöllunar um stöðu íslensku tungunnar og almenna löggjöf í kafla 3.6. að framan.

Við setningu Lýðveldisstjórnarskrárinnar var höfuðáhersla lögð á að staðfæra og breyta ákvæðum hennar með tilliti til breytinga á stöðu Íslands frá konungsríki til lýðveldis með

⁴⁸ Þór Vilhjálmsson: „Réttarreglur um íslenska tungu“ *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur* 2. júlí 2001 (2001), bls. 646.

⁴⁹ Sjá einnig um málfar og orðfæri í stjórnsýslunni: Sigurður Líndal: „Málfar og stjórnarfar“. Úlfjótur, 1. tbl. 1988 bls. 53.

þjóðkjörnum forseta. Talið var rétt að bíða betri tíma með heildarendurskoðun. Skyldi millipinganefndin sem undirbjó stjórnarskrárfrumvarpið áfram vinna að seinni hluta verkefnisins.⁵⁰ Breytingar á einstökum köflum og afmörkuðum viðfangsefnum hafa síðar verið gerðar, oftast varðandi tilhögun kosninga og kjördæmaskipan, en einnig víðtækari breytingar eins og varðandi starfshætti Alþingis 1991 og endurskoðaður mannréttindakafli 1995. Sú heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem stefnt var að hefur aldrei orðið að veruleika og hafa engin ákvæði bæst við sem vísa til grunneinkenna íslensku þjóðarinnar sem áður segir.

Á síðustu árum hafa umræður vaknað um að rétt sé að treysta undirstöður íslenskrar þjóðtunga með því að binda ákvæði um hana í stjórnarskrá auk þess sem sett verði almenn lög um stöðu tungumálsins. Í tillögu til þingsályktunar sem var lögð fram á Alþingi árið 2003 var lagt til að forsætisráðherra setti á fót nefnd sem athugaði réttarstöðu íslensku sem þjóðtunga Íslendinga og opinbers máls Íslands, þar á meðal hugsanlegar stjórnarskrárbreytingar. Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögunni kom m.a. fram að staða þjóðtungunnar í stjórnarskrá og almennum lögum væri óljós, en það hefði þó ekki komið að sök fram til þessa. Aðstæður væru þó að breytast hratt. Alþjóðlegt samstarf eflist óðfluga og íslensk löggjöf tengdist sífellt sterkari böndum ýmsum alþjóðasamningum og alþjóðastofnunum. Þetta kallaði á skýrari ákvæði um stöðu íslensku sem þjóðtunga, en jafnframt kynni að vera þörf á að skilgreina stöðu annarra tungumála í íslensku samfélagi, löggjöf og stjórnsýslu, Norðurlandamála t.d. og ensku, en e.t.v. einnig annarra „alþjóðamála“.⁵¹ Varð tillagan ekki afgreidd.

Árið 2005 skipaði forsætisráðherra stjórnarskrárnefnd sem var falið að ljúka endurskoðun stjórnarskrárinnar, einkum ákvæði I. og II. kafla um forseta og framkvæmdarvald en einnig V. kafla um dómstólaskipan. Endurskoðunin náði ekki fram að ganga en nefndin skilaði áfangaskýrslu vorið 2007. Í starfi nefndarinnar var m.a. kallað eftir tillögum frá einstaklingum, félagasamtökum og stofnunum í samfélaginu. Komu þar fram tillögur um ýmis grundvallarákvæði sem ættu heima í almennum kafla fremst í stjórnarskránni. Þar má nefna tillögu frá Íslenskri málnefnd um að mælt yrði fyrir um það í stjórnarskránni að íslenska væri ríkismál Íslands. Þá sendi Félag heyrnarlausra nefndinni ósk

⁵⁰ Alþt. 1944, A-deild, þskj. 1, bls. 11 og 12. Sjá einnig Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi* (2008), bls. 32.

⁵¹ Alþt. 2003-04, A-deild, þskj. 517, bls. 2357.

um að íslenskt táknmál yrði viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og tók Öryrkjabandalag Íslands undir þessa kröfu.⁵²

7.2 Stjórnarskrár annarra ríkja

7.2.1 Almennt

Eins og áður segir nýtur Ísland þeirrar sérstöðu í samanburði við önnur ríki að hér hefur lengst af ríkt meiri einsleitni með tilliti til tungumáls en víðast hvar annars staðar, þar sem hér býr ein þjóð sem hefur frá upphafi átt eitt sameiginlegt tungumál. Því hefur það verið talið leiða af sjálfu sér að íslenska sé opinbert mál á Íslandi og ekki talin þörf á að tilgreina það í stjórnarskrá eða lögum. Þá hefur af sömu ástæðu ekki verið talin þörf á því að festa sérstaklega í stjórnarskrá ákvæði um réttindi minnihlutahópa til að nota tungumál sitt t.d. í samskiptum við stofnanir ríkisins.

Fyrst á síðari árum, samhliða auknum áhrifum erlendra tungumála á íslenska tungu og einnig vegna vaxandi fjölda innflytjenda sem hafa annað mál en íslensku að móðurmáli, þar á meðal þeirra sem öðlast íslenskan ríkisborgararétt, hefur vaknað umræða um stöðu íslenskunnar og hvort ástæða sé til að tryggja hana í sérstöku stjórnarskrárákvæði. Um stöðu íslenskunnar sem annað mál er fjallað í 5. kafla.

Örðugt er að bera saman aðstæður á Íslandi við aðstæður annarra ríkja sem eru tæpast sambærilegar neins staðar. Í reyndinni er lagalegt umhverfi varðandi stöðu tungumála afar breytilegt á milli ríkja eftir aðstæðum á hverjum stað og stjórnarskrárákvæði um efnið eru hvert með sínu sniði séu slík ákvæði á annað borð fest í stjórnarskrá. Í ríkjum þar sem tvö eða fleiri tungumál hafa frá öndverðu verið ríkjandi eða þar sem tungumálaminnihlutar eru til staðar eru meiri líkur á að sett hafi verið stjórnarskrárákvæði sem mæla fyrir um hvert eða hver séu hin opinberu tungumál ríkisins og jafnframt að tungumálaréttindi minnihlutahópa skuli tryggð. Hér ber einnig að hafa í huga að ýmsar skuldbindingar hvíla á ríkjum samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum um að tryggja minnihlutahópum ákveðin tungumálaréttindi, eins og nánar verður rakið í 9. kafla.

Rannsókn á stjórnarskrám heimsins hefur leitt í ljós að í 158 ríkjum eru stjórnarskrár þar sem getið er réttinda sem tengjast tungumálum í einhverju tilliti en aðeins í 26 stjórnarskrám er tungumáls ekki getið.⁵³ Í þessum tölum er þó ekki greint á milli þess hvort um ræðir ákvæði sem ætlað er að lýsa yfir stöðu þjóðtungu sem opinbers tungumáls eða hvort um ræðir tungumálaréttindi af einhverjum toga. Reyndar er algengt en þó ekki algilt að fjallað

⁵² Alþt. 2006-07, A-deild, þskj. 1293, bls. 6948.

⁵³ *Språklagskommitténs betänkande 2001:3 Ny Språklag*. Skýrsla útgefin af dómsmálaráðuneyti Finnlands 15. júní 2001, bls. 106. Hér er vísað í skýrslu Menningarmálastofnunnar Sameinuðu þjóðanna UNESCO um efnið.

sé um báða þætti í sama stjórnarskrárákvæði. En af þessu er þó ljóst að Ísland er í hópi minnihluta ríkja heims þar sem ekki er minnst á tungumál í neins konar samhengi.

Hér á eftir verður lýst stöðu mála á Norðurlöndum varðandi stjórnarskrárákvæði um tungumál og því næst tekin dæmi af stjórnarskrám nokkurra annarra Evrópuríkja og framsetningu og inntaki ákvæða sem fjalla um tungumál.

7.2.2 Stjórnarskrár Norðurlanda

Í stjórnarskrám Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar eru engin ákvæði um opinber mál ríkisins né heldur um tungumálaréttindi. Líkt og í íslensku stjórnarskránni eru þó sett skilyrði um ríkisborgararétt viðkomandi lands fyrir því að maður hljóti skipun í æðstu embætti í landinu. Er danska stjórnarskrárákvæðið um efnið að finna í 1. mgr. 27. gr. dönsku grundvallarlaganna og í grein 11.9. í sænsku stjórnarskránni er nánar tiltekið hvaða embættismenn dómstóla og stjórnarsýslu falla undir ákvæðið. Í norsku stjórnarskránni er mælt fyrir um það í 92. gr., sem stendur enn lítt breytt frá setningu laganna árið 1814, að einungis maður *sem tali tungu landsins* verði skipaður í embætti auk nánari skilyrða sem eru sett um búsetu hans og ríkisborgararétt.

Bæði í Noregi og Svíþjóð hafa verið sett almenn lög um tungumál og réttindi minnihlutahópa í þeim efnum. Í Noregi gilda lög um tungumál nr. 5 frá 1980 (lov om målbruk i offentlig tjeneste), sem fjalla einkum um málnotkun í stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga, en þar segir jafnframt að ríkismálið og nýnorska séu jafngild form málsins. Þá voru nýverið sett lög um tungumál (språklagen) í Svíþjóð sem tóku gildi 1. júlí 2009 en þar er mælt fyrir um að sænska sé aðaltunga Svíþjóðar. Þar er einnig fjallað um mál nánar tilgreindra þjóðernisminnihluta, táknmál og um réttindi þeirra sem eiga annað móðurmál. Verður nánar fjallað um löggjöf þessara ríkja um efnið í 8. kafla hér á eftir.

Af Norðurlöndunum er Finnland eina ríkið sem sett hefur bæði sérstakt ákvæði í stjórnarskrá og almenna löggjöf um opinber tungumál, svo og um rétt minnihlutahópa til að nota tungumál sitt og um réttindi þeirra sem nota táknmál eða þarfnast aðstoðar tólks. Var ákvæði þessa efnis fært úr eldri stjórnskipunarlögum og talsvert rýmkað í nýrri stjórnarskrá Finnlands frá 11. júní 1999 sem tók gildi 1. mars árið 2000.⁵⁴ Það stendur nú í 17. gr. stjórnarskrárinnar í flokki með mannréttindaákvæðum hennar. Þar sem ákvæðið er eitt það ítarlegasta af þessum toga sem finna má í stjórnarskrá Evrópuríkis um efnið verður hér birt íslensk þýðing þess sem er svohljóðandi:

⁵⁴ Sjá nánar um þróun reglna um opinber tungumál í Finnlandi, Pekka Hallberg: „Den nya språklagen i Finland“, og *Språklagskommitténs betänkande 2001:3 Ny Språklag*. Skýrsla útgefin af dómsmálaráðuneyti Finnlands 15. júní 2001, bls. 24.

Opinber tungumál Finnlands eru finnska og sænska.

Réttur allra til að nota tungumál sitt, hvort heldur finnsku eða sænsku, fyrir dómstólum eða öðrum stjórnvöldum og til að fá opinber gögn á hvoru máli sem hann kys skal tryggður með lögum.

Stjórnvöld skulu sinna jafnt menningarlegum og félagslegum þörfum finnskumælandi og sænskumælandi íbúa landsins.

Samar, sem teljast til frumbyggja landsins, svo og íbúar úr hópi Roma eða úr öðrum hópum, hafa rétt til að viðhalda og þróa tungumál sitt og menningu.

Reglur um rétt Sama til að nota samísku fyrir stjórnvöldum skulu ákveðnar með lögum. Réttur þeirra sem nota táknmál og þeirra sem þarfnast túlkunar eða þýðingar vegna fötlunar skal tryggður með lögum.

Í kjölfar setningar hins nýja stjórnarskrárákvæðis hafa almenn lög í Finnlandi á þessu sviði verið endurskoðuð og gilda nú um efnið lög nr. 423 frá 6. júní 2003 (Spráklag). Þar er m.a. áréttað að opinber mál Finnlands séu finnska og sænska og lögunum sé ætlað að útfæra nánar rétt bæði sænskumælandi og finnskumælandi íbúa til að nota tungumál sitt í samskiptum við stjórnvöld. Þá er nánar útfærður réttur Sama og annarra hópa til að nota tungumál sitt. Verður efni laganna nánar lýst í 8. kafla.

Ekki er hægt að ráða af finnskri réttarframkvæmd að stjórnarskrárákvæðið sem slíkt hafi haft bein áhrif á framkvæmd dóma eða stjórnsýslu. Íðulega hefur hins vegar reynt á ýmis ákvæði nýju tungumálalaganna hjá stjórnvöldum. Nýlega gerðu finnsk stjórnvöld ítarlega úttekt á því hvernig framkvæmd laganna væri háttað og hvaða vandamál væru þar helst uppi. Í ljós kom m.a. að margvísleg vandkvæði eru á því að sænskumælandi íbúar njóti til fulls þeirra réttinda sem þeim eru tryggð í stjórnarskrá og lögum. Um 91% þjóðarinnar hefur finnsku að móðurmáli en aðeins 5,5% íbúanna sænsku. Hefur því reynst erfitt að tryggja að samskipti við stjórnvöld geti ávallt farið fram á sænsku, í ljósi þess hversu fáir starfsmenn innan stjórnsýslunnar tala bæði tungumálin og geta tjáð sig á sænsku. Þá hafa komið í ljós vandkvæði við að tryggja börnum með finnskt táknmál kennslu á táknmáli. Í skýrslunni eru gerðar ýmsar tillögur til úrbóta svo að ná megi því markmiði sem stjórnarskráin og löggjöf á þessu sviði stefna að.⁵⁵

⁵⁵ Sjá nánar skýrsluna *Statsrådets berättelse om tillämpningen av språklagsstiftningen*. 2009, bls. 77.

7.2.3 Stjórnarskrár Evrópuríkja

Hér á eftir verður getið nokkurra dæma um ákvæði í stjórnarskrám ríkja þar sem vikið er að tungumálum. Ljóst er af skoðun þeirra að slík ákvæði hafa einkum komið inn í stjórnarskrár á síðustu áratugum 20. aldar, m.a. í stjórnarskrár ríkja Austur-Evrópu settar eftir 1990, einkum þau ákvæði þar sem vikið er að réttindum tungumálaminnihluta. Hér verður ekki nánar vikið að almennum lögum sem sett hafa verið í viðkomandi löndum en eftir atvikum verður vikið að því í 8. kafla.

Austurríki: Í 20. gr. stjórnarskrár Austurríkis frá 1920 segir að þýska sé opinbert tungumál lýðveldisins án þess að það stefni í hættu þeim réttindum sem veitt eru tungumálaminnihlutum í sambandslögum.

Írland: Í 1. mgr. 8. gr. írsku stjórnarskrárinnar frá 1937 segir að írski sé þjóðtungan og fyrsta opinbera tungumálið. Þá segir í 2. mgr. að enska sé viðurkennd sem annað opinbera tungumálið. Loks er tekið fram í 3. mgr. að setja megi með lögum sérreglur um notkun annars hvors tungumálsins.

Frakkland: Í inngangsákvæðum frönsku stjórnarskrárinnar frá 1958, 2. gr., eru talin upp sex atriði sem teljast til þjóðartákna. Þetta eru 1) að franska lýðveldið sé óskipt lýðræðissamfélag, 2) að þjóðtungan sé franska, 3) að þjóðfáninn sé blár, hvítur og rauður, 4) að „Marseillaise“ sé þjóðsöngurinn, 5) að einkennisorð frönsku þjóðarinnar séu „Frelsi, jafnrétti, bræðralag“ og 6) að ríkisvaldið komi frá þjóðinni, sé í höndum þjóðarinnar og fyrir þjóðina. Ekki er að finna frekari ákvæði um tungumálaréttindi.

Portúgal: Í 9. gr. portúgölsku stjórnarskrárinnar frá 1976 eru taldar upp í sex liðum helstu skyldur ríkisins gagnvart borgurum sínum og er þar talin í f-lið skylda til að tryggja menntun og stöðuga þróun portúgalskrar tungu, að verja notkun hennar og að hvetja til alþjóðlegrar notkunar hennar.

Spánn: Í 1. mgr. 3. gr. stjórnarskrár Spánar segir að kastillíanska sé opinber spænsk ríkistunga. Allir Spánverjar beri þá skyldu að þekkja hana og hafi réttinn til að nota hana. Þá segir í 2. mgr. að önnur tungumál Spánar séu einnig opinber tungumál á landsvæðum sem njóta sjálfstjórnar eftir því sem nánar er mælt fyrir í lögum þeirra.

Sviss: Samkvæmt 4. gr. svissnesku stjórnarskrárinnar frá 1998 eru þjóðtungur landsins fjórar; þýska, franska, ítalska og retó-rómanska (romansh).

Pólland: Í 27. gr. pólsku stjórnarskrárinnar frá 1997 er mælt fyrir um að pólska sé opinbert tungumál lýðveldisins, án þess að stefnt sé í hættu réttindum sem tungumálaminnihlutahópar njóta samkvæmt sambandslögum.

Eistland: 6. gr. eistnesku stjórnarskrárinnar frá 1992 er stutturð, lýsir því aðeins að eistneska sé opinbert tungumál landsins.

Letland: Í I. hluta stjórnarskrár Lettlands frá 1998 segir í 3. gr. að lettneska sé opinbert tungumál Lettlands auk þess sem þjóðfánum er lýst.

7.2.4. Markmið stjórnarskrárákvæða um tungumál

Af því sem lýst hefur verið hér að framan verður ályktað að markmið þess að festa ákvæði um tungumál í stjórnarskrá séu einkum eftirfarandi:

Tilvísun til þjóðtungu á meðal inngangsákvæða stjórnarskrár er þáttur í talningu á sameiginlegum auðkennum þjóðarinnar, ásamt öðrum grunneinkennum t.d. um þjóðsöng, ríkisborgararétt, þjóðfána, höfuðborg o.s.frv. (t.d. franska stjórnarskráin).

Að tryggja jafna stöðu tveggja eða fleiri tungumála sem hafa sögulega hefð fyrir því að vera jafnréttá (t.d. svissneska stjórnarskráin), eða forgang eins tungumáls ef tvö eða fleiri eru útbreidd í landinu (t.d. írsku stjórnarskráin).

Að viðurkenna táknmál sem sérstakt tungumál (t.d. finnska stjórnarskráin).

Að tryggja rétt tiltekinna skilgreindra minnihlutahópa í landinu, t.d. staðbundinna hópa eða frumbyggja, til þess að nota tungumál sitt (t.d. finnska stjórnarskráin).

Að tryggja rétt íbúa með annað móðurmál en þau sem getið er að framan til þess að nota tungumál sitt og um rétt til að fá aðstoð túlka og þýðingar í samskiptum við stjórnvöld (t.d. finnska stjórnarskráin).

Af þeim stjórnarskrám sem litið hefur verið til í þessari samantekt verður ráðið að breytilegt er hvað af framangreindum atriðum kemur fram þar. Sem áður segir er 17. gr. finnsku stjórnarskrárinnar víðtækasta ákvæðið af þessum toga og tekur til allra þeirra atriða sem hér eru talin. Franska stjórnarskráin geymir á hinn bóginn mun afmarkaðra ákvæði og lýsir aðeins yfir að franska sé meðal grunntákna frönsku þjóðarinnar um leið og því er í raun hafnað í sama ákvæði að minnihlutahópar séu til staðar í landinu. Algengt er að í stjórnarskrárákvæðum þar sem því er lýst hvaða tungumál sé opinbert mál landsins sé einnig vikið að því að tryggja skuli réttindi minnihlutahópa eins og sjá má í pólsku stjórnarskránni, en það er þó ekki algilt, eins og dæmi má sjá um í eistnesku og lettnesku stjórnarskránum.

Við mat á því hvort bæta eigi ákvæði í íslensku stjórnarskrána um stöðu þjóðtungunnar þarf að taka afstöðu til þessara og hugsanlega fleiri þátta, s.s. hvort þörf er á því að bæta við ákvæði þessa efnis og í hvaða samhengi það verður sett fram.

7.3 Samantekt

Nefndin er þeirrar skoðunar að eðlilegt sé og í samræmi við þróun stjórnarskráa í öðrum Evrópuríkjum á síðustu áratugum að mæla fyrir um það í stjórnarskránni að þjóðtungan sé íslenska. Myndi það vafalaust styrkja stöðu tungunnar, undirstrika mikilvægi hennar og styðja við aðgerðir stjórnvalda til að efla og varðveita íslenskt tungumál með löggjöf eða á annan hátt. Ætti slíkt ákvæði heima meðal ákvæða stjórnarskrárinnar um helstu undirstöður íslenska ríkisins og þjóðarinnar og talningu á sameiginlegum auðkennum hennar í inngangsákvæðum stjórnarskrárinnar.

Á hinn bóginn er ljóst að íslensku stjórnarskrána skortir enn ákvæði af slíkum toga eða kafla með inngangsákvæðum um þessi atriði. Efnisleg uppbygging stjórnarskrárinnar er með þeim hætti að eingöngu tvö ákvæði eru í I. kafla hennar sem standa óbreytt frá árinu 1944. Er lýst yfir lýðveldisskipulagi íslenska ríkisins í 1. gr. og mælt er fyrir um þrjá handhafa ríkisvaldsins í 2. gr. hennar. Í II. kafla taka síðan við ákvæði um forseta lýðveldisins og framkvæmdarvaldið. Ítrekað hefur komið til umræðu á undanförunum áratug að stefnt skuli að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Nefndin telur rétt að við þá endurskoðun verði sett ákvæði um íslenska tungu sem þjóðtungu íslenska ríkisins inn í stjórnarskrána sem myndi standa í nýjum I. kafla hennar ásamt öðrum grundvallareinkennum ríkisins.

8. Erlend löggjöf um tungumál

8.1 Almennt

Löggjöf um tungumál er ólíkt háttað í ríkjum Evrópu. Í nokkrum ríkjum er mælt fyrir um stöðu þjóðtungunnar í stjórnarskrá og til viðbótar koma síðan ákvæði í almennum lögum og öðrum fyrirmælum. Þannig er málum t.d. háttað í Finnlandi, Frakklandi og Póllandi. Í Noregi eru almenn lög þar sem mælt er fyrir um stöðu ríkismáls og nýnorsku sem ritmála. Í Svíþjóð hafa verið sett almenn lög um stöðu sænskrar tungu, en engin lög eru um stöðu þjóðtungunnar í Danmörku, Þýskalandi og Stóra-Bretlandi. Í Danmörku hefur menningarmálaráðuneytið sett á fót nefnd til að meta þörf á að setja lög um stöðu danskrar tungu. Í nokkrum ríkjum hafa verið sett lög um textasöfn sem leggja mætti til grundvallar við mállýsingu. Í Danmörku hafa verið sett lög um stafsetningu og í Frakklandi hefur verið tekið á hugtakaskipan og fræðiorðum í lögum.

Í álitserð um finnsku tungumálalögin sem nefnist *Ny språklag – Ný tungumálalög*⁵⁶ er greint frá upplýsingum um þróun vísinda og menningar sem UNESCO hefur safnað. Þar má sjá að í stjórnarskrám 158 ríkja í veröldinni eru ákvæði bundin við tungumál. Einungis í stjórnarskrám 26 ríkja eru engin slík ákvæði. Í allmörgum ríkjum eru að auki sérstök lög um tungumál þar sem öllum helstu ákvæðum sem lúta að tungumáli og notkun þess er safnað í einn lagabálk. Í öðrum ríkjum eru ákvæði um réttindi bundin tungumáli í fleiri en einum lögum.

Finnska tungumálanefndin um tungumálalöggjöf aflaði upplýsinga um löggjöf í ýmsum löndum sem lyti að tungumáli, og þá um það hvort stefnt væri að lagasetningu, og eftir því sem unnt væri um áhrif og verkan slíkrar löggjafar í reynd. Upplýsinga var aflað um eftirtalin ríki: norrænu ríkin, Eystrasaltsríkin, Írland, Sviss, Spán, Holland og Belgíu, Frakkland, Stóra-Bretland, Tékkneska lýðveldið, Ungverjaland, Möltu, Kanada og Suður-Afríku.

Hér verður einkum stuðst við það sem greint er í finnsku greinargerðinni um tungumálalöggjöf (bls. 106-140) og álitserð nefndarinnar um tungumálalöggjöf, *Mål i munn*⁵⁷, þar sem rakið er hvernig tungumálalöggjöfin virkar í framkvæmd í nokkrum ríkjum Evrópu. Tilteknar upplýsingar hafa verið sóttar í greinina *En lag om svenska språket?*⁵⁸ Vali á

⁵⁶ *Språklagskommitténs betänkande 2001:3 Ny Språklag*. Álitserð, bls. 106.

⁵⁷ SOU 2002:27, bls. 450 o.áfr.

⁵⁸ Hans-Heinrich Vogel, *Festschrift till Fredrik Sterzer*, Iustus förlag, Göteborg 1999, s. 359-377.

ríkjum hefur verið háttað þannig að áherslan hefur verið á norrænu ríkin og til þess að sýna hvernig tekið hefur verið á því eftir aðstæðum í hverju landi hvort setja eigi lög um tungumál.

8.2 Finnland

Ákvæði um rétt til tungumáls og menningar voru færð úr eldri stjórnskipunarlögum í hina nýju stjórnarskrá frá árinu 2000 (2. kap., 17. gr.). Þar er svo mælt að hver og einn eigi rétt til að nota eigið tungumál, finnsku eða sænsku, fyrir dómi eða öðrum stjórnarstofnunum og réttur til að fá afgreiðslu mála á eigin tungumáli skuli tryggður með lögum. Nánari reglur um tungumál eru settar í 2. kap., 51. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem mælt er fyrir um að finnska og sænska skuli notaðar í ríkisþinginu og í 2. kap. 79. gr. þar sem svo er mælt að lög skuli sett og þau birt á sænsku og finnsku.

Nýju finnsku tungumálalögin gengu í gildi 2004 og leystu af hólmi tungumálalögin frá 1922. Bakgrunnur löggjafarinnar var m.a. að stjórnarskráin nýja var talin hafa styrkt þá meginreglu að tvö tungumál væru í landinu og þau væru jafnréttá auk þess sem réttindi til tungumáls voru rýmkuð og svo skylda almennings við tunguna.

Í 1. kap. 1. gr. í tungumálalögum er því slegið föstu að þjóðtungur Finna séu tvær, finnska og sænska.

Tilgangur laganna er að tryggja þau réttindi sem mönnum eru áskilin í stjórnarskránni að sérhver þegn þjóðfélagsins geti notað eigið tungumál fyrir dómstólum og stjórnvaldsstofnunum, hvort heldur finnsku eða sænsku, hverjum og einum skuli tryggð réttlát málsmeðferð fyrir dómi og góð stjórnarsýsla óháð tungumáli og réttindi hvers og eins til að nota eigið tungumál skuli vera tryggð án þess að menn óski þess sérstaklega.

Lögum á að beita innan dómskerfisins og annarra stjórnarstofnana ríkisins, í stofnunum innan sveitarstjórna, innan sjálfstæðra opinberra stofnana, í stjórnarsýslu ríkisþingsins og skrifstofu forseta ef ekki er mælt á annan veg í lögum. Háskólarnir og tilteknir trúarsöfnuðir eru undanþegnir tungumálalögum ef ekki er mælt á annan veg í lögum sem setja þessum stofnunum reglur. Í tungumálalögum eru einnig ákvæði um hvernig þeim skuli beitt um atvinnufyrirtæki, félög og einstaklinga sem hafa með höndum opinbera stjórnarsýslu.

Finnsku tungumálalögin eru almenn lög og þeim til viðbótar koma sérlög. Í lögum er vísað til ákvæða um tungumál í sérlögum sem taka til tungumála við kennslu og tengjast menntun, til réttinda bundinna við tungumál sem snerta menningarstarf, til réttinda til að nota eigið tungumál í skiptum við heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu, einnig til tungumáls við rannsókn brotamála og krafna til starfsmanna ríkis og sveitarfélaga um tungumálakunnáttu.

Samkvæmt lögnum eru sveitarfélögin grunneiningar við skiptingu landsins í málsvæði. Í samræmi við það hvernig íbúarnir skiptast í tungumálhópa eftir landsvæðum eru sveitarfélög flokkuð eftir því hvort þar er talað eitt tungumál eða tvö. Jafnvel stjórnvöld eru flokkuð eftir því hvort þau séu einnar tungu eða tveggja.

Í tungumálalögnum eru ákvæði um rétt einstaklinga og lögpersóna til að nota finnsku og sænsku í skiptum við stjórnvöld, um tungumál sem nota skal við meðferð mála innan stjórnarsýslunnar, um málið á dómum, úrskurðum og annarri afgreiðslu erinda, um vinnumál stjórnvalda, um málið á lögum og á upplýsingum til almennings. Samkvæmt lögnum ber stjórnvöldum að sjá til þess að réttindi bundin við tungumál séu í reynd virt. Sérhverju stjórnvaldi er skylt að fylgjast með því að farið sé eftir tungumálalögnum. Dómsmálaráðuneytið skal fylgjast með framkvæmd laganna og hvernig þeim sé beitt og, ef þörf gerist, hafa frumkvæði að því að bætt sé úr því sem miður kann að fara.

8.3 Noregur

Í stjórnarskrá Noregs eru engin ákvæði um opinbert mál ríkisins. Hins vegar eru til lög um tungumál frá 1980 (lög um málnotkun í opinberri stjórnarsýslu 11.4 (1980, nr. 5) þar sem ákvæði eru um málnotkun í stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélags.

Eitt ákvæði í stjórnarskránni lýtur að tungumálinu, 92. gr., þar sem svo er mælt að einungis maður sem tali tungu landsins verði skipaður í embætti. Með orðunum „tunga landsins“ í stjórnarskránni má telja að átt sé við bæði form norskrar tungu, ríkismál og nýnorsku. Á tilteknum sviðum er tunga Sama samkvæmt lögum jafngild norskri tungu. Öll þessi mál hafa almennt verið jöfnum höndum kölluð opinber tunga landsins sem þjóðtunga.

Í lögnum frá 1980 er svo mælt að ríkismál og nýnorska séu jafngilt form málsins og ennfremur að sem ritmál skuli jafnræði ríkja með þeim innan allra stofnana ríkisins, innan fylkjanna og í sveitarfélögnum. Tungumálalögnum er þó hvorki beitt í Stórþinginu né heldur stofnunum sem undir það heyra. Lögin gilda ekki í samskiptum innan stjórnarstofnana eða um munnlega beitingu tungumálsins.

Þessi tvö afbrigði norskrar tungu, ríkismál og nýnorska, hafa lengi verið í notkun í Noregi. Ríkismálið er útbreiddara í eystri hluta landsins og nýnorska, sem færri nota, er tiltölulega útbreiddari í vestari hluta landsins. Frá 1885, þegar jafnstaða þeirra var ákveðin, hefur hvort form málsins um sig í reynd verið opinbert mál ríkisins og sveitarfélögin hafa getað valið hvort þeirra skuli notað í sveitarfélaginu. Í landinu hafa með þessu orðið til svæði þar sem tungumál eru ólík. Í fyrstu tungumálalögnum frá 1930 lá áherslan á jafnstöðu

tungumálanna og gengið var að því vísu að æðstu embættismenn gætu ritað bæði ríkismál og nýnorsku.

Sveitarfélögin geta ákveðið að krefjast tiltekins forms á tungumáli í bréfum frá ríkinu eða ákveðið að sveitarfélagið skuli vera hlutlaust um málnotkun.

Í Noregi hafa menn um nokkurra ára skeið unnið að greinargerð á vegum Stórþingsins um málstefnu og aðferðir við að framfylgja henni. Í apríl 2009 samþykkti Stórþingið málstefnuþróun Norsku málnefndarinnar og ákvað að setja skyldi lög um norska tungu og Norskt málráð.⁵⁹ Táknaði og tungumál minnihlutahópa í Noregi munu þá falla undir starfssvið málráðsins. Nýlega sendi málráðið til Stórþingsins skýrslu um stöðu norskrar tungu 2010,⁶⁰ þar sem rædd er staða tungunnar á ellefu sviðum. Hún var einnig samþykkt.

8.4 Danmörk

Lagaákvæði í Danmörku um tungumálið lúta að réttritun og textasöfnum til grundvallar mállýsingu. Reglur um þetta eru í tvennum lögum: Lögum um danska málnefnd og lögum um danska réttritun bæði frá 1997. Danska málnefndin hefur samkvæmt lögum (*Lög um danska málnefnd – lov om Dansk Sprognævn*) það hlutverk að taka ákvarðanir um danska réttritun. Nánari ákvæði um hlutverk nefndarinnar setur menningarmálaráðherra sem birtast í *Bekendtgørelsen om Dansk Sprognævns virksomhed og sammensætning*. Ákvarðanir nefndarinnar um réttritun eru birtar í réttritunarorðabók. Þær eru bindandi bæði innan stjórnsýslunnar og í kennslu.

Verkefni dansks starfshóps til að fylgjast með tungumálalögunum.

Vorið 2007 skipaði menntamálaráðuneytið starfshóp um tungumál, Danska tungumálaráðið, sem skyldi hafa það hlutverk að fylgjast með þróun danskrar tungu. Til grundvallar skyldi lögð skýrsla ríkisstjórnarinnar um málstefnu frá 2003/2004, þar sem í fyrsta sinn var sett fram alhliða stefna á því sviði.⁶¹ Nefndin átti einnig að fylgja norrænu tungumálayfirlýsingunni⁶² og öðru frumkvæði, svo sem áskorun Rektorafundarins (Rektorkollegiet) til háskólanna um málstefnu 2003.⁶³ Vinnu starfshópsins lauk vorið 2008.

Samkvæmt þeim reglum sem starfshópnum voru settar átti hópurinn að gera grein fyrir stöðu tungumála í Danmörku á eftirtöldum sviðum:

⁵⁹ Rundskriv V – 10N/2009. Informasjon om språkpolitikk 5.5. 2009. Sjá nánar á heimasíðu norska málráðsins (www.sprakradet.no) undir Språkpolitikk.

⁶⁰ Språkstatus 2010. Kunnskap frå elleve språkpolitiske område. Språkrådet. Februar 2010. www.sprakradet.no.

⁶¹ <http://www.kum.dk/sw8586.asp>

⁶² Sjá bls. 77-78 hér í skýrslunni

⁶³ *Sprogpolitik på de danske universiteter. Rapport med anbefalinger*. 2003. Birt á <http://dkuni.dk/soeg/>

- stöðu dönsku innan opinberrar sýslu
- dönsku í forskóla, grunnskóla og í menntun unglunga
- dönsku innan menntunar á hærri stigum og í rannsóknum, þar með talin álitafni um fræðiheiti
- dönsku í atvinnulífínu
- kostum bundnum við máltækni
- erlendum tungumálum og málum grannþjóða
- dönsku innan Evrópusambandsins

Nefndin átti að taka afstöðu til þess hver þörf væri á og hverra kosta væri völ á að setja lög um tungumálið, hvort heldur almenn lög eða sérlög á hverju sviði.

Starfshópurinn átti einnig að leggja fram ákveðnar tillögur til öflugs stuðnings við danska tungu og þá sérstaklega innan opinberrar stjórnsýslu, menningarlífs, atvinnulífs, á sviði menntamála og rannsóknarstarfsemi. Framar öðru skyldi lögð áhersla á að skýra nánar hvað fælist í meginreglunni um að tvö tungumál megi nota jöfnum höndum og hvernig spurningum þar að lútandi skyldi svarað.

Tillögur nefndarinnar birtust í ritinu *Sprog til tiden* sem gefið var út af danska menningarmálaráðuneytinu 2009 með athugasemdum. Ekki stendur til að setja lög um danska tungu en háskólunum var falið að fylgjast náið með þróun danskrar tungu.⁶⁴

8.5 Þýskaland

Í Þýskalandi er engin almenn sambandslöggjöf um tungumálið. Þó eru til fyrirmæli um notkun þýsku við tiltekna aðstæður, t.d. í stjórnsýslu Sambandslýðveldisins og við almenna dómstóla. Innan einstakra landa eru ákvæði þar sem tekið er á álitafnum um stöðu tungumálsins.

8.6 Frakkland

Um stöðu franskrar tungu er mælt í stjórnarskránni þar sem segir í 2. gr. að tunga lýðveldisins sé franska. Nánari ákvæði um tungumálið eru m.a. í lögum frá 1994 um notkun franskrar tungu (nr. 94-665), í úrskurði frá 1994 um notkun starfsmanna ríkis og sveitarfélaga á franskrri tungu og tilskipun (förorðning) frá 1996 um stuðning við franska tungu. Þessu til viðbótar er kerfisbundið unnið að textasöfnun til grundvallar málfræðirannsóknum þar sem áherslan er lögð á fræðiheiti fremur en réttitun, eins og gert er í Danmörku. Þessi lagafyrirmæli komu í stað laga frá 1975 sem sett voru með það að markmiði að styrkja stöðu frönsku gagnvart ensku. Í tungumálalögunum frá 1994 er því slegið föstu að franska skuli notuð í skólum, á

⁶⁴ <http://www.kum.dk/sw83894.asp>

vinnumarkaði, í verslun og í opinberri sýslu. Í tungumálalögunum eru fyrir mæli um skyldu til að nota frönsku við tiltekna aðstæður. Lögin ná til starfsemi ríkis og sveitarfélaga og jafnvel einnig til atvinnulífsins. Þar eru ákvæði um eftirlit og viðurlög. Ríkisstjórnin skal gefa þinginu skýrslu um hvernig lögunum sé fylgt, um stöðu frönsku í alþjóðasamningum o.s.frv.

Því ber að gefa sérstakan gaum að Frakkar höfnuðu því að undirrita rammasamning Evrópuráðsins um vernd þjóðernisminnihluta. Af því tilefni lýsti stjórnlagaráð Frakklands því í álitum sem gefið var sem svar við fyrirspurn forseta Frakklands að í ákvæðum sáttmálans um minnihluta- og landshlutamál væru ákvæði sem samrýmdust ekki 2. gr. stjórnarskrárinnar.

8.7 Holland

Hollenska er opinbert mál í öllu Hollandi og hollenska og frísneska teljast þjóðtungur. Engin ákvæði eru um tungumál í stjórnarskrá Hollands.

Innan stjórnvalda og dómstóla er hollenska samkvæmt hefð notuð. Í réttarfarzlögum frá 1995 eru reglur um málnotkun fyrir dómstólum.

Frísland nýtur lögbundinnar stöðu sem stjórnsýsluumdæmi tveggja tungumála. Þeir sem tala frísnesku eru um 20% íbúanna sem eru rúmlega 15 milljónir. Um frísneska tungu og menningu gilda lög sem sett voru 1989 í samræmi við samning milli ríkisstjórnar Hollands og Fríslands. Í honum er svo mælt að frísnesku megi nota í samskiptum við yfirvöld. Í samningnum eru einnig ákvæði um kennslu á frísnesku í skólum. Kennsla á Fríslandi skal miða að því að nemendur séu búnir undir að lifa í samfélagi tveggja tungumála, frísnesku og hollensku. Þess vegna skal áherslan í kennslu ekki eingöngu vera miðuð við að nota eigið móðurmál nemandans. Skyld er að kennsla nemenda sem búa á Fríslandi fari fram á frísnesku. Hefur það gilt í grunnskóla frá 1980 og í menntaskóla frá 1993. Í samningnum eru einnig ákvæði um fjölmiðla.

8.8 Pólland

Pólska skal samkvæmt stjórnarskránni vera opinber tunga ríkisins. Árið 1999 voru sett ný tungumálalög í Póllandi þar sem því er slegið föstu að pólsk tunga skuli vera grunnþáttur sjálfsvitundar og menningar Pólverja. Í lögunum er svo mælt að með þessu megi hvorki raska réttindum þjóðernisminnihluta né sérstakra menningarhópa. Ennfremur er kveðið á um að virða beri svæðisbundin málafrbrigði og mállýskur.

Í lögunum eru ákvæði sem miða að því að vernda pólska tungu, meðal annars að tryggja rétta notkun málsins og setja viðmið sem þróun málsins á að fylgja, og hamla gegn hirðuleysi um málfar. Í lögunum er tekið fram að pólska sé opinbert mál á mörgum sviðum,

m.a. í stjórnslu ríkis og sveitarfélags og að alþjóðasáttmálum sem Lýðveldið Pólland gerir skuli jafnan fylgja texti á pólsku. Í tungumálalögum er enn fremur svo mælt að pólska skuli notuð á öllum stigum skóla- og menntamála.

8.9 Ungverjaland

Í Ungverjalandi eru engin lög um opinbera tungu ríkisins. Í stjórnarskránni frá 1949 eru ákvæði sem banna mismunun vegna tungumáls eða þjóðernis og um rétt minnihlutahópa til að nota tungumál sitt.

Ungverska er þjóðtunga landsins og það tungumál sem sagan sýnir að meirihluti landsbúa hefur notað. Ungverska er einnig sú tunga sem notuð hefur verið við landstjórnina.

Vinumál þingsins er ungverska. Þingmaður getur notað móðurmál sitt og krafist að það verði túlkað á ungversku. Þingmaður á jafnvel rétt til að þingskjöl verði þýdd á móðurmál hans.

Þjóðernisminnihlutahópar og afmarkaðir menningarhópar njóta verndar samkvæmt stjórnarskránni. Ríkinu ber að veita minnihlutahópum vernd og réttur þeirra til þátttöku í málefnum samfélagsins skal tryggður. Minnihlutahóparnir eiga m.a. rétt til að nota eigið tungumál og hljóta menntun á tungumáli minnihlutans. Í löggjöf frá 1993 um minnihlutahópa eru settar reglur sem lúta að aðstæðum ólíkra minnihlutahópa, svo sem Armena, Búlgara, Grikkja, Króata, Pólverja, Rúmena, Rómafólks, Þjóðverja, Serba, Slóvaka, Slóvena og Úkraínnumanna. Tungumál þessara þjóðfélagshópa eru tungumál minnihlutahópa og þau má nota hvarvetna í landinu. Í ákvæðinu er svo mælt fyrir að enginn skuli gjalda þess að hann eða hún kunnir ekki ungversku. Meðal sérákvæða sem eiga við minnihlutahópana má nefna að hver og einn má nota móðurmál sitt í samskiptum við stjórnvöld. Ef stjórnvald skortir kunnáttu í móðurmáli þess einstaklings sem hlut á að máli skal kalla til túlk. Enn fremur hefur hver maður rétt til að nota móðurmál sitt, nema í þinginu, innan staðbundinna stjórnvaldsstofnana sem hafa með höndum stjórnvald. Þýðing á ungversku skal þó liggja fyrir sem opinbert skjal. Minnihlutahópar hafa einnig rétt til frumkvæðis að kennslu í tungumálum minnihlutahópa.

9 Alþjóðlegar skuldbindingar og alþjóðasamvinna um tungumál

9.1 Almennt

Lög og reglur um það hvaða tungumál ríki ákveður að hafa sem opinbert tungumál sitt teljast almennt til innanríkismála og eru því ekki beint viðfangsefni á sviði þjóðaréttarins. Eins og áður hefur komið fram er mjög breytilegt á milli ríkja hvort stjórnarskrá eða lög mæla fyrir um opinber tungumál ríkisins, en meiri tilhneiging er til að setja slík lög í ríkjum þar sem tvö eða fleiri tungumál eru ráðandi í landinu eða þar er að finna einn eða fleiri minnihlutahópa sem tala annað tungumál en meirihluti landsmanna. Alþjóðlegar skuldbindingar geta þó haft talsverð áhrif á hvernig lögum og reglum um tungumál er skipað því ýmsir alþjóðlegir mannréttindasamningar leggja skyldur á ríki til þess að vernda réttindi minnihlutahópa á yfirráðasvæði sínu. Í því sambandi geta vaknað álitaeefni um rétt þeirra sem tilheyra slíkum hópum til þess að nota sitt eigið tungumál og skyldur ríkja til að tryggja þann rétt. Þó ber að hafa í huga að sameiginleg skilgreining alþjóðasamfélagsins á minnihlutahópum er ekki til.

Eins er að finna í alþjóðlegum mannréttindasamningum ýmis ákvæði sem miða að því að tryggja jafnræði manna fyrir lögum og vernda einstaklinga fyrir mismunun eða tryggja sérstaklega réttindi þeirra í tulkajónustu í dómsmálum eða samskiptum við aðrar stofnanir ríkisins. Í sumum tilvikum getur mismunun á grundvelli tungumáls leitt til þess að brotið er gegn slíkum skuldbindingum. Hér á eftir verður lýst helstu alþjóðlegu sanningsákvæðum um mannréttindi og öðrum milliríkjasamningum þar sem vikið er að skyldum ríkja varðandi tungumál.⁶⁵

9.2 Mannréttindayfirlýsingin og helstu mannréttindasamningar Sameinuðu þjóðanna

Í 2. gr. *Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna* frá 10. desember 1948 kemur fram sú grundvallarregla að hver maður eigi kröfu á réttindum þeim og frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingunni og skuli þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar auk fleiri atriða sem þar eru talin. Þessi regla er nánar útfærð í ákvæðum helstu meginsamninga Sameinuðu þjóðanna sem Ísland hefur gerst aðili að.

Þar skal fyrst nefndur *Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi* frá 16. desember 1966.⁶⁶ Í 2. gr. sanningsins er mælt fyrir um að sérhvert aðildarríki takist á hendur að virða og ábyrgjast öllum einstaklingum innan landsvæðis síns og undir lögsögu

⁶⁵ Helstu mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að eru birtir í riti *Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands Alþjóðlegir samningar sem Ísland er aðili að*, ritstj. Björg Thorarensen.

⁶⁶ Sbr. Stjórnartíðindi C-deild, auglýsing nr. 19/1979.

sinni réttindi þau sem viðurkennd eru í samningnum án nokkurs konar mismununar svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, *tungu*, trúarbragða, stjórnámálaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernisuppruna eða félagslegs uppruna, eigna, ætternis eða annarra aðstæðna. Nær samhljóða ákvæði þar sem lýst er m.a. banni við mismunun vegna tungumáls er að finna í 2. gr. *Alþjóðasamnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi* sem samþykktur var á sama tíma.

Fleiri ákvæði sem vísa til réttinda tengdra tungumáli er að finna í samningnum um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi. Í 14. gr. samningsins er sérregla til að tryggja jafnræði manna fyrir dómstólum og réttláta málsmeðferð bæði í einkamálum og sakamálum. Í 3. mgr. er fjallað um ákveðin lágmarksréttindi manns sem er borinn sökum um glæpsamlegt athæfi í sakamáli. Þar segir m.a. í a-lið að hann skuli tafarlaust fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um eðli og orsök kærunnar gegn honum í einstökum atriðum, og í f-lið er mælt fyrir um rétt sakbornings til að fá ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur ekki eða talar ekki mál það sem notað er fyrir dómi.

Eitt ákvæði samningsins um borgaraleg og stjórnámálaleg réttindi, 24. gr., er helgað réttindum barna. Samkvæmt því skulu öll börn eiga rétt á þeim verndarráðstöfunum sem þau þarfnast vegna aðstæðna þeirra sem ófullveðja, af hendi fjölskyldu sinnar, þjóðfélagsins og ríkisins án nokkurrar mismununar vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, *tungu*, trúarbragða o.fl. Þá er víðtæk jafnræðisregla í 26. gr. samningsins. Það er mælt fyrir um jafnræði allra fyrir lögnum og rétt til sömu lagaverndar án nokkurrar mismununar. Með lögum skal bönnuð hvers konar mismunun og jafnframt skal ábyrgjast öllum mönnum jafna og raunhæfa vernd gegn mismunun svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, *tungu*, trúarbragða, stjórnámálaskoðana o.fl.

Mikilvægasta ákvæði samningsins, sem lýtur að réttindum minnihlutahópa til þess að nota tungumál sitt, er þó að finna í 27. gr. samningsins. Þar er tekið fram að í ríkjum þar sem staðfélags- (community), trúarbragða- eða tungumálaminnihlutahópar eru skuli þeim sem tilheyra slíkum hópum ekki neitað um rétt til þess, í samfélagi við aðra í þeirra hópi, að njóta menningar sinnar, að játa og þjóna sinni eigin trú *eða að nota sitt eigið tungumál*. Þetta ákvæði gengur lengst alþjóðlegra samningsákvæða til að tryggja réttindi minnihlutahópa í tengslum við tungumál og hefur m.a. verið túlkað þannig í framkvæmd að það leggi skyldur á aðildarríki til að grípa til sérstakra ráðstafana til að tryggja þessi réttindi.⁶⁷ Ekki er þó leitast við að skilgreina hugtakið *tungumálaminnihlutahópur* eða aðrar tegundir minnihlutahópa í

⁶⁷ *Värna språken .- Förslag till språklag*. Betänkande av Språklagsutredningen. Stockholm 2008, SOU 2008:26, bls. 92.

ákvæðinu. Eins og nánar verður lýst á eftir skiptir slík skilgreining grundvallarmáli við mat á því hvort skyldur ríkisins samkvæmt ákvæðinu verða virkar. Í yfirlýsingu allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 47/135 frá 18. desember 1992 um réttindi þeirra sem tilheyra minnihlutahópum, m.a. tungumálaminnihlutahópum (UN Declaration on the Rights of Persons belonging to National or Ethnic, Religious and Linguistic Minorities), eru sett fram ítarlegri tilmæli til ríkja um aðgerðir sem þeim beri að grípa til m.a. á vettvangi menntamála til að tryggja að menn geti notað eigið tungumál. Yfirlýsingin er hins vegar ekki bindandi þjóðréttarsamningur. Samkvæmt yfirlýsingunni merkir það að tilheyra minnihlutahópi að samsama sig þjóðernis-, tungumála- eða trúarhópum sem meirihluti þjóðarinnar tilheyrir ekki.

Í *Samningi um réttindi barnsins* sem samþykktur var á vettvangi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989 er safnað saman ákvæðum sem varða réttindi barna.⁶⁸ Í 2. gr. samningsins er inngangsákvæði, sambærilegt 2. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi, sem leggur þá skyldu á aðildarríki að tryggja öllum börnum jafnt þau réttindi sem talin eru í samningnum og banna mismunun, m.a. á grundvelli tungu. Í 29. gr. samningsins er ákvæði um menntun barna og skyldur aðildarríkja í því tilliti. Samkvæmt c-lið 1. mgr. ákvæðisins skal menntun barns m.a. beinast að því að móta með því virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleifð þess, *tungu* og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í og þess er það kann að vera upprunið frá, og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs. Loks er í 30. gr. samningsins ákvæði um vernd barna sem tilheyra minnihlutahópi. Hafi minnihlutahópar myndast vegna sérstakra þjóðháttá, trúarbragða eða tungumála, eða þar sem frumbyggjar eru, skulu aðildarríki tryggja að barni, sem tilheyrir slíkum hópi, sé ekki meinað að njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú og *nota eigið tungumál* í samfélagi með öðrum í hópnum.

Hinn 13. desember 2006 var samþykktur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna *Samningur um réttindi fatlaðs fólks*. Ísland undirritaði samninginn 30. mars 2007 en hefur ekki fullgilt hann þegar þetta er ritað. Í samningnum er að finna víðtækar skyldur aðildarríkja til þess m.a. að tryggja rétt fatlaðra til tjáningar- og skoðanafrelsis og ein leið að því marki er að viðurkenna notkun táknmáls og stuðla að notkun þess. Eins er þar fjallað um rétt til menntunar á táknmáli. Nánar er fjallað um samninginn og réttindi þessu tengd í kafla 10.4.2.

⁶⁸ Sbr. Stjórnartíðindi C-deild, auglýsing nr. 18/1992.

9.3 Samningar á vegum Evrópuráðsins

9.3.1 Mannréttindasáttmáli Evrópu

Mikilvægasti mannréttindasamningurinn á vettvangi Evrópuráðsins er *Mannréttindasáttmáli Evrópu* frá 4. nóvember 1950 og hefur hann jafnframt verið lögfestur sérstaklega á Íslandi, sbr. lög nr. 62/1994. Samningurinn er efnislega áþekkur samningnum um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi, en geymir þó ekki sjálfstætt ákvæði um vernd minnihlutahópa eða jafnvíðtæka almenna jafnræðisreglu. Álitamál tengd tungumálum geta einkum komið til skoðunar í tengslum við ákvæði sáttmálans sem fjallar um bann við mismunun um að njóta réttinda samkvæmt samningnum. Í 14. gr. sáttmálans er þannig mælt fyrir um að réttindi hans skuli tryggð án nokkurrar mismununar, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, *tungu*, trúarbragða, stjórnómála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Einn fyrstu dómanna sem Mannréttindadómstóll Evrópu kvað upp var einmitt í kærumáli um það hvort mismunun ætti sér stað gagnvart frönskumælandi íbúum í Belgíu í ákveðnum héruðum landsins varðandi rétt barna þeirra til að fá menntun í barnaskólum á franskri tungu. Í dómi frá 23. júlí 1968 (Belgíska tungumáladeilan) varð niðurstaðan að belgísk lögjögjög fæli í sér mismunun að þessu leyti gagnvart tilteknum hópi frönskumælandi íbúa sem byggðist á búsetu þeirra í ákveðnum sveitarfélögum landsins. Belgíska ríkið var því talið hafa brotið gegn 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun, svo og ákvæði 2. gr. 1. viðauka við sáttmálann um rétt til menntunar.

Í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu eru talin upp nokkur réttindi sem ríkjum er skylt að tryggja sakborningi í refsimáli. Þar er tekið fram í a-lið 3. mgr. að hann skuli án tafar fá, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir. Jafnframt á hann rétt á því að fá ókeypis aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem er notað fyrir dómi, sbr. e-lið sama ákvæðis.

9.3.2 Rammasamningur um réttindi þjóðernisminnihlutahópa

Á vettvangi Evrópuráðsins var samþykktur *Rammasamningur um réttindi þjóðernisminnihlutahópa* (Framework Convention for the Protection of National Minorities).⁶⁹ Ísland er ekki aðili að samningnum en í honum er að finna mikilvægar grundvallarreglur og umfjöllun um ráðstafanir sem aðildarríkjum ber að gera til að tryggja rétt einstaklinga sem tilheyra þjóðernisminnihlutahópum til að viðhalda og þróa menningu sína og

⁶⁹ Framework Convention for the Protection of National Minorities. Council of Europe: Vefur Evrópuráðsins. <http://conventions.coe.int/treaty/en/Treaties/Html/157.htm> hinn 1. nóvember 1995.

varðveita grunnþætti í auðkennum sínum, svo sem trúarbrögð, tungumál, hefðir og menningararfleifð. Er rétturinn til að nota tungumál sitt, bæði í samskiptum við stjórnvöld og við aðra í samfélaginu, útfærður nánar í ákvæðum samningsins. Hugtakið *þjóðernisminnihlutahópur* (national minority) er ekki skilgreint í samningnum að öðru leyti en því sem leitt verður af þeirri lýsingu að um sé að ræða hóp sem hefur sameiginleg einkenni, eins og trúarbrögð, tungumál, hefðir og menningararfleifð sem skilur sig frá því sem einkennir meirihluta landsmanna. Því hefur hvert aðildarríki að samningnum nokkurt svigrúm til að skilgreina slíka minnihlutahópa á landsvæði sínu. Sem dæmi má nefna að í Svíþjóð hefur skilgreining þjóðernisminnihlutahópa byggst á eftirfarandi fjórum þáttum: *Í fyrsta lagi* að um ræði hóp manna sem hefur ákveðin sameiginleg einkenni sem eru önnur en á við um meirihluta manna í samfélaginu. *Í öðru lagi* að þessi sameiginlegu einkenni lúti einkum að trúarbrögðum, tungumáli eða menningu sem er frábrugðin því sem á við um *meirihlutann*. *Í þriðja lagi* að vilji sé fyrir hendi hjá þeim sem tilheyra hópnum að varðveita þessi auðkenni og loks *í fjórða lagi* að söguleg eða langvarandi tengsl hafi skapast milli þessa hóps og landsins. Með hliðsjón af þessari skilgreiningu hafa Svíar viðurkennt eftirfarandi hópa sem minnihlutahópa: Sama, finnskumælandi Svía, íbúa í Tornedal, Rómafólk og gyðinga.⁷⁰

Ísland er eitt örfárra aðildarríkja Evrópuráðsins sem eru ekki aðilar að Rammasamningnum um þjóðernisminnihlutahópa. Ætla má, þegar litið er til viðtekinnna skilgreininga á minnihlutahópum á borð við þá sem stuðst er við í Svíþjóð, að ólíklegt sé að tiltekinn eða tilteknir hópar manna hér á landi falli undir skilgreininguna.

9.3.3 Evrópusáttmáli um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa

Í *Evrópusáttmála um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa* frá 5. nóvember 1992 (European Charter for Regional or Minority Languages)⁷¹ er lýst því markmiði samningsins að vernda réttindi þeirra sem tilheyra minnihlutahópum og svæðisbundnum hópum til að nota tungumál sitt og viðhalda því, hvort heldur í samskiptum við stjórnvöld eða aðra, í menntakerfinu, í menningarumhverfi eða í efnahagslegu og félagslegu tilliti. Í 1. gr. samningsins koma fram skilgreiningar á helstu kjarnahugtökum hans og þar segir m.a. að svæðisbundið mál eða tungumál minnihlutahópa sé tungumál sem hefð er fyrir að nota á tilteknu svæði innan ríkis af borgurum ríkisins sem eru umtalsvert færri en aðrir borgarar. Jafnframt að það sé annað en opinbert tungumál ríkisins og teljist hvorki vera mállýska né tungumál farandverkamanna.

⁷⁰ SOU 2008:26, bls. 138.

⁷¹ European Charter for Regional or Minority Languages. Vefur Evrópuráðsins: <http://conventions.coe.int/treaty/en/Treaties/Html/148.htm>

Ísland er ekki aðili að Evrópusáttmálanum um svæðisbundin tungumál og tungumál minnihlutahópa.

9.4 Norðurlandasamningar

Loks er vert að taka fram að Norðurlöndin eiga með sér ýmsa samvinnu og hafa gert samninga sem varða tungumál þótt markmið þeirra sé ólíkt þeim samningum sem lýst var að framan um vernd minnihlutahópa eða bann við mismunun. Þar skal fyrst nefndur *Norðurlandasamningur um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi* frá 17. júní 1981. Ísland varð aðili að samningnum 1987 en aðrir samningsaðilar eru Finnland, Danmörk, Noregur og Svíþjóð.⁷² Með samningnum skuldbinda aðildarríki sig til að gera norrænum ríkisborgurum kleift að nota eigið tungumál í samskiptum við stjórnvöld í aðildarríkjunum. Auk hans hafa Norðurlöndin gert með sér *Samning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu* frá 14. júní 1994.⁷³ Með lögum nr. 66/1995 var ákvæðum hans veitt lagagildi hér á landi. Samkvæmt 5. gr. samningsins á ríkisborgari norræns lands rétt á að nota íslensku, dönsku, finnsku, norsku eða sænsku þegar hann sendir stjórnvaldi í öðru norrænu landi skriflegt erindi í einstökum málum sem varða rétt til félagslegrar aðstoðar eða félagslegrar þjónustu. Í slíkum málum skal hlutaðeigandi stjórnvald sjá til þess að einstaklingurinn fái nauðsynlega aðstoð túlks eða þýðanda í þessum tungumálum sé þess þörf.

Að lokum skal nefna Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda sem Norræna ráðherranefndin kom sér saman um og menntamálaráðherrar Norðurlanda undirrituðu árið 2006 (sjá einnig 10.4.3). Árið eftir var hún gefin út í bæklingnum *Deklaration om nordisk språkpolitik*.⁷⁴ Norræn málstefna á m.a. að miða að því:

- að allir Norðurlandabúar geti lesið og skrifað það eða þau tungumál sem nýtt eru í samfélaginu þar sem þeir búa
- að allir Norðurlandabúar geti átt samskipti hver við annan, fyrst og fremst á skandínavísku máli
- að allir Norðurlandabúar hafi undirstöðuþekkingu á tungumálaréttindum og stöðu tungumála á Norðurlöndum
- að allir Norðurlandabúar kunni eitt alþjóðatungumál mjög vel og annað erlent tungumál vel
- að allir Norðurlandabúar hafi almenna þekkingu á því hvað tungumálið er og hvað það felur í sér

⁷² Sbr. Stjórnartíðindi C-deild, auglýsing nr. 5/1987.

⁷³ Sbr. Stjórnartíðindi C-deild, auglýsing nr. 15/1996.

⁷⁴ Yfirlýsinguna má nálgast á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (www.arnastofnun.is).

Ákveðið var að fylgjast vel með framkvæmd málstefnunnar í hverju landi með úttekt annað hvert ár og var hin fyrsta gerð 2009.

Allnokkur umræða varð um norrænu málstefnuna í Norrænu málráði (Nordisk sprogråd, NSR) og einnig Sérfræðihópnum Norrænu málráði (Ekspertgruppen Nordens sprogråd, ENS) og í norrænu málnefndunum. Var það sameiginlegt mat að stórt skref hefði verið stigið í rétta átt. Eigi þessi markmið hins vegar að nást, einkum hið fyrsta og hið síðasta, er brýnt að huga að tungumálinu (-málunum) í hverju landi og stöðu þess (þeirra) á öllum sviðum þjóðlífsins til þess að hvergi komi til þess að umdæmi hverfi yfir til ensku eða hugsanlega annarra erlendra mála. Þá verða Íslendingar, rétt eins og aðrar Norðurlandapjóðir, að halda vöku sinni.

10 Táknmálið

10.1 Samanburður við talað mál

Táknmál líkt og talað mál hefur sinn „orðaforða“ eða tákn. Með sama hætti og talað mál lýtur táknmál tilteknum reglum um samsetningu og skipan táknanna, þ.e. hefur sína eigin málfræði. Að þessu leyti greinir táknmálið sig ekki frá töluðu máli og uppfyllir á þann hátt þær kröfur sem gerðar eru til tungumáls. Táknmál skilur sig á hinn bóginn frá töluðu máli fyrst og fremst með þeim hætti að það fer fram með líkamlegri hreyfingu og látbragði en ekki með tali eða hljóði. Skynjun þess fer fram með sjón en ekki með heyrn. Þá hefur táknmálið ekki sérstakt ritmál. Táknmál greinir sig einnig frá töluðu máli með þeim hætti að það lærist ekki frá foreldri til barns eða frá kynslóð til kynslóðar. Þeir sem nota táknmál í samskiptum sínum við aðra líta á táknmálið sem hluta af sameiginlegri reynslu og menningu sinni og kalla sig „döff“ til aðgreiningar frá hinum sem tilheyra málsamfélagi hins talaða máls. Döff er munnhreyfingin sem notuð er þegar tákníð fyrir heyrnarleysi er myndað. Að vera döff Íslendingur felst í því að tileinka sér íslenskt táknmál hindrunarlaust og á náttúrulegan hátt, nota það í daglegu lífi og líta á það sem móðurmál sitt. Það að vera döff merkir í huga þeirra sem nota táknmál að tilheyra samfélagi heyrnarlausra og að táknmálið sé fyrsta mál þeirra.⁷⁵

Táknmálið lærist af öðru táknmálstalandi fólki, eldri kynslóðum döff og jafningjum sem tala táknmál. Þannig mun meirihluti heyrnarlausra eða heyrnarskertra barna eiga foreldra sem ekki búa við slíkar aðstæður og tala íslensku. Máltaka barns sem háð er táknmáli í samskiptum sínum er á margan hátt ólík því sem á sér stað hjá barni sem tileinkar sér það mál sem foreldrar þess tala í beinum samskiptum við það.⁷⁶

Það er ekki þannig að allir heyrnarlausir hafi verið svo frá fæðingu eða noti táknmál. Flokka má heyrnarlausu í þá sem tala táknmál í daglegum samskiptum, sem eru fæddir heyrnarlausir, eru með skerta heyrn eða misstu heyrn í bernsku. Einnig getur verið um að ræða heyrnarlaust fólk sem hefur misst heyrn eða fólk með skerta heyrn sem hefur ekki lært táknmál.

⁷⁵ Að vera döff eða döff Íslendingur mun fyrst hafa verið *notað* í meistaraprófsritgerð Valgerðar Stefánsdóttur: Málsamfélag heyrnarlausra – um samskipti á milli táknmálstalandi og íslenskutalandi fólks, janúar 2005. Sjá t.d. bls. 16 þar sem hugtökin „heyrnarlaus, döff, heyrnarskertur og heyrandi“ eru skilgreind og bls. 64 þar sem lýst er því viðhorfi döff fólks að það telji sig tilheyra annarri menningu en þeirra sem tala íslensku. Sjá enn fremur Júlía G. Hreinsdóttir, Morgunblaðið 20. júní 2006 og Guðbjörg Ragnarsdóttir: *Stundum er gott að hlusta* bls. 30. Lokaverkefni til MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með áherslu á sérkennslufræði. Júní 2009. Í aðalnámskrá grunnskóla fyrir íslensku, bls. 38-39 sem út kom í júní 2007, sbr. auglýsingu nr. 1111/2006 um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla er m.a. að finna skilgreiningar á hugtökunum döff og döffmenning.

⁷⁶ SOU 2008:26, bls. 119.

Táknmálið er ekki alþjóðlegt heldur mótast það af umhverfi sínu rétt eins og hið talaða mál. Hvert málsvæði á sitt eigið táknmál og tengsl þeirra eru ólík tengslum raddmála. Þannig eru t.d. táknmál í Englandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku ólík. Í samanburði við önnur tungumál má líta á táknmál eins og hvert annað þjóðmál. Þannig er það táknmál sem notað er hér á landi íslenskt.⁷⁷ Íslenska táknmálið er sýnilegt á ýmsum sviðum, bæði í samfélagi heyrandi og heyrnarlausra/heyrnarskertra, og á ýmsum stigum er unnið að útbreiðslu þess.

10.2 Fjöldi heyrnarlausra

Samkvæmt upplýsingum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þjónar stofnunin 215 einstaklingum sem líta á táknmál sem sitt móðurmál. Stofnunin áætlar að um 300 einstaklingar tali táknmál og skilgreini sig sem döff Íslendinga. Sé litið til upplýsinga í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra má ráða að fjöldi heyrnarlausra sem nota táknmál sé nokkuð stöðugur.

Í upplýsingum frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra kemur fram að sá hópur sem stofnunin þjónar með túlkþjónustu og táknmálskennslu er á ólíkum aldri og með misjafnar þarfir. Hópurinn skiptist í megindráttum þannig:

18 – fæddir 1929-1949
30 – fæddir 1950-1959
62 – fæddir 1960-1969
31 – fæddur 1970-1979
36 – fæddir 1980-1989
16 – fæddir 1990-1999
Alls 193 einstaklingar.

Meðal þeirra sem þarna falla undir er 31 einstaklingur frá öðrum löndum. Flestir frá Austur-Evrópu, fæddir 1948-2000, og 11 heyrnarlausir einstaklingar með geðræn vandamál. Þá þjónar Samskiptamiðstöðin einnig 16 daufblindum einstaklingum sem eru fæddir 1951-2004, sem fá mjög sérhæfða túlkþjónustu og kennslu í (snerti)táknmáli. Að auki veitir Samskiptamiðstöðin yngri börnum og fjölskyldum þeirra þjónustu. Þannig fá fjölskyldur 15 barna kennslu í táknmáli. Samskiptamiðstöðin veitir einnig ráðgjöf til skóla og stofnana og hefur tekið þátt í að gera starfrænar greiningar á samskiptum.

Til samanburðar er áætlað að í Svíþjóð séu allt að 30.000 einstaklingar með heyrnarleysi og heyrnarskerðingu sem þurfi hjálpartæki (heyrnartæki/kuðungsígræðslu) eða

⁷⁷SOU 2008:26, bls. 119.

annan stuðning. Af þessum hópi munu vera milli 8.000 og 10.000 táknmálstalandi einstaklingar sem eru fæddir heyrnarlausir eða hafa orðið heyrnarlausir á barns- eða unglingsaldri. Fjöldi daufblindra er um 1.200, þar af eru 200 táknmálstalandi. Um 200 heyrnarskert börn fæðast í Svíþjóð á ári hverju.⁷⁸

10.3 Löggjöf

10.3.1 Almennt

Í lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og í lögum nr. 42/2007 um Heyrnar- og talmeinastöð er að finna almenn lög um málefni heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ákvæði laganna fjalla um heyrnarlausa út frá ólíkum forsendum. Annars vegar er um að ræða löggjöf um íslenskt táknmál, rannsóknir á því og táknmálsþjónustu og hins vegar löggjöf um læknisfræðilega þjónustu við þá sem búa við heyrnarleysi eða heyrnarskerðingu með m.a. heyrnarmælingum, greiningum og meðferð á heyrnar- og talmeinum. Fyrirnefndu lögin eru á málefnasviði mennta- og menningarmálaráðuneytis en hin seinni á málefnasviði heilbrigðisráðuneytis.

Þau lagaákvæði sem víkja að táknmáli eða stöðu þess í íslensku samfélagi eru að öðru leyti mismunandi. Í athugun menntamálaráðuneytisins á réttarstöðu heyrnarlausra frá mars 2000⁷⁹ er að finna yfirlit yfir gildandi löggjöf á þeim tíma. Flest þeirra lagaákvæða sem hér um ræðir varða rétt heyrnarlausra til táknmálsþjónustu á ólíkum réttarsviðum. Á grundvelli löggjafar um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa aftur á móti verið sett ákvæði sem mæla fyrir um rétt heyrnarlausra til táknmálskennslu. Sem dæmi um lagaákvæði þar sem fjallað er um heyrnarlausa má nefna eftirfarandi:

a. Réttarfarslög. Í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 91/1999 um meðferð einkamála segir að ef maður, sem á að gefa skýrslu fyrir dómi, sé ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skuli aðilinn sem hlutast til um skýrslugjöfina kalla til kunnáttumann til aðstoðar. Sambærilegt ákvæði er í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 88/2007 um meðferð sakamála.

b. Réttindi sjúklinga. Í 5. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga, þar sem fjallað er um réttindi sjúklings til upplýsinga m.a. um heilsufar og meðferð, er tekið fram að eigi í hlut sjúklingur sem ekki talar íslensku eða notar táknmál skuli honum tryggð túlkun á upplýsingum. Með ákvæðinu er þannig leitast við að tryggja að sá sem notar táknmál fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar á táknmáli.

⁷⁸ SOU 2006:54, bls. 55 og SOU 2008:26, bls. 116.

⁷⁹ Athugun á réttarstöðu heyrnarlausra vegna ályktunar Alþingis um stöðu íslenska táknmálsins, mars 2000. Sjá nánar kafla 10.4.5.2. um tilurð athugunarinnar og efni þingsályktunarinnar. Eins og vísað er til í neðanmálgrein 90 er hægt að nálgast athugunina á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

c. *Þjóðkirkjan*. Í 44. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er sérstaklega fjallað um sérþjónustu presta. Segir þar að verði almennri prestsþjónustu ekki komið við, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skuli kalla til presta sem að jafnaði hafi sérmenntun til starfans.

d. *Fatlaðir*. Samkvæmt 1. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 er markmið laganna að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Rétt samkvæmt lögum á sá sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Þar er meðal annars átt við sjón- og heyrnarskerðingu. Í 2. gr. laganna er tekið fram að sá eigi rétt á þjónustu samkvæmt lögum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Þar sé átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Ennfremur geti fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Þá er í 7. gr. laganna tekið fram að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustubörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skuli hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum.

10.3.2 Jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar og stjórnsýslulaga

Samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. stjórnskipunarlög nr. 97/1995, skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Reglan sækir fyrirmynd sína til 14. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var hér á landi með lögum nr. 62/1994, og einnig 26. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi.⁸⁰

Þó svo að jafnræðisregla stjórnarskrárinnar fjalli ekki sérstaklega um réttarstöðu heyrnarlausra, þá hefur hún haft áhrif við túlkun á réttarstöðu þeirra og annarra sem fatlaðir eru. Má í því sambandi einkum nefna dóm Hæstaréttar frá 4. febrúar 1999 (177/1998), þar sem stúlka sem verið hafði nemandi við Háskóla Íslands hélt því fram að hún hefði ekki fengið þá aðstoð og aðstöðu sem fötlun hennar krafðist, en hún var blind. Hér má einnig nefna dóm Hæstaréttar frá 6. maí 1999 (151/1999), sem varðaði kröfu Félags heyrnarlausra um að Ríkisútvarpinu yrði gert skylt að láta túlka á táknmáli framboðsræður í sjónvarpi kvöldið fyrir kosningar til Alþingis um leið og þær færu fram.

⁸⁰ Alpt. 1994-1995, A-deild, bls. 2085-2086.

Samkvæmt 7. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 skal stjórnvald veita þeim sem til þess leitar nauðsynlega aðstoð og leiðbeiningar varðandi þau mál sem snerta starfssvið þess. Í áður nefndri athugun menntamálaráðuneytisins á réttarstöðu heyrnarlausra er í þessu samhengi vísað til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Síðan segir:

... verður að telja að heyrnarlausir eigi rétt á viðhlítandi leiðbeiningum stjórnvalda sem taka mið af fötlun þeirra skv. 7. gr. stjórnslulaganna. Að minnsta kosti sé þessi réttur fyrir hendi í þeim tilvikum þar sem um er að ræða stjórnslumál sem hafa verulega persónulega þýðingu fyrir hinn heyrnarlaus einstakling og fyrir liggi að ekki sé unnt að gæta leiðbeiningarskyldunnar með öðrum hætti en til dæmis með tákmalstúlkun. Ekki sé til dæmis unnt að uppfylla leiðbeiningarskylduna með skriflegum hætti. Hér skal þó settur sá fyrirvari að um skyldu stjórnvalda til leiðbeininga skv. stjórnslulögum hefur ekki reynt á rétt heyrnarlausra til að fá leiðbeiningar frá stjórnvöldum á tákmalum fyrir dómstólum og því er ekki við nein dómafordæmi að styðjast. Því er enn sem komið er um tiltekna réttaróvissu að ræða varðandi skyldu stjórnvalda til að uppfylla leiðbeiningarskyldu sína á tákmalum.⁸¹

Bent hefur verið á að stjórnvöldum geti verið skylt í ákveðnum tilvikum að kalla til túlk á grundvelli leiðbeiningarskyldunnar og rannsóknarreglunnar skilji aðili máls ekki starfsmenn stjórnvaldsins og ennfremur að jafnræðisreglur stjórnarskrár og stjórnsluréttar geti haft þau réttaráhrif í ákveðnum tilvikum að heyrnarlausir og heyrnarskertir eigi rétt til endurgjaldslausrar túlkþjónustu hjá hinu opinbera m.t.t. þeirra reglna sem gilda um túlkþjónustu annarra hópa sem eru í sambærilegri stöðu og heyrnarskertir.⁸² Sjá í þessu sambandi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur 1. desember 2005 (E-4873/2005). Í því máli reyndi á skyldu Reykjavíkurborgar til þess að borga fyrir túlkþjónustu vegna samskipta heyrnarlausra foreldra við kennara í foreldraviðtali. Var Reykjavíkurborg ekki talin hafa fært fram gild og málefnaleg rök fyrir þeirri mismunun sem fólst í því að greiða fyrir aðstoð túlks í foreldraviðtölum þegar um var að ræða mann af erlendum uppruna en ekki þegar í hlut ætti heyrnarlaus maður. Var Reykjavíkurborg því dæmd til að endurgreiða fjárhæð reiknings sem foreldrarnir höfðu lagt út fyrir vegna túlkþjónustunnar.

Af framangreindu má ráða að jafnræðisreglur stjórnarskrárinnar og stjórnslulaga geta haft verulega þýðingu við mat á réttarstöðu heyrnarlausra og heyrnarskertra.

10.3.3 Lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Með lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var í fyrsta sinn í löggjöf vísað til tákmalshyrnarlausra. Markmið laganna, eins og það er sett fram í 1.

⁸¹ Athugun á réttarstöðu heyrnarlausra vegna ályktunar Alþingis um stöðu íslenska tákmalshyrnarlausra, mars 2000, bls. 5.

⁸² Páll Hreinsson 2007: Leiðbeiningarskylda stjórnvalds við meðferð stjórnslumáls. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti, bls. 22 og 26.

gr. þeirra, er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls heyrnarlausra. Hlutverk Samskiptamiðstöðvarinnar er skv. 2. gr. laganna að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og aðra þjónustu. Tekið er fram að um skipan þjónustunnar skuli fjallað í reglugerð. Gildandi reglugerð fyrir Samskiptamiðstöðina er nr. 1058/2003, sbr. reglugerð nr. 884/2004.

Í athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 129/1990 kemur fram að um það bil 300 Íslendingar hafi á þeim tíma verið heyrnarlausir og að táknmál væri það mál sem þeim léti best að nota. Tekið er fram að táknmálið sé sjálfstætt mál með eigin formgerð og lúti eigin reglum. Ráða má af athugasemdunum og ummælum í framsöguræðu menntamálaráðherra að tilefni frumvarpsins megi rekja til nýrra viðhorfa í kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra þar sem horfið hafði verið frá talmálsstefnunni en þróunin hefði mjög verið í þá átt að táknmálið styrktist og notkun þess. Þörf væri því fyrir formlega kennslu í táknmáli og bæta þyrfti úr skorti á námsefni, menntuðum kennurum og táknmálstúlkum.⁸³ Í niðurlagi framsöguræðu menntamálaráðherra er vísað til þess að með frumvarpinu sé verið að stíga „fyrsta skrefið í þá átt að viðurkenna táknmálið sem tjáningarmál hér á landi við hliðina á íslensku, móðurmálinu“.

Við meðferð menntamálanefndar á frumvarpinu voru m.a. lagðar til breytingar á orðalagi 2. gr. frumvarpsins. Í ræðu framsögumanns menntamálanefndar er vikið að umræðum í nefndinni og tilgangi þess að komið yrði á fót sérstakri samskiptamiðstöð. Þar segir:

Ég hygg að eftir þær umræður sem fram fóru í nefndinni séu nefndarmenn verulega miklu fróðari um það sem hér er um að tefla. Nefndin varð sammála í afstöðu sinni til málsins.

Sú samskiptamiðstöð sem hér er gert ráð fyrir að koma á laggirnar verður fyrst og fremst þjónustumiðstöð við þann minnihluta, þann u.þ.b. 200 manna hóp hér á landi sem notar táknmál. Ég hygg að ég mæli fyrir munn okkar velflestra í nefndinni þegar ég segi frá því að við, a.m.k. flest okkar, öðluðumst svolítið nýjan skilning á því sem hér er um að tefla, þ.e. að táknmál heyrnarlausra er sérstakt tungumál. Hlutverk þeirrar samskiptamiðstöðvar, sem hér er gert ráð fyrir að koma á laggirnar, verður kannski fyrst og fremst að annast rannsóknir á íslensku táknmáli, beita sér fyrir kennslu í táknmáli og táknmálstúlkun.⁸⁴

Með lögum nr. 129/1990 um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra má segja að ákveðið skref hafi verið stigið í þá átt að viðurkenna táknmálið sem tungumál heyrnarlausra.

⁸³ Alpt. 1990-1991, B-deild, í dálk. 649.

⁸⁴ Alpt. 1990-1991, B-deild, í dálk. 2297.

10.3.4 Túlkaþjónusta við heyrnarlausu og heyrnarskerta

Með stoð í 6. gr. laga nr. 129/1990, um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, hefur mennta- og menningarmálaráðherra sett gjaldskrá fyrir Samskiptamiðstöðina, nr. 595/2009. Í gjaldskránni er m.a. að finna það tímagjald sem lagt er til grundvallar við túlkaþjónustu sem opinberir aðilar greiða þegar heyrnarlausir þurfa á táknmálstúlkun að halda vegna aðgangs að opinberri þjónustu. Í 2. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar er jafnframt að finna heimild til þess að greiða fyrir táknmálstúlkun vegna daglegs lífs:

Samskiptamiðstöð er heimilt að veita endurgjaldslausu túlkaþjónustu vegna daglegs lífs og greiða ferðakostnað táknmálstúlks utan Reykjavíkursvæðisins vegna þess, á grundvelli sérstakrar fjárveitingar á fjárlögum ár hvert. Við afgreiðslu beiðna á grundvelli þessarar heimildar skal gætt jafnræðis milli notenda þjónustunnar, með tilliti til þeirrar fjárveitingar sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.

Með ákvæðinu hafa verið rýmkaðir möguleikar heyrnarlausra til táknmálstúlkunar vegna daglegs lífs. Af framsetningu ákvæðisins leiðir jafnframt að það svigrúm sem um er að ræða takmarkast af fjárveitingum Alþingis hverju sinni. Aðrar réttarheimildir geta einnig leitt til þess að telja verði að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti átt rétt á túlkaþjónustu sér að kostnaðarlausu. Slíkar heimildir eru hins vegar flestar bæði matskenndar og fremur almennar að efni til og því getur verið erfitt að gefa skýr svör við því í einstökum málum hvort sá réttur sé fyrir hendi, nema hægt sé að styðjast við fordæmi. Í þessu sambandi hefur verið bent á ákvæði 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 14. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 og jafnræðisreglur stjórnarsýsluréttar og stjórnarskrár, sbr. umfjöllun hér að framan. Bent hefur verið á að ráða megi af lögskýringargögnum að ákvæðið taki til einstaklinga sem stríði við heyrnarleysi. Það sé hins vegar í verkahring löggjafans að taka fyrsta kastið afstöðu til þess hvernig túlka beri ákvæðið við setningu laga um túlkaþjónustu við heyrnarlausu og heyrnarskerta en þau verði a.m.k. að fela í sér þau lágmarksréttindi sem leiða af 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem lög um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra séu eldri en tilvitnuð ákvæði stjórnarskrárinnar sé ljóst að löggjafinn hafi ekki enn tekið afstöðu til þessa atriðis.⁸⁵ Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4182/2004, þar sem fjallað var um eldri gjaldskrá Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, sagði svo um þetta:

Við setningu löggjafar af þessu tagi kann löggjafinn jafnframt að þurfa að leggja á það mat hvort sú réttindavernd sem veitt er fötluðum einstaklingum samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar leiði til þess að þeir eigi á grundvelli ákvæðisins, og þá eftir

⁸⁵ Páll Hreinsson: „Leiðbeiningarskylda stjórnvalds við meðferð stjórnarsýslumáls“. Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 2007, bls. 25.

atvikum í samhengi við jafnræðisreglu 65. gr., sbr. til hliðsjónar Hrd. 2000, bls. 4480, rétt til þess að njóta í ákveðnum tilvikum slíkrar opinberrar þjónustu án endurgjalds þannig að þeir geti rækt þær lögmæltu skyldur sem á þeim hvíla eins og aðrir borgarar eða gætt lögvarinna réttinda sinna með fullnægjandi hætti.

Sjá má hér í þessu samhengi 9. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og 4. mgr. 18. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla en þar er að finna efnislega samhljóða ákvæði um að eigi í hlut foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál skuli skóli leitast við að tryggja túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla samkvæmt greinunum.

10.3.5 Kennsla í táknmáli

Lagaákvæði þar sem beinlínis er fjallað um rétt heyrnarlausra til þess að mega njóta kennslu á táknmáli eða við meðferð þess eru takmörkuð hér á landi. Þá verður ekki séð að í löggjöf sé sérstaklega fjallað um rétt aðstandenda heyrnarlausra, sem ekki búa við heyrnarleysi, til táknmálskennslu.

Í ákvæðum laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og námskrám fyrir þessi skólastig er vikið með beinum og óbeinum hætti að rétti nemenda til kennslu á táknmáli og við beitingu þess.

10.3.5.1 Lög um grunnskóla

Í 2. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla voru ákvæði þess efnis að grunnskólinn skyldi leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Þá sagði í 3.-5. mgr. 29. gr. laganna að við setningu aðalnámskrár, skipulagningu náms og kennslu og við gerð og val námsgagna skyldi þess sérstaklega gætt að allir nemendur fengju sem jöfnust tækifæri til náms. Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skyldu vera þannig að komið væri í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, búsetu, stéttar, trúarbragða eða fötlunar. Í öllu skólastarfi skyldi tekið mið af mismunandi persónugerð, þroska, hæfileikum, getu eða áhugasviðum nemenda. Lög nr. 91/2008 um grunnskóla leystu af hólmi lög nr. 66/1995. Byggja þau á sömu framsetningu og eldri lög. Að auki er nú mælt fyrir um í 17. gr. laga nr. 91/2008 að nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Þá er einnig tekið fram í greininni að nemendur sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðra, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir eigi rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Á grundvelli laga nr. 66/1995 um grunnskóla voru sett ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, sem tóku gildi 1999, um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta nemendur og táknmálkennslu fyrir heyrnarlausa. Með auglýsingu nr. 1111/2006 var birt ný aðalnámskrá grunnskóla. Um markmið íslenskukennslu segir m.a.:

Í skóla án aðgreiningar skal leitast við að gera fötluðum nemendum, langveikum og nemendum, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, kleift að stunda nám við skólann eftir því sem tök eru á. Sama gildir um nemendur með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausa nemendur. Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig eru ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta nemendur og táknmálkennslu fyrir heyrnarlausa.

Í 2. mgr. 25. gr. gildandi laga nr. 91/2008, um grunnskóla, er nú tekið fram að í aðalnámskrá skuli setja ákvæði um inntak og skipulag náms í íslensku, íslensku sem öðru tungumáli eða íslensku táknmáli. Í aðalnámskrá fyrir íslensku frá júní 2007 er mælt fyrir um tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku, bls. 37-54. Í tvítýngi felst að heyrnarlausir læri táknmálið sem grunn- og ritmál raddmálsins og verði tvítýngdir með móðurmálið sem íslenskt táknmál.

10.3.5.2 Lög um framhaldsskóla

Í lögum um nr. 92/2008 um framhaldsskóla er í 2. gr. fjallað um hlutverk framhaldsskólans. Þar segir að hlutverk hans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Þá er í 1. mgr. 32. gr. laganna tekið fram að þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri skuli eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og að þeir sem hefji nám í framhaldsskóla skuli jafnframt eiga rétt á því að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs.

Í 34. gr. laganna segir að nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku eigi rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Segir þar jafnframt að í reglugerð skuli kveðið nánar á um rétt þessara nemenda til kennslu í íslensku, svo og um tilhögun og mat á náminu. Einnig skuli í reglugerð kveðið á um rétt heyrnarlausra nemenda til sérstakrar íslenskukennslu. Á grundvelli þessa lagaákvæðis hefur menntamálaráðherra sett reglugerð nr. 329/1997 um sérstaka íslenskukennslu í framhaldsskólum.⁸⁶ Segir í 1. gr. reglugerðarinnar að meðal annarra eigi heyrnarlausir nemendur og heyrandi börn heyrnarlausra foreldra rétt á sérstakri kennslu í íslensku. Reglugerðin mun vera til endurskoðunar í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

⁸⁶ Ákvæði reglugerðarinnar hafa nú stöð í lögum nr. 92/2008, um framhaldsskóla, sbr. III. bráðabirgðaákvæði þeirra laga.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla sem tók gildi á árinu 1999 segir í almenna hluta hennar, þar sem fjallað er um hlutverk og markmið framhaldsskóla, að varðandi skólagöngu fatlaðra nemenda skuli skólar leitast við að gera þeim kleift að stunda nám með öðrum eftir því sem kostur er. Skuli fatlaðir nemendur því eiga þess kost að nýta sér það nám sem er í boði á almennum námsbrautum skólans með þeirri aðstoð sem þeir þurfa og skólar geta veitt en einnig skal boðið upp á nám á sérstökum námsbrautum þar sem kennsla og viðfangsefni miðast við fötlun þeirra. Í aðalnámskrá framhaldsskóla um íslenskukennslu er sérstakur kafli um íslenskt táknmál fyrir heyrnarlausra og íslensku fyrir heyrnarlausra. Sérstök lokamarkmið eru sett fyrir nám í íslensku táknmáli fyrir heyrnarlausra en lokamarkmið fyrir íslenskunám heyrnarlausra eru að mestu leyti þau sömu og lokamarkmið í almennri íslenskukennslu. Kveður aðalnámskráin á um kennslu í táknmáli sem miði að því að nemendur þroski mál sitt þannig að þeir fái sterka sjálfsmýnd, skýran skilning á sjálfum sér og stöðu sinni sem heyrnarlausir einstaklingar í heyrandi íslensku meirihlutasamfélagi. Kennslan eigi að stuðla að þroska þeirra sem tvítyngdra einstaklinga með táknmál sem fyrsta mál og íslenskt ritmál sem annað mál. Í þessum hluta aðalnámskrárinnar er síðan gerð grein fyrir námi og kennslu, skipan náms, námsmati og lokamarkmiðum. Sérstaklega er gerð grein fyrir áfangamarkmiði og hverjum áfanga. Um er að ræða námsáfanga í málfræði og sögu heyrnarlausra I, í málfræði og sögu heyrnarlausra II, í bókmenntum og setningafræði, í frásögnum og sköpun, í þýðingum og þróun táknforðans og að síðustu er valáfangi í leiklist.

10.3.5.3 Lög um leikskóla

Í 21.-23. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla er fjallað um rétt leikskólabarna til sérstakrar aðstoðar og þjálfunar, auk ráðgjafarþjónustu. Tekið er fram að börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eigi rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.

Í aðalnámskrá leikskóla sem tók gildi 1999 og sett var á grundvelli 4. gr. eldri laga um leikskóla er fjallað um sérþarfir barna. Segir þar að börn hafi mismunandi getu, reynslu og þroska. Þau hafi þörf fyrir samneyti við önnur börn, jafnt jafnaldra sína sem eldri og yngri börn. Leikskólinn eigi að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo að það fái notið sín í hópi annarra barna á eigin forsendum. Taka beri sérstakt tillit til barns sem á einhvern hátt sé fatlað eða með tilfinninga- og/eða félagslega erfiðleika. Það þurfi að njóta sérstakrar aðstoðar til að veita upp á móti þeirri hömlun sem fötlunin setji því. Sama gildi um heyrnarlaust og heyrnarskert, blint og sjónskert barn.

10.3.6 Önnur lönd

Staða táknaáls er mismunandi í þeim löndum sem við berum okkur gjarnan saman við. Líkt og hér á landi er algengt að vikið sé að táknaáli á mismunandi sviðum samfélagsins. Það á einkum við um lagaákvæði um kennslu og túlkaþjónustu. Þá eru einnig dæmi þess að fjallað sé með almennum hætti um stöðu táknaáls í lögum og í stjórnaákrá.

Hvað viðkemur stöðu táknaálsins annars staðar á Norðurlöndunum ber fyrst að nefna að í 17. gr. finnsku stjórnaákrárinnar er tekið fram að réttur þeirra sem nota táknaál eða þeirra sem vegna fötlunar þurfa túlkaþjónustu skuli tryggður í lögum. Í einstökum lögum svo sem í löggjöf um menntaál, í útvarpslögum, í kirkjulögum og í löggjöf um félags- og tryggingaál er fjallað um rétt til túlkaþjónustu vegna samskipta heyrnarlausra við stjórnvöld. Ennfremur er í 37. gr. finnsku tungumálaganna kveðið á um að ríkisstjórnin (statsráð) skuli hvert kjörtímabil senda skýrslu til þingsins (Riksdagen) um framkvæmd laganna.

Norska táknaálið er í dag ekki viðurkennt tungumál heyrnarlausra í Noregi. Engu að síður mun það hafa hlotið viðurkennda stöðu sem tungumál í lögum um grunnskóla „opplæringsloven“ (Lov om grunnskolen og den vidaregåande opplæringa frá 1998). Fyrir hendi er sérstakt skipulag með sérskólum sem bjóða upp á kennslu á táknaáli og meðferð þess. Ennfremur munu foreldrar barna með heyrnarskerðingu eiga rétt á að stunda nám í táknaáli. Þá mun í ýmsum lögum vera fjallað um rétt til táknaálstúlkunar í tengslum við atvinnu, í daglegu lífi og við skólagöngu. Félag heyrnarlausra í Noregi og félag um norskt táknaál hafa beitt sér fyrir því að treysta betur stöðu norsks táknaáls.

Danska táknaálið var viðurkennt opinberlega af dönskum stjórnvöldum 1991 og er litið á það sem fyrsta mál barns sem býr við heyrnarleysi. Þá mun vera mælt með því að táknaál sé fyrsta mál þegar um er að ræða skólagöngu og í samskiptum vegna menntunar barns.⁸⁷

Í Svíþjóð var árið 1972 sett á fót sérstök rannsóknardeild um táknaál við Stokkhólmsháskóla. Stofnun þeirrar deildar var mikilvægt skref í þá átt að táknaálið öðlaðist almenna viðurkenningu í Svíþjóð. Fram til ársins 2009 var ekki í lögum að finna löggjöf sem fjallaði með almennum hætti um stöðu sænska táknaálsins. Táknaálið hafði þó með ákvörðun sænska þingsins árið 1981 fengið viðurkenningu sem opinbert tungumál og sem fyrsta tungumál heyrnarlausra. Í ákvörðun þingsins fólst kennsla í sérskólum fyrir heyrnarlausra og heyrnarskerta. Á þessum tíma voru Svíar meðal þeirra fyrstu sem gáfu táknaálinu stöðu tungumáls.⁸⁸

⁸⁷ SOU 2008:26, bls. 125-126.

⁸⁸ SOU 2008:26, bls. 127.

Í Svíþjóð hafa námsmenn getað valið sænska táknmálið sem annað eða þriðja erlenda málið í skólum. Fyrir foreldra og systkini barns sem talar táknmál er boðið upp á kennslu í táknmáli og ennfremur stuðning í gegnum sérfræðipjónustu skóla. Þá er gert ráð fyrir því að barn sem á heyrnarlausu foreldra geti fengið kennslu í táknmáli á grundvelli fyrirsmála um móðurmálskennslu í grunnskóla og framhaldsskóla. Um rétt háskólanema til túlkapjónustu er fjallað í lögum 2001:1286, „om likabehandling av studenter vid högskolan“.⁸⁹

Í Svíþjóð hafa verið sett almenn lög um stöðu sænsku tungunnar, Språklagen (sjá fylgiskjal VIII). Í 9. gr. laganna, er tóku gildi 1. júlí 2009, er tekið fram að ríki og sveitarfélög beri sérstaka ábyrgð á að vernda og styðja táknmálið (Det allmänna åleggs ett särskilt ansvar för att skydda och främja det svenska teckenspråket). Af orðalagi ákvæðisins leiðir að ábyrgð stjórnvalda er hin sama og ábyrgð þeirra á verndun og viðgangi tungumála minnihlutahópa. Sá er þó munur á að í Svíþjóð er ekki til neinn sáttmáli þar sem mælt er fyrir um hvað ábyrgðin felur nánar í sér. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er vísað til þess að eins og með aðra málhópa skipti hér máli sjónarmið byggð á mannréttindum og vernd gegn mismunun fyrir þá sem noti táknmál. Við skýringu á réttarstöðu þeirra skiptir þannig máli sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ennfremur yfirlýsingin um málstefnu Norðurlanda frá 2006. Í samanburði við sænskuna sé táknmálið eitt af mörgum tungumálum minnihlutahópa í Svíþjóð. Fyrir þá sem það noti skipti táknmálið miklu fyrir þá sem einstaklinga og fyrir menningarlega samsömun þeirra. Alveg á sama hátt og fyrir þá sem nota talað mál. Auk þessa hafi táknmálið sérstaka þýðingu þar sem það er skilyrði þess að margir táknmálstalendur geti átt samskipti við umheiminn. Á grundvelli framangreindra sjónarmiða er því lýst í athugasemdunum að rétt sé að fjalla um stöðu sænska táknmálsins í tungumálalögunum. Best fari á því að það sé gert með almennum hætti líkt og með tungumál minnihlutahópa í sænsku samfélagi.⁹⁰

10.4 Staða táknmálsins í alþjóðlegu samhengi

10.4.1 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi

Rétturinn til að nota sitt eigið tungumál og rétturinn til að njóta eigin menningar eru meðal þeirra grundvallarmannréttinda sem 27. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi tekur til. Meira að segja táknmálið fellur undir slíkan rétt.⁹¹ Samningurinn hefur ekki verið lögfestur hér á landi, en Ísland hefur að þjóðarétti skuldbundið

⁸⁹ Regeringens proposition – 2008/09:153 Språk för alla – förslag til språklag, bls. 24.

⁹⁰ Regeringens proposition – 2008/09:153 Språk för alla – förslag til språklag, bls. 25.

⁹¹ SOU 2008:26, bls. 123.

að virða hann. Í því felst að íslensk stjórnvöld skulu jafnan leitast við að túlka landslög í samræmi við þjóðarétt en ekki í andstöðu við hann.

10.4.2 Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006 og undirritaður af Íslands hálfu hinn 30. mars 2007. Einnig var undirrituð sama dag, án fyrirvara, valfrjáls bókun með samningnum þar sem viðurkenndur er réttur einstaklinga eða hópa til þess að beina kvörtunum út af framkvæmd samningsins til sérstakrar nefndar. Hinn 3. apríl 2008 höfðu 20 ríki fullgilt samninginn. Samningurinn tók því gildi 30 drögum síðar eða 3. maí 2008 og hefur nefnd sérfræðinga um réttindi fatlaðs fólks á vegum Sameinuðu þjóðanna skv. 34. gr. samningsins hafið störf. Í einstökum ákvæðum samningsins er fjallað um táknmál og þýðingu þess fyrir þá sem það nota. Í 21. gr. sáttmálans er m.a. fjallað um skyldur aðildarríkja til þess að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsis til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum til jafns við aðra með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali. Með samskiptamiðlum er m.a. vísað til tungumáls, þ. á m. táknmáls, sbr. 2. gr. samningsins. Í b- og e-lið 21. gr. samningsins er sérstaklega tiltekið að tryggja eigi framangreindan rétt með því að viðurkenna notkun táknmáls og stuðla að notkun þess. Þá er jafnframt tiltekið að tryggja eigi þennan rétt með því að viðurkenna og greiða fyrir notkun táknmáls sem og öðrum þeim leiðum sem fatlaðir kjósa að nota í opinberum samskiptum.

Þá er í 24. gr. sáttmálans fjallað um rétt til menntunar án mismununar og við sambærilegar aðstæður. Í því felst m.a. að greiða fyrir fullri þátttöku fatlaðs fólks til jafns við aðra í skólastarfi og sem þjóðfélagsþegnar. Skulu aðildarríkin í þessu sambandi gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni m.a. að auðvelda hlutaðeigandi að læra táknmál og stuðla að samsemd heyrnarlausra með tilliti til tungumáls. Í þessu sambandi skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þ.m.t. fatlaða kennara, sem eru sérhæfðir í táknmáli. Hvað viðkemur þátttöku í menningarlífi, tómsunda-, frístunda- og íþróttastarfi er í 30. gr. sáttmálans tekið fram að fatlað fólk skuli eiga rétt á, til jafns við aðra, að sérstök menningarleg samsemd þeirra og samsemd með tilliti til tungumáls sé viðurkennd og njóti stuðnings, þ.m.t. táknmál og menning heyrnarlausra.

Í febrúar skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd til þess að kanna hvort íslensk löggjöf uppfyllti kröfur um fullgildingu samningsins. Nefndin skilaði tillögum sínum 10. janúar 2010. Meðal tillagna nefndarinnar er að íslenska táknmálið verði viðurkennt í því skyni

að uppfylla ákvæði 21., 24. og 30. gr. samningsins. Þá verði textun löggilt, sbr. 21. gr. samningsins, og textun og táknmálstúlkun almenns menningarefnis, skv. 30. gr. samningsins. Tillögur nefndarinnar um fullgildingu samningsins má finna á vefsíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.

10.4.3 Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda 2006

Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda er frá 1. nóvember 2006. Í henni er vikið að stöðu táknmálsins með óbeinum hætti þegar tekið er fram í inngangi að auk hinna sex þjóðtungna sem séu algildar og talaðar í öllu samfélaginu: dönsku, finnsku, færeysku, íslensku, norsku (jafnt ríkismál og nýnorska) og sænsku hafi „... nokkur önnur tungumál sérstöðu: meänkieli (tornedalsfinnska), kvänska, romani í ýmsum mállýskum, jiddíska, þýska og norræn táknmál“.⁹² Þar má einnig lesa að „[t]vö tungumál til viðbótar eru töluð í samfélaginu á Norðurlöndum, en samt sem áður er ekki hægt að nota þau á öllum sviðum samfélagsins: ýmsar samískar mállýskur og grænlenska“. Þá er í yfirlýsingunni vísað til þess að þeim tungumálum sem töluð séu á Norðurlöndum fjölgi og að margir Norðurlandabúar séu fjöltyngdir, fyrst og fremst þeir sem tala annað móðurmál en hið opinbera tungumál í búsetulandinu. Þetta eigi við um Norðurlandabúa með áðurnefnd tungumál að móðurmáli. Síðan segir í yfirlýsingunni:⁹³

Í málstefnu Norðurlanda verða menn að bera ábyrgð á því gagnvart alþjóðasamfélaginu að einkum þau tungumál sem ekki eru þjóðtungur í neinu landi lifi áfram og þróist og að öll tungumál minnihlutahópa lifi áfram. Það er einnig mikilvægt að styrkja stöðu táknmála.

10.4.4 Táknmálið í samhengi við Evrópusáttmála um svæðisbundin tungumál og tungumálminnihlutahópa frá 5. nóvember 1992

Þegar horft er til einkenna íslensks táknmáls og forsögu þess, sem hér hefur verið rakin, er ekki hægt að líta á táknmálið sem tungumál minnihlutahópa í merkingu Evrópusáttmálans. Í því sambandi kemur fram í inngangsorðum sáttmálans að einn megintilgangur hans sé „... verndun fornra svæðisbundinna tungumála og tungumála minnihlutahópa í Evrópu, sem hætta er á að deyi út sum hver“. Hvað viðkemur skírskotun til sérstakrar menningar heyrnarlausra og kröfu sáttmálans um menningarleg tengsl verður að líta til þess að íslenskt táknmál tjáir í raun sömu menningu og íslenskan. Langflestir þeirra sem eru háðir táknmáli í samskiptum sínum eru fæddir á Íslandi og eiga foreldra sem tala íslensku. Sú vernd sem sáttmálanum er ætlað að veita tungumálum minnihlutahópa miðar að því að þeir sem til hans heyra geti

⁹² *Deklaration om nordisk språkpolitik*. (Yfirlýsing um málstefnu Norðurlanda), bls. 51.

⁹³ Sama rit, bls. 54.

varðveitt og þróað áfram menningu sína, þ.á m. sérkenni sem leiða af trúarbrögðum, tungumáli, hefðum og menningararfi. Þarfir heyrnarlausra, daufblindra og heyrnarskertra fyrir táknmál eru af öðrum toga, tilkomnar vegna þess að hlutaðeigandi þarf að læra táknmál þar sem hann á þess ekki kost að nota talmál. Að þessu leyti fellur tilgangur og markmið sáttmálans ekki að þörfum táknmálstalenda.⁹⁴

Ekkert land mun hafa viðurkennt táknmál sem mál minnihlutahóps samkvæmt sáttmálanum. Samtök heyrnarlausra í Evrópu (European Union of the DEAF – EUD) hafa aftur á móti beitt sér fyrir því að táknmál verði skilgreint sem mál minnihlutahóps er falli undir sáttmálann.⁹⁵

10.4.5 Tillögur um viðurkenningu táknmálsins

Á síðustu árum hafa komið fram tillögur um hvernig mætti styrkja stöðu táknmálsins, þ.á m. um að viðurkenna táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra.

10.4.5.1 Tillögur um viðurkenningu táknmálsins sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra

Á 135. löggjafarþingi 2007-2008 var lagt fram á Alþingi þingmannafrumvarp um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvarpið var upphaflega flutt af Sigurlín Margréti Sigurðardóttur og fleiri þingmönnum á 130. löggjafarþingi. Samhliða frumvarpinu var einnig lagt fram frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna viðurkenningar íslenska táknmálsins sem fyrsta máls heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Í fyrstu grein frumvarpsins var að finna svohljóðandi ákvæði:

Íslenska táknmálið er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga og skal íslenska ríkið hlúa að því og styðja.

Íslenska táknmálið er jafnrétt hátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í millum og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir tala.

Íslenska ríkið skal tryggja fullnægjandi fjárframlög til íslenska táknmálsins ár hvert í samræmi við tilgang laga þessara.

Ákvæði frumvarpsins geymdi m.a. fyrirmæli um rétt heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra til kennslu og þjálfunar og rétt aðstandenda til endurgjaldslausrar kennslu og þjálfunar í táknmáli. Þá eru ákvæði um rétt heyrnarlausra til táknmálstúlkunar vegna atvinnu sinnar og til upplýsinga og skyldur stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga til að útvega táknmálstúlkun. Þá eru fyrirmæli um lágmarksfjölda klukkustunda sem táknmálsnotandi eigi

⁹⁴ SOU 2008:26, bls. 132-133.

⁹⁵ Karin Hoyer: Teckenspråkens och teckenspråkigas ställning i Norden, Språkbruk nr. 4/2009, bls. 6.

rétt á endurgjaldslaust og loks eru fyrirmæli um skyldur íslenska ríkisins til þess að stuðla að þróun, rannsóknun, kennslu og útbreiðslu íslenska táknmálsins. Nefnd lagafrumvörp náðu ekki fram að ganga.

10.4.5.2 Þingsályktun um athugun á réttarstöðu heyrnarlausra

Á 123. löggjafarþingi 1998-1999 kom fram tillaga til þingsályktunar um að íslenska táknmálið yrði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra. Tillögunni var breytt verulega í meðförum menntamálanefndar. Alþingi samþykkti tillöguna sem þingsályktun 11. mars 1999 um að menntamálaráðherra yrði falið að gera athugun á réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi í samanburði við réttarstöðu heyrnarlausra í nágrannalöndunum með það að markmiði að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Í nefndaráliti menntamálanefndar segir svo um ástæður breytinganna:

Eins og segir í greinargerð með tillögunni er íslenskan ekki viðurkennt móðurmál Íslendinga í lögum eða stjórnarskránni enda gerist þess ekki þörf, hún er móðurmál Íslendinga og enginn dregur það í efa. Yrði það lögfest að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra hér á landi mundi það hafa víðtæk áhrif. Slíka lagasetningu þyrfti að undirbúa af kostgæfni til að hún skilaði tilætluðum árangri. Af þeirri ástæðu telur nefndin ekki rétt að tillagan verði samþykkt óbreytt. Menntamálanefnd telur mikilvægt að málið verði skoðað vel og gerð athugun á hvort rétt sé að festa það í lög að táknmálið verði móðurmál heyrnarlausra eða hvort hægt sé að tryggja réttarstöðu heyrnarlausra á annan hátt.

Á undanförunum árum hefur ýmislegt áunnist í málefnum heyrnarlausra. Má sem dæmi nefna Samskiptamiðstöðina og kennslu í táknmálstúlkun í Háskóla Íslands.

Í athugun ráðuneytisins sem kynnt var í ríkisstjórn í mars 2000 er gerð grein fyrir réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi og annars staðar á Norðurlöndum, þ.e. í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Jafnframt er réttarstaða heyrnarlausra í þessum löndum borin saman og bent á leiðir sem mögulegar væru til að tryggja sem best stöðu íslenska táknmálsins. Fram kemur í athuguninni að Finnland hefði nokkra sérstöðu með því að táknmáli heyrnarlausra er mörkuð sérstök réttarstaða í stjórnarskrá. Þá hefði í Svíþjóð verið farin sú leið að lögbinda tvítýngi heyrnarlausra, en í Noregi, Danmörku og hér á landi hefði sú leið verið farin að efla menntun á sviði táknmáls auk eflingar túlkaþjónustu. Í niðurlagi athugunarinnar eru raktar mögulegar leiðir til þess að tryggja sem best stöðu táknmálsins. Er þar m.a. vikið að nauðsyn þess að fjölga sérfræðingum sem víðast í skólakerfinu og í flestum landshlutum til þess að sá grunnur sem skapaður hefði verið gæti nýst betur heyrnarlausum. Ennfremur að þróa tæknilegar lausnir og auka túlkaþjónustu. Síðan segir:

Öll þau atriði sem hér að framan hafa verið nefnd eru til þess fallin að styrkja réttarstöðu heyrnarlausra hér á landi. Hér er lögð áhersla á að vænlegast er að unnið sé að þessum málum þannig að staða íslenska táknmálsins sem tjáningarforms heyrnarlausra styrkist innan frá ef svo má segja. Með því er átt við að mikilvægast sé að efla menntun heyrnarlausra og þeirra sem ætlað er að kenna heyrnarlausum, leggja grunninn að öflugri túlkþjónustu og tryggja að heyrnarlausir fái notið slíkrar þjónustu á sem flestum sviðum. Grunnur hefur þegar verið lagður að því er varðar menntun heyrnarlausra með skýrum ákvæðum í aðalnámskrám fyrir grunn- og framhaldsskóla. Hvort nauðsynlegt sé að viðurkenna táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra með lögum til að ná framangreindum markmiðum er álitamál og reyndar má segja að slík lagasetning sé haldlítill ef lagaumhverfið í heild sinni tryggir ekki heyrnarlausum rétt til að nota táknmál sem tjáningarform. Önnur leið væri sú að gera nauðsynlegar lagabreytingar í einstökum lögum sem snerta rétt og möguleika heyrnarlausra til notkunar táknmálsins. Með slíkum lagabreytingum yrði þá lögð áhersla á að styrkja réttarstöðu íslenska táknmálsins og notenda þess eftir því sem nauðsynlegt væri talið.⁹⁶

Í framhaldi af ofangreindri athugun ákvað ríkisstjórnin að tillögu menntamálaráðherra að nefnd, skipuð fulltrúum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins undir forystu menntamálaráðuneytisins, skyldi gera tillögu um lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkþjónustu, afmarka sérstaklega þann kostnað sem slíkri þjónustu fylgir og hver skuli standa straum af honum. Nefndin skilaði af sér frumvarpi í september 2000. Lagði nefndin m.a. til að lögbundinn réttur heyrnarlausra til túlkþjónustu vegna atvinnuþátttöku og vegna þátttöku í daglegu lífi yrði lögfestur. Jafnframt yrði hlutverki Samskiptamiðstöðvar heyrnarskertra og heyrnarlausra breytt. Frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi.

10.4.5.3 Nefnd um stöðu táknmálsins

Í janúar 2005 var á vegum menntamálaráðuneytisins skipuð nefnd til þess að vinna að tillögum um það hvernig best yrði staðið að því að tryggja stöðu íslenska táknmálsins, eflingu þess og varðveislu. Skyldi starfshópurinn m.a. koma með tillögur um hvaða forsendur þyrftu að vera fyrir hendi í lögum, stjórnsýslu og í umhverfi þeirra stofnana sem þegar hefðu með íslenskt táknmál að gera og taka afstöðu til þess hvort heppilegt gæti verið að undirbúa stofnun formlegrar málnefndar fyrir íslenska táknmálið og þá hvernig slík málnefnd yrði samsett og hvert hlutverk hennar yrði. Í nefndinni sátu fulltrúar frá menntamálaráðuneyti, Félagi heyrnarlausra, Íslenskri málnefnd, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og frá Háskóla Íslands. Meðal þess sem nefndin skoðaði var hvort til greina kæmi að setja á fót sérstaka málnefnd fyrir táknmálið með því að breyta þágildandi lögum um Íslenska málnefnd, eða setja sérstök lög um málnefnd um íslenska táknmálið. Af fundargerð

⁹⁶ Athugunina ásamt fréttatilkynningu menntamálaráðuneytisins má finna á vef ráðuneytisins: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/1720>.

nefndarinnar 16. júní 2005 verður ráðið að nefndinni hafi þótt rétt að gera tillögu til ráðherra um frumvarp til laga um: *Málnefnd um íslenska táknmálið*. Liggja fyrir drög að slíku frumvarpi í gögnum nefndarinnar.

10.4.5.4 Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar 2009

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar er því lýst yfir að ríkisstjórnin muni vinna með hagsmunaaðilum að undirbúningi á viðurkenningu táknmálsins á kjörtímabilinu. Jafnframt að tekin verði ákvörðun um með hvaða hætti táknmálið verði viðurkennt og hvað felist í slíkri viðurkenningu. Þar sem nefndinni er m.a. ætlað að koma með tillögur um skynsamlegustu leiðina til að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls hefur af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytisins verið litið svo á að vinna á grundvelli stefnuyfirlýsingarinnar muni óhjákvæmilega taka mið af tillögum nefndarinnar.

10.5 Skýrsla nefndar samkvæmt lögum nr. 26/2007 um vist- og meðferðarheimili

Í 5. kafla fyrstu áfangaskýrslu nefndar, frá 31. ágúst 2009, um vist- og meðferðarheimili, um könnun á starfsemi Heyrnleysingjaskólans á árunum 1947-1992, vistheimilisins Kumbaravogs á árunum 1965-1984 og skólaheimilis Bjargs á árunum 1965-1967, er að finna umfjöllun um sérstakar aðstæður heyrnarlausra í heyrandi samfélagi. Byggist umfjöllunin m.a. á greinargerð Valgerðar Stefánsdóttur, forstöðumanns Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, *um stefnur í kennslu heyrnarlausra barna* og er birt sem fylgiskjal með áfangaskýrslunni.⁹⁷ Í áfangaskýrslunni er fjallað sérstaklega um hugsanleg áhrif sérstakra aðstæðna nemenda Heyrnleysingjaskólans á þorska þeirra og nám.

Í niðurstöðu nefndarinnar, þar sem fjallað er almennt um hlutverk Heyrnleysingjaskólans á tímabilinu 1947-1992, kemur fram að skólinn hafi verið eini sérskóli landsins fyrir heyrnarlaus og heyrnarskert börn. Framan af hafi svonefnd talmálsstefna verið lögð til grundvallar í kennslu. Táknmálið var ekki kennt eða notað í samskiptum heyrandi og heyrnarlausra einstaklinga á umræddum tíma. Samkvæmt talmálsstefnunni átti að kenna nemendum skólans að tala með rödd og lesa af vörum. Aldur nemenda við skólann var frá fjögurra ára aldri til 16 ára aldurs. Það var mat nefndarinnar að ekki væri ástæða til þess að draga í efa þær frásagnir nemenda að talmálsstefnan og aðskilnaður við fjölskyldur hefðu verið þeim þungbær og skert lífsgæði þeirra sem einstaklinga í íslensku samfélagi. Taldi nefndin því óhjákvæmilegt, í ljósi þess hversu mikill grundvallarþáttur þær kennslustefnur

⁹⁷ Í Greinargerð Valgerðar er fjallað um þá hugmyndafræði sem ríkt hefur í kennslu heyrnarlausra á Íslandi frá 1867-1992 og afleiðingar hennar í samskiptum milli táknmálstalandi og íslensktalandi fólks.

sem unnið var eftir á hverjum tíma í kennslu við skólann hefðu verið, að greina frá þeim áhrifum sem þessar stefnur og ákvarðanir sem þeim tengdust virtust hafa haft á líf þeirra einstaklinga sem stunduðu nám við skólann umrætt tímabil.⁹⁸

Í tillögum nefndarinnar til stjórnvalda er þeirri afstöðu lýst að sú kennslustefna sem tekið var mið af við kennslu í Heyrnleysingjaskólanum og sá aðskilnaður sem ung heyrnarlaus börn þurftu að upplifa hafi verið þessum hópi afar þungbær. Taldi nefndin engum vafa undirorpið að þessi aðstaða hefði átt verulegan þátt í því að skerða lífsgæði þessara einstaklinga í íslensku samfélagi. Er í því sambandi vísað til þriggja kannana sem gerðar hafi verið í málefnum heyrnarlausra, 1988 og 2004 á vegum félagsmálaráðuneytis og 2008 á vegum Félags heyrnarlausra, þar sem fram komi að sá hópur sem hér um ræðir hafi að takmörkuðu leyti átt þess kost að nýta sér það sem boðið væri upp á í nútímasamfélagi, hann hafi búið við félagslega einangrun að ákveðnu marki og menntunarstig hans væri lægra en annarra hópa á Íslandi.⁹⁹

10.6 Samantekt

Það táknmál sem talað er hér á landi er íslenskt. Fjöldi þeirra sem það nota hefur á síðustu 20 árum verið um 300 og hefur hann breyst tiltölulega lítið. Aðstæður heyrnarlausra og heyrnarskertra eru afar mismunandi og er ljóst að viðhorf manna eru og hafa verið mismunandi til þess hvernig eigi að mæta þörfum þessa hóps, tileinka sér táknmál og nota það í daglegum samskiptum sínum. Með tilkomu laga um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra 1990 og þeirra viðhorfa sem þá voru ríkjandi hafi táknmálið fengið viðurkenningu sem tungumál heyrnarlausra. Ákvæði laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla svo og námskrár settar á grundvelli þeirra hafi stuðlað enn frekar að því að viðurkenna táknmálið. Af gildandi löggjöf og alþjóðasáttmálum sem Ísland hefur gerst aðili að verður sú ályktun dregin að almennt eigi þeir sem þurfa á táknmáli að halda réttmætt tilkall til þess að nota það í samskiptum sínum við aðra. Löggjöf um túlkþjónustu og kennslu í táknmáli er á hinn bóginn bundin við ákvæði í lögum um Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og sérlögum á tilteknum sviðum samfélagsins. Í framkvæmd hefur einkum verið deilt um skyldu opinberra aðila til þess að útvega túlkþjónustu í daglega lífinu. Á hinn bóginn gerir löggjöf hér á landi ráð fyrir því að heyrnarlausir eigi rétt á táknmálþjónustu í samskiptum sínum við opinbera aðila. Til þess að tryggja lagalega stöðu táknmálsins í íslensku samfélagi frekar en gert hefur verið telur nefndin koma til greina að í almennum

⁹⁸ Skýrsla nefndar skv. lögum nr. 26/2007, bls. 36-37.

⁹⁹ Skýrsla nefndar skv. lögum nr. 26/2007, bls. 50-51 og 388. Um tillögur nefndarinnar er nánar fjallað í 3. kafla IX. hluta skýrslunnar.

lögum verði kveðið á um skyldu ríkis og sveitarfélaga til að tryggja þeim sem á þurfa að halda aðgang að táknmáli og að þeir eigi þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið jafnskjótt og máltaka einstaklings hefst og hann hefur þroska til.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla – Íslenska. Menntamálaráðuneyti 2007.

Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að. Björg Thorarensen hafðu umsjón með útgáfu, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og háskólaútgáfan, Reykjavík 2003.

Athugun á réttarstöðu heyrnarlausra vegna ályktunar Alþingis um stöðu íslenska táknaðsins. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík 2000.

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2007: Íslensk málnefnd, <http://www.islenskan.is/Alyktun%20um%20stodu%20islenskunnar/Alyktun%20um%20stodu%20islenskunnar.pdf>.

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2009: Íslensk málnefnd, http://www.islenskan.is/Alyktun%20um%20stodu%20islenskunnar/Alyktun_2009.pdf.

Alþingistíðindi.

Ari Páll Kristinsson: *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 1998.

– „Málræktarfræði“. Íslenskt mál og almenn málfræði, 29. tbl. 2007, bls. 99-124.

Birna Arnbjörnsdóttir: *Að kenna íslensku gegnum námsgreinarnar: Handbók fyrir kennara nemenda með annað móðurmál*. Námsgagnastofnun, Reykjavík 2000a.

– „Menntun tvítyngdra barna“. Málfrægir, 19 tbl. 2000b, bls. 11-15.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Bókaútgáfan CODEX, Reykjavík 2008.

Crystal, David: *English as a Global Language*. Cambridge University Press, Cambridge 1997.

Dagný Jónsdóttir. *Úr vörn í sókn – Um opinbera stöðu þjóðtungunnar*. Ritgerð til BA-prófs í íslensku við Hugvísindasvið Háskóla Íslands 2008.

Deklaration om nordisk språkpolitik. http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2007-746/at_download/publicationfile.

European Charter for Regional or Minority Languages. Vefur Evrópuráðsins: <http://conventions.coe.int/treaty/en/Treaties/Html/148.htm>

Framework Convention for the Protection of National Minorities. Council of Europe: Vefur Evrópuráðsins. <http://conventions.coe.int/treaty/en/Treaties/Html/157.htm> hinn 1. nóvember 1995.

Guðbjörg Ragnarsdóttir. *Stundum er gott að hlusta með áherslu á sérkennslufræði*. Ritgerð til MA-prófs í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2009.

Guðmundur B. Kristmundsson, Baldur Jónsson, Höskuldur Þráinsson og Indriði Gíslason: *Ályktun um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum*. Samin af nefnd á vegum menntamálaráðherra 1985-1986. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík 1986.

Guðrún Kvaran: „Eilítið um iðorðastarf Háskóla Íslands“. Málfrægir, 22. tbl. 2003, bls. 21-24.

– „The Icelandic Language in Business and Commerce in Iceland“. Í Stickel, Gerhard (ritstj.), *Duisburger Arbeiten zur Sprach- und Kulturwissenschaft*. Peter Lang Verlag, Frankfurt am Main 2009, bls. 117-121.

Gunnar Helgi Kristinsson: *Ágrip af þróun stjórnarskrárinnar*. Forsætisráðuneytið, Reykjavík 2007. Viðauki 2 við áfangaskýrslu nefndar um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, febrúar 2007. Alþt. 2006-2007, A-deild, þskj. 1293, 7001.

Hagstofa Íslands, „Erlendir ríkisborgarar 1950-2010“.

<http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04001%26ti=Erlendir+r%EDkisborgara+r+1950%2D2010+%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=fjoldi> (skoðað 24. janúar 2010).

Hagstofa Íslands, „Mannfjöldi eftir ríkisfangi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2010“.

<http://hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04103%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+r%E Dkisfangi%2C+kyni+og+aldri+1%2E+jan%FAar+1998%2D2010+++%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfan g/%26lang=3%26units=Fjoldi> (skoðað 24. janúar 2010).

Hallberg, Pekka. 2001. Den nya språklagen i Finland.

Halldór Halldórsson. „Afstaða íslenzkra stjórnmalaflokka og stjórnvalda til íslenzkrar málstefnu“. Ævisögur orða (Íslensk þjóðfræði.). Almenna bókafélagið, 1986, bls. 219-236.

Halldór Halldórsson og Baldur Jónsson: „Íslensk málnefnd 1964-1989“. *Afmælisrit. Rit Íslenskrar málnefndar* 8. Íslensk málnefnd, Reykjavík 1993.

Hulda Hreiðarsdóttir. *Getur tungan leyst hugvit úr læðingi? Umfjöllun um áhrif notkunar á stýrikerfi í íslenski þýðingu á tölvulæsi og notkun tölvunýyrða*. Ritgerð til BA-prófs í íslenski málfræði við Hugvísindasvið Háskóla Íslands 2008.

Höskuldur Þráinsson: *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík, 1995.

Icelandic Online: <http://icelandic.hi.is/>

Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson, Höskuldur Þráinsson: *Mál og samfélag*. Iðunn, Reykjavík 1988.

Ingvar Sverrisson: „Tilskipun Evrópusambandsins um viðurkenningu starfsréttinda nr. 2005/36/EB“. Tímarit Lögréttu, 2. hefti 2008, bls. 147-167.

Íslenska til alls. Tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenski málstefnu samþykktar á Alþingi 12. mars 2009. Rit 44. Menntamálaráðuneyti, 2009.

Júlía Hreinsdóttir: „Heyrnarlaus eða döff – ekki heyrnar- og mállaus“. *mbl.is*, 20. júní 2006.

http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1089002

Karin Hoyer: Teckenspråkens och teckenspråkigas ställning i Norden, *Språkbruk* nr. 4/2009, bls. 6.

Klarspråk. 2008. Oslo, Språkrådet.

Komparativt studium af de nordiske læreruddannelser, <http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2009-505>

Norsk i hundre! Norsk som nasjonalspråk i globaliseringens tidsalder. Et forslag til strategi. Oslo, Språkrådet. (P.V)

Páll Hreinsson: „Leiðbeiningarskylda stjórnvalds við meðferð stjórnsýslumáls“. Tímarit lögfræðinga, 1. hefti 2007, bls. 5-38.

Regeringens proposition – 2008/09:153 Språk för alla – förslag til språklag, bls. 24.

Rundskriv V – 10N/2009. Informasjon om språkpolitikk 5.5. 2009.

Sigurður Línal: „Málfar og stjórnarfar“. *Úlfjótur*, 1. tbl 1988, bls. 53-60.

Skýrsla nefndar skv. lögum nr. 26/2007 um vist- og meðferðarheimili. Reykjavík 31. janúar 2008. Menntamálaráðuneyti 2008.

Språk för alla – förslag till språklag. Regeringens proposition – 2008/09: 153.
<http://www.regeringen.se/content/1/c6/12/22/88/a5b4f35d.pdf>.

Språklagskommitténs betänkande 2001:3. Ny språklag. Skýrsla útgefin af dómsmálaráðuneyti Finnlands 15. júní 2001.

Språkstatus 2010. Kunnskap frá elleve språkpolitiske område. Språkrådet. Februar 2010. www.sprakradet.no.

Sprogpolitik på de danske universiteter. Rapport med anbefalinger. 2003. Birt á <http://dkuni.dk/soeg/>

Statsrådets berättelse om tillämpningen av skråklagsstiftningen 2009

Valgerður Stefánsdóttir. *Málsamfélag heyrnarlausra – um samskipti milli táknmálstalandi og íslenskutalandi fólks.* Ritgerð til MA-prófs í uppeldis- og menntunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2005.

SOU 2002:27. *Mål i mun – Förslag till handlingsprogram för svenska språket.* Stockholm 2002.

SOU 2008:26. *Värna språken – Förslag till språklag.* Statens offentliga utredningar, Stockholm 2008.

SOU 2006:54. *Teckenspråk och teckenspråkiga. Översyn av teckenspråkets ställning,* Stockholm 2006.

Viðmiðunarstundaskrá fyrir norska grunnskóla.

<http://www.regjeringen.no/upload/KD/Vedlegg/Brev/brev%20til%20kommuner%20om%20fag-%20og%20timefordeling%20i%20Kunnskapsløftet.pdf>. (Sótt 4. október 2008.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir danska grunnskóla.

[http://us.uvm.dk/folkeskolen/fagogundervisning/under visnings.htm?menuid=100825](http://us.uvm.dk/folkeskolen/fagogundervisning/under%20visnings.htm?menuid=100825). (Sótt 4. október 2008.)

Viðmiðunarstundaskrá fyrir færeyska grunnskóla. <http://www.mmr.fo/>. (Sótt 1. nóvember 2009.) Einnig munnleg heimild, Menntamálaráð Færeyja.

Viðmiðunarstundaskrá fyrir íslenska grunnskóla.

http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/agalmennurhluti_2006.pdf. (Sótt 6. október 2008.)

Vogel, Hans-Heinrich. 1999. En lag om svenska språket. Festskrift till Fredrik Sterzer. Göteborg, Iustus förlag.

Þorlákur Karlsson og Dagný Jónsdóttir. 2008. Tungumál og málfar í viðskiptalífi og stjórnsýslu. Óprentuð skýrsla unnin fyrir Íslenska málnefnd.

Þór Vilhjálmsson: „Réttarreglur um íslenska tungu“. *Líndæla. Sigurður Líndal sjötugur 2. júlí 2001* (ritstj. Garðar Gíslason o.fl.). Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.

Fylgiskjal I

Fundargerðir nefndar

22. júní 2009

1. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, mánudaginn 22. júní, var haldinn 1. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 10:10. Viðstaddir voru Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram skjalið *Íslenska til alls*, þar sem birtar eru tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu.

2. Umræða um utanumhald vegna vinnu nefndarinnar.

Ákveðið að menntamálaráðuneytið annaðist utanumhaldið og stofnað yrði sérstakt mál um vinnuna í málaskrá ráðuneytisins þar sem öll gögn þar að lútandi yrðu vistuð.

3. Umræða um viðfangsefni nefndarinnar og gagnaöflun. Rætt um þá vinnu sem hefur farið fram á Norðurlöndunum um lagalega stöðu móðurmálsins, þarlend lagafrumvörp með athugasemdum sem nefndin mun m.a. kynna sér í tengslum við þau störf hennar sem framundan eru, grein Sigurðar og fleiri gögn sem nýtast munu nefndinni.

Ákveðið að menntamálaráðuneytið myndi annast þá gagnaöflun og senda gögn til nefndarinnar fyrir næsta fund, sem fyrirhugaður er í lok sumars.

4. Fram kom hjá Björgu og Sigurði að þau teldu eðlilegt að kannað yrði sérstaklega hvort setja bæri í stjórnarskrá ákvæði til að tryggja lagalega stöðu íslensku tungunnar. Björg fór yfir það hvernig þessum málum væri háttað í stjórnarskrám ýmissa ríkja, sem er mismunandi eftir ríkjum. Virðist þó algengast að kveðið sé á um hvert sé hið opinbera tungumál, en víða er mun meiri togstreita um höfuðtungumálið en hér þekkist og því eðlilegt að horfa einkum til landa sem hafa eitt höfuðtungumál, t.d. Danmerkur, til samanburðar.

5. Umræða um táknmálsþjónustu, íslenskt táknmál og stöðu þess.

10. ágúst 2009.

2. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, mánudaginn 10. ágúst, var haldinn 2. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 9:00. Viðstaddir voru Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með breytingum.
2. Ítarlega rætt um stöðu tungumálsins í öðrum löndum og hvar mætti helst finna samsvörun þegar litið væri til íslenskra aðstæðna. Í umræðunni voru nefnd lönd eins og Malta, Lúxemborg, Færeyjar og Grænland, sem skoða mætti sérstaklega.
3. Rætt um stöðu tungumálsins við framkvæmd opinberrar þjónustu og í tengslum við þátttöku í Evrópusamstarfi og vegna mögulegrar aðildar að Evrópusambandinu.
4. Farið yfir störf nefndarinnar og mögulegt verklag rætt. Samþykkt að Guðrún kannaði stöðu mála hjá Grænlandi og Færeyjum og Björg færi yfir stöðu mála í Finnlandi. Sigurður færi yfir framkomin gögn vegna stöðu mála í Noregi og Þórhallur færi yfir gögn vegna framkomins lagafrumvarps í Svíþjóð.

Næsti fundur verður í menntamálaráðuneytinu mánudaginn 31. ágúst kl 9.00.

Fundi slitið kl. 9:55.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson

31. ágúst 2009.

3. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, mánudaginn 31. ágúst, var haldinn 3. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 9:00. Viðstaddir voru Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Rædd stuttlega og samþykkt með breytingum.
2. Nefndarmenn gerðu grein fyrir athugunum sínum á stöðu mála hjá nágrannaþjóðum (2. fundur 4. tölul.).
 - Guðrún gerði grein fyrir athugun sinni á stöðu mála í Grænlandi og í Færeyjum og nýlegri heimsókn sinni til Grænlands. Fram kom að Grænlendingar væru með málið í sérstakri skoðun og því lengra komnir en Færeyingar. Afla þarf nánari upplýsinga um stöðuna einkum í Færeyjum.
 - Þórhallur gerði stuttlega grein fyrir nýsamþykktum lögum í Svíþjóð, Spráklagen, er tóku gildi 1. júlí sl.
 - Björg lagði fram og reifaði stuttlega samantekt frá Pekka Hallberg: Den nya Spráklagen i Finland. Greindi jafnframt frá fyrirspurn sinni til Veli-Pekka Viljanen, prófessors í stjórnskipunarrétti í Finnlandi.
 - Sigurður greindi frá yfirferð sinni yfir skýrsluna Mál og meining – Ein helskapleg norsk språkpolitik, þar sem finna má ýmsar hugleiðingar um stöðu tungumálsins og hlutverk. Fram kom að svo virðist sem ekki hafi komið fram frumvarp í Noregi. Guðrún ætlaði að kanna stöðu málsins frekar hjá norsku málnefndinni.
3. Í umræðum um 2. lið var ennfremur rætt um stöðu táknmálsins. Þórhallur gerði grein fyrir fundi í menntamálaráðuneytinu um stöðu táknmálsins í ljósi stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Þá kom einnig fram að á vegum menntamálaráðuneytisins hefði starfað nefnd um stöðu táknmálsins, en ekki ljóst hvort hún hefði lokið störfum. Þórhalli falið að kanna stöðu málsins í ráðuneytinu og afla þeirra gagna sem til væru um það.
4. Í umræðum um 2. lið var einnig rætt um ólíkar leiðir þjóða við lagasetningu til að tryggja stöðu tungumálsins
5. Rætt um stöðu tungumálsins í samskiptum Norðurlandandajóðanna og þá samninga og yfirlýsingar sem þjóðirnar hefðu staðið að í því sambandi. Þórhallur ætlaði að taka saman gögn og upplýsingar um málið.
6. Rætt um fyrirkomulag um túlkaþjónustu og stöðu útlendinga. Guðrún benti á skýrslu nefndar á vegum menntamálaráðuneytisins um málið.

Næsti fundur verður í menntamálaráðuneytinu þriðjud. 8. sept. nk. kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:15.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson

8. september 2009

4. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, þriðjudaginn 8. september, var haldinn 4. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30. Viðstaddir voru Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram. Samþykkt.
2. Nefndarmenn ræddu áfram um framkomin gögn (3. fundur 2. tölul.)
3. Lögð fram skýrsla SOU 2008:26 Värna språken – förslag til språklag og Regeringens proposition 2008/09:153 Språk för alla – förslag till språklag. Nefndarmenn skoði fyrir næsta fund.
4. Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 30. september nk. kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:30.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson

30. september 2009

5. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, miðvikudaginn 30. september, var haldinn 5. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:55. Viðstaddir voru Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um verkefni nefndarinnar, uppbyggingu þeirra og skil.

Kl. 9:15 tók Sigurður Líndal sæti á fundinum.

2. Rætt um næstu skref í starfinu og hvaða nálgun væri best varðandi táknmálið. Sænska skýrslan rædd nánar.
Ákveðið að taka saman þau gögn sem fyrir hendi eru um þá vinnu sem þegar hefur farið fram á vettvangi tákn málsins.
3. Ákveðið að boða á næsta fund nefndarinnar Valgerði Stefánsdóttur frá Samskiptamiðstöðinni.
4. Rætt um málefni útlendinga hér á landi. Rætt um að fá á fund aðila sem þekkir vel til þeirra mála. Enn á þó eftir að ákveða hver yrði boðaður á fund nefndarinnar og hvenær.
Ákveðið að kalla eftir upplýsingum um þá vinnu sem farið hefur fram í ráðuneytinu varðandi rétt útlendinga og Íslendinga, sem ekki hafa tök á móðurmálinu, til íslenskukennslu.
5. Ákveðið að rita völdum aðilum bréf og kalla eftir sjónarmiðum þeirra og viðhorfum til hlutverks nefndarinnar. Bréfið verður sent frá ráðuneytinu.
6. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn þriðjudaginn 13. október nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:55.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

13. október 2009

6. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, þriðjudaginn 13. október, var haldinn 6. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hófst kl. 8:40.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Valgerður Stefánsdóttir frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Petta gerðist:

1. Rætt um stöðu táknmálsins.

Fundurinn hófst á því að formaður nefndarinnar gerði stuttlega grein fyrir hlutverki nefndarinnar. Þá var rætt um stöðu táknmálsins og hlýddi nefndin á sjónarmið og sýn fundargestar á þau mál. Kom meðal annars fram hversu veik félagsleg staða táknmálsins væri og nauðsyn þess að hefja það til frekari vegs og virðingar. Rætt stuttlega um frumvarp um íslenska táknmálið, sem lagt hefur verið fram á þingi en ekki náð fram að ganga, og lýsti fundargestur yfir ánægju sinni með það frumvarp eftir breytingar sem á því hafa verið gerðar. Þá kom fram áhersla á mikilvægi þess að málréttindi heyrnarlausra og heyrnarskertra barna væru virt og rétt þeirra til að eiga sitt móðurmál. Þá var rætt um skort á sérþekkingu í málefnum þessa hóps samfélagsins, t.d. innan skólakerfisins, og kosti tvítýngis táknmálsins og íslenskunnar. Benti fundargestur jafnframt á nauðsyn þess að fylgjast vandlega með máltöku heyrnarskertra barna og þörf þeirra til móðurmáls. Loks var rætt um þá möguleika sem tæknin býður upp á til eflingar þjónustu á þessu sviði.

Ákveðið var að fundargestur myndi senda nefndinni tölulegar upplýsingar o.fl. sem tengist þessari umræðu. Þá myndi fundarritari leggja fyrir næsta fund nefndarinnar frumvarp um íslenska táknmálið sem síðast var lagt fram á 135. löggjafarþingi, en varð ekki að lögum.

2. Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn fimmtudaginn 22. október nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:30.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

29. október 2009

7. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, fimmtudaginn 29. október, var haldinn 7. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt.
2. Farið yfir og rætt um þau svarbréf sem borist hafa við bréfi nefndarinnar, sem send voru út eftir síðasta fund hennar.
3. Farið yfir skipulag og verkaskiptingu nefndarinnar og rætt nánar um uppbyggingu og uppsetningu verkefnisins.
4. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn þriðjudaginn 3. nóvember nk., kl. 8:30, og verður fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga boðaður á þann fund.

Fundi slitið kl. 9:35.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

3. nóvember 2009

8. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, þriðjudaginn 3. nóvember, var haldinn 8. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Guðjón Bragason og Tryggvi Þórhallsson, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, og fór Tryggvi Þórhallsson nánar yfir einstök efnisatriði og áherslur.

Kl. 8:55 véku gestir af fundi.

2. Rætt um efni umsagna sem borist hafa nefndinni.
3. Nánari uppbygging og skipulag verkefnis rætt.
4. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn fimmtudaginn 12. nóvember nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:15.

Guðrún Kvaran, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

12. nóvember 2009

9. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, fimmtudaginn 12. nóvember, var haldinn 9. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um efni umsagna sem borist hafa nefndinni.
2. Rætt stuttlega um vinnudrög nefndarinnar.
3. Rætt um álitæfni sem lúta að minnihlutahópum og hvort minnihlutahópar séu í reynd til hér á landi.
4. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn miðvikudaginn 18. nóvember nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:15.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

12. nóvember 2009.

10. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, miðvikudaginn 18. nóvember, var haldinn 10. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Heiðís Dögg Eiríksdóttir, formaður Félags heyrnarlausra, ásamt Iðunni Bjarnadóttur táknmálstúlki.

Petta gerðist:

1. Rætt um stöðu táknmálsins og hlýtt á viðhorf og áherslur fundargestar í þeim efnum. Fundargestur lagði áherslu á að táknmálið yrði viðurkennt sem fullgilt mál og öðlaðist málumhverfi, sem væri afar mikilvægt. Nauðsynlegt væri að tryggja að heyrnarskert og heyrnarlaus börn fengju aðgang að þessu málumhverfi, lærðu táknmálið strax frá fyrstu tíð og að hlúð væri að máltöku þeirra frá upphafi. Börn sem t.d. fengju fyrst kuðungsígræðslu, og svo táknmálið síðar, þegar í ljós kæmi að önnur úrræði virkuðu ekki, misstu af miklu þar sem þau hefðu þá ekki mál frá upphafi. Málumhverfið væri því afar mikilvægt til að efla skilning, sjálfsöryggi og sjálfsvitund þeirra sem og tengsl og samskipti við samfélagið allt. Táknmálið þyrfti þannig að vera sýnilegt, foreldrar barna og fjölskyldur þeirra lærðu táknmálið *og sem flestir sem væru í umhverfi barnsins, t.d. skólinn. Þannig þyrfti umsjónarkennari barns sem notar táknmál eða bæði íslensku og íslenskt táknmál að vera fleygur á táknmáli og menntaður kennari.* Varðandi opinbera þjónustu væri heppilegast ef einhver kynni táknmál á slíkum stöðum en ella þyrfti aðgengi að túlkum að vera nægjanlegt. Sömu áherslur giltu að þessu leyti varðandi vinnumarkaðinn eins og hann horfði við heyrnarskertum og heyrnarlausum. Þá kom fram að fjöldi þeirra sem notuðu táknmál hér á landi væri um 300 manns, fyrir utan fjölskyldur þeirra og aðra tengda aðila, og virtist það vera svipað prósentuhlutfall og í öðrum löndum. Tók fundargestur fram að einkum væri horft til Noregs, Svíþjóðar og Finnlands varðandi þjónustu við þá sem notuðu táknmál, en í Noregi væri t.d. túlkþjónusta allan sólarhringinn og tryggður væri réttur heyrnarlausra og heyrnarskertra til kennslu á táknmáli. Þar væri börnum tryggt táknmál strax frá upphafi og í Noregi stæði táknmálið jafnfætis þjóðtungunni. *Þá þyrfti að rannsaka táknmálið frekar hér á landi, sem væri sjálfstætt mál, auka þyrfti vörslu, utanumhald og öflun á gögnum sem vörðuðu táknmálið, t.d. notaði eldri kynslóðin önnur tákni en þær yngri, og kennslu í táknmáli.*

Kl. 9:05 viku gestir af fundi.

2. Rætt um vinnudrög og einstaka kafla skýrslunnar sem nefndarmenn hafa unnið að, og nánari uppbyggingu og skiptingu þeirrar vinnu sem framundan er.
3. Ákveðið að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 25. nóvember nk., kl. 8:30, og mun Þorsteinn Ingi Sigfússon mæta á þann fund fyrir hönd Vísinda- og tækniráðs.

Fundi slitið kl. 9:45.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

25. nóvember 2009

11. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, miðvikudaginn 25. nóvember, var haldinn 11. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Sigurður Línal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Þorsteinn I. Sigfússon, sem mætti á fundinn f.h. Vísinda- og tækniráðs.

Þetta gerðist:

1. Fundur hófst á því að formaður nefndarinnar gerði stutta grein fyrir hlutverki hennar. Þá óskaði hún eftir því að fundargestur gerði grein fyrir afstöðu Vísinda- og tækniráðs til stöðu þjóðtungunnar í vísinda- og háskólasamfélaginu og ásókn erlendra tungumála á því sviði. Fram kom hjá fundargesti að samkeppni milli vísindafólks leiddi til þess að þau þyrftu að skrifa og gefa út greinar á alþjóðlegum málum og væru til að mynda skýrslur taldar sterkari í alþjóðasamhengi ef þær væru skrifaðar á ensku. Einnig væri ljóst að samkeppni háskóla um athygli á erlendum vettvangi kallaði á alþjóðlegt samstarf á alþjóðlegum tungumálum. Þannig væri enskan mikið notuð á þessum vettvangi og jafnvel hugsunin enskuskotin. Um leið vildi þó fundargestur áréttta mikilvægi íslenskunnar, fegurð tungumálsins og þá þýðingarmiklu vidd sem þjóðtungan byggir yfir, sem birtist meðal annars í rótgróinni hefð frjórrar nýyrðasmíðar. Mikilvægt væri að fræðin væru hugsuð á tveimur tungumálum jafnfætis, íslensku og ensku, og að fræðifólk væri jafnvígt á bæði málum. Í þessu samhengi lagði formaður nefndarinnar ríka áherslu á nauðsyn þess að fólk væri fyllilega fært um að tjá sig á sínu fræðasviði, hugsa, tala og rita, á íslenskri tungu, íslenskan ætti sannanlega að vera til alls, og brýnt væri að íslenskan og enskan gætu lifað hlið við hlið, en aldrei mætti það gerast að íslenskan yrði kaffærð af ensku. Tók fundargestur undir þessi sjónarmið og taldi mikilvægt að virkja sem flesta í baráttunni gegn því að íslenskan yrði keyrð í kaf af alþjóðamálum og tók fram að hann vildi í sínum störfum efla þá skoðun að ekki þætti fínt eða eftirsóknarvert að sletta eða tala ensku um fagið sitt, og að íslenska væri jafnrétt há enskunni, og glæsilegt tungumál. Einnig var vikið að stöðu þjóðtungunnar gagnvart unga fólkinu í landinu, einkum þar sem bóklestur virðist því miður fara ört minnkandi meðal ungs fólks. Þá beindi formaður þeirri fyrirspurn til fundargestar hvort lögð væri áhersla á það innan Vísinda- og tækniráðs að fólk nýtti íslenskuna, og benti í því samhengi á að ráðið óskaði eingöngu eftir umsögnum á ensku, sem væri mikil afturför að hennar mati. Fundargestur taldi að ekki væri lögð mikil áhersla á þetta, sem skýrðist meðal annars af jafningjamatinu og smæð samfélagsins þar sem t.d. eitt fræðasvið innan háskóla væri jafnvel aðeins stundað af einni manneskju. Nauðsyn bæri þó til að færa þetta meira í þessa átt þótt það myndi án efa kosta meira skriffræði, en t.d. væri hægt að hafa ítarlegri heildarágríp á íslensku og umsagnir á bæði íslensku og ensku. Þá kom fram hjá fundargesti að hann teldi hlutverk nefndarinnar afar mikilvægt og kvaðst hann myndu taka upp við Vísinda- og tækniráð þær umræður og áherslur sem fram komu á fundinum.

Fundargestur taldi jafnframt að Ísland ætti sóknarfæri í alþjóðasamfélaginu á grundvelli langrar reynslu og þekkingar af nýyrðasmíð, gæti verið leiðandi í hugmyndavinnu og starfi á þeim vettvangi, og jafnvel að Vísinda- og tækniráð gæti auglýst slíka sókn.

Kl. 9:07 vék Þorsteinn af fundi.

2. Rætt um vinnudrög og einstaka kafla skýrslunnar sem nefndarmenn hafa unnið að, og nánara skipulag þeirrar vinnu sem framundan er.
3. Ákveðið að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 2. desember nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:40.

Guðrún Kvaran, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

2. desember 2009

12. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, miðvikudaginn 2. desember, var haldinn 12. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um og farið yfir vinnudrög nefndarinnar.
2. Rætt um táknmálið og þau vinnudrög sem varða táknmálið sérstaklega.
3. Farið yfir kaflaskiptingu og nánari uppbyggingu skýrslunnar.
4. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn miðvikudaginn 9. desember nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:20.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

9. desember 2009

13. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2009, miðvikudaginn 9. desember, var haldinn 13. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen og Þórhallur Vilhjálmsson, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um og farið yfir vinnudrög nefndarinnar.
2. Rætt um efnistöð og innbyrðis samræmi í umfjöllun um einstök atriði.
3. Framhald vinnunnar rætt.
4. Formaður boði til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 9:20.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Þórhallur Vilhjálmsson.

7. janúar 2010

14. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2010, fimmtudaginn 7. janúar, var haldinn 14. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um vinnudrög nefndarinnar.
2. Rætt um breytingar á kaflaskipan og framhald vinnunnar.
3. Rætt um nánari uppbyggingu skýrslunnar.
4. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn fimmtudaginn 14. janúar nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:30.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

14. janúar 2010

15. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2010, fimmtudaginn 14. janúar, var haldinn 15. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umræður og yfirferð fyrstu draga að lagafrumvarpi.
2. Rætt um vinnudrög nefndarinnar.
3. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn fimmtudaginn 21. janúar nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:35.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

21. janúar 2010

16. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2010, fimmtudaginn 21. janúar, var haldinn 16. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Framhald umræðna, yfirferðar og breytinga á fyrstu drögum að lagafrumvarpi.
2. Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn fimmtudaginn 28. janúar nk., kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 9:30.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal og Þórhallur Vilhjálmsson

28. janúar 2010

17. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2010, fimmtudaginn 28. janúar, var haldinn 17. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

2. Farið yfir og rætt um drög að lagafrumvarpi, umræður og breytingar á einstaka greinum þess.
3. Rætt um drög að skýrslu nefndarinnar, uppbyggingu hennar, skörun kafla og breytingu á kaflaskipan.
4. Farið yfir tölulegar upplýsingar í skýrslunni.
5. Farið yfir verkaskiptingu og framhald vinnunnar.

Fundi slitið kl. 10:10.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Líndal, Þórhallur Vilhjálmsson og Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

7. maí 2010

18. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Ár 2010, föstudaginn 7. maí, var haldinn 18. fundur nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Fundurinn var haldinn í menntamálaráðuneytinu og hófst kl. 8:30.

Viðstaddir voru: Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal og Þórhallur Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Drög að skýrslu tekin til umræðu. Farið yfir athugasemdir nefndarmanna. Nefndarmönnum verði sent hreint eintak í framhaldinu.
2. GK útbúi skilabréf vegna starfanefndarinnar þar sem miðað er við að nefndin skili af sér í maí.
3. Ekki talin ástæða til þess að boða til fleiri funda en athugasemdir og viðbætur ef einhverjar verða verði afgreiddar með tölvupósti milli nefndarmanna.

Fundi slitið kl. 10.

Guðrún Kvaran, Björg Thorarensen, Sigurður Línadal og Þórhallur Vilhjálmsson

Fylgiskjal II

Bréf nefndar til umsagnaraðila



Háskólinn í Reykjavík
Svafa Grönfeldt, rektor
Ofanleiti 2
105 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Línadal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Háskólans í Reykjavík, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálaga er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Háskólinn á Akureyri
Stefán B. Sigurðsson, rektor
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tílv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Línal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Háskólans á Akureyri, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjállegt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Sýslumannafélag Íslands
Anna Birna Bráinsdóttir, formaður
Ránarbraut 1
870 Vík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 5. október 2009
Tílv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Línadal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Sýslumannafélags Íslands, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálaga er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson, framkvæmdarstjóri
Borgartún 30 - pósthólf 8100
128 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tílv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjalagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Menntasvið Reykjavíkurborgar
Ragnar Þorsteinsson
Frikirkjuvegi 1
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Menntasviðs, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Dómstólaráð
Helgi I. Jónsson
Dómhúsinu v/Lækjatorg
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Dómstólaráðs, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjalagt er afrit kaffa úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Jón Torfi Jónasson
Stakkahlíð - Múli
105 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tílv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Menntavísindasviðs, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Ástráður Eysteinsson
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknumáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Línadal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Hugvísindasviðs, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum
fræðum
Guðrún Nordal
Ámagarði v/Suðurgötu
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Á fundi nefndarinnar í dag var ákveðið að óska eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálaga er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenski málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. október nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Vísinda- og tækniráð
B.t. Guðrúnar Nordal, forstöðumann
Skildinganesi 26
101 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 30. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Með bréfi þessu óskar nefndin eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Vísinda- og tækniráðs, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 15. nóvember nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir



Háskólinn á Bifröst
Ágúst Einarsson, rektor
311 Borgarnes

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. nóvember 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Með bréfi þessu óskar nefndin eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Háskólans á Bifröst, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 20. nóvember nk.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir



Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og
heymarskertra
b.t. Valgerðar Stefánsdóttur,
forstöðumanns
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 9500 bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 30. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Þann 6. maí sl. skipaði menntamálaráðherra nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar. Hlutverk nefndarinnar er einkum að setja fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknumáls í íslensku samfélagi. Nefndina skipa Guðrún Kvaran, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, formaður, Björg Thorarensen, prófessor, varaformaður, Sigurður Lindal, prófessor, og Þórhallur Vilhjálmsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneytinu. Með nefndinni starfar jafnframt Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, lögfræðingur.

Með bréfi þessu óskar nefndin eftir viðhorfum yðar og sjónarmiðum, f.h. Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heymarskertra, í þágu framangreinds hlutverks nefndarinnar. Hjálagt er afrit kafla úr tillögum íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu, sem fjallar um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Þess er óskað að viðbrögð við bréfi þessu berist nefndinni eigi síðar en 15. nóvember nk.

Fyrir hönd ráðherra

Þórhallur Vilhjálmsson

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir

Fylgiskjal III

Svör umsagnaraðila



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HUGVÍSINDASVIÐ

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: <i>DT</i>
11. Nóv. 2009
Tilv.: MMR <i>09070233</i>
Db.: <i>12.15.5</i>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík


10. nóvember 2009

Vísað er til bréfs frá ráðuneytinu, dags. 2. okt. 2009, þar sem óskað er eftir viðhorfum mínum fyrir hönd Hugvísindasviðs Háskóla Íslands til hlutverks nefndar sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Skemmst er frá því að segja að ég fagna þessu framtaki og tel það mjög tímabært. Einkar ánægjulegt er að íslenskt táknmál verði einnig til umfjöllunar í þessu samhengi. Táknmálsfræði hefur verið kennd við Háskólann um árabil og nú er unnið að undirbúningi sérstakrar rannsóknastofu í táknmálsfræðum innan vébanda Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Ég er þess fullviss að kennarar okkar í íslensku og táknmálsfræði verði mjög fúsir til samvinnu við umrædda nefnd og hvet raunar til þess að hún hafi samband við þá. Núverandi forseti Íslensku- og menningardeildar er Eiríkur Rögnvaldsson (eirikur@hi.is).

Með vinsemdarkveðju,


Astráður Eysteinnsson,
forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: P. V.
10. Nóv. 2009
Tilv.: MMR 09070233
Db.: 12.15.5

HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

5. nóvember 2009

Þórhallur Vilhjálmsson
Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Um lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls


Vísað er til bréfs, dags. 2. október sl., þar sem óskað er eftir viðhorfum Menntavísindasviðs til þess að settar verði fram tillögur sem ætlað er að tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls í íslensku samfélagi.

Menntavísindasvið styður viðleitni til að styrkja stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls með skipan nefndar um lagalega stöðu íslenskunnar. Menntavísindasvið vill benda á nokkur atriði sem varða skólastarf og vert er að hafa í huga í starfi nefndarinnar.

1. Eðlilegt er að kveða á um það að kennsla í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum skuli fara fram á íslensku, í samræmi við áherslur í þingsályktun um íslenska málstefnu. Jafnframt verður að tryggja rétt og möguleika barna og fullorðinna af erlendum uppruna til að stunda nám í íslenskum skólum. Styrkja þarf til muna kennslu þeirra í íslensku og skapa nauðsynlegan sveigjanleika í námskrá. Alþjóðlegir skólar eru einnig mikilvægir á öllum skólastigum.
2. Menntavísindasvið telur mjög mikilvægt að í háskóla sé svigrúm til að nota erlend mál, bæði í kennslu og rannsóknum, þótt meginhluti kennslu fari fram á íslensku. Nefna má að til að háskólar geti þjónað íslensku samfélagi er nauðsynlegt að vera í alþjóðlegu samstarfi, bæði um kennslu og rannsóknir. Þá er erfitt að bjóða doktorsnám í mörgum greinum nema með því að fá leiðbeinanda og prófdómara erlendis frá. Nemar í meistara- og doktorsnámi sem skrifa um rannsóknir sínar á ensku eru enn fremur að búa sig undir þátttöku í alþjóðlegu rannsóknar-samfélagi. Þá er skiptinám mikilvægur þáttur í námi háskólanema. Háskólar þurfa því að vera í stakk búnir til að taka á móti erlendum stúdentum og bjóða námskeið á ensku.
3. Menntavísindasvið telur mikilvægt að tryggja rétt þeirra sem hafa táknmál sem móðurmál. Jafnframt er nauðsynlegt að hyggja að því hvaða skyldur samfélagið axlar í kjölfar aukinna réttinda þeirra. Menntavísindasvið er reiðubúið til að taka þátt í þeirri umræðu.

Menntavísindasvið óskar nefndinni alls góðs í störfum sínum.

Virðingarfyllst,


Jón Torfi Jónsson
forseti Menntavísindasviðs
Háskóla Íslands


Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. október 2009
Tilv.: MMR09070233/12.15.5

Dómstólaráð vísar til erindis ráðuneytisins dagsettu 2. október sl. vegna nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar þar sem óskað er eftir viðhorfum og sjónarmiðum dómstólaráðs í þágu hlutverks nefndarinnar.

Dómstólaráð tók erindið fyrir á fundi sínum 19. október sl. og lýsti þar yfir stuðningi við stefnu nefndarinnar.

F.h. dómstólaráðs



Elin Sigrún Jónsdóttir
frankvæmdastjóri



Reykjavíkurborg
Menntasvið

B Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: p. V
19. OKT. 2009
Tilv.: MMR 09070233
Reykjavík, 15. Október 2009 12.15.5
MSR2009100042

90.7
Rb/ts

Menntamálaráðuneytið
Arnór Guðmundsson
Skrifstofustjóri
Sölvhólsgötu 4
150 REYKJAVÍK

Efni: Viðhorf og sjónarmið Menntasviðs vegna hlutverks nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu

Menntasvið fagnar því að nefnd um lagalega stöðu íslenskrar tungu taki til starfa og tekur undir þau sjónarmið að taka þurfi af allan vafa um stöðu íslenskrar tungu í íslensku samfélagi. Af þeim fjölmörgu atriðum sem nefnd eru í tillögum íslenskrar málnefndar vill Menntasvið leggja ríka áherslu á eftirfarandi:

Nauðsynlegt er að tryggja lagalega stöðu íslenska táknaþálsins og þar með rétt þeirra sem hafa það að fyrsta máli, um leið og íslenska talmálsins.

Athuga mætti lagalega stöðu íslenskra grunnskólanema erlendis og skerpa rétt erlendra grunnskólabarna á Íslandi (með og án ríkisborgararéttar) til aðgangs að kennslu í íslensku.

Að tryggður verði í lögum aðgangur íslenskra ríkisborgara, sem lengi hafa búið erlendis, að kennslu í íslensku og einnig réttur íslenskra ríkisborgara af erlendum uppruna.

Menntasvið tekur undir það sjónarmið að án lagalegrar stöðu íslenskunnar í samfélaginu muni Íslendingum ganga erfiðlega að standa vörð um notkun íslenskunnar á alþjóðlegum vettvangi.

Virðingarfyllt

Ragnar Þorsteinsson
fræðslustjóri

Frikkirkjuvegur 1
101 Reykjavík
Sími 411 7000
Bréfasími 411 7050
menntasvið@reykjavik.is
www.grunnskolar.is

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: <i>pv</i>
16. Nóv. 2009
Tilv.: MMR <i>09070233</i>
Db.: <i>12.15.5</i>

Þórhallur Vilhjálmsson
Nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar
Menntamálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2009

Vísað er til bréfs frá nefnd skipaðri af menntamálaráðherra um lagalega stöðu íslensku tungunnar dagsett 30. október 2009. Þar er undirritaðri falið að koma fram með viðhorf og sjónarmið f.h. Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra varðandi lagalega stöðu íslensks táknmáls.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra hefur meðal annars það hlutverk að vinna að rannsóknum á íslensku táknmáli en íslenska táknmálið er móðurmál u.þ.b. 300 Íslendinga sem kalla sig Döff Íslendinga. Í því felst að Döff Íslendingar tileinka sér íslenskt táknmál hindrunarlaust og á náttúrulegan hátt, nota það í daglegu lífi og líta sjálfir á það sem móðurmál sitt. Ef skoðaðar eru skilgreiningar á málminnihlutahópum í alþjóðlegum lögum er eðlilegt að líta á Döff málsamfélag sem málminnihlutahóp og að móðurmál Döff einstaklinga sé íslenskt táknmál.

Það er langt frá því að þannig hafi alltaf verið litið á fólk sem talar táknmál og stutt er síðan táknmál var beinlínis bannað. Árin frá 1880 – 1980 hafa verið kölluð einangrunartími í sögu heyrnarlausra um allan heim en þá var fylgt svokallaðri talmálsstefnu í kennslu heyrnarlausra barna. Táknmál var bannað í skólum heyrnarlausra og á heimilum barnanna og reynt var að kenna þeim að tala og lesa af vörum. Í talmálsstefnunni hér á landi var áhersla lögð á að Döff börn lærðu íslensku en ekki íslenskt táknmál. Táknmálið lærðu börnin af jafnöldrum sínum.

Táknmálsbannið í skólum fyrir heyrnarlausra hafði afdrifarík áhrif á allt líf Döff barna og fullorðinna. Nýlega kom út skýrsla SKÝRSLA NEFNDAR SAMKVÆMT LÖGUM NR. 26/2007 þar sem meðal annars var könnuð starfsemi Heyrmeysingjaskólans á árunum 1947 –



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

ⓑ

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: P.V.
- 3. Nóv. 2009
Tilv.: MMR 09070233
Db.: 12.15.5

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b.t. Þórhalls Vilhjálmssonar

Reykjavík 30. október 2009

Sölvhólgötu 4
150 REYKJAVÍK

0910012SA TP
Málalýkill: 360

Efni: Hlutverk nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 2. október s.l. þar sem óskað er eftir viðhorfum Sambands íslenskra sveitarfélaga til starfs nefndar sem skipuð hefur verið til að fjalla um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á eftirfarandi efnisatriði:

1. Um að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenska sé opinbert mál ríkisins

Af hálfu sambandsins er tekið undir ályktun Íslenskrar málnefndar um það hver skuli vera helstu markmið opinberrar málstefnu. Ljóst er jafnframt að það væri í þágu þessara markmiða, að taka upp í stjórnarskrá sérstakt ákvæði um stöðu þjóðtungunnar í lagalegu tilliti. Virðist sú leið að mörgu leyti vænlegri en sú að setja sérstök lög um stöðu íslenskrar tungu, en slík lagasetning yrði án efa flókin og viðurhlutamikil.

Á komandi mánuðum gefst tilefni til þess að undirbúa upptöku ákvæðis af þessum toga samhliða annarri endurskoðun á stjórnskipunarlögum. Hvetja ber til þess að tækifærið verði nýtt en jafnframt að vandað verði til verksins. Áriðandi er að efni stjórnarskrarákvæðis um að íslenska skuli notuð í störfum stjórnarráðs og sveitarstjórna og innan heilbrigðisþjónustu, byggist á skýrri ráðagerð um það hvernig koma eigi til móts við væntingar og kröfur þeirra aðila að málum á vettvangi stjórnvalda, sem ekki hafa nægjanleg tök á íslensku til þess að gæta hagsmuna sinna.

Í þessu efni er eðlilegt að hafa hliðsjón af því hvernig lagaákvæði hafa móttast á einstökum sviðum á síðast liðnum árum. Sérstaklega er bent á ákvæði nýrra laga um leikskóla og grunnskóla í því sambandi.

2. Um að tryggja stöðu íslensks tákna máls

Á Alþingi hafa verið flutt frumvörp til laga, sem haft hafa að markmiði að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvörp af þessu tagi koma til umsagnar hjá sambandinu, enda ljóst að slík lögfesting réttinda hefur kostnaðaráhrif á sveitarfélögin, ekki síður en ríkið.

Í umsögn sinni um frumvörp, sem flutt voru á 135. löggjafarþingi, benti sambandið á að það gæti um margt tekið undir þau markmið sem fram koma í frumvörpunum um mikilvægi þess að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Á það var hins vegar lögð áhersla að afla



Sýslumannafélag Íslands
Ránarbraut 1, 870 Vík, s-4884300

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: <i>DB</i>
- 2. Nóv. 2009
Tilv.: MMR <i>09670233</i>
Db.: <i>12.15.5</i>

Mennta og menningarmálaráðuneytið
bt. Þórhalls Vilhjálmssonar
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Vísað er til bréfa frá 2. október og 28. október og er beðist velvirðingar á seinum svörum. Bréfin vörðuðu ósk um afstöðu Sýslumannafélags Íslands til hlutverks nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

Tekið er heils hugar skipan og markmið nefndarinnar að tryggja lagalega stöðu íslensku tungunnar og íslensks táknmáls.

Sýslumenn hafa oft en ekki rekið sig á það í gegnum tíðina að staða tungunnar hefur ekki verið tryggð og meira segja verið véfengd þ.e. gerð hefur verið eindregin krafa um að embættin skili frá sér bréfum o.fl. á vegum embættanna, þýddum á aðrar tungur, án þess þó að skylda hafi verið til þess. Vissulega hafa embættin reynt að verða við því að svo miklu leyti sem þekking hefur verið til staðar á embættunum eða ekki hefur þurft að kosta miklu til og gert þetta án þess að þau hafi talið sér bera skylda til.

Mörg störf embættanna yrðu einnig auðveldari í framkvæmd ef gerð yrði gangskör og tryggður réttur og skyldur erlendra einstaklinga til að læra íslenska tungu. Sýslumenn reka sig gjarnan á að erlendir aðilar, sem hér búa, skilja ekki eða tala íslensku og varla ensku. Getur þetta verið mjög bagalegt t.d. í störfum sem tengjast sífjamálum og innheimtu þar sem fjallað er um mjög mikilsverð réttindi og skyldur fólks.

Sýslumannafélagið mælir eindregið með að staða íslensku tungunnar sé tryggð með stjórnarskrárákvæði.

Vík 30. október 2009

Anna Birna Þráinsdóttir
formaður

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Áb.: <i>P.V.</i>
- 3. Nóv. 2009
Tilv.: MMR <i>09070233</i>
Db.: <i>R. 15.5</i>

Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

25. október 2009

Efni: Lagaleg staða íslenskrar tungu og íslensks táknmáls

Við er til bréfs yðar, dags. 2. október 2009, þar sem óskað er eftir viðhorfum og sjónarmiðum Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum í sambandi við hlutverk nefndar menntamálaráðherra sem er ætlað að setja fram tillögur sem tryggja lagalega stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Hér á eftir verða reifuð fáein meginatriði og viðhorf sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum telur skipta máli í þessu sambandi.

Þór Vilhjálmsson, fv. hæstaréttardómari og dómari við EFTA-dómstólinn, ræðir lagareglur um íslenskt mál í greininni „Réttarreglur um íslenska tungu“, í afmælisriti Sigurðar Lindsals 2001. Þar bendir hann á að þótt ekkert sé sagt um það í stjórnarskrá né öðrum settum lögum að tala skuli íslensku á Alþingi og rita lög landsins á íslensku þá sé þetta samt sem áður gert. Þessi venja sé ljós, landslýður hafi talið hana sjálfsagða „og þar sem um þætti í ríkisstarfsemi er að ræða hefur skapast stjómskipunarvenja um þessa málnotkun. Þetta er svo mikilvægt svið að frá venjunni verður ekki vikið nema stjórnarskránni sé breytt“ (bls. 646).

Taka verður afstöðu til þess hvort nægileg trygging á lagalegri stöðu íslenskunnar felist í framangreindri venju. Flest lönd Evrópu hafa ýmist sérstaka tungumálalöggjöf eða beinlínis stjórnarskrárákvæði um ríkismál og önnur tungumál landanna. Hér má vísa til yfirlits sem sótt er til Sabine Kirchmeier-Andersen, forstöðumanns á skrifstofu Danskrar málnefndar: „Den lovmæssige regulering af sproglige forhold er langt mere udbredt end man skulle tro. UNESCO opregner 173 lande i verden som har bestemmelser om sprog i deres forfatninger. Kun ni europæiske lande regulerer ikke deres sproglige forhold på forfatningsniveau. Det drejer sig om Danmark, Island, Holland, Storbritannien, Tjekkiet, San Marino, Vatikanet, Serbien og Montenegro“ (Budstikken 4/2008:8).

Heimilisfang:
Árnagarði · Suðurgötu
IS-101 Reykjavík

Sími:
(354) 525 4010

Fax:
(354) 525 4035

Banki :
Landsbankinn
Vesturbæjarútibú
Hagatorgi
IS-107 Reykjavík
Reikningsnúmer:
137-05-065007

Kennitala: 700806-0490
VSK númer: 91851

Nefnd um lagalega stöðu íslensku tungunnar
b.t. Mennta- og menningarmálaráðuneytisins
Sölvhólsgötu 4
105 Reykjavík

Reykjavík 19. október 2009

Vegna óskar um viðhorf og sjónarmið Háskólans í Reykjavík (HR) til vinnu nefndar um lagalega stöðu íslensku tungunnar.

HR fagnar því að skipuð hefur verið nefnd til að tryggja lagalega stöðu íslensku tungunnar að tillögu Íslenskrar málnefndar (ÍM). HR tekur í meginatriðum undir markmið og aðgerðir í íslenskri málstefnu sem koma fram í skýrslu ÍM um þetta efni. Sérstaklega styður HR þá aðgerð að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenska sé þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins, en þjóðtungan er lögfest sem ríkismáls hjá flestum Evrópuþjóðum.

Þó vill HR vekja athygli á sérstöðu þess umhverfis sem háskólar starfa í sem felst meðal annars í fjölda útlendra nemenda og þörf skólanna á útlendum fræðimönnum og kennurum. Í námi sem ætlað er þeim nemendum, eða þar sem erlendur fræðimaður kennir, hljóta samskipti og kennsla að fara fram á öðru máli en íslensku, til að mynda ensku. Þar að auki bera íslenskir háskólar ríka ábyrgð þegar kemur að því að mennta fólk með alþjóðlega færni. Hún er meðal annars fólgin í því að geta notað önnur tungumál en íslensku. Því telur HR brýnt að ekki sé bundið í lög að einvörðungu sé kennt á íslensku við héraðs háskóla eða lokað sé að öðru leyti fyrir erlend tungumál í samskiptum, kennslu eða fræðistörfum.

Virðingarfyllst,

Svafa Grönfeldt
rektor HR

Fylgiskjal IV

Bréf ráðherra til skóla um tölvumál

Til skóla á öllum skólastigum, sveitarfélaga,
skólaskrifstofa og ýmissa annarra aðila

Reykjavík 2. október 2009
Tilv.: MMR08120141/2.3.11-

Efni: Allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi, frá leikskólum til háskóla, verði á íslensku innan þriggja ára.

Íslensk málstefna var samþykkt á Alþingi í vor og er mennta- og menningarmálaráðuneytinu falið að fylgja eftir þeim aðgerðum sem lagt er til að ráðist verði í. Málstefnan er aðgengileg á heimasíðu ráðuneytisins og eru allir hvattir til að kynna sér stefnuna í heild sinni.

Einn kafli málstefnunnar fjallar um íslensku í tölvuheiminum. Á undanförunum árum hefur tölvu- og upplýsingatæknin haldið innreið sína á æ fleiri svið og er nú orðin mikilvægur þáttur í daglegu lífi almennings í landinu. Því skiptir sífellt meira máli að þessi tækni sé á íslensku og geti unnið með íslenskt mál, bæði talað og ritað. Mikið skortir á að svo sé og Íslendingar standa þar langt að baki flestum grannþjóðum sínum. Þrátt fyrir að hægt sé að nota algengustu stýrikerfi og notendabúnað á íslensku notar stór hluti skólakerfisins stýrikerfi á ensku og sama máli virðist gegna um meginhluta almennra notenda. Í íslenskri málstefnu leggur Íslensk málnefnd til að íslensk tunga verði nothæf og notuð á öllum þeim sviðum innan tölvu- og upplýsingatækninnar sem varða daglegt líf almennings.


Samkvæmt nýsamþykktri íslenskri málstefnu skulu fræðslufirvöld setja sér það markmið að innan þriggja ára verði allt notendaviðmót í tölvum í íslenskum leik-, grunn- og framhaldsskólum á íslensku. Því mælist ég til að skólar á öllum skólastigum, sveitarfélög, stofnanir sem heyra undir ráðuneytið og hagsmunaaðilar vinni af krafti að þessu markmiði á næstu þremur árum. Ég mun leita eftir viðtæku samráði við skólasamfélagið til að stuðla að því að þetta markmið komist til framkvæmda.

Katrín Jakobsdóttir

Arnór Guðmundsson

Fylgiskjal V

Tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum



Mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólsgrötu 4
150 Reykjavík

9. nóvember 2009

Efni: Tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Vísað er til bréfs yðar, dags. 30. júní 2009, um skipun nefndar sem falið var að gera tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum.

Nefndin hélt sjö fundi og varð einhuga um meðfylgjandi greinargerð og tillögur.

Virðingarfyllst


Ari Páll Kristinsson formaður

Fylgiskjöl:

Til mennta- og menningarmálaráðherra frá nefnd sem falið var að gera tillögur um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum. Greinargerð og tillögur.

Fundargerðir nefndarinnar (7)

Til mennta- og menningarmálaráðherra

frá

nefnd sem falið var að gera tillögur um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Greinargerð

Menntamálaráðherra skipaði nefnd, 30. júní 2009, sem átti að gera tillögur til ráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum.

Mælt var til þess að nefndin lyki störfum fyrir 1. desember 2009.

Nefndin var þannig skipuð: Ari Páll Kristinsson formaður, tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Steinunn Stefánsdóttir varaformaður, tilnefnd af Íslenskri málnefnd, Sigurður G. Tómasson, tilnefndur af Bláðamannafélagi Íslands, Ásgrímur Angantýsson, tilnefndur af Félagi fréttamanna, og Elfa Ýr Gylfadóttir, tilnefnd af menntamálaráðuneyti.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var minnt á að íslensk málstefna (*Íslenska til alls*) hefði verið samþykkt á Alþingi fyrir á árinu og að menntamálaráðuneyti hefði verið falið að fylgja eftir þeim aðgerðum sem þar er lagt til að ráðist verði í. Í málstefnunni var meðal annars fjallað um íslensku í fjölmiðlum og lagt til að þeir (og auglýsingastofur) setji sér málstefnu, standi vörð um íslenskt mál, haldi áfram að stuðla að umræðu og fræðslu um íslenskt mál, vandað sé til verka við þýðingar og yfirllestur skjátexta, hvatt verði til metnaðarfullrar og fjölbreytilegrar íslenskrar dagskrárgerðar, talsetning á sjónvarpsefni fyrir börn sé á vönduðu og góðu máli og íslenska sé meðal kennslugreina í fjölmiðlafræðinámi á háskólastigi. Stefnt er að því að allir fjölmiðlar verði komnir með málstefnu fyrir árslok 2009.

Nefndin hittist á sjö fundum á tímabilinu 9. september til 9. nóvember 2009 (sjá fylgiskjal: *Fundargerðir nefndarinnar*).

Í starfi sínu hafði nefndin að leiðarljósi, auk skipunarbréfsins, dags. 30. júní 2009, framangreindar tillögur Íslenskrar málnefndar (*Íslensku til alls*) og fyrrgreinda þingsályktun Alþingis frá 12. mars 2009. Enn fremur kynnti nefndin sér skýrslu um stöðu íslenskrar tungu í fjölmiðlum og listum sem vinnuhópur Íslenskrar málnefndar (Björn Gíslason, Ingimar Karl Helgason og Kristín Helga Gunnarsdóttir) samdi og skilaði til Íslenskrar málnefndar þegar *Íslenska til alls* var í undirbúningi. Einnig hefur nefndin kynnt sér ýmsar aðrar tiltækar heimildir um íslenska fjölmiðla, fjölda þeirra og útbreiðslu, lög og reglugerðir, málstefnu, málræktarstarf, málvöndun á íslenskum fjölmiðlum fyrir og síðar o.fl.

Nefndarmenn urðu einhuga um þær tillögur sem hér fara á eftir.

Tillögur

Áfram verði ákvæði í útvarpslögum og lögum um Ríkisútvarpið um þá skyldu íslenskra hljóð- og myndmiðla að stuðla að eflingu íslenskrar tungu og að tal og texti sé á vönduðu íslensku máli.

Verði sett hlíðstæð lög um ritmiðla, eða heildarlöggjöf um íslenska fjölmiðla, þarf sambærilegt ákvæði að vera þar.

Til viðbótar almennu lagaákvæði/-ákvæðum leggur nefndin til að lögfest verði sem skylda allra fjölmiðla að þeir setji sér skriflega málstefnu.

Málstefnan taki til þeirra fjölmiðla sem eru á íslensku.

Málstefnunni verði ætlað að taka til *stöðu* og *forms* íslenskrar tungu. Með *stöðu* er hér átt við hlutdeild íslenskunnar gagnvart öðrum tungumálum í texta og dagskrárefni (sbr. 1. lið hér á eftir); með *formi* er hér átt við íslenskt málfar í texta og dagskrárefni, þ.e. hvernig íslenskunni er beitt þar (sbr. 2. lið hér á eftir).

Tillögur um almennar kröfur til slíkrar málstefnu:

1. Málstefnan tilgreini hlutfall íslensks texta og dagskrárefnis gagnvart erlendum texta og dagskrárefni. Almennt viðmið er að íslenskt efni sé sem næst 100% af efni ritmiðla og hljóðvarps á íslensku. Auk íslensks dagskrárefnis skal í myndmiðlum hafa íslenskan skjátexta eða íslenskt tal með öllu erlendu dagskrárefni og íslenska endursögn í öllum beinum útsendingum frá viðburðum á öðrum tungumálum. Þá skal allt kynningarefni hljóð- og myndmiðla vera á íslensku. Vakin verði athygli á ábyrgð fjölmiðilsins á því að málstefnan taki jafnframt til auglýsinga og annars aðsends efnis.
2. Málstefnan tilgreini hvernig fjölmiðillinn ætlar að stuðla að sem vandaðastri íslenskrri málnotkun. Málstefnan hafi að geyma (eða vísi á) leiðbeiningar fjölmiðilsins um mismunandi svið íslenskrar málnotkunar, þ.e. um framburð (í hljóð- og myndmiðlum), stafsetningu, greinarmerki og annan frágang (í ritmiðlum), vandaðar beygingar og setningaform, föst orðasambönd, meðferð innlendra og erlendra nafna, hefðbundna merkingu orða og orðtaka o.s.frv. Jafnframt verði þar að benda starfsfólki á helstu hjálpargögn íslenskra málnotenda, svo sem orðabækur, handbækur og hvers konar rafrænar heimildir um mál og málfar. Mæla má með þeirri aðferð að málfarstrúnaðarmenn (sjá 3. lið) beiti sér fyrir samantekt á leiðbeiningarriti, eins konar stílhandbók, þar sem fram komi helstu atriði í málstefnu miðilsins ásamt sem flestum dæmum um þá málnotkun (eða frágang) sem miðillinn vill leggja áherslu á að fylgja. Bent verði á að þess þurfi að gæta í slíkri handbókargerð að stíll er mismunandi eftir efni (fréttir hafa annað málsnið en spjall, forystugrein annað málsnið en slúðurdálkur o.s.frv.). Þegar sjónvarpsstöðvar eiga í hlut er sérstök ástæða til að huga að gæðum skjátextaþýðinga enda sýna rannsóknir að slíkir textar eru meginhluti

heilðarlesefnis hjá fjölda fólks. Vakin verði athygli á ábyrgð fjölmiðilsins á því að málstefnan taki jafnframt til auglýsinga og annars aðsends efnis.

3. Fjölmiðlinum beri að tilnefna einn starfsmann sem eins konar málfarstrúnaðarmann (talsmann/ábyrgðarmann) sem hafi það hlutverk að beita sér fyrir umræðu og fræðslu um íslenskt mál og málnotkun á fjölmiðlinum, vera öðrum starfsmönnum til ráðgjafar og leiðbeiningar og aðstoða þá við að finna heimildir um málnotkun og málfrásráðgjöf, afla orðabóka og annarra gagna og kynna þau fyrir starfsfólki, eiga samstarf og samráð við málfarstrúnaðarmenn á öðrum miðlum eftir því sem þurfa þykir og/eða málfrásráðgjafa hjá hinu opinbera o.fl., t.d. ef telja verður að það kæmi almenningi best ef miðlarnir samræmdu val á hugtökum eða nýyrðum, skammstöfunum, aðlögun erlendra orða o.s.frv.

4. Fjölmiðlinum beri að kynna málstefnuna vandlega og reglulega fyrir öllum starfsmönnum ásamt því að brýna fyrir þeim að fylgja henni í störfum sínum. Sérstaklega skal gæta þess að kynna hana ávallt strax öllu nýráðnu starfsfólki.

5. Fjölmiðlinum beri að gera almenningi kleift að kynna sér málstefnu miðilsins eins og hún er á hverjum tíma, t.d. með því að hún sé auðveldlega aðgengileg á vefnum.

Auk framangreindra tillagna nefndarinnar -- um að mennta- og menningarmálaráðuneytið leggi til lagasetningu með ákvæðum um ábyrgð fjölmiðla gagnvart íslenskrri tungu og þar á meðal um skyldu þeirra til að setja sér málstefnu -- vill nefndin hvetja ...

1. ... þá sem umsjón hafa með námi í blaða- og fréttamennsku á háskólastigi til að leggja ríkari áherslu á þjálfun í meðferð íslensks máls í fjölmiðlum

2. ... mennta- og menningarmálaráðuneytið til að leita leiða til að efla íslenskrar fjölmiðlarannsóknir, t.d. með því að koma á fót rannsóknarsetri sem m.a. hefði það hlutverk að fylgjast með því hvernig íslenskir fjölmiðlar sinna ábyrgðarhlutverki sínu gagnvart íslenskrri tungu og íslenskrri málstefnu og að veita fjölmiðlum aðhald í því efni eftir því sem þurfa þykir, svo sem með því að gefa út árlegt yfirlit um hlutfall íslensks dagskrárefnis og eftir atvikum að gera úttektir á því hvernig þeim gengur að setja sér málstefnu og framfylgja henni

... og taka undir ...

3. ... tillöguna í *Íslensku til alls*, bls. 65, sbr. þingsályktun Alþingis 12. mars 2009, um að „[h]aldin verði reglulega námskeið í meðferð tungumálsins fyrir nemendur í fjölmiðlafræði, starfandi fjölmiðlafólk og aðra sem hafa textagerð með höndum í starfi sínu. Fagfélög og háskólar gætu átt samvinnu um að koma slíkum námskeiðum á laggirnar“

9. nóvember 2009

Ari Páll Kristinsson

Ari Páll Kristinsson

Steinunn Stefánsdóttir

Steinunn Stefánsdóttir

Sigurður G. Tómasson

Sigurður G. Tómasson

Asgrímur Angantýsson

Asgrímur Angantýsson

Elfa Yr Gylfadóttir

Elfa Yr Gylfadóttir

1/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 9. september 2009 kl. 14-15 á Neshaga 16.

Allir nefndarmenn sátu fundinn: Ari Páll Kristinsson, Ásgrímur Angantýsson, Elfa Ýr Gyldadóttir, Sigurður G. Tómasson, Steinunn Stefánsdóttir.

Nefndarmenn kynntu sig, starf sitt og hverjir hefðu tilnefnt þá.

Farið var yfir verkefni nefndarinnar skv. skipunarbréfi.

Rætt um tímaramma starfsins, forgang umfjöllunarefna o.fl.

Rætt um nokkur grundvallarhugtök til að tryggja sameiginlegan skilning á þeim, s.s. hugtakið fjölmiðil ásamt undirhugtökum, hugtökin stöðu og form tungumáls, breytilegan stíl/málsnið o.fl.

Fram kom að unnið er í menntamálaráðuneytinu að frumvarpi um fjölmiðla og að e.t.v. mætti koma þar inn ákvæði um málstefnu fjölmiðlanna ásamt því að minna á ábyrgð þeirra á íslenskunni, t.a.m. að þeir séu (nema í undantekningartilvikum) á íslensku máli og að kröfur séu gerðar til málnotkunarinnar. Elfa Ýr fær að bera slíka kláusu undir aðra nefndarmenn. Í ákvæðinu mætti kveða á um að öllum fjölmiðlum beri að hafa skriflega málstefnu, sbr. ályktun Alþingis 12. mars 2009 um *Íslensku til alls* sem inniheldur þetta markmið (bls. 65) og það markmiðið er áreittað í skipunarbréfi nefndarinnar. Miðlunum beri að kynna málstefnuna fyrir starfsmönnum og fylgja því eftir að þeir fari eftir henni. Rætt var um hvers konar atriðum slíkar „málstefnur“ gætu helst tekið á og um það hvert fjölmiðlar gætu sótt hugmyndir og fyrirmyndir um innihald sem hentaði hverjum og einum miðli, t.a.m. í formi stílhandbókar af einhverju tagi. Rædd var sú hugmynd að hver miðill hefði málfarstrúnaðarmann eða -ráðgjafa og að hugsanlega gæti ríkið stutt slíka trúnaðarmenn/ráðgjafa t.d. með því að beita sér fyrir samstarfsvettvangi þeirra.

Næsti fundur: fimmtudag 17. sept. kl. 14-15.

Ari Páll Kristinsson

2/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 21. september 2009 kl. 14-15 á Neshaga 16.

Þrjú nefndarmenn sátu fundinn: Ari Páll Kristinsson, Ásgrímur Angantýsson, Steinunn Stefánsdóttir. Sigurður G. Tómasson hafði boðað veikindaföllum.

Umræða fyrsta fundar rifjuð upp. Ekki er talið vænlegt að reyna að efna til samráðsvettvangs fjölmiðla sem eru í samkeppni heldur gæti verið gagnlegra að benda málfarstrúnaðarmönnum og einstökum starfsmönnum á þá ráðgjöf sem þegar er í boði á vegum hins opinbera (Árnastofnun). Rætt var um fyrirkomulag á yfirllestri og málfarsráðgjöf fyrir og nú og á mismunandi miðlum, m.a. um mikilvægi þess að vanda til skjátexta í sjónvarpi. Gera má aðrar og ríkari kröfur til þess fjölmiðils sem ríkið á heldur en til þeirra einkareknu. Rætt um form og innihald í núverandi og væntanlegum málstefnum / handbókum einstakra fjölmiðla. Steinunn sagði frá handbók Fréttablaðsins og Ásgrímur kynnti hugmyndir sínar um endurskoðaða málstefnu RÚV.

Næsti fundur: mánudag 28. sept. kl. 14-15.

Ari Páll Kristinsson

+

3/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Þriðji fundur nefndarinnar var haldinn 28. september 2009 kl. 14.15-15.45 á Neshaga 16.

Þrir nefndarmenn sátu fundinn: Ari Páll Kristinsson, Steinunn Stefánsdóttir, Elfa Ýr Gyldadóttir. Ásgrímur Angantýsson fjarverandi vegna veikinda.

Stuttlega var rætt um Skýrslu vinnuhóps á vegum íslenskrar málnefndar um fjölmiðla og listir (höf. Björn Gíslason, Ingimar Karl Helgason, Kristín Helga Gunnarsdóttir) sem samín var haustið 2007 og skilað kringum áramótin 2007/2008. Þessi skýrsla var meðal þess sem lá til grundvallar fjölmiðlakafla málstefnuskjalsins Íslenska til alls. Af skýrslunni má m.a. merkja að ákveðnar efasemdir hafi ríkt haustið 2007, a.m.k. hjá þáverandi stjórn Blaðamannafélagsins og hjá tilteknum ritstjóra, um nytsemi þess að sett verði opinber málstefna handa fjölmiðlum. Nefndarmenn eru á þeirri skoðun að ýmislegt fróðlegt hafi verið tekið saman í þessari skýrslu en taka hins vegar ekki undir allar tillögur skýrsluhöfundar, t.d. ekki þá tillögu að mælt verði með því að tiltekinn opinber aðili búi til „yfirlit eða málstefnu sem fréttamiðlar gætu tekið upp. Sú málstefna geti tekið mið af málstefnu Ríkisútvarpsins.“ Nefndarmenn telja skynsamlegra að þótt hverjum fjölmiðli verði gert að setja sér málstefnu þá skuli nefndin / opinberir aðilar aðeins benda á það hvers konar atriðum slík málstefna lýsi en segi ekki nánar til um hvað þar eigi að standa í einstökum atriðum.

Útlit er fyrir að menntamálaráðherra kynni bráðlega nýtt lagafrumvarp um fjölmiðla, sbr. fundargerð 1/2009. Þar mun skapast vettvangur fyrir nefndina til að koma á framfæri ábendingum sínum um málstefnu í fjölmiðlum, bæði í hinu fyrirhugaða almenna kynningarferli og síðar þegar frumvarpið verður til meðferðar hjá menntamálanefnd.

Rætt var um námskeið fyrir starfandi blaða- og fréttamenn um íslenskt mál og málnotkun. Nefndarmenn hyggjast í tillögum sínum minna á að í þingsályktuninni Íslensku til alls (sem og í ofangreindri skýrslu vinnuhóps Íslenskrar málnefndar) er lagt til að „[h]aldin verði reglulega námskeið í meðferð tungumálsins fyrir nemendur í fjölmiðlafræði, starfandi fjölmiðlafólk og aðra sem hafa textagerð með höndum í starfi sínu. Fagfélög og háskólar gætu átt samvinnu um að koma slíkum námskeiðum á laggirnar.“

Bent var á að nemendur á fyrra ári í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku í HÍ eru skyldugir að taka námskeiðið Málfar og still þar sem þeir fá hjálfun í að semja ýmsa texta og hugað er að málfari og framsetningu.

Næsti fundur: mánudag 5. okt. kl. 14-15.

Ari Páll Kristinsson

4/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Fjórði fundur nefndarinnar var haldinn 5. október 2009 kl. 14-14.45 á Neshaga 16.

Fundinn sátu Ari Páll Kristinsson, Steinunn Stefánsdóttir.

Tekin höfðu verið saman fyrir fundinn fyrstu drög að tillögum nefndarinnar til ráðherra (2 bls.). Þau voru rædd og lagfærð. Eftir fundinn voru þau send öllum nefndarmönnum með ósk um frekari viðbrögð fyrir næsta fund.

Næsti fundur áformaður mánudag 12. okt. kl. 14-15.

Ari Páll Kristinsson

5/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Fimmti fundur nefndarinnar var haldinn 12. október 2009 kl. 14-15.15 á Neshaga 16.

Fundinn sátu Ari Páll Kristinsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Steinunn Stefánsdóttir.

Ekki höfðu borist athugasemdir milli funda við fyrstu drög að tillögum nefndarinnar til ráðherra (2 bls.). Á fundinum voru þau rædd frekar og lagfærð. Elfa tók að sér að endurbæta 1. tölulið og Ari Páll að taka saman hugtakaskilgreiningu. Hin endurbættu drög verða send í tölvupósti til allra nefndarmanna með ósk um frekari athugasemdir ef þurfa þykir.

Næsti fundur áformaður mánudag 26. okt. kl. 14-15.

Ari Páll Kristinsson

6/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Sjötti fundur nefndarinnar var haldinn 26. október 2009 kl. 14-15 á Neshaga 16.

Fundinn sátu Ari Páll Kristinsson, Ásgrímur Angantýsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Sigurður G. Tómasson og Steinunn Stefánsdóttir.

Eftir yfirferð og umræður á fimmta fundi höfðu önnur og endurbætt drög að tillögum til ráðherra verið hreinrituð. Ásgrímur Angantýsson samdi við þau athugasemdir sem nefndin fór yfir á fundinum og tók afstöðu til. Gengið var frá því orðalagi sem notað verður í endanlegri gerð tillagnanna.

Næsti fundur er áformaður mánudag 9. nóv. kl. 14-15.

Ráðgert er að þar verði formlega gengið frá tillögum til ráðherra á grundvelli þeirra draga sem lokið var við á sjötta fundi. Enn fremur verði þar rætt um nýframkomnið fjölmiðlafrumvarp sem nú er til kynningar.

Ari Páll Kristinsson

7/2009

Nefnd sem á að gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu í íslenskum fjölmiðlum

Sjöundi fundur nefndarinnar var haldinn 9. nóvember 2009 kl. 14-15 á Neshaga 16.

Fundinn sátu Ari Páll Kristinsson, Ásgrímur Angantýsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Sigurður G. Tómasson og Steinunn Stefánsdóttir.

Gengið var frá tillögum, greinargerð og bréfi til ráðherra. Nefndin lýkur störfum.

Ari Páll Kristinsson

Fylgiskjal VI

Heimildaskrá hópsins um íslensku sem annað mál

Tillögur um efni til athugunar varðandi kaflann *Íslenska sem annað mál og íslenska erlendis*.

Íslenska sem annað mál

I. Fullorðnir:

1. Fjöldi innflytjenda á tilteknum tímamarki (t.d. 31.12. 2007), og þjóðerni þeirra. – Leita mætti upplýsinga hér:

- Útlendingastofnun. **Slóð:** <http://www.utl.is/utlendingastofnun/>
Athuga þarf hvort hægt að skipta í a) farandverkamenn, b) aðra.
Sjá: <http://www.utl.is/frodleikur-og-frettir/tolulegar-upplýsingar/>
- Hagstofan. **Slóð:** <http://www.hagstofa.is/>
Ríkisfang, fæðingarland: <http://www.hagstofa.is/Hagtalur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Alþjóðahús. **Slóð:** <http://www.ahus.is/>

2. Réttur innflytjenda til íslenskunáms skv. lögum. – Leita mætti upplýsinga hér:

- Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi (2005). **Slóð:** http://felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf
- Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda. 2007. **Slóð:** http://felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf;
- Ath. Island.is, **Slóð:** www.island.is (Forsætisráðuneytinu)
- Lög og reglugerðir er varða málefni innflytjenda er að finna á slóðinni: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/log/>
- Framkvæmd við móttöku flóttamanna, **Slóð:** <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/flottafolk/mottaka/nr/1341>
„Til þess að aðlagast íslensku samfélagi er afar mikilvægt að læra tungumálið. Flóttamenn fá kennslu í íslensku og samfélagsfræðslu hálfan daginn í 9 mánuði. Börnin stunda sérstakan sumarskóla til að undirbúa sig fyrir grunnskólann, yngri börnin eru í daggæslu meðan foreldrar læra íslensku eða eru í leikskóla.“

3. Kannanir um íslenskukennslu fyrir útlendinga eða íslenska ríkisborgara af erlendum uppruna. – Leita mætti upplýsinga hér:

- Innflytjendaráð. **Slóð:** <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/innflytjendarad/>
- Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. **Slóð:** <http://www.felagsmalaraduneyti.is/utgefid-efni/nr/1926>
- Sögulegur fróðleikur:
 - <http://hjallaskoli.kopavogur.is/nybuinn/nybuar/frettir/frettir2.html>
 - Ásta Kristjánsdóttir og Ingibjörg Hafstað. Mars 1994. *Nýbúafræðsla*. Áfangaskýrsla. Menntamálaráðuneytið.
- Hér er skrá um kennslu Mímis á haustönn 2007: <http://mimir.is/images/stories/pdf/einbl-net.pdf>

4. Kennsla í háskólum, í málaskólum, á námskeiðum fyrirtækja o.fl. – Leita mætti upplýsinga hér:

- Innflytjendaráð. Slóð: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/innflytjendur/innflytjendarad/>
- Menntamálaráðuneyti
- Alþjóðahús. Slóð: <http://www.ahus.is/>
<http://www.ahus.is/en/icelandic-lessons.html>
http://www.ahus.is/index2.php?option=com_content&do_pdf=1&id=47
- Mímir símenntun, slóð: http://www.mimir.is/index.php?option=com_mtree&Itemid=365
- Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins varðandi fjölda erlendra (skipti) nema, sjá einnig http://hi.is/page/stad_utlond
- Fjölmenningssetur, Ísafirði, skár um hvar íslenska fyrir útlendinga er kennd: <http://www.fjolmenningarsetur.is/page.asp?Id=622&sid=217&topid=0>
„Útlendingar sem hyggjast sækja um búsetuleyfi á Íslandi þurfa að hafa tekið námskeið í Íslensku. Íslenska fyrir útlendinga, sem hentar vinnandi fólki, er kennd á ýmsum stöðum.“
- Íslenskukennsla fyrir útlendinga og fjöldi útlendinga á Íslandi: <http://menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/3775>

5. Hvaða námsefni er til sem nota má til kennslu fullorðinna í íslensku? – Leita mætti upplýsinga hér:

- Stefán Stefánsson, menntamálaráðuneyti
- sömu og í 4. lið hér að ofan
- Stofnun Sigurðar Nordals, www.nordals.hi.is
- Mímir símenntun, slóð: http://www.mimir.is/index.php?option=com_mtree&Itemid=365

Ath. kennsluefni:

Listi hjá Stofnun Sigurðar Nordals: http://www.arnastofnun.is/page/tengl_namsefni; nánar: *Icelandic Online*, slóð: <http://icelandic.hi.is/>
Bragi – Íslenska sem erlent mál, slóð: <http://www2.hu-berlin.de/bragi/>

6. Hvaða kröfur eru gerðar til fólks í stærri fyrirtækjum sem hafa fólk af erlendum uppruna í vinnu, einkum sjúkrastofnunum, fiskvinnslufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum. Er starfsmönnum gert kleift að læra íslensku? Hvernig fer það fram? – Hvaða reglur gilda í samskiptum við íslenska viðskiptavini? – Leita mætti upplýsinga hér:

- Alþjóðahús
- Mímir
- stéttarfélagin
Efling, slóð: <http://www.efling.is/>, Atli Lýðsson
o.fl.

7. Hvaða kröfur eru gerðar til fólks í litlum fyrirtækjum í þjónustu um tungumálakunnáttu? Leita mætti upplýsinga hér:

- Ingibjörg Hafstað, Alþjóðahúsi (imba@ahus.is)
og Alþjóðahús: <http://www.ahus.is/is/slenskukennsla.html>
- Kristín Njálisdóttir, forstöðumaður (landsmennt@landsmennt.is), Landsmennt, slóð: http://www.landsmennt.is/Default.asp?Sid_Id=21335&tId=1&Tre_Rod=&qsr
- Félag kaupmanna

- Félag hótél- og veitingamanna (ath. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar: <http://www.saf.is/is/>)
- Iðan, fræðslusetur, matvæla- og veitingasvið, slóð: <http://www.fhm.is/forsida/nr/280>

II. Börn:

1. Námskrár á öllum skólastigum.

Fara þarf yfir námskrár. Taka þarf með í reikninginn að námskrár eru skýrar varðandi 2 og 3 hér að neðan, en framkvæmdin er e.t.v. allt önnur.

2. Hvernig er börnum af erlendu þjóðerni hjálpað til að aðlagast íslensku þjóðfélagi og læra íslensku? – E.t.v. mætti leita upplýsinga í eftirfarandi MA-ritgerðum:

- Helgu Guðrúnar Oddsdóttur
- Kolbrúnar Vigfúsdóttur (KHÍ)
- Brynju Grétarsdóttur

3. Hvernig er börnum hjálpað til að viðhalda móðurmáli sínu?

- Sama og að ofan

4. Um fjölda barna sem hafa íslensku sem annað mál (báðir foreldrar erlendir). – Leita mætti upplýsinga hér:

- Hagstofan. Slóð: <http://www.hagstofa.is/>
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Slóð: <http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-43/fraedslumidstodin.nsf/pages/index.html>
- Samband ísl. sveitarfélaga. Slóð: <http://www.samband.is/>
- (e.t.v. almenn leit á netinu)

Ath. að leita þyrfti að fjölda skóla.

5. Um tvítyngd börn og þeirra rétt (annað foreldri íslenskt). – Leita mætti upplýsinga hér:

- Fræðsluskrifstofur (Reykjavíkur, Kópavogs o.s.frv.)
- Hagstofan (Konráð Ásgrímsson)

<http://www.nordvux.net/object/12871/slenskukennslafyrirutlendingaavoronn2007.htm>:

Íslenskukennsla fyrir útlendinga á vorönn 2007

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað 90 milljónum króna í styrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga. Veittir eru styrkir til 60 aðila til að halda námskeið fyrir samtals 3.360 nemendur að þessu sinni. Athygli vekur hversu mikill áhugi er á íslenskukennslu hjá útlendingum og fyrirtækjum. Auk styrkveitinga til námskeiða er vinna nú hafin á vegum menntamálaráðuneytisins við undirbúning námskrárgerðar og eftirlits með gæðum íslenskukennslunnar og til eflingar námsefnisgerð og menntun kennara.

Sigrún Kr. Magnúsdóttir, E-post: sigrunkri@frae.is

Hvert fór sá peningur?

<http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/frett.html?nid=1258547>:

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað 90 milljónum króna í styrki til námskeiðahalds í íslensku fyrir útlendinga, til 60 aðila sem halda munu námskeið fyrir 3.360 nemendur.

Ráðuneytið auglýsti styrkina í janúar og sóttu yfir 70 fyrirtæki og fræðsluaðilar um rúmar 144 milljónir króna til að halda námskeið fyrir yfir 4.600 útlendinga. Ríkisstjórnin ákvað hinn 10. nóvember sl. að veita 100 milljónir króna til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007. Áætlað var að kostnaður við námskeiðahald yrði um 70 milljónir króna á þessu ári.

III. Íslenska erlendis

1. Fjöldi skóla

Hvað er íslenska kennd við marga háskóla erlendis? Hver er skiptingin eftir löndum?

- Upplýsingar frá Stofnun Sigurðar Nordals (SSN),
<http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?id=1004785>
<http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?id=1004827>
- Stefna Stofnunar Sigurðar Nordals um stuðning við íslenskukennslu við erlenda háskóla:
<http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?id=1016324>

2. Fjöldi nemenda

Hversu margir stunda nám í íslensku erlendis, og hvernig skiptast nemendur í flokka

a) útlendingar (háskólanám)

– SSN

b) börn Íslendinga

– Leita má upplýsinga hjá menntamálaráðuneytinu (e.t.v. má leita til Guðna Ólgeirssonar)

3. Hverjir kenna?

Hversu margir af kennurunum eru Íslendingar?

– SSN, sjá lista yfir sendikennara:

<http://www.arnastofnun.is/Apps/WebObjects/HI.woa/wa/dp?id=1004731> og nánari uppl. hjá SSN.

– Menntamálaráðuneytið

Hversu margir eru útlendingar?

– SSN

4. Kostnaður, gróði

Hvað borgar íslenska ríkið mikið með kennslunni?

– SSN

– Menntamálaráðuneytið

Hvað borgar erlendi háskólinn mikið?

– SSN og einstakir sendikennarar

Hvað eyðir ferðamaður miklu í heimsókn til Íslands?

– Ferðamálaráð, Slóð: http://www.ferdamalastofa.is/displayer.asp?cat_id=489

5. Íslenska í Vesturheimi – Líklega tiltölulega fátt fólk, a.m.k. ef miðað er við heildarfjölda þeirra sem leggja stund á íslensku erlendis.

Hversu margir stunda íslenskunám í Kanada?

– Upplýsingar frá UM

– Hversu margir þeirra eru af vesturíslenskum ættum?

– Upplýsingar frá UM

Hversu margir af íslenskum ættum búa í Vesturheimi,

a) afkomendur þeirra sem fluttu um aldamótin 1900 og þar um kring

– Þjóðræknisfélagið

b) afkomendur þeirra sem fluttu eftir seinni heimsstyrjöld

– Haraldur Bessason

– Þjóðræknisfélagið

6. Þýðingar

Fjöldi þýðenda íslenskra bókmennta erlendis, í hvaða löndum.

– Leita má upplýsinga hjá bókaforlögunum

Söluölur valinna verka erlendis (t.d. bóka Arnalds Indriðasonar), skipt eftir löndum

– Leita má upplýsinga hjá bókaforlögunum

Fylgiskjal VII

Tillaga að frumvarpi til laga um íslenska tungu

Tillögur um efni frumvarps til laga um íslenska tungu

Með frumvarpi því sem er lagt til er stefnt að því að setja almenn rammalög um íslenska tungu. Með því er fylgt eftir þingsályktunum íslenskrar málstefnu sem Alþingi samþykkti 12. mars 2009 og hljóðar svo:

Alþingi ályktar að samþykkja tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu. Alþingi lýsir yfir stuðningi við það meginmarkmið tillagna Íslenskrar málnefndar að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Í samræmi við þetta er tilgangurinn að festa í lög stöðu íslenskrar tungu, mæla fyrir um varðveislu hennar, þróun, nothæfni og aðgengi manna. Jafnframt eru reglur um hvernig lögunum skuli framfylgt og hverjir beri þá skyldu. Þá eru fyrirmæli um notkun hennar innan stjórnkerfis ríkisins, Alþingis, dómstóla og stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga. Loks hafa lögin að geyma ákvæði um táknmál.

Í mörgum ríkjum hafa verið sett lög um tungumál og þá sérstaklega þar sem tungumál eru fleiri en eitt og nauðsyn ber til að kveða á um hvert eða hver skuli vera opinber mál ríkisins, og hver skuli vera staða annarra tungumála, sbr. 8.1 kafla hér að framan. Nú er engu slíku til að dreifa hér á landi, en eigi að síður er það mat margra að allan vara þurfi að hafa á vegna þess hversu allt umhverfi verður sífellt alþjóðlegra jafnt á sviði atvinnu- sem menningarlífs, svo sem nánar er lýst í 4.1 kafla hér að framan.

Ákvæði sem lúta að íslenskri tungu eru á víð og dreif í lögum, sbr. kafla 3.6.1. Eigi að síður er það mat nefndarinnar að almenn löggjöf um tunguna sé nauðsynleg henni til styrktar jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi. Slíkri löggjöf til fyllingar má síðan setja sérákvæði í einstök lög.

Sérstakt álitæfni er hvort ástæða sé til að mæla fyrir í stjórnarskrá um stöðu tungunnar sem opinbers máls íslenska ríkisins. Eins og rakið er í 7.2.1 kafla eru ákvæði sem lúta að tungumálum í stjórnarskrám 158 ríkja, en einungis í 26 stjórnarskrám er tungumála að engu getið. Í mörgum stjórnarskrám Evrópuríkja er berum orðum mælt fyrir um hvaða tungumál sé opinbert mál ríkisins, sbr. kafla 7.2.3 og 7.2.4. Tillögur um slíkt stjórnarskrárákvæði bárust nefndinni frá Háskólanum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Íslenskri málnefnd. Nefndin taldi ekki tímabært að svo stöddu að setja slíkt ákvæði í stjórnarskrá. Hins vegar mætti huga að því þegar stjórnarskrá verður endurskoðuð og þá hvort setja ætti önnur ákvæði um grunneinkenni þjóðarinnar, þjóðfána, skjaldarmerki, þjóðsöng svo að dæmi séu nefnd, sbr. kafla 7.3.

Frumvarp til laga um íslenska tungu.

1. gr.

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins.

Um 1. gr.

Í þessu ákvæði er almenn yfirlýsing um stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtungu Íslendinga og opinbert mál íslenska ríkisins. Nánari fyriræli um hvað það felur í sér er í 2. gr. Slík almenn yfirlýsing hefur einkum gildi við túlkun ákvæða í þessum lögum sem öðrum.

2. gr.

Sem þjóðtunga er íslenska sameiginlegt mál Íslendinga. Stjórnvöld skulu tryggja að hún verði nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.

Öllum þegnum þjóðfélagsins og hverjum þeim sem búsettur er í landinu skal gefinn kostur á að læra íslensku, að þjálf sig og nota hana til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi svo sem nánar er mælt í sérlögum.

Um 2. gr.

Í 1. mgr. segir hvað það merki að íslenska sé tunga íslensku þjóðarinnar og þá opinbert mál íslenska ríkisins. Þessu fylgir að íslensk tunga eigi að vera fullkomið mál í þeim skilningi að það sé nothæft og notað á öllum sviðum samfélagsins, innan stjórnvæðslunnar, fyrir dómstólum, á vettvangi stjórn mála, í menntakerfi, nánar tiltekið í skólum landsins allt til stúdentsprófs og að meginsteftu í háskólum, almennt í menningarlífi og á öllum sviðum atvinnulífs, þar á meðal á vinnumarkaði. Í þessu felst að stuðla ber að því að íslenska sé almennt notuð í samskiptum manna innan afmarkaðra starfshópa, en þó einkum við þá sem standa utan við þá. Sem dæmi má nefna hópa sérfræðinga sem nota gjarnan eigið tungutak sem almenningur skilur ekki og málfar er ekki alltaf vandað, en torvelt kann að vera að fylgja úrbótakröfum eftir. Hins vegar má krefjast þess að menn vandi málfar sitt í samskiptum við þá sem eru utan starfshópsins og þá ekki síst þegar máli er beint til alls almennings.

Samkvæmt þessu á hverjum þjóðfélagsþegn og hverjum þeim sem býr og starfar á Íslandi að nægja að hafa vald á íslensku til eðlilegrar þátttöku í málefnum þjóðfélagsins, geti rækt þar skyldur sínar og gætt réttinda sinna. Með orðinu þjóðfélagsþegn er átt við þá sem njóta þegnrettar á Íslandi þótt búsettir séu erlendis. Ákvæðið nær einnig til erlendra þegna sem búa á Íslandi

Af þessu leiðir að öllum þegnum þjóðfélagsins og þeim sem búa hér á landi skal gefinn kostur á að læra íslensku eins og mælt er í 2. mgr. Þeim þegnum þjóðfélagsins sem hér búa og hafa ekki náð fullnægjandi tökum á íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi skal veitt aðstoð við þýðingar eftir atvikum með aðstoð túlka. Fyrirvari er gerður um almenna þátttöku og er þá sérstaklega átt við hvers konar samskipti við fyrirsvarsmenn ríkis og sveitarfélaga og almenn samskipti við landsmenn svo sem í viðskiptum og þátttöku í félagsstarfi. Hins vegar á greinin ekki við sérstaka þátttöku eins og framboð til trúnaðarstarfa, þýðinga á ritum og fyrirlestarhalds svo að dæmi séu nefnd.

Um búsetu skal Þjóðskrá lögð til grundvallar.

3. gr.

Ríki og sveitarfélög bera sérstaka ábyrgð á því að íslenska sé þróuð og notuð.

Um málsteftu og stöðu íslenskrar tungu skal leitað samvinnu við Íslenska málnefnd, sbr. 4. gr. laga þessara.

Um 3. gr.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skal fylgjast með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafði einstakar stjórnáskrifstofnanir um skýrslur þar að lútandi.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um sérstaka ábyrgð almannastofnana á því hvernig íslenska er notuð og hvernig hún þróast. Einkum og sér í lagi ber starfsmönnum slíkra stofnana að gæta íslenskrar tungu sérstaklega á þeim sviðum sem starfsemi stofnunarinnar nær til, þannig að hún sé í reynd virk sem þjóðtunga og þróist í samræmi við það. Með almannastofnun er átt við stjórnáskrifstofnanir ríkis og sveitarfélaga og stofnanir sem veita almenna þjónustu.

Í 2. mgr. er svo mælt að stofnanir þær sem hlut eiga að máli leiti samstarfs við Íslenska málnefnd um leiðbeiningar og stuðning.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi eftirlit með því hvernig málstefnunni er framfylgt og geti krafði einstakar stofnanir um skýrslur þar að lútandi. Ekki er gert ráð fyrir nánari fyrirmælum um þetta eftirlit, enda heppilegast að ráðuneytið hafi svigrúm til að meta það og reynslan síðan láttin ráða því hvort ástæða sé til að löggjafinn setji nánari reglur um þetta.

4. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar Íslenska málnefnd og er skipunartími nefndarinnar fjögur ár. Í íslenskrari málnefnd eiga sæti 15 menn. Hver eftirtalinn tilnefni einn mann í nefndina: Háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, Hugvísindasvið Háskóla Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Bládamannafélag Íslands, orðanefndir og Hagþenkir. Ráðherra skipar tvo nefndarmenn án tilnefningar og skal annar vera formaður og hinn varaformaður. Íslensk málnefnd skiptir með sér verkum.

Um 4. gr.

Hlutverk Íslenskrar málnefndar er að veita stjórnvöldum ráðgjöf um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur til menntamálaráðherra um málstefnu, auk þess að álykta árlega um stöðu íslenskrar tungu. Málnefndin getur átt frumkvæði að ábendingum um það sem vel er gert og það sem betur má fara við meðferð íslenskrar tungu á opinberum vettvangi. Ennfremur er það hlutverk nefndarinnar að stuðla að aukinni þekkingu á íslenskri tungu og veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni á fræðilegum grundvelli. Íslensk málnefnd semur íslenskar ritreglur sem gildi m.a. um stafsetningarkennslu í skólum og menntamálaráðherra gefur út. Grundvallarbreytingar á ritreglum eru háðar samþykki ráðherra.

Skrifstofa Íslenskrar málnefndar er í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ráðherra setur reglugerð um nánari starfsemi Íslenskrar málnefndar.

Samkvæmt 9. gr. laga nr. 40/2006 um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum starfar Íslensk málnefnd innan vébanda stofnunarinnar. Með lögnum voru fimm stofnanir sem sinna íslenskum fræðum sameinaðar svo sem nánar er mælt í ákvæði til bráðabirgða.

Eðlilegra þykir að ákvæði um málnefndina sé í lögum um íslenska tungu og hún starfi sjálfstætt samkvæmt ákvæðum þeirra. Því er hér lagt til að ákvæði 9. gr. verði fært inn í lagafrumvarp þetta og verði 4. gr. Auk þess verði c-liður 3. gr. laganna felldur inn í greinina. Það merkir að hlutverk nefndarinnar verður fært nær því hlutverki sem hún gegndi samkvæmt lögum nr. 2/1990.

Íslensk málnefnd hefur birt stefnuskrá fyrir árin 2006-2010 og þar segir:

„Á tímum hraðvaxandi alþjóðasamskipta þar sem notkun erlendra tungumála, einkum ensku, verður æ ríkari þáttur í íslensku samfélagi er brýnt að tryggja stöðu íslenskrar tungu. Eitt af mikilvægustu verkefnum Íslenskrar málnefndar er að vinna markvisst að því að íslenska haldi gildi sínu í þessu breytta umhverfi og verði áfram nothæf og notuð á öllum sviðum íslensks þjóðlífs“.

Þetta er í fullu samræmi við markmið þessara laga.

5.gr.

Íslenska er mál Alþingis, dómstóla, stjórnvalda, jafnt ríkis sem sveitarfélaga og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir og veita þjónustu í almannabágu.

Um 5. gr.

Hér er orðuð almenn regla sem segja má að hafi gilt þótt einungis hafi verið fest í lög á sviði dómsýslu og réttarfars. Um Alþingi má þó minna á að í 43. gr. Tilskipunar um stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland, er á að nefnast Alþing frá 8. mars 1843, er sú meginregla orðuð að íslenska sé mál þingsins.

Reglan í ákvæðinu felur annars í sér að íslenska skuli notuð hvarvetna í opinberri sýslu, jafnt í skriflegum sem munnlegum samskiptum. Hér er orðuð meginregla sem kann þó að vera óhjákvæmilegt að víkja frá við sérstakar aðstæður.

Samkvæmt þessu ber að þýða skjöl sem koma til kasta þingsins á erlendum málum. Í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála er svo mælt að þingmálið sé íslenska, sbr. 10. gr. 1. mgr. og í 2. mgr. svo og 12. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er mælt fyrir um túlkabjónustu. Sama á við stjórnýslu ríkis og sveitarfélaga þótt ekki styðjist við bein lagafyrirmæli.

Þessi meginregla tekur almennt til notkunar tungumálsins við meðferð mála, töku ákvarðana og við framkvæmdir sem verulegu máli skipta í starfsemi ríkisins. Þetta á við hvers konar pólitískar ákvarðanir, rekstur mála fyrir dómstólum og meðferð mála í stjórnýslunni. Samkvæmt þessu skal íslenska notuð í lögum og lögskýringargögnum, dómum og úrskurðum dómstóla, úrskurðum stjórnvalda, bókunum, fundargerðum, við setningu reglugerða, í starfsskýrslum og öðrum áþekktum gögnum svo að það helsta sé nefnt. Starfsemi Alþingis lýtur þessu ákvæði, en í núgildandi lögum er hvergi mælt fyrir um að íslenska sé mál þingsins, enda væntanlega talið svo sjálfsagt að ekki þurfi að taka það fram. Öðru máli gegnir um réttarfarslög, eins og áður er tekið fram. Engin ákvæði eru um íslenska tungu í stjórnýslulögum, en þó má ætla að í opinberri sýslu hljóti að reyna á notkun hennar vegna samskipta við erlendar þjóðir og fjölda manna sem búsettir eru á Íslandi og kunna ekki íslensku.

Með orðunum framkvæmdir og þjónusta í almannabágu er einkum átt við starfsemi sem ríki og sveitarfélög standa að og aðra starfsemi sem kostuð er af almannafé eða nýtur styrks að hluta eða öllu leyti þótt einkaaðilar standi að henni. Sem dæmi má nefna verktöku við opinberar framkvæmdir, rekstur skóla og sjúkrastofnanir.

Ef gera á undantekningu frá meginreglunni verður að vera til þess sérstök heimild í lögum. Þegar þörf er á að texti sé birtur á öðru máli en íslensku skal það gert með þýðingu á íslenska frumtextanum. Á mörgum sviðum, einkum í stjórnýslunni, hljóta samskipti að fara fram á öðrum málum og má hér nefna samskipti íslenskra og yfirvalda einstakra erlendra ríkja og samskipti við alþjóðastofnanir og samtök, munnleg samskipti milli stjórnvalda og þjóðfélagsþegnanna, t.d. á þeim sviðum þar sem erlendir menn eru margir saman búsettir hér.

Í 2. mgr. 4. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005 segir að heimilt sé að birta eingöngu erlendan frumtexta milliríkjasamnings ef samningurinn varðar afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar og annarrar sérhæfingar.

Einnig má benda á lög um loftferðir nr. 60/1998 þar sem segir í 140. gr. að Flugmálastjórn skuli í flugmálahandbók birta ákvarðanir þær sem teknar eru á grundvelli laganna og settar eru samkvæmt þeim. Þessar ákvarðanir skuli vera „á íslensku eða ensku eftir því sem við á“. Í reglugerð nr. 326/2000, um flugmálahandbók, er nánar mælt fyrir um þetta, en þar segir að heimilt skuli að „birta tæknilega staðla á ensku eingöngu“.

Sérstakt viðfangsefni eru sendiráð Íslands og sendifulltrúar erlendis. Dæmi eru um að við sendiráð og aðrar opinberar skrifstofur erlendis starfi fólk sem er ekki mælt á íslenska tungu. Þá er óhjákvæmilegt að nota annað mál en íslensku á þeim vettvangi, jafnvel innan sendiráðs og sendiskrifstofu. Hér er því vandkvæðum bundið að setja almenn fyrirmæli um á hvaða sviðum skuli nota íslensku. Þetta verður að veða og meta í hverju einstöku tilfalli.

6. gr.

Um rétt til að fá túlkaþjónustu og skyldur dómstóla til að leita aðstoðar túlka skal mælt fyrir í lögum um meðferð einkamála og sakamála.

Stjórnvöld skulu leitast við að tryggja að sá sem skilur ekki íslensku geti fengið úrlausn erinda sinna og tileinkað sér efni skjala og skilríkja sem skipta hann máli.

Um 6. gr.

Um 1. mgr. má vísa til athugasemda við 5. gr. þar sem í réttarfarslögum er mælt fyrir um þjónustu túlka.

Í 2. mgr. er svo mælt að stjórnvöld skuli leitast við að veita þeim sem skilur ekki íslensku nauðsynlega þjónustu. Rétt er og eðlilegt að stjórnvald meti það hverju sinni hvernig að skuli staðið, svo sem hvort starfsmenn geti leyst úr eða kalla þurfi til túlka.

Hér má minna á Norðurlandasamning um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981, en Ísland gerðist aðili að samningnum 17. júní 1987.

7. gr.

Mál það sem notað er í starfsemi ríkis og sveitarfélaga eða á vegum þeirra skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Um 7. gr.

Í starfsemi ríkis og sveitarfélaga er sjálfsagt að allur almenningur skilji það tungutak sem notað er í þeim textum sem eiga að vera aðgengilegir öllum svo sem í lögum og öðrum almennum fyrirmælum, í dómum og úrskurðum dómstóla, í úrlausnum stjórnvalda og við aðrar ákvarðanir sem fyrirsvarsmenn stjórnvalda taka.

Ákvæðið á sérstaklega við samskipti yfirvalda og annarra sem hafa með höndum opinbera sýslu sem snertir almenning á þeim sviðum sem starfsemi þeirra nær til. Skýr og skilmerkilegur texti er sérstaklega brýnn í dómum, úrskurðum og öðrum athöfnum dómstóla og ennfremur í þeim ákvörðunum stjórnvalda sem snerta einstaklinga. Í slíkum textum er mál jafnan formlegt, og jafnvel tæknilegt, en þá er mikilvægt að vandað sé til framsetningar.

Skýrt orðfæri er ekki takmarkað við ritaðan texta, heldur einnig talað mál. Hér er einkum haft í huga hvernig orðum er hagað við umræður innan stofnana þjóðfélagsins, svo sem við umræður á Alþingi, við munnlegan málflutning og aðra meðferð mála fyrir dómstólum og innan stjórnvaldsstofnana ríkis og sveitarfélaga. Með orðunum vandað mál er átt við að fylgt skuli viðteknum hefðum og reglum, greinargóðu orðavali, réttum beygingum og eðlilegri orðaskipan. Með kröfu um að mál skuli vera einfalt er átt við að það skuli vera sem næst venjulegu vönduðu talmáli og með kröfu um að það sé skiljanlegt er átt við að málfari skuli hagað þannig að viðtakandi megi skilja.

8. gr.

Stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að íslensk fræðiheiti á ólíkum sviðum séu aðgengileg, þau séu notuð og nái að þróast.

Um 8. gr.

Mikilvæg forsenda þess að íslenska verði nothæf sem þjóðtunga íslenska ríkisins er að stöðugt sé unnið að orðasmíð sem fylgir framvindu mála í vísindum og fræðum, þar á meðal tækniþróun, á öllum sviðum og þá þannig að íslensk fræðiorð séu notuð. Eðli málsins samkvæmt hvílir skyldan til að þróa íslenskt fræðimál og koma því á framfæri einkum á æðstu stjórnvöldum hvers stjórnsýslusviðs. Auk þess hvílir þessi skylda á oddvitum fræðasamfélagsins í heild og þá sérstaklega stjórnendum háskóla og einstakra stofnana þeirra; ennfremur á stjórnendum sjálfstæðra rannsóknarstofnana og fræðasetra.

Sér til fulltingis geta stjórnvöld leitað til Íslenskrar málnefndar eins og nánar er mælt í 2. mgr. 4. gr.

9. gr.

Íslenska er opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

Um 9. gr.

Í greininni er því slegið föstu að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi. Staða tungumáls sem nýtur réttarstöðu opinbers máls í ríki skiptir einnig máli utanlands og þá í alþjóðlegum samskiptum. Íslenska hefur hingað til í reynd verið opinbert mál Íslands bæði innanlands og á alþjóðavettvangi þótt ekki styðjist það við bein lagafyrirmæli. Þegar fyrirhugað er að lögfesta stöðu íslenskrar tungu sem þjóðtongu íslenska ríkisins er rétt að tekið sé fram í lögnum að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi. Hér er miðað við að fulltrúar Íslands komi þannig fram fyrir hönd ríkisins í tvíhliða eða marghliða samskiptum við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Notkun íslensku á alþjóðavettvangi er raunhæft viðfangsefni, en hún ræðst af framkvæmd og hefðum sem mótast hafa á hverju samskiptasviði. Nær ávallt er íslenska smáþjóðarmál og fulltrúar Íslendinga í samskiptum við önnur ríki og á alþjóðavettvangi verða nær alltaf að notast við eitthvert hinna útbreiddari tungumála – oftast ensku.

Tilgangurinn með þessu ákvæði er að minna á að íslensku beri að nota þegar hin opinberu mál þáttökulanda eru notuð, t.d. við gerð lagatexta og þjóðréttarsamninga. Með því er ekkert sagt um það hvort og að hve miklu leyti íslenska sé opinbert mál innan hinna mörgu alþjóðasamtaka. Sú er hvergi raunin, en innan Evrópusambandsins hefði hún þó slíka stöðu. Ekki er tilgangurinn með setningu þessara laga að íslensku verði haldið fram í alþjóðlegum samskiptum umfram það sem verið hefur. Tilgangurinn er sá að færa í lög þau viðhorf til málnotkunar sem hingað til hafa verið ráðandi í samskiptum ríkja og árétta það sem jafnan er tekið fram um tungumál í alþjóðasamningum.

Hér má sem dæmi nefna 129. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, Fylgiskjal I, sbr. lög nr. 2/1993 og þar segir að samningurinn sé gerður í einu frumriti á tungumálum sem síðan eru talin upp, þar á meðal er íslenska.

Loks er tekið fram að hver þessara texta sé jafngildur. Þessu næst segir að textar gerða sem vísað sé til í viðaukunum séu jafngildir á þeim tungumálum sem þar eru talin upp eins og þeir birtast í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og skulu með tilliti til jafngildingar gerðir á íslensku og norsku og birtir í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Þessi ákvæði eru ýtarlegri en almennt gerist og þjóðtungunum gert hærra undir höfði en almennt er tíðast. Ákvæði sem lúta að tungumálum samningsaðila eru í flestum milliríkjasamningum, jafnt alþjóðasamningum sem samningum milli einstakra ríkja. Í alþjóðasamningum er mælt fyrir um tungur stórþjóða, áður oftast ensku og frönsku, en nú tungur helstu stórþjóða, en í tvíhliða samningum eru talin upp mál samningsaðila og þá jafnframt tekið fram að báðir eða allir textar séu jafngildir. – Í slíkum ákvæðum birtist sú regla að íslenska sé opinbert mál Íslands á alþjóðavettvangi.

10. gr.

Ríki og sveitarfélög skulu tryggja hverjum sem hefur þörf fyrir aðgang að táknmáli. Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið, jafnskjótt sem máltaka hefst og hann hefur þroska til.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu ríkis og sveitarfélaga til að veita hverjum og einum aðgang að táknmáli. Nánari ákvæði um það hvernig standa skuli að því að fullnægja þessum skyldum er að finna í ýmsum lögum, einkum á sviði menntamála.

Í 2. mgr. er mælt fyrir um íslenska táknmálið. Þar segir að hverjum þjóðfélagsþegn og hverjum sem búsettur er á Íslandi skuli gefast kostur á að læra íslensku og íslenskt táknmál, þróa það og þjálfa sig í notkun beggja málanna. Hér er miðað við að þeir Íslendingar sem þurfa geti tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar og notað það eftir því sem aðstæður frekast leyfa í daglegu lífi sínu, þannig að þeir megi líta á það sem móðurmál sitt. Um búsetu er miðað við það sem greinir í þjóðskrá.

11. gr.

Nú er í öðrum lögum mælt á annan veg en í þessum lögum ganga ákvæði þeirra laga frammar.

Um 11. gr.

Ákvæði laga þessara eru almennt orðuð. Fyrirmæli þessarar greinar um ákvæði sem mæla á annan veg taka á sérákvæðum í nágildandi lögum og þeim sem síðar kunna að verða sett og samrýmast ekki lögum þessum. Slík álitæfni verður að útkljá samkvæmt viðteknum túlkunarreglum um að sérákvæði gangi frammar almennum ákvæðum. Sem dæmi má nefna að í sérstökum lögum eða einstökum lagaákvæðum er mælt svo fyrir að skólum, og þá sérstaklega háskólum, sé heimilt að kenna einstök námskeið á erlendum tungumálum, meðal annars vegna erlendra nemenda.

Hér verður að gefa því gaum að svo kann að vera að regla um notkun íslensku telst stjórnarskrárvernduð, eins og að mál Alþingis sé íslenska, verður því ekki haggð nema með stjórnarskrárbreytingu.

12. gr.

Lög þessi taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 9. gr. laga 40/2006.

Fylgiskjal VIII

Lög um sænska tungu ásamt skýringum

Efni laganna og tilgangur

1. gr.

Í þessum lögum er mælt fyrir um sænska tungu, mál minnihlutahópa og sænskt táknmál. Í lögum þessum eru ákvæði um skyldur ríkis og sveitarfélaga til að tryggja að hverjum einstaklingi sé tungumálið aðgengilegt og um notkun þess í opinberri starfsemi og í alþjóðasamskiptum.

Í upphafsákvæðinu er gerð grein fyrir efni laganna.

Í þessum lögum og öðrum koma stundum fyrir orðin „hið opinbera“. Með þeim er átt við ríki og sveitarfélög. Með „starfsemi hins opinbera“ er átt við starfsemi á sviði almannavalds og stjórnsýslu á vegum stofnana ríkis og sveitarfélaga. Með stofnunum ríkis og sveitarfélaga er átt við fjölskipaðar stofnanir innan stjórnkerfisins sem taka bindandi ákvarðanir á vettvangi stjórn mála, svo sem ríkisdaginn, og sveitarstjórnir svo og ríkisstjórn, dómstóla og stjórnvalds- og stjórnsýslustofnanir. Innan þessa kerfis fer fram sú starfsemi sem ber uppi samfélagið.

2. gr.

Tilgangur laganna er að ákvarða stöðu sænsku og annarra tungumála í sænsku samfélagi og notkun þeirra. Jafnframt er markmiðið að verja stöðu sænskrar tungu og fjölbreytni tungumála í Svíþjóð, svo og aðgengi hvers og eins að eigin tungumáli.

Í greininni er lýst þeirri málstefnu sem fylgja ber. Í fyrsta lagi er tilgangurinn að skýra stöðu sænsku og annarra tungumála og notkun þeirra í sænsku samfélagi, nánar tiltekið öll álitamál um stöðu tungunnar. Í öðru lagi er tilgangur tungumálaganna að verja bæði sænsku og fjölbreytt tungumál í Svíþjóð. Ennfremur lýtur tilgangur laganna að tengslum hvers og eins þjóðfélagsþegns við eigið tungumál, hvort heldur við sænsku, þjóðtungur minnihluta innan sænsks samfélags eða táknmál.

3. gr.

Nú er í öðrum lögum eða tilskipunum mælt á annan veg en í þessum lögum ganga ákvæði þeirra laga fram.

Ákvæði tungumálaganna eru almennt orðuð. Fyrirmæli í 3. gr. um ákvæði sem mæla á annan veg – og er þá einungis átt við ákvæði í lögum og tilskipunum, en ekki í reglugerðum – taka í fyrsta lagi á því að í nágildandi sérlægum eða þeim sem síðar kunna að vera sett séu ákvæði sem samrýmast ekki lögum þessum. Slík álitæfni verður að útkljá samkvæmt viðteknum túlkunarreglum um að ákvæði í sérlægum skuli ganga fram almennum ákvæðum tungumálaganna.

Annað svið sem ákvæðið nær til lýtur að því hvort víkja eigi frá aðalreglunni í 1. mgr. 10. gr. sem í athugasemdum er kallað kjarni ákvæðisins. Eins og þar segir verða slíkar undantekningar að eiga sér stoð í stjórnarskrá.

Tilgangurinn með ákvæðinu er einnig að skerpa á því að ákvæði tungumálalaganna, sem sænska og önnur mál falla undir, takmarka á engan hátt þá vernd gegn mismunun vegna tungumála sem veitt er í öðrum lögum.

4. gr.

Sænska er aðaltunga Svíþjóðar.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um stöðu sænskrar tungu sem aðaltungu landsins. Hvað það felur í sér er mælt í 5. gr.

5. gr.

Sem aðaltunga er sænska sameiginlegt mál samfélagsins og skal vera aðgengilegt öllum íbúum Svíþjóðar og nothæft á öllum sviðum samfélagsins.

Í ákvæðinu segir í fáum orðum hvað það merki að sænska sé aðaltunga Svíþjóðar. Sænska á að vera sameiginlegt mál þjóðfélagsins. Þetta merkir í fyrsta lagi að öllum sem búa hér í landi skal tryggður aðgangur að sænskri tungu. Gagnvart almenningi felur þetta í sér að allir sem búa í Svíþjóð skulu eiga þess kost að læra sænsku. Ennfremur merkir þetta að sænsku megi nota hvarvetna innan samfélagsins, t.d. í samningsgerð við fyrirsvarsmenn ríkis og sveitarfélaga á ólíkum sviðum samfélagsins.

Þetta merkir nánar tiltekið einnig að sænsk tunga eigi að vera fullkomið mál í þeim skilningi að það sé nothæft á öllum sviðum samfélagsins, innan stjórnáslunnar fyrir dómstólum, á vettvangi stjórn mála, á öllum stigum, í menntakerfinu, á vinnumarkaði og í menningarlífi. Í þessu felst að hverjum sem starfar og býr í Svíþjóð nægi að hafa vald á sænsku til eðlilegrar þátttöku í málefnum samfélagsins, svo að hann geti rækt skyldur sínar og gætt réttinda sinna.

6. gr.

Ríki og sveitarfélög bera sérstaka ábyrgð á því að sænska sé notuð og þróuð.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um sérstaka ábyrgð almannastofnana á því hvernig sænska er notuð og hvernig hún þróist. Sérstök ábyrgð hvílir á starfsmönnum slíkra stofnana að verja sænska tungu á öllum sviðum samfélagsins, virkni hennar og þróun sem aðaltungu. Um það hvað felist í orðunum hið opinbera eða almannastofnanir vísast til kafla 12.7. í SOU 2008:26.

Tungumál minnihlutahópa

7. gr.

Mál þjóðernisminnihluta eru finnska, jiddíska, meänkeli, chib og samíska og romani.

Í ákvæðinu felst að lögfest er sú staða tungumála minnihlutahópa í þjóðfélaginu sem samíska, finnska, meänkeli, romani, chib og jiddíska hafa notið frá því Svíþjóð gerðist aðili að rammastofningnum um vernd minnihlutahópa og Evrópulög um tungumál minnihlutahópa og íbúa tiltekinna svæða. Þessir sáttmálar gengu í gildi 1. júní 2000. Frá þeim tíma hafa samíska, finnska og meänkeli stöðu sem svæðisbundin eða mál minnihlutahópa með söguleg og svæðisbundin tengsl og romani, chib og jiddíska sem tungumál minnihlutahópa án þess að vera bundin við ákveðin svæði. Þau njóta verndar í almennum skilningi og ekki jafnvíðtækrar.

Málunum er skipað í þá röð sem venja er að telja þau upp.

8. gr.

Ríki og sveitarfélög bera sérstaka ábyrgð á stuðningi við tungumál þjóðernisminnihluta.

Í ákvæðinu er lýst með almennum orðum ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á tungumálum þjóðernisminnihluta. Hvað nánar felst í þessu ákvæði birtist í starfsskyldum þeim sem mælt er fyrir í sáttmálunum um minnihlutahópa. Um ábyrgðina er einnig mælt í þessum lögum. Jafnvel má nefna reglurnar um rétt til að nota samísku, finnsku og meänkeli í skiptum við stjórnvöld og á dómþingum sem dæmi.

Sænska táknmálið

9. gr.

Ríki og sveitarfélög bera sérstaka ábyrgð á að vernda og styðja táknmálið.

Samkvæmt ákvæðinu eru stjórnvöld ábyrg fyrir því að vernda og styðja sænska táknmálið. Samkvæmt orðanna hljóðan er ábyrgð stjórnvalda hér hin sama og ábyrgð þeirra á verndun og viðgangi minnihlutamála. Sá er þó munur á að í Svíþjóð er ekki til neinn sáttmáli þar sem mælt er fyrir um hvað ábyrgðin felur nánar í sér. Svíþjóð hefur þó undirritað sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar sem tekið er á álitamálum um táknmálið. Spurningar um aðild Svíþjóðar að sáttmálanum eru nú til skoðunar.

Málnotkun í starfsemi ríkis og sveitarfélaga

10. gr.

Sænska er mál dómstóla og stjórnvalda og annarra stofnana sem hafa með höndum framkvæmdir í almannáþágu. Tungur þjóðernisminnihluta má nota þegar henta þykir.

Í öðrum lögum eru sérákvæði um rétt til að nota mál þjóðernisminnihluta og annað norrænt mál.

Um skyldur dómstóla og stjórnvalda til að leita aðstoðar túlks og sjá til þess að skjöl og skilríki séu þýdd eru sérstök fyrirmæli.

Í fyrri málslið 1. mgr. er orðuð regla sem hefur reyndar ekki verið lögfest, en hefur gilt um langa hríð í Svíþjóð. Reglan felur í sér að í opinberri sýslu er notuð sænska, jafnt skriflega sem munnlega. Þetta er meginreglan sem sætir þó augljósum undantekningum. Aðalreglan tekur í meginatriðum til notkunar tungumálsins við meðferð mála og framkvæmdir sem verulegu máli skipta í starfsemi ríkisins, svo sem við pólitískar ákvarðanir, meðferð mála fyrir dómstólum, í dómum, fundargerðum og bókunum, í úrskurðum, við setningu reglugerða, í starfsskýrslum og öðrum áþekktum gögnum. Ef gera á undantekningar frá þessu er meginreglan sú að ríkisstjórn tekur ákvorðun með tilskipun (sbr. 3. gr.). Ef þörf er á að texti sé birtur á öðru máli skal það gert með þýðingu á sænska frumtextanum. Á öðrum sviðum hins opinbera er hins vegar eðlilegt að á mörgum sviðum verði samskipti að fara fram á öðrum málum. Dæmi um þetta eru mörg og margvísleg: bréfaskipti og annars konar samskipti milli sænskra og erlendra yfirvalda, við alþjóðastofnanir og samtök, munnleg samskipti milli fulltrúa yfirvalda og þjóðfélagsþegnanna, t.d. á sviðum þar sem innflytjendur eru margir. Sérstakt viðfangsefni eru sendiráð og sendifulltrúar Svíþjóðar erlendis.

Við sendiráð og aðrar skrifstofur starfa innfæddir menn sem eru ekki mældir á sænsku. Því er óhjákvæmilegt að nota á þessum vettvangi annað mál en sænsku, jafnvel innan stofnunarinnar. Hér verður jafnerfitt og hingað til hefur verið að mæla almennt fyrir um á hvaða sviðum skylt skuli að nota sænsku. Hér verður að meta það í hverjum einstökum tilfellum hvar mörkin eigi að liggja.

Um mál þjóðernisminnihluta er í fyrstu málsgrein öðrum málslið undantekning frá aðalreglunni. Það sem helst var haft í huga við samningu greinargerðarinnar hefur verið að gefa þingi Sama kost á að nota samísku þar sem það hefur verið talið henta. Undantekningin kann einnig að opna farveg til að nota meänkeli í opinberri sýslu í Tornedal. Sú notkun minnihlutamála sem hér er höfð í huga gengur lengra en sú notkun tungumála tiltekinna minnihlutahópa sem mælt er fyrir í annarri málsgrein.

Það sem haft er í huga í annarri málsgrein er réttur manna innan tiltekinna stjórnáslusviða til að nota samísku, meänkeli og finnsku og réttur manna við tiltekinn erindisrekstur innan sviðs félagsþjónustu, ennfremur við heilsugæslu og hjúkrunarþjónustu að nota tungumál norrænu grannlandanna.

Með vísaninni í þriðju málsgreininni er átt við ákvæði meðal annars í réttarfarsbálki, málsmeðferðarreglum innan stjórnáslunnar og stjórnáslulögum.

11. gr.

Mál það sem notað er í opinberri starfsemi skal vera vandað, einfalt og skýrt.

Í opinberri starfsemi er það sjálfsagt að sá sem mál snertir skilji það tungutak sem notað er í dómum og úrskurðum dómstóla og úrlausnum stjórnvalda og við aðrar ákvarðanir sem fyrirvarsmenn opinberrar starfsemi taka. Með þessu er átt við skýrt orðfæri í 11. gr.

Krafa um skýrt orðfæri er ekki ný. Um langt skeið hefur innan margra stjórnáslustofnana verið leitast við að gera texta þannig úr garði að þeir verði sem auðskiljanlegastir og önnur orðræða skýr og skilmerkileg.

Ákvæðið á við þau samskipti sem eru milli yfirvalda og annarra sem hafa með höndum opinbera sýslu og þegnanna á þeim sviðum sem umsvif hins opinbera ná til. Skýr texti er sérstaklega brýnn í dómum og öðrum athöfnum dómstóla, svo og ákvörðunum stjórnvalda sem snerta einstaklinga.

Skýrt orðafar er ekki takmarkað við ritaðan texta heldur einnig talmál. Það sem einkum er haft í huga er það orðafar sem viðhaft er við umræður eða aðra munnlega meðferð mála við dómstóla og í stjórnáslu. Í eldri reglum er svo mælt að málið skuli vera skýrt og skiljanlegt. Í því skyni að orða samsvarandi kröfur nokkru skýrar í tungumálalögunum er svo mælt í 11. gr. að málið skuli vera „vandað, einfalt og skiljanlegt“. Með kröfu um vandað mál er átt við að málfar skuli fylgja viðteknum hefðum og reglum, með kröfu um að mál skuli vera einfalt er átt við að það skuli vera sem næst venjulegu talmáli og með kröfu um að það sé skiljanlegt er átt við að málfari skuli eftir því sem unnt er hagað þannig að viðtakandi megi skilja.

Krafan um skýrleika gildir einnig þar sem önnur tungumál en sænska eru notuð við starfsemi ríkis og sveitarfélags.

12. gr.

Stjórnvöld bera sérstaka skyldu til að sænsk fræðiheiti á ólíkum fræðasviðum séu aðgengileg, þau séu notuð og nái að þróast.

Mikilvægar forsendur fyrir því að sænska verði framvegis nothæf sem aðaltinga er að stöðugt sé unnið að orðasmíð sem fylgi tækniþróun á ólíkum sviðum og þá einnig að sænsk fræðiorð séu notuð. Samkvæmt 11. gr. eru stjórnvöld ábyrg fyrir því að unnið sé að fræðiorðasmíð. Eðli málsins samkvæmt hvílir skyldan til að þróa sænskt fræðimál og koma því á framfæri einkum á æðstu stjórnvöldum hvers stjórnsýslusviðs og það þróunarstarf fari fram í nánú samráði við Málnefndina sænsku.

Sænska í alþjóðlegu samhengi

13. gr.

Sænska er opinbert mál Svíþjóðar á alþjóðavettvangi.

Í greininni er því slegið föstu að sænska sé opinbert mál Svíþjóðar á alþjóðavettvangi. Um tilgang ákvæðisins og merkingu þess í samskiptum Svíþjóðar við önnur ríki og starfsemi innan alþjóðastofnana skal vísað til almennra athugasemda í kafla 12.13. í SOU 2008:26.

Staða tungumáls sem nýtur réttarstöðu opinbers máls í ríki skiptir máli, einnig utanlands og þá í alþjóðlegum samskiptum. Sænsk tunga hefur hingað til í reynd notið þeirrar stöðu að vera „opinbert mál Svíþjóðar“ bæði innanlands og á alþjóðavettvangi. Þegar til stendur að lögfesta stöðu sænskrar tungu er rétt að tekið sé fram í lögnum að sænska sé aðaltinga Svíþjóðar. Til fyllingar slíku ákvæði væri rétt að setja ákvæði þess efnis að sænska sé opinbert mál Svíþjóðar á alþjóðavettvangi. Hér er miðað við að á þeim vettvangi komi fulltrúar Svíþjóðar fram fyrir hönd ríkisins í tvíhliða eða marghliða samskiptum við önnur ríki eða alþjóðastofnanir.

Notkun sænsku á alþjóðavettvangi er raunhæft viðfangsefni, en hún ræðst af framkvæmd og hefðum sem þróast hafa á hverju samskiptasviði. Í flestum tilfellum er sænska smáþjóðartungumál og fulltrúar Svía verða oftast að notast við eitthvert hinna útbreiddari tungumála – oftast ensku.

Tilgangurinn með því að leggja fram þá tillögu að sænska sé opinbert mál á alþjóðavettvangi er að minna á að sænsku beri að nota þegar hin opinberu mál þátttökulanda eru notuð, t.d. við gerð lagatexta og þjóðréttarsamninga. Annað mál er, að hve miklu leyti sænska sé opinbert mál innan hinna mörgu alþjóðasamtaka. Utan Evrópusambandsins er sú sjaldan eða aldrei raunin. Ekki er tilgangurinn sá að sænsku skuli haldið fram í alþjóðlegri samvinnu umfram það sem hingað til hefur verið gert. Tilgangurinn með því að leggja til að slík regla verði sett er að færa í lög ráðandi viðhorf til málnotkunar á sviði alþjóðasamskipta ríkja. Hér má að lokum minna á að hér er öðru fremur um að ræða áréttingu á því sem jafnan er tekið fram um tungumál í alþjóðasamningum.

14. gr.

Stöðu sænsku sem opinbers máls innan Evrópusambandsins ber að verja.

Sá sem er í fyrirsvari fyrir Svíþjóð gagnvart Evrópusambandinu skal nota sænsku þegar túlkajónusta stendur til boða, ef ekki af sérstökum ástæðum henti betur að nota annað tungumál.

Ákvæðið lýtur að stöðu sænsku og notkun hennar innan Evrópusambandsins.

Í fyrstu málsgrein segir að ríkisstjórnin skuli framfar öðru vinna að því að sænska haldi núverandi stöðu sinni sem opinbert mál innan Evrópusambandsins.

Í annarri málsgrein er svo mælt að fyrirvarsmenn Svíþjóðar innan sambandsins skuli á fundum hvarvetna innan sambandsins fylgja þeirri meginreglu að hagnýta sér þjónustu túlka þar sem hún standi til boða. Í ákvæðinu er annars vegar gengið að því vísu að það sé kostur fyrir Svía að geta við samningsgerð unnið með eigið tungumál og hins vegar að staða sænsku innan sambandsins muni þegar til lengdar lætur veikjast ef fulltrúar Svía hafni því að njóta aðstoðar túlka þar sem hún standi til boða.

Almennur aðgangur að tungumáli

15. gr.

Hver sá sem búsettur er í Svíþjóð skal eiga þess kost að læra sænsku, þjálfa sig og nota málið. Þar að auki skal:

1. Sá sem telst til þjóðernisminnihluta skal eiga þess kost að læra tungu hans, þjálfa sig og nota hana.

2. Sá sem er heyrnarskertur eða heyrnarskaðaður og hver sá sem af öðrum ástæðum hefur þörf fyrir táknmál skal eiga kost á að læra, tileinka sér og nota táknmálið.

Sá sem á annað móðurmál en það sem nefnt er í 1. mgr. skal eiga þess kost að þjálfa sig og nota móðurmál sitt.

Ákvæðið hefur að geyma grundvallarreglur um aðgang hvers einstaklings að tungumáli. Gengið er að markmiðum málstefnunnar vísu.

Í fyrstu málsgreininni er mælt fyrir um sænsku, tungumál þjóðernisminnihluta og sænska táknmálið. Það sem felst í því að hafa aðgang að þessum málum er hið sama í þeim skilningi að hverjum einstaklingi gefist kostur á að læra, nota og þróa eigið tungumál. Um sænsku gildir þetta um alla sem samkvæmt þjóðskrá eru búsettir í Svíþjóð. Um tungumál þjóðernisminnihluta nær aðgangur að málinu til allra sem teljast til slíkra minnihlutahópa. Ekki er unnt að afmarka það með ótvíráðum hætti hverjir teljast til þessara hópa. Venjulega er miðað við mat hvers og eins á því til hvaða hóps hann telst. Þörf fyrir táknmál meta menn sjálfir eftir aðstæðum, en einnig vandamenn þeirra sem þurfa þess.

Í annarri málsgrein er fjallað um móðurmál. Viðfangsefnið er hér bundið við að hverjum einstaklingi skuli gefinn kostur á að þróa og nota móðurmál sitt.

16. gr.

Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, ábyrgjast að tryggja einstaklingi aðgang að tungumáli samkvæmt 14. gr.

Hið opinbera skal sjá til þess að hverjum einstaklingi sé veittur aðgangur að tungumáli svo sem mælt er í 15. gr. Hvernig hið opinbera stendur að því að fullnægja skyldum samkvæmt þessari grein er nánar mælt í ýmsum lögum, einkum á sviði menntamála.